Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit

Birna Lárusdóttir og Oddgeir Hansson
Fornleifastofnun Íslands
FS199-00032
Reykjavík
2003

Forsíðumynd er af leifum bæjarhóls á Melum



I. INNGANGUR **6**
2. LÖGGJÖF UM MINJAVERND **7**
3. BYGGÐASAGA **8**
4. FORNLEIFASKRÁ **12**
BO-099 Melar 12
BO-100 Melaleiti 22
BO-101 Belgsholt 26
BO-102 Belgsholtskot 31
BO-103 Narfastaðir 31
BO-104 Höfn 36
BO-105 Fiskilækur 47
BO-106 Geldingaá 55
BO-107 Vestri-Leirárgarðar 59
BO-108 Eystri-Leirárgarðar 64
BO-109 Leirá 67
BO-110 Melkot 75
BO-111 Hávarsstaðir/Hávarðsstaðir 78
BO-112 Hrauntún 80
BO-113 Neðra-Skarð 84
BO-114 Skarðskot 89
BO-115 Steinsholt 91
BO-116 Vogatunga 93
BO-117 Beitistaðir 96
BO-118 Lækur 98
BO-119 Skipanes 102
BO-120 Eystra-Skorholt 104
BO-121 Vestra-Skorholt 108
BO-122 Bakki 108
BO-123 Eystra-Súlunes 110
BO-124 Vestra-Súlunes 113
BO-125 Ás 114
BO-126 Áskot 117
5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ **121**
Bæjarhólar og bæjarstæði 122
Útihús og túngarðar 124
Mótekja og torfrista 125
Stekkir og kvíar 125
Beitarhús og sel 126
Kuml og kirkjur 127
Leiðir 129
5. NIÐURSTÖÐUR **130**
Tölfræði og hættumat 130
Varðveisla og kynning minja 132

Viðauki með minjakortum…….138

Skrá yfir kort í viðauka:

Kort 1: Yfirlitskort af skráningarsvæðinu	138
Kort 2: Höfn	139
Kort 3: Narfastaðir, Belgsholt og Fiskilækur	140
Kort 4: Melar og Melaleiti	141
Kort 5: Ás, Áskot, Eystra- og Vestra-Súlunes	142
Kort 6: Bakki, Eystra- og Vestra- Skorholt	143
Kort 7: Skipanes og Lækur	144
Kort 8: Beitistaðir og Vogatunga	145
Kort 9: Geldingaá, Eystri- og Vestri-Leirárgarðar	146
Kort 10: Leirá	147
Kort 11: Hávarsstaðir, Hrauntún og Melkot	148
Kort 12: Neðra-Skarð, Skarðskot og Steinsholt	149

I. Inngangur

Árið 1999 gerðu nokkur sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar samkomulag við Fornleifastofnun Íslands um að skrá fornleifar. Þau voru: Mela- og Leirársveit, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur. Skráningu er nú lokið í Innri-Akraneshreppi og kom út skýrsla um verkið vorið 2002.[1] Vettvangsvinnu er lokið í Skilmannahreppi og skýrslu um þann áfanga að vænta vorið 2003. Fornleifar í Hvalfjarðarstrandarhreppi verða kannaðar á vettvangi sumarið 2003 og því lýkur verkinu öllu skv. áætlun með skýrslu þaðan vorið 2004.

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós fjallar um fornleifaskráningu í Leirár- og Melasveit. Könnun á ritheimildum svæðisins, aðallega örnefnaskrám, leiddi í ljós að 327 minjastaðir voru þekktir þar. Fornleifaskráning á vettvangi hófst haustið 2001. Þá voru skráðir rúmlega 100 staðir á svæðinu, aðallega í Leirársveit. Haustið 2002 var verkinu svo lokið. Þá höfðu alls verið skráðir 411 staðir á vettvangi á 28 jörðum. Þannig voru að meðaltali rúmlega 14 minjastaðir á hverri jörð.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og aðrar skýrslur um fornleifaskráningu. Fyrst er í stuttu máli sagt frá löggjöf um minjavernd (2. kafli) og þá kemur kafli um byggðasögu svæðisins (3. kafli). Í kjölfar hans fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (4. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna drefingu minjastaða. Í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Að lokum eru svo settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á öllu svæðinu (6. kafli).

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson gerðu heimildakönnun fyrir öll sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar.[2] Árið 2000 skráði Elín Ósk Hreiðarsdóttir

[1] Sjá: Adolf Friðriksson. 2002. *Fornleifar í Ytri-Akraneshreppi* (FS169-00031).
[2] Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Borgarfjarðarsýslu I: Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar* (FS085-99041).

fornleifar í Eystra- og Vestra-Skorholti vegna fyrirhugaðra framkvæmda.[3] Oddgeir Hansson skráði árið eftir minjar í Súlunesi, á Leirárgörðum, Bakka, Læk, Beitistöðum, Vogatungu og Skipanesi. Á öðrum jörðum á svæðinu sá Birna Lárusdóttir um vettvangsvinnu síðsumars 2002, um tíma með aðstoð Guðrúnar Öldu Gísladóttur fornleifafræðinema. Allt verkið var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar, fornleifafræðings.

Höfundar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna“. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

[3] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2000. *Fornleifakönnun: Sumarbústaðabyggð í Skorholtsnesi* (FS-125-00151).

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er… Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

3. Byggðasaga

Orri Vésteinsson hefur þegar ritað kafla um byggðasögu svæðisins sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Hvalfjarðarstrandarhrepp, Innri-Akraneshrepp, Skilmannahrepp og Leirár- og Melahrepp.[4] Er umfjöllunin hér á eftir að töluverðu leyti byggð á honum. Vísbendingar um þróun byggðar á einstökum svæðum má lesa úr ýmsu. Jarða er oft getið í fornritum eins og Landnámu, Sturlungu og Íslendingasögum. Þá getur dýrleiki jarða gefið vísbendingu um aldur þeirra, þannig eru eldri jarðir líklegri til að vera hærra metnar en þær yngri. Staðsetning bænhúsa og kirkna gefur vísbendingu um aldur byggðar, því slík hús voru að því er virðist reist á fyrri hluta 11. aldar og vitna

[4] Sjá: Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson 1999, bls. 14-26.

því um byggð á þeim tíma. Af fleiri atriðum má ráða í þróun byggðar, t.d. bæjanöfnum, dreifingu bæja og landamerkjum.

Landnámabók er talin rituð á 13.-14. öld, löngu eftir að landnám átti sér stað. Því er nú yfirleitt ekki litið á hana sem óbrigðul sannindi heldur tilraun manna til að skýra framgang landnámsins. Samkvæmt henni nam Hafnar-Ormur land fyrstur manna í Leirár- og Melasveit. Landnám hans náði yfir allt svæðið milli Andakílsár og Laxár og voru því innan þess nokkrar jarðir sem nú tilheyra Andakílshreppi. Líklegt er að sannleikskorn felist í þessari sögn, enda rökrétt að strandlengjan hafi verið numin á undan landi því sem liggur fjær sjó. Höfn hefur einmitt verið á henni miðri miðað við að hún hafi átt land að Andakílsá og gæti hafa verið e.k. miðstöð.

Belgsholt, Melar og Ás voru allt stórar jarðir að fornu mati. Ekki er hægt að sjá að ein þeirra hafi klofnað útúr annarri og er það vísbending um að nær sé að líta á svæðið sem upprunalegan byggðakjarna, þ.e. klasa nokkurra jarða sem numdar hafa verið á sama tíma og e.t.v. af fólki innan sama hóps eða fjölskyldu þar sem jafnræði ríkti. Þaðan gæti svo landnámi í efri hluta sveitarinnar hafa verið stýrt. Kirkja var á Melum og bænhús bæði í Belgsholti og Ási og er það enn frekari vísbending um einhverskonar jöfnuð milli jarðanna þótt Melar hafi á einhverju stigi orðið sveitarmiðstöð. Óljósar sagnir voru uppi snemma á 18. öld að Ás hefði upphaflega staðið austar í landinu, nær Áslæk. Átti hann þá að hafa heitað Gröf og Áslækur verið nefndur Grafarlækur. Þar eru nú óljósar rústaleifar sem í seinni tíð voru nefndar Neðrakot (sjá **Bo-126:007**) Engin frekari rök hafa fundist fyrir flutningi bæjarins og virðst raunar allt eins líklegt að Grafarlækur hafi tekið nafn sitt af mógröfum, enda rennur hann í mýrlendu dragi.

Eina jörðin á strandlengjunni milli Áss og Hafnar sem augljóslega hefur verið stofnað til frá öðru bóli eru Narfastaðir. Til þess bendir lágt mat (24 hdr.) miðað við jarðirnar beggja megin við, Belgsholt og Höfn, sem báðar voru 40 hdr. Þá eru Narfastaðir eina jörðin á þessu svæði þar sem engar heimildir eru um bænhús. Af landamerkjum að dæma gæti Fiskilækur upphaflega hafa tilheyrt sömu heild og Narfastaðir. Líklegt er að jörðunum tveimur hafi verið skipt út á líkum tíma. Önnur vísbending um að Fiskilækur sé ekki frá fyrsta stigi landnáms er nafnið, þörf hefur verið á aðgreiningu frá Læk við Leirárvoga sem þegar hafði verið byggður. Bakki og Súlunes (Eystra- og Vestra) eru ámóta stórar jarðir að sjá, þrátt fyrir það voru Súlunesin samtals metin á 36 hdr. en Bakki var einungis 20 hdr. jörð. Það eitt og sér

bendir til að Súlunes sé upprunalegri jörð, þar eru einnig óljósar sögusagnir um bænhús.

Þrjú frekar lítil býli eru fyrir botni Leirárvoga: Lækur, Beitistaðir og Vogatunga. Hugsast getur að þetta séu leifar landnámskjarna sem hefur fallið í skuggann af nýju landnámi lengra inn til landsins, Leirá og Geldingaá. Ef giska ætti á hver þessara þriggja jarða hefði fyrst byggst yrði Lækur fyrir valinu, þar var kirkja. Beitistöðum gæti hæglega hafa verið skipt út úr Lækjarlandi, enda jörðin lægra metin. Sé nafnið *Beitistaðir* óbrenglað getur það auðvitað bent til að þar hafi upphaflega verið beitiland frá Læk.

Leirá ásamt Leirárgörðum og fjölmörgum hjáleigum hefur verið öflugur landnámskjarni, þar var sóknarkirkja. Bænhús í sókninni voru fá, eingöngu á Geldingaá og hálfkirkja í Efra-Skarði. Þungamiðja Leirársveitar hefur verið nánast einskorðuð við Leirá og er það ólíkt mynstrinu í Melasveit eins og áður segir, þar virðist vald hafa verið dreifðara og jafnræði meira milli bæja. Leirá var geysistór jörð að fornu mati eða 65 hdr. og henni hafa lengi fylgt hjáleigur: Leirárgarðar (sem snemma hafa orðið að sjálfstæðri jörð), Melkot, Hávarðstaðir og Hrauntún. Melkot er talið að hafi fyrst byggst „á fjárhússtæði“ snemma á 17. öld en hinar hjáleigurnar eru árið 1707 sagðar hafa byggst „fyrir manna minni“.[5] Hávarðstaða er getið í Fóstbræðra sögu en eru þar einnig kallaðir Hávarstóftir.[6] Það gæti bent til að bærinn hafi verið í eyði þegar sagan var rituð á 13. öld. Ef lengra er seilst mætti túlka það sem vísbendingu um að smákot hafi frá fyrstu tíð verið kring um stórbýli eins og Leirá, þar hafi verið búið þegar vel áraði en þau lagst í eyði þess á milli. Þess má geta að áður óþekkt rústaþyrping var skráð í landi Hrauntúns haustið 2002, hugsanlega er þar komin enn ein hjáleigan frá Leirá (sjá **Bo-112:011**).

Sínhvorumegin við Leirá eru sjálfstæðar jarðir, rúmlega meðalstórar: Geldingaá og Skarð (Efra- og Neðra-). Bænhús var á Geldingá og hálfkirkja á Efra-Skarði. Sennilega hefur hvorug þessara jarða verið meðal þeirra sem skipt var út úr stærri jörðum eða skipulögð af áhrifamönnum nærliggjandi landnámskjarna. Vísbending um það er t.d. fjalllendi og skógur sem tilheyrir Geldingaá, slík hlunnindi eru yfirleitt til marks um að jörð sé upprunaleg. Af landamerkjum að dæma er ekki ólíkleg að bæði Skipanes og Skorholt hafi byggst út frá Geldingaá. Um Skarðabæina er það að segja að þeir eru báðir góðar bújarðir en þó ekki meðal þeirra bestu á

[5] JÁM IV, 127
[6] ÍF VI, 126

svæðinu. Það bendir til að álitlegasta landið hafi þegar verið numið þegar þeir voru byggðir en byggðakjarnarnir enn ekki orðnir nægilega öflugir til að hafa áhrif á landnám annarra. Steinsholt var upphaflega hjáleiga Neðra-Skarðs en ekki er vitað hvenær hún byggðist.

Stopular heimildir eru um þróun byggðar á skráningarsvæðinu á miðöldum. Þó er ljóst, aðallega með hliðsjón af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að hjáleigur hafa víða byggst á seinni hluta 17. aldar eða 18. öld. Það er í fullu samræmi við þróun byggðar annarsstaðar á landinu. Það er athyglisvert að einungis tvö þessara býla voru í efri parti sveitarinnar, bæði á Leirá, en sex í Melasveit. Auk þessara átta býla sem getið er í Jarðabókinni eru óljósar heimildir um sjö býli til viðbótar sem öll hafa líklega verið byggð um skamma hríð. Fjögur þeirra hafa verið á litlu svæði milli Mela og Belgsholts. Í Belgsholtsvík er eina lendingin á stóru svæði við ströndina og ekki ólíklegt að staðsetning býlanna tengist henni, þau hafi verið þurrabúðir og íbúarnir sótt sjó. Á 19. öld byggðust einmitt kot á Skálatungu, skammt frá lendingunni, og byggðu íbúarnir afkomu sína á fiskveiðum og garðrækt. Langflestar rústir smábýla sem getið er í heimildum eru nú horfnar vegna túnræktar eða annarra framkvæmda. Engar þeirra sem eftir standa gefa tilefni til að draga nýjar ályktanir um þróun byggðar á svæðinu. Nánar er fjallað um smábýli og ástand þeirra í 5. kafla.

4. Fornleifaskrá

Upplýsingar í fornleifaskrá eru birtar á staðlaðan hátt eins og dæmið hér að neðan sýnir: Með tegundarflokkun er reynt að skilgreina fornleifina, hvort um er að ræða



mannvirki sem enn sést og þá hvers eðlis það er. Oft eru eingöngu til heimildir um staði en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skráningu. Í slíkum tilvikum er samt reynt að staðsetja fornleifina með hniti út frá upplýsingum úr rituðum heimildum og frá staðkunnugum. Hættumat er gert fyrir alla minjastaði og birtir uppdrættir þar sem við á og í einstaka tilfellum ljósmyndir. Kort af jörðunum eru aftast í skýrslunni í viðauka, sjá bls. 143.

BO-099 Melar

Staður. Sauðhús byggð til 1749 og aftur frá því fyrir 1781 og fram yfir 1804 en komin í eyði um 1840. Tún 56,745 m², ¼ þýft. Garðar 1,768 m².

BO-099:001 *Melar* bæjarhóll bústaður 64°24980N 22°01515V

".. kemur að Bæjargili, sem er þar sem gamli bærinn var. Þar er nú allt farið í sjó, bær, kirkja og kirkjugarður...," segir í örnefnalýsingu. Svo langt sem heimildir ná hefur bærinn á Melum staðið á þremur stöðum. Í örnefnalýsingunni er verið að lýsa elsta þekkta bæjarstæði Mela sem hér er til umfjöllunar. Þar stóð bærinn a m.k. fram yfir 1900 en 1918 var búið að færa hann ofar í túnið. Upp úr 1940 var svo bærinn fluttur á núverandi bæjarstæði, ofan vegarins um Melasveit. Til er túnakort af bænum frá 1918. Þá var, eins og áður sagði, búið að flytja bæinn frá sjávarbakkanum yfir í suðausturhluta túnsins. Á gamla bæjarstæðinu, fremst á sjávarbakkanum, voru hins vegar eftir ýmis mannvirki: kirkja (002), kálgarðar og tvö útihús (003 og 004). Með því að mæla fjarlægð frá rústum yngra bæjarstæðisins (frá 1918, sjá 005 og 006) að sjávarbakkanum og bera þá fjarlægð saman við túnakort frá 1918 sést að frá 1918 hefur brotnað sem nemur um 70 m af bakkanum. Þar með ættu öll mannvirki sem sýnd eru á elsta bæjarstæðinu á túnakortinu að vera horfin í sæ. Nú er lágur, gróskumikill hóll fremst á bakkanum.

Slétt graslendi, víða sandborið en snarbrattur sjávarbakki er fram af því. Ekki sjást greinilegar tóftir á hólnum en hann lítur út eins og rústahóll. Stærð alls er um 30 x 40 m og liggur hóllinn norður-suður en hæð hans er hvergi meiri en 0,5 - 1 m. Sjór hefur brotið af landi og í sniði bakkans má sjá jarðlög þar sem greinilega er torf og grjót. Ekki er þó unnt að komast að sniðinu til að skoða það vel, enda bakkinn snarbrattur og hár. Norðaustast í hólnum sjást tvær dældir samhliða, hvor um sig um 6 x 2-3 m að stærð. Suðaustast, næst Bæjargili, eru hleðsluleifar í halla mót suðvestri, líklega af kálgarði.

Bæjarhóll Mela, horft til norðvesturs yfir Bæjargil

Hugsanlegt er að það sé garður sem sýndur er á túnakorti 1918, þá allt að 100 m austur af sjávarbakka. Hann er ferkantaður, um 22 x 10 m að stærð en vestast gengur smáhólf útfrá honum til norðurs og myndar hann þannig L.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Melar, 1; Túnakort 1918

BO-099:002 heimild um kirkju 64°24.989N 22°01.527V

[1181]: Þetta er maldage kirkiunnar a melum. at hon a allt heima land itakalaust. meþ ollom þeim gognom oc gæþom er Þorlakr keypte oc magnus lagþe til.

Ero þesse landamerke i millum mela oc belgs holltz. flatr steinn fyrir norþan osinn a skala læk oc upp a steininn a skala hollte oc þaþan i titlings hollt. oc þaþan augsyn i vorþohollt oc þaþan i byrgishollt. oc þaþan augsyn i fiskelækiar [272] steckia. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk. stackgarþs enge i fiskelækiar veito oc or fuglþufo i iarþkrossa suþr i veito viþ læke. oc augsyn þaþan i stein fyrir ofan holltz fot. oc augsyn oc holltino i kringlottar þufur. oc augsyn þaþan i landbrotz kelldur. sem sunnan ganga i vatnit. Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase.

Kirkian a reka allan þaþan fra þvi gile oc til steinsins fyrir norþan skalalækiar os.

Fiarmaþr af melum a at sitia a tungarþe at ase.

Hun a selia land allt. er liggur i millum fosslækiar oc tungu ar.

Kirkian a æfinliga skylld i fiskelæk. mork vax eþa sauþ a haust. þann er iafn goþr se.

Þar scolo oc vera ij. prestar. eþa prestr oc diakn oc kvenngilldr omage or kyne magnus

Þar er lofaþr groptr ollom þeim likum. er menn vilia þangat færa oc kirkio lægt er.

Þar liggr kirkio tiund af xv bæium oc half or hofn

Þar fylgia kirkiur at læk, oc i hofn. oc bænhus .iij. oc luka .vj. aura af hverio; Máld DI I 271-272 [örugglega yngri en [um 1220] sem er sýnilega heimamáldagi, meðan þessi er líklega saminn í sambandi við landamerkjaákvörðun og getur verið miklu yngri, þessvegna frá seinni hluta 15. aldar]

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10

[um 1220]: Melar

Kirkia at melvm er helgvð gvði almattcvm. oc sancte marie. petvre. oc andree. StepHano. Olauo. Laurentio. Martino oc Nicholao. Thollaco. Agatte. Lucie. oc sanctarvm undecim M[illium]. oc ollvm helgvm.

Hon a mela land allt með ollvm goðvm þeim er tHorlacr ceypti. oc magnvs hefir siðan til lagt oc selfor j land þat er liggr a milli fosslækar oc tvngv ar. oc viðan til hvsa. oc bvnavtnar meðan þar getr.

kircia a .v. kyr. oc halfan þriðia tavg hvndraða j bocvm oc messv forom oc ollv kirciv skrvði.

Þar liggr [til] circiv tivnd sv er verþr af .xiiij. bovm oc or hofn half

Sv er skyllda a stað þeim at þar skal vera prestar .ij. at heimili. eða prestr oc diacn oc qven gilldr omagi or cyni magnvsar

Þar scal vera ottv songr. oc messa hvern dag nema vm alþingi. Þa er ei scyllt at syngia optar nema log helga daga.

[innskot efst á bl. 74: halft land j Skorra hollti .xvi. kyr oxa .vi. vetra gamlan oc hesta .ij. en þar ofan við 'sogn guðina'] Annan hvarn dag .ij. messvr vm langa fostv. oc þa vigilia hvern aptan rvmhelgan. oc annan hvarn vm iola fostv.

Þar skal lios brenna vm not fyrir mariv messv hina fyrri. oc hveria nott þaðan fra vnz liðr cross messv vm varit.

Þar er lofaðr groptr ollvm þeim licvm er menn vilia þangat færa. er circiv lægt eigv

Þar fylgia kirk[iv]r at læk oc j hofn. oc bona hvs Þrenn; Máld DI I 419

[1367]: lxxxvi. Mariukirkia a melum a heimaland med ollum þeim giædum er Þorlakur keypte og Magnus lagde til. og selialand allt er liggur j millum fosslækiar og tunguär. hun a xxx kugillde. atta hross. vc vadmala og onnur fimm hundrut fyrir spioll med portiunne Þeirre er fiell medan sijra Þorleifur hiellt stadinn. cccc. j haustlage. hun a xvc j skarhollte. Þetta a hun jnnan sig.

alltt annad eptter wilchins maldaga; Hítardalsbók DI III 223

1393: veitti herra Þorsteinn abboti ... Vigfusi Sueinbiarnarsyni Mela; Flateyjarannáll, IA 423

1397: CCXXIV. Melar

Markiukirkia a Melumma heimalannd allt med gognumm oc giædum þeim er Þollakur keypti oc Magnus lagde til. og Selialannd allt er liggur j millumm Fosslækia oc Tunguär. Hun a nv xxx kua oc vij asaudar kugilldi. x hross oc halfur þridie tugur hundrada j metfie til vadmäla oc sierliga eitt hundrad voruvirdt.

Hun a xvc j Skarrhollti.

Þetta a hun innann sig. v manna messoklædi ein med pellshokli. onnur med vefiarhokli. þridiu med raudumm fustanshokli. fiordu med hvijtumm fustanshokli. fimmtu med dockvumm vefiarhokli. kantarakapur v. ein med pell. onnur kolmerkt .iiij med huijtt fustan. iiij med salun. v. sæmilig alltarisklædi viij. iij a haalltare. v til vtalltara. sloppa ij. kaleika ij. stenndur annar vj aura. enn annar halfmork. brijk sæmiliga yfer alltari. smelltan kross. budkur er j eru helger domar. rodukrossa ij litla. kiertistikur iij. glodarkier. glerglugg halfrar annarar alnar häfann. merki ij med silki. steinklædi vondt vmm songhus. fonts vmmbunad. messufatakistu. sacrarium munnlaug. lijkakrak. kluckur iiij. oc ij biollur.

Þetta j bokumm. Gudspiallabækur iij per anni circulumm. Graduale per anni circulum. Seqventiur fär a kveri. Lesbækur ij de sanctis per annum. adrar ij de Dominicis. Songbækur ij per anni circulum. ymnarius. Capitularius. les. suffragium. handbok. allar med fornum hætti. psalltarar ij. textti. lesbækur ij j triespiolldumm ad Dominicum er taka til ad Jolafostv oc endast til Hvijtasunnu. Latinubækur ij. onnur de Canticis Canticorum. onnur Corrector. Þollaks saga aa latinu. Margrietar saga

Þar liggur tiund af xv bæiumm. æfinnleg iskylld j fiskilæk. mork vax edur saud A hausti þann er jafnngodur sie.

þar skulu vera prestar ij eda prestur oc diakn oc kvenngilldur omagi vr kyni Magnus.

Þar er lofadur gropttur ollumm þeim lijkumm er menn vilia þangad færa.

þar liggia til kirkiu tijund af xv bæiumm oc half vr Hofn.

þar fylgia kirkiur ad Læk. oc j Hofn oc bænhvs iij oc lvka vj aura af hveriu.

Jtem a kirkiann litinn dvk oc litla munnalug oc messingar kietil litinn. elldberi vondur. baksturjarn oc tiolld vond vm kirkiu fram.

portio oll fiell nidur firir kirkiu adbot oc stadarins medann sira Vigfvs hiellt. Máld DI IV 192-193

[1452]: Jtem var tilnefnder þa biskup Gottskalk reid j sijna visitatio af .v. prestum oc .ij. leikmonnum ad skoda bot a kirkiunni ad Melum þa sira Jannes hiellt. var su bot sem kirkiunni tilheyrdi med hennar biletum oc Ornamentis var giortt fyrer .xxxc. DI V, 99-100 [viðb. við Vilchinsmáld. AM 260 fol; Am 259 fol, Lbs 350 4to, JS 147 4to]

[1478]: Melar

Þetta er maldage kirkiunnar a melum ad hun ä allt heimaland jtakalaust med ollum þeim gpgnum og giædum er þorlakur keypte og magnus lagdi til. eru þesse landamerke j millum mela og belgsholltz flatur steinn fyrir nordan osinn a skälalæk og vpp ä steininn a skälahollte og .adan j tittlijngshollt. og þadan augsyn j varuduhollt og þadan j byrgishollt og þadan augsyn j fiskelækiar steckia. og þadan j fuglzþufu skamt fra tungarde ad fiskelæk. stackgard og einge j fiskelækiar veitu og vr fuglþufu j iardkrossa sudur j veitu vid læke. og augsyn þadan j stein fyrir ofan hollzfot. og augsyn vr holltinu j krijnglottar þufur og augsyn þadan j landbrotzkelldur sem sunnan ganga j vatnid. Gardur er geingur vr melavatne og ofan j meyiavatn fyrir ofan gard a ase. annar gardur ofan vr tungarde ä äse. og ofan j gilid fyrir vestan akurgerde ä äse. kirkian a reka allan þadan fra þuij gile og til steinsins fyrir nordan skälalækiar oss. fiarmadur af melum ä ad sitia ä tungarde a ase. hun a selialand allt er liggur j millum forsslækiar og tunguar.

hun a skorrhollten bæde. sulunes og jarkarlæk. og straumnes. hälfan sietta tug äsaudar. xij saude tuæuetra med iiij hrutum. x kyr. iiij naut tuæuetur og iiij veturgomul. vi hesta og ij hross. og xx kugillde ad auk med jordunum.

Þetta [a] kirkian fyrir jnnan sig et cetera.

kirkian a æfinliga skylld j fiskelæk. mork vax eda saud a haust þann er jafngodur sie. þar skulu vera ij prestar eda prestur og diackn og kuengilldur omage or kyne magnhus.

Þar er lofadur groptur ollum þeim lijkum er menn vilia þangad færa og kirkulægt er.

Þar liggur til kirkiu tijund af xv bæium og half vr hofn.

Þar fylgia kirkiur ad læk og j hofn og bænhus iij og luka vi aura af hueriu.

jtem a kirkian lijtin duk og litla munnlog og messijngarketil lijtinn.

hun a og notlog j borgarsker a seleyre og saulvasker vid belgzholltzholm. Máld DI VI, 175-76 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 120a-b]

25.6.1483: Jörðon Lækur í Melasveit er í Melakirkjusókn. DI VI, 493

[um 1490]: eodem anno

tivndargiord jnguelldar asgavtzdottur af kirkivpningvm þria tigi hvndrada.

eodem anno.

sunnvdagen enn næsta fyrer barnabasmessu vrv talder peningar heima j melvm attatige hvndrada med kvgilldum a leigustodvm. hier at avk vorv vegnar xij merkur silfurs med skrvdvm . . . . hnpvm oc kopvm. hier at avk hvrdar . . . . . jtem snælldubeinstader xxxc. svlvnes sextan .c. oc allt fyrer golldit. jtem half leira þriatige hvndrada oc allt fyrer golldit. Máld DI VI; 733 [AM Apogr. 2213 skrifad epter gömlu kalskinnsblade med gamalle skrift (hier um de anno 1490) er mier liedi 1711 in Junio Vigfus Vigfusson (Þordarsonar, Bödvarssonar prestz I Reykhollte) buande á Hurdarbaki I Reykholltz Reykiadal, og eigandi þeirrar iardar. ..]

[1491-1518]: Mela kyrkia.

Kyrkian ad Melum er helgud Gudi almattkum S Mariæ. Peture Andrææ. Stephano. Olavo. Laurentio. Martino. Nicholao. Thorlaco. Agathæ. luciæ og Sanctarum undecim og ollum helgum.

hun a Melaland allt med ollum giædum þeim er Thorlakur keiffti og Magnus hefur sijdan tillagt og Selfor i Land þad er liggur a milli fosslækiar og Tungv Är og vidan til husa og bunautnar medan þar gietur. [orðrétt samhljóða [um 1220]]

eru þessi Landamerki millum Mela og Belgshollts flatur Steirn fyrir nordann ösinn a skalalæk og vppa steininn a Skalahollti og þadann i Titlingzhollt og þadann Augsyn i Vorduhollt og þadann i Byrgishollt og þadann Augsyn i Fiskilækiar Steckia og þadann i fuglsþufu skamt fra tungardi ad Fiskilæk. Stackgard og eingi i Fiskilækiar veitu og vr fuglþufu i Jardkrossa Sudur veitu vid lækj Og Augsyn þadan i Stein fyrer ofann hollts föt oc Augsyn vr holltinu j kringlottar þufur og Augsyn þadann i Landbrotzkielldur. sem Sunnann ganga i vatnid.

Gardur er geingur vr Melavatne og ofann í mejra vatn fyrir ofann gard A Ase. Annar gardur ofann ur tungardi A Ase og ofann i gilid fyrer vestann Akurgierde A Ase.

Kirkian a reka allann þadann fra þvi gili og til Steinsins fyrer Nordann skälalækiar ös.

fiarmadur af Melum a ad Sitia a tungarde A Ase.

hun a Selialand allt er liggur i millum fosslækiar og tungu Är. [svotil orðrétt samhljóða [1181]]

hun a Skorholltin bædi Sulunes og Jarkarlæk og straumnes. hun ä og notlog j Borgarskier a Seleyre og Soluaskier vid Belgzholltsholm. Máld DI VII, 59 [Þjsks Bps 2 4to, skr. um 1750 - aðeins síðasta málsgr er einstök fyrir þessa gerð máld, og hlýtur hún að vera yngri en innskot í [um 1220] þar sem fram kemur að kirkjan eigi ‘halft Skorraholl’ - JÞ bendir á að hér sé ekki getið Englands sem Ögmundur bp gaf Melakirkju 1539 og sé því þessi gerð máld. eldri en það]

31.1.1493: vm peninga kirkiunar a melum.

Þat giore ek uigfus snorrason godum monnum kunigt med þessu minu opnu brefi. at eg uissa at oddur heitin þorkelsson sem gud hans sal nade liet Rekaa fra melum bædi fie ok naut ok kaplaa. j þann samaa tid sem siera hauskaolldur tok uid melaa stad. upp til deilldartungu. ... DI VII, 162-63 [Bps A, Fasc XII, 3 Frumbréf á skinni; AM Apogr. 2444]

1575: Máld DI XV 627-628

1771: Sr. Arngrímur Jónsson hefur byggt kirkjuna af nýju timbri. RLLF II, 263

27.2.1880: Leirár- og Melasóknir lagðar undir Saurbæ; (PP, 118) [lög]

23.5.1885: Melakirkja lögð niður og sóknin lögð til Leirár; (PP, 118) [landshöfðingjabréf]

"Þar var Maríukirkja, og átti hún heimaland allt til 1181. Prestsetur var á Melum um aldir. Kirkjan var lögð af 1883...," segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Þar er nú allt farið í sjó, bær, kirkja og kirkjugarður...," segir í örnefnalýsingu sem líklega var rituð 1975. Á túnakorti sem gert var 1918 sést að hluti kirkjugarðs er enn til staðar en þó kominn alveg fram á sjávarbakkann og líklega farið að brotna af honum. Það sem enn sést af garðinum þá er samkvæmt kortinu um 30 x 25 m. Kirkjan virðist á þeim tíma standa austan við



Kort af túni Mela 1918

kirkjugarðinn, austast á bæjarhól 001.
Harðir og sléttir sjávarbakkar. Fram af þeim er þverhnípi niður í fjöru, hæð bakkans er 30 m eða meira.
Öll ummerki kirkju og kirkjugarðs eru löngu horfin í sjó.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 138; Ö-Melar, 1; Túnakort 1918; DI: Íslenskt fornbréfasafn; RLLF: Rit hins íslenska lærdómslistafélags.

BO-099:003 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús í jaðri kálgarðs um 20 m suðaustan við kirkjuna 002.
Gróið valllendi, melgresi eykst er nær dregur bakkanum.
Staðurinn þar sem útihúsið stóð er horfinn í sæ vegna landbrots.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Túnakort 1918

BO-099:004 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 10 m norðaustan við útihús 003.
Gróið valllendi, melgresi eykst er nær dregur bakkanum.

Staðurinn þar sem útihúsið stóð er horfinn í sæ vegna landbrots.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Túnakort 1918

BO-099:005 tóft útihús 64°24956N 22°01418V



Samkvæmt túnakorti Mela frá 1918 stóð útihús við Bæjargil, um 40 m norðvestur af þáverandi bæjarstæði en 80-100 m suðaustur af gamla bæjarstæðinu 001. Á þessum stað er nú greinileg tóft.
Húsið hefur verið byggt í dálitlum slakka á barmi Bæjargils. Túnið hækkar uppfrá slakkanum til norðurs.
Vegna mikillar grósku er erfitt að gera grein fyrir húsaleifunum. Þær ná þó yfir svæði sem er um 80 x 30 m stórt. Austast er hrúgald af steypurusli í slakka, sumstaðar sjást jafnvel heillegir veggir þar í. Vestar er djúpur grunnur, grjóthlaðinn að hluta, snýr norður-suður og er 10 x 20 m að stærð og dýpt vel á þriðja metra. Þetta gætu verið hlöðuleifar. Niðurgrafinn, steyptur kassi suðvestur af grunninum og gæti verið hlandfor eða haughús. Líklegast er að á þessum stað hafi verið fjós og hlaða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918



BO-099:006 tóft útihús 64°24965N 22°01391V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús hér um bil 20 m austur af útihúsi 005. Þar er tóft.
Óslegið tún. Á þessum stað er því farið að halla til suðausturs, að Bæjargili.
Tóftin er tvískipt og eru bæði hólfin opin í suðvestur. Hið eystra er 4,5 x 9 m en það vestara 4,5 x 5 m en tóftin er alls 9 x 9 m. Hún er algróin en glittir sumstaðar í grjót í veggjum sem eru mest um 0,5 m háir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

BO-099:007 *Blómsturvellir* heimild um býli 64°24164N 22°01572V
"Upp af Langagili og aðeins vestan við það efst er smá hæð, sem heitir Blómsturvellir, það er gamalt kot," segir í örnefnalýsingu. Langagil er norðan við Áskotsgil, hér um bil miðja vegu milli nýlegs svínabús á Melum og bæjarins Áss. Býlið er merkt inn á kort Landmælinga frá 1988 og er þar sýnt ofan vegar, 1,5 km norður af bæjarhól 001. Gilið liggur austur-vestur, frá sjávarbakkanum og endar við veginn. Má þannig segja að vegurinn liggi yfir austurenda þess en tún eru bæði sunnan og norðan við gilið.
Núorðið kannast enginn heimildamaður sem náðist í við Blómsturvelli. Búið er að slétta nær allt út á þessum slóðum. Þó gægjast nokkrar iðagrænar þúfur undan veginum, austan hans en sunnan gilendans. Svæðið er um 6 x 10 m stórt en rís ekki nema fáeina sentimetra yfir umhverfið. Austan við er búið að grafa skurð meðfram sléttuðu túni. Þá er iðagrænn bingur, grasi vaxinn, neðan vegarins, um 30-40 m norðvestar, á nyrðri gilbakkanum. Líklegt er að það sé að mestu uppkast, enda virðist lækurinn hafa verið grafinn út á kafla rétt neðan við veginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:008 *Melanaust* heimild um naust 64°24942N 22°01524V

"...þar er nú allt farið í sjó, bær, kirkja, kirkjugarður, þar var fyrir neðan gamla bæinn Melanaust, sem enginn veit nú hvar var," segir í örnefnalýsingu. Ekki fengust neinar upplýsingar um Melanaust á vettvangi. Vafalaust er það horfið í sæ fyrir löngu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:009 þúst 64°24631N 22°01514V
"Á Bökkunum frá Látrunum og heim að gamla bæ [líklega átt við næstelsta bæjarstæðið] eru margar rústir, og aðrar munu komnar í sjó," segir í örnefnalýsingu. Bakkarnir er heiti á öllu svæðinu sem liggur til suðurs frá bæjarhól 001 og að nesi sem gengur til vesturs fram af svínabúi sem nú hefur verið reist í Melalandi.
Sléttir sjávarbakkar, á þeim eru víða ræktaðir túnskikar og plægð svæði. Á Bökkunum er líklega mest landbrot í gjörvallri Melasveit. Allir Bakkarnir voru gengnir í leit að rústum og talað við kunnugan heimildamann, Helga Bergþórsson í Súlunesi. Aðeins einn hóll fannst sem mögulega gæti falið í sér mannvistarleifar á Bökkunum. Hann er 650 m suður af bæjarhól 001, alveg frammi á sjávarbakkanum og hefur líklega talsvert brotið af honum. Hóllinn er áberandi, enda Bakkarnir allir rennisléttir og sandbornir. Það sem eftir stendur af hólnum er 25 x 30 m að umfangi og 1,5 m hátt. Hóllinn er fremur gróskumikill. Land austan við hólinn hefur verið plægt og hluti hólsins lent þar í og þar með verið lækkaður um allt að 0,5 m. Reyndar virðist einkum sandur í efstu jarðlögum, það sést ef gægst er í sniðið sjávarmegin, þar sem brotið hefur af bakkanum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:010 *Aukatún* tóft+garðlag 64°24918N 22°01462V
"Upp af þeim [Hryggjum] suðaustur af bæ er tjörn,sem heitir Kríutjörn, sem sumir nefna Lómatjörn, úr henni kemur Bæjargilið, utan við það heitir Aukatún," segir í örnefnalýsingu. Aukatún er gegnt bæjarhól 001, sunnan Bæjargils. Þar sjást rústir og garðlag. Túnið er slétt og gróið en jarðvegur mjög sendinn líkt og víðast hvar á bökkunum. Gróður er rysjóttur og ekki fíngerður.
Garðlag liggur um Aukatúnið, frá Bæjargili í sveig til suðvesturs og allt að þverhníptum sjávarbakka. Alls er það um 110 m langt og á köflum ógreinilegt, enda hefur foksandur lagst upp að því sumstaðar en svo gróið yfir á ný. Á tveimur stöðum virðast op eða rof á garðinum. Annað er 20-25 m suður af Bæjargili, allt að 15 m breitt en hitt er um miðbik garðsins og mun minna um sig. Þá eru tvær tóftir sambyggðar garðinum innanverðum. Önnur er fáeina metra suður af fyrrnefnda rofinu, einföld, 5 x 6 m stór og opin í norður. Garðurinn þjónar sem austurveggur. Sunnan við tóftina er áberandi geil, um 5 x 2 m. Hin tóftin er uppvið garðinn rúma 20 m frá suðurenda hans. Hún er 7 x 5 m stór, einföld og opin í vestnorðvestur. Innan garðsins, frá Bæjargilinu, liggur mjó dæld til suðurs, í átt að sjávarbakkanum. Milli hennar og bakkans er rúst af gerði sem er um 20 x 20 m stórt. Op er á því í vestur, að bakkanum. Þá virðist ekki hafa verið hlaðið á þeirri hlið sem snýr að dokkinni, þ.e. að austanverðu. Ljóst er að hluti Aukatúns er horfinn í sjó og líklega einhverjar rústir með.



Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:011 *Hesthúsvarða* heimild um landamerki 64°24955N 22°01184V
"Við túngarðinn [099:017] á Melum er nafnlaus melhryggur, en þar á er varða, sem heitir Hesthúsvarða, er á merkjum móti Melaleiti," segir í örnefnalýsingu. Hér hlýtur að vera átt við hrygginn sem liggur milli bæjanna tveggja, neðan vegar. Nú er hann alveg uppgróinn nema fast við veginn. Á

honum liggur girðing á mörkum. Túnið Melaleitismegin er slegið en sina er í Melalandi. Engin varða sést nú á þessum stað og enginn virðist kannast við hana. Vitað er um tvö hesthús í námunda sem hún gæti hafa verið kennd við, annarsvegar á Melum (sjá 012) og hinsvegar á Melaleiti BO-100:015.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:012 *Ásbrún* heimild um býli 64°24907N 22°00960V
"Austur frá Melnum, þar sem fjárhúsin eru, heitir Ásbrún, þar var líka einu sinni býli," segir í örnefnalýsingu. Býlið var þar sem fjárhús eru nú við núverandi Melabæ, ofan vegarins um Melasveit.
Tún er í kring. Allar rústir eru horfnar, annaðhvort hefur verið sléttað yfir þær eða byggt á þeim. Fjárhús úr steinsteypu frá því um eða fyrir miðja 20. öld standa á staðnum. Þar stóðu áður hesthús úr torfi og grjóti og voru í notkun fram yfir 1950.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:013 *Hrísás* tóftir+garðlag beitarhús 64°24590N 21°59783V
"Suðaustur frá bænum er Melavatn, nú að mestu þurrt og notað sem engjar. Bakkarnir meðfram vatninu eru nefndir Vatnsbakkar, og austan við vatnið er ás, sem heitir Hrísás. Þar hefur verið byggt býli öðru hvoru, ýmis nefnt Hrísás eftir ásnum eða Sauðhús eftir húsunum sem voru þar," segir í örnefnalýsingu. "Á 18. öld var þar reistur bær, sem nefndist Sauðhús. Stóð sú byggð til 1834. Býli var þar reist að nýju 1909, grashúsbýli, en kallaðist þá Hrísás. Þar var búið til 1923, að fardagaárinu 1917-1918 undanskildu," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Hrísás er 1,6 km suðaustur af bæjarhól Mela 001.
Stakt holt, umkringt mýraflatneskjum á alla vegu. Holtið er þýft en grasi vaxið.



Til er túnakort af Hrísási frá 1918. Þá eru þar bæjarhús, kálgarður sunnan við þau og tvö lítil útihús, sitt í hvoru garðshorninu. Nú eru rústir á holtinu og garðlag um þær að hluta en ekki unnt að átta sig á hvar bæjarstæðið sjálft hefur verið. Alls er rústasvæðið 125 x 75 m stórt. Hér eru rústirnar númeraðar til hægðarauka.
I. Stærsta og stæðilegasta rústin er af unglegum beitar-húsum. Hún er syðst á holtinu miðju og snýr hér um bil norður-suður með dyr í suður. Stærð er alls 15 x 17 m. Tveir grjóthlaðnir en algrónir garðar eru í húsinu og dálítið niðurgrafin hlaða aftan við þá. Þessi aðalhluti hússins er um 15 x 12 m en við það að austan er viðbygging eða útskot, 5 m breitt og um 10 m langt, þó ekki aðskilið með vegg. Í því miðju vottar fyrir einföldum, ógrónum steinahleðslum eftir endilöngu og gæti þar hafa verið þriðji garðinn. II. Um 30 m vestur af beitarhúsatóftunum, suðvestast á holtinu, er óljós rústahóll, siginn og algróinn, 15 x 25 m stór og snýr austur-vestur. Austurhlutinn er greinilegastur og mótar þar fyrir dæld, um 5 x 3 m. Einnig vottar fyrir minni dæld norðvestast í hólnum, hún er um 5 x 2 m og snýr þvert á hina fyrri eða austur-vestur. III. Þriðja rústin er innan við 5 m vestur af norðurenda beitarhúsanna I. Hún er einföld og snýr austur-vestur með dyr í vestur, alls 6 x 10 m stór. Ekki sér í grjót í hleðslum. IV. Þá er rúst um 25 m austur af beitarhúsatóftunum (I.). Aðeins sjást tvær

langhliðar hennar og mynda hólf sem er um 5,5 x 4 m að stærð. Tóft þessi hefur snúið suðaustur-norðvestur. V. Um 10 m norðvestur af IV. er rústabunga, um 8 x 8 m stór en ekkert húsalag á henni. VI. Djúp geil, 2 x 2 m stór, er um 10 m norðvestur af beitarhúsatóftunum (I.) ekki útilokað að þar séu leifar af brunni. VII. Þá eru 4 áberandi reglulegar bungur nyrst á holtinu, í mýrarjaðri um 25-30 m norður af beitarhúsatóftum I. Þær snúa allar eins, norður-suður, og eru á bilinu 5-6 x 12-14 m stórar. Meðfram þeirri vestustu sjást hleðsluleifar. Rásir eru á milli bunganna. Ekki er óhugsandi að þarna hafi verið beðasléttur. VII. Að lokum er garðlag með holtinu, á mótum þess og mýrarinnar umhverfis. Það sést fyrst um 5-10 m norður af VI. og er unnt að rekja það 50-55 m til austurs. Þá beygir það til suðurs í sveig en hverfur í mýri eftir um 70 m. Garðurinn virðist torfhlaðinn og reyndar sést ekki grjót í neinni rústanna nema beitarhúsanna. Með hliðsjón af túnakorti frá 1918 er líklegast er að bærinn hafi staðið annaðhvort þar sem rúst I. eða II. er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melar, 1; Byggðir Borgarfjarðar, 149; Túnakort 1918

BO-099:014 garðlag áveita 64°24589N 21°59598V
Í mýrarsundi sem er milli Hrísáss 013 og beitarhúsatófta 016 sjást leifar garðlags.
Blautt mýrarsund milli tveggja holta.
Garðurinn liggur fyrst austur-vestur, frá Hrísás í átt að beitarhúsunum, en sveigir til SSA eftir 150 m. Hann hverfur eftir 40 m en birtist á ný á um 20 m kafla handan skurðar. Hæð garðsins er um 0,4 m og breidd um 0,3 m. Engar upplýsingar fengust um garðlagið en líklegast er að það sé hluti af áveitu á engjar.
Hættumat: engin hætta

BO-099:015 *Syðri Melahjáleiga* heimild um býli
"Sydre Melahjáleiga. Bygt af sjálfum heimastaðnum fyrir manna minni. Jarðardýrleiki er óviss, því engin gelst hjer tíund af," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1707. Ekki er nú vitað hvar Syðri-Melahjáleiga var. Ekki er útilokað að hún hafi verið þar sem Hrísás 013 er, reyndar er það suðaustur af bæ. Sennilegra er að hún hafi verið á sjávarbökkunum, e.t.v. þar sem nú heitir Aukatún 010, þar eru túngarðsleifar. Þó gæti hjáleigan verið löngu horfin í sæ, enda landbrot mikið á þessum slóðum. Nyrðri-Melahjáleiga var einnig til og var þar sem nú heitir Melaleiti BO-100.
Heimildir: JÁM IV, 145-6

BO-099:016 tóftir beitarhús 64°24604N 21°59572V
Beitarhúsatóftir eru 170 m austur af rústum á Hrísási 013.
Gróið og þurrt holt sem er í halla mót vestri. Mýrarsund skilur holt þetta frá Hrísásnum.
Rústir samstæðra beitarhúsa auk hlöðu eða heygarðs. Rústin er alls 10 x 10 m og er með dyr í suðvestur. Hvort hólf um sig hefur einn garða eftir endilöngu. Aftan við húsin er svo hólf sem snýr þvert á þau, 8 x 3 m. Það er ekki niðurgrafið og líkist fremur heygarði en hlöðu. Veggir húsanna eru signir, þó sést grjót í þeim en ekki í görðunum sem eru algrónir.



Hættumat: engin hætta

BO-099:017 heimild um túngarð
"Við túngarðinn á Melum er nafnlaus melhryggur....," segir í örnefnalýsingu. Nú sést enginn túngarður á Melum, nema á Aukatúninu 010. Líklegt er þó að a.m.k. sá hluti hans sem sagt er frá í örnefnalýsingu hafi verið sunnan eða vestan við melhrygginn sem skilur á milli jarðanna, þar er nú markagirðing.
Melhryggur, nú að mestu gróinn.
Ekkert sést til túngarðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Melar, 1

BO-099:018 heimild
"Rústir af þyckum og sterkum Gaungugördum eru enn sumstaðar ad sjá, svo sem milli Belgshollts og Mela, herum 1/5 Danskrar mílu ad lengd," segir í fornleifaskýrslu séra Bjarna Arngrímssonar. Þetta var árið 1817. Nú er ekkert vitað um leifar garðanna og ekki fundust þeir við vettvangskönnun. Haraldur Magnússon í Belgsholti kannast ekki við garðlög milli Belgsholts og Mela.
Mýrlendi, mjög þýft og grasgefið. Skurðir hafa víða verið grafnir og land ræst fram, jafnvel sléttað á

köflum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: FF, 271-278

BO-099:019 gripir
Í fornleifaskýrslu sr. Bjarna Arngrímssonar 1817 segir frá meintum skipsplönkum í sjávarbakka, eldri en norræn byggð. Engar upplýsingar um plankana er nú að hafa og þeir væntanlega löngu horfnir í sjó.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: FF, 271-278

BO-099:020 *Lögrétta* heimild
"Dómhríngur, sem enn í Dag heitir Lögrétta, sjest hér í túni á Melum 20 fadma í vestur frá Kyrkjugardi, byggdur á slettri flöt, rétt kringlóttur ad mÿnd, en 12 fadma ad þvermáli, audþeckjanleg Manna-verk, hár og þÿckur í Øndverdu," segir í fornleifaskýrslu Bjarna Arngrímssonar prests 1817. "Þótt undarlegt sé, er í túninu á Melum hringmynduð girðing ("dómhringur" er venjulega nafnið), nokkrir faðmar í þvermál, með myndarlegum torfvegg og kallast "Lögrétta"," segir í riti Kristians Kålunds um sögustaði á Íslandi. Dómhringur þessi er ekki þekktur í seinni tíð og væntanlega löngu horfinn í sjóinn, líkt og meirihluti gamla bæjarstæðisins og kirkjugarðurinn.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Kålund I , 221; FF, 272

BO-099:021 heimild um akur
"...einnig Girðíngar líklega umkríng Akra og upplægd pláts, svo sem hér vid Prests-setrid Mela...," segir í fornleifaskýrslu Bjarna Arngrímssonar prests 1817. Ekkert er nú vitað um þessar girðingar og líklegt að þær séu annaðhvort hrundar í sjóinn eða komnar undir túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: FF, 273

BO-099:022 *Merkissteinn* áletrun landamerki
"Til No. 2. Stórir Steinar eru hér í sóknum 2, sem Manna-verk á finnast, annar þeirra er Merkissteinn milli Mela og Belgshollts 3 al. á hæð, en 10 ummáls ad nedan, uppmjör sem sikur toppur og íhögnum krossi merktur í kollinn...," segir í fornleifaskýrslu Bjarna Arngrímssonar prests 1817. Nú kannast ábúendur í Belgsholti ekki við markastein sem á við lýsingu úr fornleifaskýrslunni gömlu. Eini markasteinninn sem er kunnur er fast norðan við Skálalæk þar sem hann rennur til sjávar. Hann er flatur að ofan og ekki sést á honum krossmark. Samkvæmt Haraldi Magnússyni, bónda í Belgsholti, er þetta eini markasteinninn sem minnst er á í landamerkjabréfi frá 1837 og æ síðan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: FF, 272

BO-099:023 heimild
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: "....oc or fuglþufo i iarþkrossa suþr i veito [024] viþ læke. oc augsyn þaþan i stein fyrir ofan holltz fot...." Ekkert er nú vitað um jarðkrossana. Af lýsingunni að dæma gætu þeir þó hafa verið austarlega á landareign Mela, hugsanlega nálægt upptökum Austurlækjar sem rennur að mestu leyti í landi Bakka.
Heimildir: DI I, 271-272

BO-099:024 heimild um áveitu
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: "....oc or fuglþufo i iarþkrossa [023] suþr i veito viþ læke. oc augsyn þaþan i stein fyrir ofan holltz fot...." Ekkert er nú vitað um umrædda veitu "við læki". Af lýsingunni að dæma gæti hún þó hafa verið austalega í landareign Mela. Hugsanlega gætu þá "lækir" verið t.d. Austurlækur, en hann á upptök sín við landamerki Mela en rennur eftir það í Bakkalandi.
Heimildir: DI I, 271-272

BO-099:025 garðlag landamerki
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: "Garþr er gengr or melavatne oc ofan i meyiavatn fyrir ofan garþ a ase. Annar garþr ofan or tungarþe a ase. oc ofan i gilit fyrir vestan akrgerþe a ase." Nú eru bæði Melavatn og Meyjavatn horfin, þau hafa verið ræst fram.

Heimildir: DI I, 271-272

BO-100 Melaleiti

Fór í eyði 1708 en var byggð aftur skömmu fyrir 1781 af sr. Arngrími Jónssyni á hans kostnað - RLLF II, 263. "Jörðin var fyrrum hjáleiga frá Melum. 1707 var jörðin nefnd Nyðri-Melahjáleiga, þá sögð byggð fyrir manna minni. Einnig kölluð Melakot eða Norður-Melakot, en hefur verið nefnt Melaleiti a.m k. síðan um 1800. Hún er nyrst í hinu forna landi Mela. Landaskipti voru gerð 1914 milli Mela og Melaleitis. Mun Melaleiti hafa verið talið ¼ úr Melum öllum." Byggðir Borgarfjarðar, 137.
Tún 41,754 m², 1/3 þýft. Garðar 1,067 m².

BO-100:001 *Melaleiti* bæjarhóll bústaður 64°25129N 22°01382V
"Bærinn stendur nyrst á Melabökkum," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamli bærinn á Melaleiti stóð rúma 50 m suðvestur af núverandi bæjarhúsum. Hluti gamla bæjarins stóð líklega fram til 1913-1914 en þá var hann fluttur á núverandi stað. Sléttað var úr rústum gamla bæjarins en þó ekki meira en svo að enn mótar fyrir þeim, a m.k. þegar tún er nýslegið. Á túnakorti frá 1918 sést að búið er að byggja nýja bæinn. Þá standa ennþá hús á gamla bæjarstæðinu en ekki er ljóst hvort það hafa verið uppistandandi leifar gamla bæjarins eða útihús reist á rústum hans. Dálítill hóll í túni, hann er sleginn sem og túnið allt í kring. Frá hólnum hallar til austurs, þar standa steinsteypt fjárhús undir honum. Einnig hallar frá honum til suðurs, þar er aflöng dokk sem liggur norðvestur-suðaustur en sunnan hennar hækkar land á ný, þar er nú syðsti og vestasti hluti heimatúnsins.



Hóllinn er greinilegur og nokkrar dokkir í honum, virðist sem það séu síðustu leifar gamla torfbæjarins. Hóllinn er tvískiptur. Meginhluti hans er uppi á brúninni ofan við steyptu fjárhúsin. Það er ávöl bunga, 30 x 40 m stór. Hinn hlutinn liggur frá henni suðvestanverðri til vesturs og er um 23 x 10 m. Í fyrrrnefndu bungunni sjást 4-5 grunnar dældir en ekki mynda þær reglulega heild. Í síðarnefnda hlutanum er aðeins eitt, grunnt hólf sem virðist ná yfir hann allan. Vera má að þar hafi verið kálgarður, þetta svæði er einmitt í dálitlum halla mót suðri. Framan við austasta hluta þess er greinileg dæld, um 2 x 1 m og ekki útilokað að þar hafi verið brunnur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 137; Túnakort 1918

BO-100:002 frásögn herminjar 64°25198N 22°01479V
Samkvæmt Jóni Kr. Magnússyni voru herminjar um 150 m norður af bæjarhól 001. Snarbrattur og hár sjávarbakki, uppi á honum eru sandbornar grasflatir skammt utan heimatúns. Á þessum stað voru skotgrafir, e k. manngerðar dokkir. Þar voru aldrei steyptir veggir eða hleðslur. Nú sjást engar leifar dokkanna, líklega eru þær horfnar vegna ágangs sjávar en árlega hrynja 50-60 cm af bakkanum fram í sjó.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

BO-100:003 heimild um útihús 64°25116N 22°01313V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 60 m austur af bæjarhól 001.
Slétt tún austan undir bæjarhól 001. Húsið hefur staðið hér um bil þar sem nú eru steinsteypt fjárhús með hlöðu. Ekkert sést til eldri húsa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Melaleitis 1918

BO-100:004 heimild um útihús 64°25129N 22°01233V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 20-30 m suðaustan við núverandi bæjarstæði á Melaleiti.
Þetta er undir dálítilli hæð sem liggur austur-vestur, á henni stendur bærinn nú.
Engin merki sjást um húsið og ekki er vitað hvaða hlutverki það gegndi. 10-20 m austur af staðnum er nú kálgarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-100:005 *Kotatangi* örnefni býli 64°25212N 22°01560V
"Ef nú væri byrjað aftur niður við sjó, þar sem víkin heitir Belgsholtsvík. Sunnan við hana fram af landi er sker sem heitir Kotatangi. Kennt við kot, sem talið er hafa verið þarna og hét Melakot," segir í örnefnalýsingu. Kotatangi er tæpa 200 m norðvestur af bænum á Melaleiti.
Grjót- og klettatangi sem gengur langt fram í sjó neðan þverhníptra hamra.
Ekki er vitað um kot á þessum stað og er staðsetningin harla ólíkleg fyrir bæ. Líklega er skýringin á heitinu sú að Melaleiti hét áður Melakot, allt fram til um 1800. Líklega hefur tanginn verið kenndur við það.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1

BO-100:006 *Skálatunga* garðlag býli 64°25247N 22°01006V
"Í Belgholtsvík rennur lækur, sem heitir Skálatungulækur eða líklega eldra nafn Skálalækur. Sunnan við lækinn er grasivaxin tunga sem heitir Skálatunga. Dró hún nafn af því, það þarna höfðu Melamenn

skála, meðan þeir stunduðu útróðra þaðan. Síðan var byggð þarna þurrabúð sem nefnd var Skálatunga," segir í örnefnalýsingu. "Á hól í gilinu stóð á árunum 1869-1920 bær, er nefndist Skálatunga og var í heimildum kallað nýbýli, þurrabúð eða tómthús frá Melum. Lifðu ábúendur mest á garðrækt og sjósókn. Á tímabili, 1885-1908, komst þó svo langt að verða þríbýli á Skálatungu, og 4 voru býlin 1900-1903," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Skálatunga er rúma 370 m norðaustur af bæ, fast sunnan við Skálatungulæk.
Þar eru nú tún á sléttri tungu neðan við heimatúnið sem er í halla mót norðaustri. Tungan er á dálítilli upphækkun, þannig er brattur, allt að 7-8 m hár bakki fram af henni að sjó og einnig til norðurs að Skálatungulæk sem rennur í djúpum slakka þar við. Að sunnanverðu markast Skálatunga af mýrlendri gróf.
Tungan sjálf er ekki ýkja stór, um 150 m löng og tæplega 100 m breið. Engin merki sjást nú um rústir þar. Um eða upp úr 1950 voru gerðir kálgarðar á tungunni og við það munu rústirnar hafa horfið að mestu. Síðar hefur túnið verið sléttað. Einu mannvistarleifarnar sem nú sjást er garðstubbur sem er á kafi í gróðri en liggur niður brattan bakka til norðurs, að Skálatungulæk hér um bil til móts við kálgarðstóft 011. Ekki er ljóst hvort stubburinn hefur tilheyrt býlum á Skálatungu eða seinni tíma kálgörðum. Hann er um 10 m langur og 0,4 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1; Byggðir Borgarfjarðar, 149

BO-100:007 *Stekkur* örnefni stekkur 64°25199N 22°00899V
"Ofan við Skálaholt kemur lækur þvert í Skálalæk, hann heitir Þverlækur, þar beint á móti sunnan lækjar er Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Núverandi ábúendur kannast ekki við Stekkinn. Samkvæmt lýsingunni hefur hann verið á smátungu norðan við hesthúsið 015, um 400 m austur af bæ. Þverlækur er nú afar vatnslítill en rennur um 20 m austan vegarins um Melasveit, samsíða honum. Sunnan Skálalækjar, gegnt honum, gengur iðagræn tunga fram í lækinn. Engin tóft sést nú á tungunni. Svo virðist sem efni hafi verið ýtt fram á hana, þar er iðagrænn hóll sem mikill áburður virðist í. Hann sýnist þó frekar nýlegur og er ekki rústalegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1

BO-100:008 *Vörðuholt* örnefni landamerki 64°25140N 22°00526V
"Smáholt eru svo í röð í flóanum upp eftir, á merkjum móti Belgsholti eru svo Titlingsholt, þá er Vörðuholt..." segir í örnefnalýsingu. Holt sem gæti passað við lýsinguna er við Skálatungulæk norðanverðan, ofan Skálaholts. Gróið holt en gras er þar strjált og stórgrýti gengur upp úr því. Tvær vörður eru hlaðnar á holtinu uppi á jarðföstum steinum. Um 25 m eru á milli þeirra. Ekki er þær vandaðar, báðar um 1 m háar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melaleiti, 1

BO-100:009 heimild um lendingu 64°25275N 22°01064V
"Lending var góð í Skálalæk," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Skálalækur rennur til sjávar um 400 m norður af bæ, fyrst í djúpri gróf en henni sleppir þar sem sandströnd byrjar. Sandströnd með miklu af sæbörðu stórgrýti. Einna minnst er af grjóti við mynni lækjarins.
Engar mannvistarleifar sjást á þessum stað en nauststóftir 013 eru við víkina um 100 m sunnar. Samkvæmt Jóni Kr. Magnússyni þótti þetta ekki auðveld lending.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 137

BO-100:010 tóft 64°25126N 22°01460V
Leifar af hringlaga rúst eru fast vestan við bæjarhól 001, innan við 15 m vestur frá sýnilegum rústaleifum á honum. Rústin er í túni og er slegin líkt og völlurinn umhverfis. Ástand tóftarinnar er líkt og óljósra þústa á bæjarhól 001, þ.e. sléttað hefur verið yfir hana en samt mótar vel fyrir útveggjum. Rústin er við vesturenda aflangrar lautar sem liggur niður túnið fast sunnan við bæjarhól. Því hækkar land nánast allsstaðar upp frá henni. Lautin er ekki í teljandi halla nema örlítið mót suðri. Stærð tóftarinnar er um 19 x 17 m, hún er sporsöskjulaga og heldur lengri austur-vestur. Hugsanlega er það afleiðing sléttunar. Veggjaleifarnar eru allt að 3 m breiðar en rísa vart meira en 0,3 m yfir yfirborð. Engar ójöfnur sjást innan veggja og ekkert op er greinilegt á þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-100:011 gerði kálgarður 64°25272N 22°00970V

Leifar af gömlum kálgarði eru í brekku norðan Skálalækjar, rúma 400 m norðaustur af bæ. Þær eru við suðvesturenda Skálaholts sem er á mörkum Melaleitis og Belgsholts.



Brekkan er grösug, í halla mót suðri en skammt er þar niður á mjög sandborinn jarðveg.

Grjóthlaðinn garður umlykur ferhyrndan reit sem er rúmlega 20 x 20 m að stærð. Ávalt fjörugrjót er áberandi í hleðslunum. Hlaðið er uppfrá Skálalæk sem þannig markar svæðið að sunnan. Mest sjást 2-3 umför grjóts í hleðslum en sumstaðar eru þær að hverfa í gróður. Tæpa 10 m norðvestur af norðvesturhorni gerðisins eru leifar hleðslu sem virðist eldri og sokknari, hún liggur fyrst rúma 10 m til vesturs en sveigir svo 90° til suðurs, í átt að læknum en hverfur eftir um 10 m. Ef til vill hefur garðurinn verið færður innar ellegar minnkaður vegna aukins áfoks og ágangs sjávar úr vestri. Áberandi dæld, um 3 x 3 m og 1 m djúp er norðan við norðurhluta kálgarðsins, í beinu framhaldi af ellilegri hleðslunni. Hún gæti verið manngerð. Vitað er að kálgarðurinn var ekki notaður eftir 1950.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

BO-100:012 gata leið 64°25246N 22°01104V

Leifar gamallar götu sjást í bakka að sunnanverðu í mýrlendri gróf sem markar Skálatungu 006 að sunnan.

Harðlendur, snöggróinn sjávarbakki. Hér lá leiðin milli Belgsholts og Melaleitis þegar farið var bakkana. Þegar komið var yfir Skálalækinn á suðurleið var bakkanum fylgt allt að bænum. Í túnjaðri sjást raunar 2-3 samhliða slóðar sem gætu verið gömlu göturnar en þeir eru að mestu horfnir undir túnrækt. Hinsvegar er skorningurinn í bakkanum allt að 2 m breiður og líkist helst kerruvegi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-100:013 tóft naust 64°25249N 22°01186V



Tóft af nausti er 100 m vestur af mynni Skálalækjar og 270 m norður af Melaleitisbæ.

Hún er skammt ofan við sjávarkampinn, neðan undir brattri en grösugri brekku innarlega sunnantil í Belgsholtsvík. Tóftin snýr norður-suður. Vestur- og austurveggur eru hlaðnir úr grjóti, algrónir en brekkan þjónar sem suðurveggur. Tóftin er einföld og ferhyrnd, 5 x 6 m að stærð. Framan eða norðan við hana er girðing sem liggur austur-vestur. Framan við girðinguna, um 5 m frá tóftinni sjást 2-3 m langar ógrónar grjóthleðslur, nánast í beinu framhaldi af veggjum tóftarinnar. Jón Kr. Magnússon telur að bátar hafi verið dregnir upp í grjóttóftina, þ.e. fremri hlutann, á sumrum en heillega tóftin í framhaldinu sé af vetrargeymslu. Í henni er veggjahæð allt að 0,6 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

BO-100:014 náma mógrafir 64°25245N 22°01157V

Í túnjaðri, rúma 280 m norður af bæjarhól 001 er gríðarmikil mógröf. Þar var tekinn mór í fyrri heimstyrjöldinni sem þótti mjög góður. Nú eru sléttað tún fram á barma grafarinnar en þar var áður mýri. Gröfin er skeifulaga og stór, gróinn jarðvegsstampur er í henni miðri nyrst. Hugsanlega hefur hann verið skilinn eftir vísvitandi eða torfi sem stungið var ofan af verið safnað þar. Gröfin er 40 x 30 m og allt að 5 m djúp. Upphækkuð braut liggur til norðurs frá austurenda grafarinnar í átt að sjó. Þangað var mónum ekið, hann þurrkaður á sjávarkampinum og svo látinn um borð í bát. Í gröfinni náðust allt að 18 stungur af mó.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-100:015 hús hesthús 64°25177N 22°00935V

Hesthús með grjóthlöðnum veggjum stendur austan vegarins um Melasveit og 350 m austnorðaustur af bæ. Húsið stendur undir brekku sem hallar mót norðvestri austur af Skálatungu.
Á þessum stað stóð áður hesthús sem var að hruni komið. Ákveðið var að hlaða það upp fyrir nokkrum árum fremur en að rífa það. Húsið sem nú stendur er með hlöðnum útveggjum sem mynda falskt ytra byrði því þeir eru steyptir upp að innan. Hleðslurnar eru breiðastar neðst (1,2 m) og allt að 1,7 m á hæð. Stærð hússins er alls 8 x 10 m. Timburgafl er að vestan og efri helmingur austurgafls er einnig úr timbri. Stórir gluggar eru á báðum stöfnum og tvennar dyr á vesturgafli, sínar á hvorum enda en jata eftir húsinu miðju. Þak er úr járni.
Hættumat: engin hætta



BO-100:016 frásögn mógrafir 64°25089N 22°00913V

Nú eru framræst slægjustykki tæpa 400 m austur af bæ, uppi á hæð austan vegarins um Melasveit en suður og suðaustur af fjárhúsum sem standa stök sunnan við Skálaholt. Þar voru áður mýrar og í þeim miklar mógrafir. Sléttuð stykki með skurðum á milli.
Ekki sést lengur til mógrafanna, enda var ýtt ofan í þær og sléttað úr þegar túnin voru gerð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-101 Belgsholt

"Í Jarðabók Á.M. og P.V. 1707 er Belgsholt talið 40 hundraða jörð og í bændaeign." Byggðir Borgarfjarðar, 127.
Tún 60,442 m², ¼ þýft. Garðar 1,294 m².

BO-101:001 *Belgsholt* bæjarhóll bústaður 64°25618N 22°00659V

"Bærinn stendur við Belgsholtsvík...," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamli torfbærinn í Belgsholti sést á túnakorti frá 1918. Hann stóð fast norðan við gamalt íbúðarhús sem nú er komið úr notkun, í krika suðaustan við gatnamót sem þar eru. Þar kvíslast vegur frá íbúðarhúsi í tvennt og liggur annarsvegar að úthúsum en hinsvegar að öðru íbúðarhúsi sem nú er syðst allra húsa í Belgsholti. Þetta er um 100 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi.
Bærinn hefur staðið suðaustast á stórum, ávölum hól sem virðist að stærstum hluta náttúrulegur.
Bletturinn þar sem bærinn stóð hefur verið sléttaður undir tún. Þar vestan og norðan við er þyrping húsa. Nýlegt íbúðarhús er þeirra syðst, þá gamla íbúðarhúsið sem nú er ekki notað en síðan útihús, m.a. fjós og hlaða. Frá hólnum sem öll þessi hús standa á hallar til allra átta nema austurs. Hóllinn, sem eins og áður segir, er líklega náttúrulegur að hluta, er alls um 100 x 70 m. Til er ljósmynd af gamla bænum, tekin 1942. Á myndinni sjást þrjár burstir og steyptar undirstöður vindmyllu sem stóð framan við bæinn. Einnig er til teikning af Belgsholti sem Karl Valdimarsson gerði eftir minni. Þar sést steinsteypta íbúðarhúsið sem enn stendur (líklega byggt um 1912) en á bakvið það glittir í þrjár burstir. Gamli torfbærinn var rifinn 1950 þegar ábúendaskipti urðu í Belgsholti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 127; Túnakort 1918

BO-101:002 tóft+garðlag bænhús 64°25615N 22°00742V

1599: … Belgsholt xlc. þar Bænhus uppe. kyrkiutijund. prestztijund. … JS 143 4to, bl. 220-222.
16.8.1600 … leist [dómsmönnum] ad ä þessum ollum hälfkirkium væri full þorf. … Belgshollt … Skulu eignarmenn skyllduger greindum halfkyrkium uppi ad hallda. so þar meigi ad hneixlunarlausu Gidz orda þionusta framflytiast. oc þar sieu eirnin med messuklædi og kaleikur sem þaurf er til. leggi og eirninn til wijn og bakstur. nær med þarf. þar sie og ecki annad jnnlagt enn sæmiligu saunghusi ber ad wardueita. eda leyfiligt er j kyrkiu ad leggia. Skulu þær hallda sijnum Rietti og Renttu sem ad fornu hefur werid AÍ III, 196 aftekin e. 1600; (PP, 121)
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1707 segir: "Hálfkirkja segja menn hjer verið hafi, og sjást hjer merki kirkjugarðs, og stendur húsið enn í sama stað. Enginn minnist hjer hafi tíðir veittar verið. JÁM IV, 146

"Í túninu í Belgsholti, skammt fram undan bænum, er kringlóttur hringur, nær 8 faðm. í þvermál, og er ýmist kallaður lögrétta eða dómhringur. Í honum miðjum er ferhyrnd smágirðing, rúml. 2 faðmar að stærð. Er sagt að það sé sáðreitur eftir Stefán Gunnlaugsen fógeta, er hann bjó þar. Hugsanlegt er að ytri hringurinn sé líka eftir hann, því hann virðist ekki vera fornlegur. Nafnið gátu menn síðar gefið vegna líkingar við hringa þá, er þau nöfn báru. Búðatóftir sjást engar. En raunar er það ekki að marka, þar eð svo mikið af túninu hefir verið sléttað. Sagt er, að bænahús hafi verið í Belgsholti. En eigi sjást önnur merki til þess en þau, að vestan við heygarðinn, sem nú er, er fornleg girðing, á stærð við lítinn kirkjugarð. Engin tóft sést samt í henni [um þessa tóft sjá nánar 016]," segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908. Rúst bænhússins er tæpa 70 m suðvestur af bæjarhól 001, fast sunnan við nýlegt íbúðarhús sem stendur nú syðst allra húsa í Belgsholti. Hún var friðlýst 1931 og í friðlýsingaskrá segir: "Kringlótt girðing, nefnd "dómhringur" eða "lögrétta" , í túninu fram undan bænum."



Rústin er syðst og austast á hólnum sem gamli bærinn stóð á. Nú er kornakur fast upp við vesturhlið garðsins sem umlykur hana en sunnan við er trjárækt.

Guðmundur Ólafson lýsti bænhúsrústunum á eftirfarandi hátt: "Svonefndur dómhringur er vestur undan horni íbúðarhússins í Belgsholti. Hann er sporöskjulaga, um 18 x 14 m í þvermál. Garðurinn er um 0,8 m hár að vestanverðu. Að innan er garðurinn aðeins um 0,3 m hár. Það er vegna þess að yfirborð innan garðsins er um hálfum metra hærra en yfirborð túnsins utan hans. Rof er í garðinn á norðurhlið. E.t.v. hefur þar verið hlið. Inni í hringnum er ferhyrnd rúst, um 7 x 5 m að utanmáli. Inngangur í hana er á norðurhlið við austurenda. Veggirnir eru mjög greinilegir, allt að 0,5 m háir í vestur- og suðurhluta, en um 0,3 m í norður- og austurhluta. Innan í rústinni eru þrjár lágar þúfur. Þegar íbúðarhúsið var byggt, var uppmokstrinum úr grunninum ýtt yfir austurhluta hringsins." Hringlaga girðing með rúst í miðju. Nyrsti hluti garðlagsins er horfinn á tæplega 10 m kafla undir uppfyllingu undir íbúðarhúsinu. Garðlagið umlykur svæði sem er um 20 x 20 m en rústin er um 6 x 5 m stór og er op á henni norðarlega á vesturhlið. Tveir eða þrír óljósir bálkar eða aflangar þúfur liggja yfir tóftina þvera. Ekkert friðlýsingarskilti er á tóftinni. Í tengslum við rannsókn á dómhringum fór fram dálítil fornleifarannsókn á rústum þessum árið 1990. Tilgangurinn var að finna vísbendingar er varpað gætu ljósi á notkun hringsins. Grafinn var skurður frá miðju innri rústarinnar og til vesturs, út fyrir hringgarðinn. Í ljós kom að neðsti hluti hringgarðsins er grjóthlaðinn en hefur tvisvar verið hlaðinn upp og þá með torfi eingöngu. Undir tóftinni sem nú sést á yfirborði innan hringgarðsins reyndust vera leifar eldri byggingar og var það lítil tóft sem sneri greinilega austur-vestur. Þetta þótti benda til að rústin gæti verið af kirkju en umhverfis hefði verið kirkjugarður. Sú tilgáta fékkst staðfest þegar skurðurinn var dýpkaður, þá var komið niður á gröf. Í fyllingu grafarinnar fundust gjóskulög úr Kötlu sem talin eru frá því um 1500. Því hefur maðurinn í gröfinni verið jarðsettur eftir 1500 en vitað er að kirkjan var aflögð fyrir 1700.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JS 143 4to, bl. 220-222; AÍ III, 196; PP, 121; JÁM IV, 146; Brynjúlfur Jónsson: Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908, 17; GÓ, 39; Fornleifaskrá, 19; Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1992, 54-56.

BO-101:003 heimild um fjárhús 64°25588N 22°00518V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús tæpa 200 m suðaustur af bæjarhól 001. Þetta er fast austan við þar sem afleggjari að Belgsholti liggur frá aðalveginum um Melasveit. Sléttað tún er austan við heimkeyrsluna. Húsið er löngu horfið undir tún. Leifar af hæð eða holti sjást í túninu og hefur húsið líklega verið vestan í holtinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-101:004 frásögn naust 64°25539N 22°00775V
Við túnsléttun var lækkaður hóll í túni, 170 m suðvestur af bæjarhól 001 og komu þá í ljós hleðslur. Jaðar á ræktuðu, mjóu túnstykki. Hátt gras er á sjávarbakkanum utan túnsins og um 40 m niður að sjó. Samkvæmt Haraldi Magnússyni mátti af hleðslunum dæma að tóft hefði þar verið fremur mjó með bogamynduðum veggjum. Hann taldi hana hugsanlega hafa verið af nausti. Engar hleðsluleifar sjást þarna nú og hefur þeim verið rutt burtu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kort af túni Belgsholts 1918

BO-101:005 *Miðkot* heimild um býli
"Miðkot hefur hjer heitið hjáleiga af heimajörðinni, bygð fyrst á fornri fjóstóft fyrir 10 árum, varaði bygð í 3 eður 4 ár," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er nú vitað hvar Miðkot stóð. Hugsanlegt er þó að það sé sama og annaðhvort Björnskot 007 eða Valdakot 006.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 148

BO-101:006 *Valdakot* heimild um býli 64°25310N 22°00858V
"Rétt utan við túnið í Belgsholti er lítill lækur, sem heitir Skötulækur. Utan við hann út undir Skálholti er gamalt eyðibýli, sem nefnt er Valdakot...," segir í örnefnalýsingu. Býlið hefur samkvæmt þessari lýsingu verið 2-300 m suðaustur af Björnskoti 007. Nú er þar kornakur. Ljóst er að ekkert sést af leifum Valdakots og núverandi ábúendur og aðrir heimildamenn sem talað var við kannast ekki við það. Holtið var malarborið og þar var efnistaka áður en kornrækt hófst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:007 *Björnskot* heimild um býli 64°25511N 22°00709V
"Rétt utan við túnið í Belgsholti er lítill lækur, sem heitir Skötulækur. Utan við hann út undir Skálholti er gamalt eyðibýli, sem nefnt er Valdakot [006], en nær bæ við Skötulækinn var annað býli, Björnskot," segir í örnefnalýsingu. Rústir voru 200 m austsuðaustur af bæjarhól 001. Þær voru í seinni tíð nefndar Valdakot en af þessari lýsingu að dæma hafa þær verið af Björnskoti. Í jaðri sléttaðs túns

vestan undir aflangri hæð. Meðfram túninu að austan er trjárækt (skjólbelti) og hafa rústirnar verið þar, á mörkum túns og trjáræktar.
Haraldur Magnússon man ekki eftir rústunum en gat bent á stað þar sem sláttuvélin lenti iðulega í grjóti á árum áður. Nú er þar ekkert grjót eftir, enda var túnið sléttað aftur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:008 *Kotasteinar* örnefni býli 64°25552N 22°00079V
"Upp af túninu við veginn eru svo Kotasteinar. Þar hefur verið kot hér áður fyrr, og rústirnar eftir það eru sunnarlega við ásinn vestarlega," segir í örnefnalýsingu. Kotasteinar eru á óræktuðu stykki fast sunnan við veginn um Melasveit, rétt tæpa 500 m norðaustur af bæ 001. Óræktarstykki sem líklega hefur ekki verið sléttað einmitt vegna steinanna sem eru sumir mjög stórir og dreifðir um allt svæðið. Milli þeirra vex hátt gras. Þarna sjást engar rústir og hvorki nú- né fyrrverandi ábúandi kannast við þær og telja stykkið hreint ekki bitastætt fyrir býli. Líklegast er að steinarnir séu kenndir við Belgsholtskot BO-102:001 sem var um 500 m vestur af þeim, enda passar það sæmilega við lýsinguna hér á undan. Kannski hefur kotið átt land að steinunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:009 *Hjallholt* örnefni hjallur 64°25786N 22°00415V
"Norður af bæ nokkuð utan túns er holt, sem heitir Hjallholt," segir í örnefnalýsingu. Hjallholt er stórt og áberandi, um 350 m norður af bæ 001. Þó virðist einhver ruglingur á holtaörnefnum hér, enda taldi fyrrum íbúi á bænum, Karl Valdimarsson, að það héti Belgsholt. Holtið er fremur aflíðandi og slétt að ofan- og austanverðu en klettótt og bratt að vestan. Á því eru geymdar vinnu- og sláttuvélar.
Engin ummerki sjást um hjall á holtinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:010 frásögn brunnur 64°25639N 22°00669V
Brunnur var 10-20 m framan eða norðvestan við gamla bæinn 001. Þar er nú malarplan fast upp við steinsteypt útihús. Brunnurinn er alveg horfinn en hann var í notkun fram undir 1950.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:011 *Hagatóft* tóft rétt 64°25776N 22°00093V
".. næst því [Hjallholti 009] bæjarmegin er annað holt, sem heitir Húsaholt. Norðaustur af Húsaholti er gömul tóft, sem heitir Hagatóft," segir í örnefnalýsingu. Tóft sem gæti passað við þessa lýsingu er fast vestan undir litlu holti sem er rúma 200 m austur af Hjallholti 009 en um 540 m norðaustur af bæjarhól 001.
Lítið holt með klettum efst. Aðeins smáræma af undirlendi er ósnortin undir því að vestan en annars framræst nýræktartún allt um kring. Ekki er unnt að lýsa nákvæmri gerð tóftarinnar sökum mikils grass. Þó er ljóst að hún hefur verið hlaðin langsum með holtinu og því snúið norður-suður, verið um 5 m breið og líklega 10 m löng. Aðeins sést í grjót ef rýnt er í grasið og hleðslur rísa nær ekkert yfir yfirborð. Því virðist sem veggir hafi verið rifnir að einhverju leyti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:012 *Húsalækur* heimild um beitarhús 64°25848N 21°59348V
"Bæjarmegin við Húsaholtið er lækur, sem heitir Húsalækur. Hann byrjar við Húsaholtið, þar sem heita Botnar," segir í örnefnalýsingu. Norðan við Húsalæk, á Húsaholti, voru beitarhús, um 1,1 km norðaustur af bæ 001. Holt sem hefur verið sléttað undir tún að nokkru leyti. Ekkert sést lengur af beitarhúsunum. Líklegast er að þau hafi staðið vestan eða suðvestan undir háholtinu, þar eru gróskumiklar þúfur og grjót á víð og dreif.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Belgsholt,1

BO-101:013 frásögn brunnur 64°25582N 22°00687V
Við túnvinnslu fannst brunnur í túninu, nálægt brekkurótum og um 70 m suðaustur af bæjarhól 001.
Sléttað tún. Að sögn Haraldar Magnússonar var þarna lítil, hringlaga hleðsla. Nú sjást engin merki hennar lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-101:014 *Borgir* tóftir 64°25471N 21°59660V
"Norðaustur af Skálaholti eru svonefndar Borgir. Þær eru skornar sundur af jarðföllum og frá þeim liggur grasbarð, sem er heldur hærra en umhverfið og heitir Borgarbarð," segir í örnefnalýsingu. Borgir eru 7-800 m austur af Belgsholtsbæ.
Stórt óræktarsvæði, girt skjólbelti að norðanverðu en annars eru framræst og sléttuð tún á alla vegu. Þýfi er mikið og hátt gras þegar tóftirnar voru skoðaðar. Þar ganga nú nautgripir.
Í Borgum eru a m k. fimm rústir, allar fremur lítilfjörlegar og ógreinilegar. Þær eru á svæði sem er allt að 100 x 60 m stórt. Austast á svæðinu eru þrjár tóftir saman í þyrpingu. Sú austasta er 4 x 6 m að



stærð og snýr austur-vestur með op í vestur. 2 m framan eða vestan við hana er óljós þúst á kafi í grasi, hún er um 12 x 6 m, breiðust austast. Á henni er ekki hægt að greina veggi. 2 m suður af henni er þriðja rústin, hún er ferhyrnd, um 4 x 4 m stór, hugsanlega opin í vestur. Um 50 m vestur af þessari þyrpingu er einföld rúst, 7 x 3,5 m stór, snýr norðvestur-suðaustur, op er ekki greinilegt þar. Að lokum er rúst rúma 20 m norðvestur af henni, hún er um 10 x 5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr á henni hafa líklega verið í vestur en einnig virðist hafa verið op um miðbik norðurveggjar sem reyndar er mjög ógreinilegur og sokkinn. Allar eru rústirnar á kafi í grasi, veggir að miklu leyti sokknir og sýnast fremur litlir um sig. Þeir ná mest um 0,3 m hæð og hvergi sér í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:015 *Grafarlækur* náma mógrafir 64°25943N 22°00147V
Mógrafir voru víða við Grafarlæk en um hann segir í örnefnalýsingu: "Bæjarmegin við Húsaholtið er lækur, sem heitir Húsalækur. Hann byrjar við Húsaholtið, þar sem heita Botnar; þessi lækur rennur niður flóann og breytir þar um nafn og heitir þar Grafarlækur, og neðst heitir hann Vogsneslækur og rennur sem slíkur í Narfastaðaós." Lækurinn rennur um 750 m norður af bæ.
Enn sjást víða leifar mógrafa norðan við lækinn, rétt vestan við þar sem nú liggur vegarslóði yfir hann frá Belgsholti. Ýtt var ofan í flestar mógrafanna fyrir mörgum árum, enda lentu skepnur stundum í gröfunum. Því eru flestar þeirra nú vart meira en mjög grunnar dældir. Ógjörningur er að giska á upphaflega stærð mógrafasvæðisins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Belgsholt, 1

BO-101:016 heimild
Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908 segir: "Í túninu í Belgsholti, skammt fram undan bænum, er kringlóttur hringur, nær 8 faðm. í þvermál, og er ýmist kallaður lögrétta eða dómhringur. Í honum miðjum er ferhyrnd smágirðing, rúml. 2 faðmar að stærð. Er sagt að það sé sáðreitur eftir Stefán Gunnlaugssen fógeta, er hann bjó þar. Hugsanlegt er að ytri hringurinn sé líka eftir hann, því hann virðist ekki vera fornlegur. Nafnið gátu menn síðar gefið vegna líkingar við hringa þá, er þau nöfn báru." Lýsing þessi á augljóslega við rúst sem sýnt hefur verið fram á að sé eftir kirkju og kirkjugarð, sbr. 002. Lýsingin heldur áfram: "Sagt er, að bænahús hafi verið í Belgsholti. En eigi sjást önnur merki til þess en þau, að vestan við heygarðinn, sem nú er, er fornleg girðing, á stærð við lítinn kirkjugarð. Engin tóft sést samt í henni." Þessi fornlega girðing, sem sýnilega hefur verið ruglað saman við kirkjugarðinn, var síðar friðlýst og segir í friðlýsingarskjalinu: "Fornleg smágirðing er kallast kirkjugarður, fyrir vestan heygarðinn."

Í riti sem Guðmundur Ólafsson skrifaði um friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu segir: "Girðing sú sem Brynjúlfur nefnir hér að ofan [sbr. texta úr Árbók 1908 hér að ofan] er löngu horfin. Ekki er hægt að segja til um hvar hún hefur verið frá núverandi staðháttum og ábúendur á Belgsholti

vita engin deili á henni." Guðmundur telur hugsanlegt að lýsingin frá 1908 sé byggð á misskilningi og aldrei hafi verið meira en ein hringlaga rúst í Belgsholti. Það verður að teljast ósannað þótt nú sé ekkert vitað um einföldu girðinguna. Ef hún hefur verið vestan við heygarð, eins og segir í lýsingunni, er líklegt að hún hafi lent annaðhvort undir húsum sem nú standa nánast á bæjarhól 001 eða farið undir túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1908: Árbók hins íslenska fornleifafélags, 17; GÓ,

BO-102 Belgsholtskot

"Belgsholtskot var fjórðungur heimajarðarinnar eða 10 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 148.
Tún 16,450 m², ¼ þýft. Garðar 913 m².

BO-102:001 *Belgsholtskot* bæjarhóll bústaður 64°25503N 22°00339V
"Bærinn stóðu í sama túni, en Belgsholtskot var í landsuður frá Belgsholtsbæ. Býli þetta var stofnað á síðari hluta 17. aldar ("fyrir nokkru meira en 30 árum", segir 1707), og hélst í byggð til 1919," segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Belgsholltskot. Bygt fyrir nokkru meir en 30 árum af heimalandi, á fornu gerði...," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Belgsholtskot sést á túnakorti frá 1918. Það stóð rúma 300 m austur af bæjarhól Belgsholts BO-101:001.
Þar er nú slétt tún með skjólbeltum í kring á þrjá vegu. Rústirnar eru horfnar en greinilegur hóll er nálægt suðausturhorni túnsins þar sem kotið mun hafa verið. Hann er allt að 30 x 50 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Síðast var hóllinn lækkaður fyrir hér um bil 10 árum og kom þá upp talsvert af beinum, væntanlega úr öskuhaug.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 148; JÁM IV, 147; Túnakort 1918

BO-103 Narfastaðir

"Dýrleiki jarðarinnar var 24 hundruð, og var hún talin bændaeign 1707." Byggðir Borgarfjarðar, 140.
Tún 48,599 m², 1/8 þýft. Garðar 1,316 m².

BO-103:001 *Narfastaðir* bæjarhóll bústaður 64°264°23N 21°59141V
"Bærinn stendur í dálitlum halla, neðan við þjóðveginn, spölkorn frá sjónum," segir í örnefnalýsingu. Narfastaðir fóru í eyði á 9. áratug 20. aldar. Þar hefur þó lítið verið hreyft við húsum og umhverfi. Af afstöðu húsa á túnakorti frá 1918 má ráða að steinsteypt íbúðarhús, sem byggt var 1929 og er nú í algerri niðurníðslu, hafi verið byggt á gamla bæjarstæðinu.
Þetta er vestast í túninu, á hólbungu frammi á brún en neðan hennar eru framræstar mýrar.Túnið er nú í órækt en var lengi nytjað frá Fiskilæk. Á hólnum standa hús í niðurníðslu. Syðst er lítið, tveggja hæða steinsteypt hús með niðurgröfnum kjallara undir. Áfast því að norðan eru hlaða og útihús, líklega fjós. Hlaðan er töluvert niðurgrafin og súrheysturn hjá henni. Fast norðan við öll þessi hús eru svo undirstöður undan steyptu húsi sem annars er horfið. 20-30 m vestan við norðurenda bæjarhóls, sem alls er um 40 x 30 m, er ávalur og lágur hóll sem hugsanlega gæti verið annað hvort rústaleifar eða öskuhaugur, um 15 x 15 m stór.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 140; Túnakort 1918

BO-103:002 heimild um fjárhús 64°26499N 21°59062V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu útihús um 140 m norður af bæjarhól 001. Þar eru nú niðurnídd, steinsteypt fjárhús. Tún í órækt. Fjárhúsin standa á dálitlum hól og hallar fram af honum til vesturs.
Ekkert sést til eldri húsa. Steyptu húsin eru allsérstæð og líklega hönnun og smíð síðustu ábúenda á Narfastöðum. Þetta eru tvö samstæð hús, hvort um sig með þremur króm og tveimur görðum. Nyrðra húsið er braggalaga en hitt með flötu þaki sem hallar frá til beggja átta. Dyr snúa í vestur, þrennar á hvoru húsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Túnakort Narfastaða 1918

BO-103:003 heimild um útihús 64°264°29N 21°59139V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 5 m norður af bæ 001. Þar eru nú leifar af steyptum grunni húss, sjá 001. Í raun er þetta á sama hól og núverandi bæjarhús standa. Grösugur hóll. Ekkert sést til hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-103:004 tóft hesthús 64°26404N 21°59036V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu útihús um 80 m austur af bæjarhól 001. Þar er nú tóft. Tún í órækt. Heimreiðin liggur um 10 m norðar.
Tóftin er alls 19 x 9 m og snýr með dyr í vestur, heim að bænum. Garði eða jata er hlaðin eftir húsinu endilöngu. Hann sem og veggir eru úr stórgrýti og eru veggir allt að 1 m háir og ógrónir að



innanverðu. Samkvæmt Jóni Eyjólfssyni var þetta hesthús. Þess má hér geta að um 10 m vestan við suðvesturhorn hússins er undarlegur, aflangur hóll sem hlýtur að vera manngerður þótt ekki sé tilgangurinn með honum ljós. Hann er um 20 x 2-3 m og rúmlega 1 m hár, grasi vaxinn. Hugsanlega er þetta svonefnt Narfaleiði eða Gullþúfa, sjá 014 og 015.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

BO-103:005 *Ósvað* heimild um vað 64°27178N 21°59327V
"Í ósnum er þarna hólmi, sem heitir Flæðihólmi, á móti honum er Flæðihöfði við merkin og Flæðihöfðatangi er framan af höfðanum. Stórhóll er hér upp af, en Ósvaðið svonefnda er vestan við Flæðihöfða," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var yfir Narfastaðaós um 1,3 km norður af bæ 001.
Ósinn skilur Belgsholtsnes frá landi. Farið var yfir í nesið á vaði þegar flóð var en um fjöru er hægt að ganga á milli nánast þurrum fótum. Vegalengdin á milli bakka er líklega allt að 500-700 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1

BO-103:006 *Torfstekkur* tóft stekkur 64°26558N 21°58628V



"Upp af bænum er stekkur, sem nefndur er Torfstekkur, upp af honum eru móar, sem kallaðir eru Stekkjarmóar," segir í örnefnalýsingu. Heldur er þessi lýsing óljós og enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við vissi um Torfstekk. Tóft sem gæti átt við lýsinguna er undir litlu, stöku klettaholti tæpa 500 m norðaustur af bæjarhól 001.
Undir holtinu að vestan er framræst mýri en upp eða austur af því eru þurrlendari móar.
Vegna mikillar grósku er erfitt að lýsa tóftinni og ekki sér í grjót eða einstakar hleðslur. Hún er hlaðin langsum upp við holtið og snýr nokkurn veginn norður-suður. Hún er 4-5 m breið og allt að 12 m löng en ekki sést hvort hún skiptist niður í fleiri en eitt hólf. Líklegra virðist að rekið hafi verið inn að norðan en sunnan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1

BO-103:007 *Hænsnahólar* heimild 64°26623N 21°58607V
"Upp frá bæ til norðausturs í átt að Ölve (svo) eru hólar með miklum rústum, m.a. hringgirðingu, sem heita Hænsahólar. Þar á að vera gamalt Hænsnabyrgi," segir í örnefnalýsingu. Ekki er lýsingin mjög nákvæm og ekki fannst heimildamaður sem kannaðist við Hænsnahóla. Meiri hluti svæðisins milli bæjar og Ölvers var genginn í leit að þessum rústum sem og 008. Engar greinilegar rústir fundust. Sá staður sem helst kemur til greina sem Hænsnahólar er 550 m austur af bæ en 650 m vestur af seli 009. Þetta er um 100 m norður af Torfstekk 006. Mýrarflæmi. Skurðir hafa víða verið grafnir í því.
Þurr valllendishóll sker sig mjög úr mýrinni á þessum stað og gæti verið rústahóll. Hann er iðagrænn og 0,5-1 m hár, alls um 40 x 30 m stór. Hann er smáþýfður og ekki vottar fyrir einstökum hleðslum á honum, hvað þá hringgirðingu. Stór hundaþúfa er um 100 m norður af staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:008 *Hofsás* örnefni
"Norður af [Hænsnabyrgi 007] er ás, sem heitir Hofsás, einkennilegt nafn, ef rústirnar við Hænsnahóla eru byrgi eftir hænsni. Eru þetta ekki gamlar hofrústir?," segir í örnefnalýsingu. Erfitt reyndist að staðsetja Hofsás, sbr. vandkvæði við 007. Líklegustu staðirnir miðað við það sem skráð var nr. 007 eru annaðhvort um 100 m norður af meintum Hænsnahólum, þar er stór hundaþúfa, eða um 400 m austur af hólunum, þar er smáklettastapi með áberandi hundaþúfu. Að öðru leyti eru fá kennileiti á þessum slóðum, mýrar eru ráðandi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:009 *Sel* tóftir sel 64°26837N 2157948V



"Suðaustur frá Miðhól er stórt fen, sem heitir Seldý. Austan við Seldý er holt, sem heitir Einbúi. Austan við hann eru miklar rústir, kallaðar Sel. En líkara er, að þar hafi verið bær," segir í örnefnalýsingu. Sel er neðan þjóðvegar nr. 1, 1,2 km ANA af bæjarhól 001 en um 850 m suðaustur af Stórhól 012.
Mjög lágt holt, ríst hæst nyrst og syðst en þar eru hundaþúfur á báðum stöðum. Raflína liggur skammt ofan holtsins. Rof skerast inn í mýrina bæði vestur og austur af rústunum og virðist melurinn í sókn á þessum slóðum.
Tóftir eru sunnarlega á holtinu, alls þrjár talsins á 45 x 20 m svæði. Tvær þær syðri eru grasi vafðar og erfitt að lýsa þeim vel. Þar sést í grjót í grasinu og virðist hleðslur ekki ýkja gamlar. Syðsta rústin er um 5 x 10 m stór, snýr norðvestur-suðaustur en ekki er gott að sjá hvar dyr hafa verið. Næsta rúst er um 8 m norðar en á milli þeirra er kafagras og þýfi og ekki útilokað að þar leynist hleðslur. Þessi rúst er um 10 x 10 m og virðist opin í norðvestur. Hugsanlega skiptist hún í tvennt með langvegg sunnarlega. Þriðja rústin er síðan tæpa 20 m norðvestur af og sýnist mun eldri en hinar tvær. Veggir eru mosagrónir og engin gróska í þeim. Tóftin er 5 x 6 m að stærð með op í norðvestur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:010 *Þrívörðuhryggur* örnefni landamerki 64°26160N 2157320V
"Norðvestan við Móskóginn er hryggur, sem nefndur er Þrívörðuhryggur...," segir í örnefnalýsingu. Hryggurinn er austan við þjóðveg nr. 1 en ekki sjást þar greinilegar vörður lengur. Þetta er nálægt suðurenda flugvallar sem nú er hætt að nota. Lágur, hálfgróinn klettahryggur.
Líklega hafa vörðurnar verið á landamerkjum Fiskilækjar og Narfastaða. Þær sjást ekki nú.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:011 tóft 64°26402N 21°59667V



Rúma 400 m vestur af bæ 001 er langur klettahryggur sem liggur norður-suður. Nálægt suðurenda hans er tóft. Gróðurrýr hryggur. Mýri er milli hans og bæjar en vestan ássins er Narfastaðaós.
Lítil, grjóthlaðin tóft á grastorfu. Veggir standa 0,1-0,2 m upp úr grasi og mosa en eru alveg fallnir og að mestu sokknir. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5 x 3,5 m að stærð, dyr hafa verið í vestur og eru hlaðið 20-30 sm frá þeim til suðvesturs frá tóftinni. Ekkert er vitað um hlutverk hennar en þó má þess geta að ekkert aðhald er á staðnum frá náttúrunnar hendi. Undir ásnum, suðvestan við tóftina er vel gróin laut eða kvos, líkust litlum túnskika.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2



BO-103:012 tóft rétt 64°27013N 21°58926V
Stórhóll er stór klettahóll, gróinn að neðanverðu 1,1 km norður af bæ 001. Hann sést vel frá hlaðinu á Narfastöðum. Vestan í honum, ofarlega, er tóft.
Brött valllendisbrekka mót vestri, nokkuð grýtt og sumstaðar klettótt. Neðan hennar er mýri.
Tóftin er tvískipt og gæti verið af stekk. Hún snýr norðvestur-suðaustur, langsum með hlíðinni og er op í suðaustur. Stærð alls 5 x 16 m og er innra hólfið um 6 m langt. Veggir hafa verið grjóthlaðnir en hafa að miklu leyti hrunið inn og eru að mestu ógrónir nema í innra hólfinu, þar er meiri gróska.

Hættumat: engin hætta

BO-103:013 garðlag 64°26610N 22°00700V
Í Belgsholtsnesi, vestan við Narfastaðaós, 1,3 km VNV af bæ 001 og næstum beint vestur af stærsta hólnum í nesinu, er hleðsla. Klappir eru við sjóinn en svo sendnir hólar með melgresi.
Hleðslan er ógróin, liggur frá sjávarkampinum til austurs, er um 17 m löng og endar fyrirvaralaust. Ekki er sjáanlegur tilgangur með henni. Umför af grjóti eru mest þrjú og hæð ekki meiri en 0,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

BO-103:014 *Narfaleiði* þjóðsaga legstaður
Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Á Narfastöðum í Melasveit hefur sá maður búið í fornöld sem Narfi hét og dregur bærinn nafn af honum. Suðaustur frá bænum í túninu heitir Narfaleiði; þar á Narfi að vera heygður. Engin sjást þar ummerki til haugs nema að hellusteinn ákaflega mikill er þar eins og hann sé reistur upp á rönd framan í hólbarði." Í fornleifaskýrslu frá 1817 segir: "Þá er svokallad Narfaleidi í túni á Narfastödum hér í Mela-sókn, er þad aflangur steinn 12 al. Danskar ad lengd, endir hvörjum Narfi Frumbýlingur þar tjáist ega Legstad. Steinninn er annars merkilegur, aflángur Trapbergs-drángi, ólíkur öllum ödrum steinum er þar eru ad sjá í grend. Façaden eda framsída hans er eggslétt og þrádbein áfram, vídast um 3 al á hæð og breidd, en jördu þakin nú ad ofanverdu, mogulegt þángad fluttur úr Ølversfjalli, þar bær-leid frá - gefur holt hljód þá á hann er slegid, eins og hann liggi á Urd eda hlódum." Í örnefnalýsingu segir: "Suður af bæ, í túni, er grasi gróinn klettur að ofan sem heitir Narfaleiði. Þar á að vera leiði Narfa, sem hér bjó fyrstur." Enginn þeirra heimildamanna sem talað var við vissi hvar Narfaleiði var og lýsingin hér að ofan er ekki mjög nákvæm . Sömu sögu er að segja af Skiphól 016 og Gullþúfu 015. Enginn grasi gróinn klettur sést nú suður af næ í Narfastaðatúni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3; JÁ II, 88; FF, 271-2, 276

BO-103:015 *Gullþúfa* þjóðsaga
"Suðaustur í túni er slétt flöt, sem heitir Gullvöllur, og í þúfu á Gullvelli, sem heitir Gullþúfa, gróf Narfi gull sitt," segir í örnefnalýsingu. "Sunnar í túninu [en Narfaleiði 014] heitir Gullþúfa og hefur tvisvar verið grafið í hana, en í báðum sinnum sýndust þeim er grófu bærinn standa í ljósum loga og hlupu því til bjarga, en bærinn var óhaggaður þegar að var komið," segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Í fornleifaskýrslu frá 1817 segir: "...einnig er þar Ørnefni eitt í túni Gullþúfa kallad, í hanna tjáist velnefndur Narfi hafa lagt Fjársjód sinn. Iardar-Abuandi þar, hefir, af þeim rökum, í minni tíd, tekid til ad grafa, en vard einkis vís nema Urdar af Lava-grjóti, enda komst hann ecki svo langt sem skÿldi og hætti vid svo búid." Enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við vissi hvar Gullþúfa var og ofangreindar lýsingar á staðnum heldur óljósar. Líklegasti staðurinn er sérstæður, aflangur hóll vestur af hesthústóft 004 (sjá nánar þar).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3; JÁ II, 88; FF, 272

BO-103:016 *Skiphóll* þjóðsaga 64°26516N 21°58935V
Í fornleifaskýrslu frá 1817 segir: "Nú er Skiphóll vid sama bæ [þ.e. Narfastaði] en ofar í túninu, er hann aflángur og steinum lagdur ad nedan, sem enn sjást Merki til; skÿldi Narfi karl þar hafa heÿgt Skip sitt, því jördin liggur skamt frá sjó..." Í örnefnalýsingu segir: "Austast í túni er hóll, sem heitir Skiphóll. Þar undir á skip hans [Narfa] að vera,." Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Austur frá Gullþúfu er enn í túninu á Narfastöðum hóll hár nokkuð. Hann heitir Skiphóll; þar er sagt að Narfi hafi komið fyrir skipi sínu. Þegar stappað er uppi á Skiphól tekur undir í honum af tómahljóði eins og hann væri holur að innan." Enginn veit nú hvar Skiphóll var. Hóll sem gæti átt við lýsinguna er norðaustast í túninu, 100 m norðaustur af steinsteyptum fjárhúsum (sjá 002). Þetta er aflangur klettahóll en næstum algróinn. Hann liggur norður-suður og er mikið stórgrýti við hann austast.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3; JÁ II, 88; FF, 272

BO-103:017 heimild um bústað
"Suður frá bæ er Hádegishóll. Þar hjá eru bæjarrústir, en hóllinn sjálfur er öskuhóll," segir í örnefnalýsingu. Enginn heimildamaður sem náðist í gat bent á Hádegishól og í lýsingunni er þess ekki getið hvort hann er í túni eða fjær bæ. Túnið suður af bæ hefur verið sléttað og þar sjást engar rústaleifar og enginn áberandi hóll heldur. Ekki fundust heldur rústir suður frá bæ, utan túns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3

BO-103:018 náma mógrafir 64°26560N 21°58842V
Greinilegar mógrafir eru 350 m norðaustur af bæ. Mýrarkvos, í henni renna lækir í skurðum.
Greinileg, samfelld mógröf sést, 1 m djúp og um 15 x 20 m stór. Líklegt er að fleiri mógrafir hafi verið á svæðinu.
Hættumat: engin hætta

BO-103:019 tóft rétt 64°26531N 21°58933V
Norðaustast í Narfastaðatúni er aflangur hóll. Norðan í honum, við hólræturnar, er tóft, um 260 m norðaustur af bæ 001. Hóllinn er grösugur en neðan hans tekur við mýri, nú að miklu leyti framræst.
Tóftin hefur verið grjóthlaðin en veggir eru nú alveg hrundir og farnir að sökkva í mosa. Hún er einföld og snýr norður-suður og er breiðust að norðan, allt að 4 m en lengd tóftarinnar er 6 m. Hvergi sjást dyr á henni.
Hættumat: engin hætta



BO-103:020 heimild um útihús 64°26432N 21°59131V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 15 m norður af bæ 001. Grösugur hóll, sá sami og núverandi bæjarhús standa á. Ekki sést til hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-103:021 heimild um útihús 64°26439N 21°59130V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast norðan við 020. Grösugur hóll, sá sami og núverandi bæjarhús standa á. Ekki sést til hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-104 Höfn

"Höfn var talin 40 hundruð 1707... Hafnar-Ormur landnámsmaður, bjó í Höfn." Byggðir Borgarfjarðar, 133.
Tún 71,383 m², allt slétt. Garðar 1,308 m².

BO-104:001 *Höfn* bæjarhóll bústaður 64°28078N 21°58770V
"Bærinn stendur sunnan við Hafnará, nærri sjónum," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamli bærinn stóð fast sunnan við þar sem nú er gamalt íbúðarhús, byggt 1930. Ekki er lengur búskapur á Höfn.
Heimreiðin liggur að húsinu úr austri en steinsteypt fjós og hlaða eru norðan þess.
Dálítil hólmyndun er undir húsunum, hvergi þó meiri en 1 m. Ætla má að bæjarhóllinn sé um 50 x 50 m að stærð. Sunnan við íbúðarhúsið, þar sem gamli bærinn stóð áður, er búið að gera glæsilegan garð, líkastan litlum lystigarði. Þar hefur því orðið töluvert rask og uppgröftur vegna beðagerðar og staura sem sumir hverjir eru grafnir allt að 1,5 m niður. Núverandi íbúi í húsinu hefur við garðstörf komið niður á ýmsa gripi, t.d. var skrásetjara sýnt brot úr leirtaui með bleiku blómamynstri, unglegt að sjá. Það kom upp nálægt suðvesturhorni lystigarðsins litla. Fleiri mynstruð leirbrot hafa fundist sem og rakhnífur með skafti úr beini. Kjallari er undir íbúðarhúsinu og vafalaust er ástand mannvistarleifa í bæjarhól býsna bágborið.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 133; túnakort 1918

BO-104:002 *Kirkjuhóll* heimild um bænhús 64°28114N 21°58725V
HÖFN Í MELASVEIT (B) -Maríu, Ólafi (MELAÞING) - HÁLFKIRKJA
[1181]: [kirkiu á Melum] fylgia kirkiur ... i hofn.; Máld DI I 271-272 [Mela]
[um 1220]: [á Melum] liggr [til] circiv tivnd ...or hofn half
[Melum] fylgia kirk[iv]r ... j hofn.; Máld DI I 419 [Mela]
1397: [á Melum] liggia til kirkiu tijund af xv bæiumm oc half vr Hofn.

[Melum] fylgia kirkiur ... j Hofn ; Máld DI IV 192-193 [Mela]
[1478]: Hofn gamall maldage.
Kirkian j havfn er halfkirkia.
hun a x hvndrud j heima landi. og v hvndrada eingi jnn j andakil.
þar skal syngia annann hvern dag helgan oc lukazt ij merkur presti.
takazt heima tyunder oc lysitollar. Máld DI VI, 176 [AM 263 fol, bl. 70; Þjsks Bps A II, 1, bl. 129b]
[1491-1518]: gamall maldage.
Kirkia sancti olavi j hofn a. x. h[undrud j heimalandi] oc fiogur malnytv kvgilldi. jtem [vc eingi j andak]ijl er sira snorre j stafhollti [gaf halfkirkiunne. þad er liggur fyrer] nedan ytri skelia [breckv oc kallad er landvarnarnes]. Máld DI VII, 60 [AM 257 4to; AM Apogr. 2687; Þjsks Bps 2 4to]
14.8.1510: Wigslubref Hafnar kyrkiu j Melasveit.
Vær Stephan med Gudz näd Biskup j Skälhollte [gerum kunnugt] ad i heidur vid allsvalldanda Gud. jumfrü Sanctam Mariam Guds mödur og hinn Heilaga Olaf konung. hofum ver vigt kyrkiu i Hofn i Melasveit med þessum mäldaga ad hun ä. xc. j heimalande og iiij kugillde og fimm hundrada einge er liggur j Andakïl fyrer nedan ena ytre Skeliabrecku er heiter landvarnarnes. Hier med hofum vier gefed i Guds trauste. jumfru Sanctæ Mariæ og med rogsemd Blessadra postula Pteri og Pauli og mödur vorrar heilagrar kyrkiu ollum rettskrifftudum monnum og idrandest synda sinna. xl. daga aflät ollum þeim sem vitia greindrar kirkiu med Gudrædslu edur gödfyse fyrer bæna saker edur pilagrims ferda. heyrade þar messur eda nockud Gudlegt Embætte. Jtem þeim sem retta sinar hiälpar hendur til gagns edur göda um upphellde edur efling. smïd edur bygging greindrar kyrkiu um messuklæde. skruda edur onnur ornamenta. lysing. vax. Reykelse. vid edur adra nytsamlega hlute. Jtem þeim sem lesa pater noster og Ave Maria vid þritekna hringing ä morna og ä kvold. Jtem þeim sem liösta ä sitt briöst þä er presturenn seiger j messunne nobis qvoqve peccatoribus. So og þeim sem fylgia Guds likama þä hann er borenn j processione eda til siukra manna. Jtem þeim sem standa ad predikum. og hvort þad sinn er þeir giora eitthvort af fyrrnefndum hlutum eda odrum þuilikum. þä seigum vier þeim til ädurgr greint. xl. daga aflät. So og þeim sem gänga j kykiugardenn og lesa pater noster eda Ave Maria fyrer christnum sälum. Jtem þeim sem sækia liös edur vatn til messu edur þiöna til Guds Embættis. Skipum viær ad kirkiudagurenn sie halldenn sunnudagenn næsta effter Asumsonem Beatæ Mariæ. DI VIII, 326-27.
1575: CXL. Hofn
Hälfkirkian i Hofn. ä xc. i heimalande.
Jtem iiij kugillde.
Jtem Landvarnarnes i Andakijl. kallad vc. einge.
Jtem i kirkiunne ij litlar kluckur og er onnur brotinn.
thar takast heima allar tijunder. Máld DI XV, 627.
16.8.1600 … leist [dómsmönnum] ad ä þessum ollum hälfkirkium væri full þorf. … Hofn … Skulu eignarmenn skyllduger greindum halfkyrkium uppi ad hallda. so þar meigi ad hneixlunarlausu Gidz orda þionusta framflytiast. oc þar sieu eirnin med messuklædi og kaleikur sem þaurf er til. leggi og eirninn til wijn og bakstur. nær med þarf. þar sie og ecki annad jnnlagt enn sæmiligu saunghusi ber ad wardueita. eda leyfiligt er j kyrkiu ad leggia. Skulu þær hallda sijnum Rietti og Renttu sem ad fornu hefur werid … AÍ III, 196
1599: Hofn xlc. þar (er) halfkyrkia. og er þadan golldinn halfkyrkiutijund … JS 143 4to, bl. 220-222.
aftekin e. 1600; (PP, 121)
"Hálfkirkja hefur hjer verið, að segja menn, í þeim stað sem enn stendur húsið, hvört enn er kirkja kallað, en aldrei hafa hjer verið tíðar veittar, það menn minnist," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "...Kirkjulág, sem er norðvestast í túninu, allstór slétt lægð. Upp af henni norður af bænum er allstór rústarhóll, sem heitir Kirkjuhóll, þar mun kirkjan hafa verið, sem hér var í gamla daga, og kirkjugarður heim undir, þar sem nú er fjósið, þar hafa komið upp bein, t.d. þegar grafið var fyrir súrheystóft 1951," segir í örnefnalýsingu. Allstór hóll er fast norðan við fjós sem nú stendur nyrst á bæjarhól 001 en vestan við vegarslóða sem liggur að Hafnará. Það er Kirkjuhóll.
Hóllinn er áberandi. Vestan við hann er lægð þar sem heyrúllur eru geymdar en Hafnará rennur skammt norðan við hólinn. Hóllinn er áberandi og mishæðóttur en hreint ekki rústalegur að sjá. Gróður á honum er rysjóttur og jarðvegur sandborinn nema syðst og vestast, þar er meiri gróska. Hóllinn er 45 x 20 m og 2-3 m hár að austanverðu. Líklegast er að Kirkjuhóllinn sjálfur hafi að mestu lent undir fjósinu sem er fast sunnan við umtalaðan hól. Engar rústir sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 149; Ö-Höfn, 2; AÍ III, 196; PP, 121; DI: Fornbréfasafn

BO-104:003 *Lambhúshóll* heimild um fjárhús 64°28119N 21°58467V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu hús á aukatúni ofan við gamla þjóðveginn, 250 m austur af bæ. "Hafnará var áður nefnd. Upp með henni, næst fyrir ofan gamla veginn, er há hæð, það er

Lambhúshóll, þar er túnið kringum fjárhúsin," segir í örnefnalýsingu og á greinilega við sama stað.
Afgirtur blettur, á honum standa sex samstæð og steypt fjárhús með hlöðu fyrir aftan.
Ekkert sést til eldri húsa, þau hafa líklega lent annaðhvort undir þeim steinsteyptu eða horfið við túnasléttun umhverfis.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Höfn, 3

BO-104:004 *Heygarðsflatir* þúst útihús 64°28105N 21°58678V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru fjögur samhliða og e.t.v. sambyggð útihús rúmum 20 m norðaustan við bæjarhól 001 en beint austur af Kirkjuhól 002. Ekki fæst betur séð en þetta sé sami staður og Heygarðsflatir sem segir um í örnefnalýsingu: "Austan við götuna heim eru útsléttaðar rústir, sem heita Heygarðsflatir." Suðvestasti hluti túnbletts, líklega er það sá hluti sem nefndur var Upptún. Það markast að sunnan af heimreið en að vestan af vegarslóða sem liggur að Hafnará.
Á þessum stað er greinilegur rústahóll sem hefur verið sléttaður lauslega af ummerkjum að dæma, þ.e. ekki hefur miklum jarðvegi verið rutt burt ofan af honum. Fast suðvestan við hann stendur lítil skemma og við hlið hennar er nú lítill vinnuskúr á hjólum. Skörp brún er á hólnum að norðan og austan en að vestan fjarar hann út við áðurnefndan vegarslóða. Hóllinn er um 20 x 30 m og liggur norður-suður. Fast norðan við hann er lítil, stök hólbunga og um 20 m austur af norðurenda hans er stakur hóll sem gæti einnig verið rústahóll. Ekkert er nú vitað hvaða hús stóðu þarna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Höfn, 2

BO-104:005 *Fjósatunga* heimild um fjós 64°28091N 21°58717V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast norðan við bæjarhúsin, jafnvel sambyggt þeim. Þetta var fjós og hefur þá staðið nyrst á bæjarhól 001. "Austan við Kirkjuhól að heimaveginum heitir Fjósatunga," segir í örnefnalýsingu. Nú standa steinsteypt útihús á þessum stað, milli þeirra og núverandi íbúðarhúss er bílastæði. Engar rústaleifar eru sjáanlegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Höfn, 2

BO-104:006 *Hafnarrétt* heimild um rétt 64°27989N 21°58168V
"Fyrir ofan bæinn eru melar, og á þeim er gömul skilarétt, hlaðin úr grjóti, Hafnarrétt," segir í örnefnalýsingu. Réttin stóð á melum sunnan við Hafnará, norðan heimreiðar en rúma 500 m austur af bæ 001. Hálfgrónir melar.
Engin ummerki sjást lengur um réttina, hún var rifin fyrir nokkrum árum. Alls ekki er ljóst hvers vegna það var talið nauðsynlegt, enda hafa engin mannvirki komið í stað hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Höfn, 1



Kort af Hafnartúni frá 1918

BO-104:007 *Sandastekkur* örnefni stekkur 64°27615N 21°59339V
"Norðan við [Arnar]nípuna eru með ósnum litlir strýtumyndaðir klettar, allir nefndir einu nafni Hólar, og norðan við þá er Sandastekkur, það eru greiðfærir valllendisbakkar, og á þeim er holt, sem heitir Sandastekksholt," segir í örnefnalýsingu. Holt þetta er austan við syðri Síkisendann og tæpan 1 km suðvestur af bæ 001 en tæpa 400 m vestur af Stekkjarholti 008. Gróið, lágt holt en skammt niður á sendinn jarðveg og eru sandbörð víða. Smá klettanibbur gægjast upp úr holtinu á nokkrum stöðum.
Engar heillegar stekkjarleifar fundust og virðist enginn kannast við stekk á þessum stað nú. Hann gæti hafa verið horfinn þegar örnefnalýsingin var gerð, enda er þar talað um Sandastekk sem greiðfæra valllendisbakka og virðist hafa orðið yfirfærsla á nafninu. Reyndar er smáupphækkun utan í holtinu suðaustanverðu en ekkert lag á henni. Þess má geta að töluvert rof hefur orðið þarna þótt holtið sé nú að mestu gróið.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Höfn, 1

BO-104:008 *Stekkjarholt* tóft+garðlag stekkur 64°27555N 21°58866V

"Norðan við Skurðina og upp af Hólunum er Stekkjarholtsmýri, og ofan við hana er Stekkjarholt," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarholt hlýtur að vera holtið sem næst er Síkinu, um miðbik þess að suðaustan. Tóftir eru utan í hápunkti holtsins. Þetta er rétt tæplega 1 km suður af bæ.



Fram af holtinu er þýfð mýri, yfir hana liggur girðing en handan hennar eru sléttir bakkar við Síkið.

Tvær tóftir sjást auk garðhleðslna á svæði sem er um 30 x 15 m stórt. Sunnar er tóft hlaðin vestan undir kletti, hún er 4 x 7 m að stærð, snýr norður-suðru og hafa dyr líklega verið í norður, upp við klettinn. Norðan við tóftina er grjótdreif í boga, hugsanlega hólf sem þá hefur verið um 3 x 4 m að stærð en er óljóst. Lítið hólf, rúmlega 2 x 2 m að stærð hefur verið hlaðið við suðvesturhorn stærri tóftarinnar úr stórgrýti, þar eru ekki nema 1-2 umför af hleðslum. Annars eru veggir mest um 0,5 m háir. Frá norðausturhorni tóftarinnar liggur einföld hleðsla 7-8 m til norðausturs, að myndarlegri klettanibbu sem þar er. Þaðan liggur aftur hleðsla til norðurs, 6-7 m að suðvesturhorni tóftar sem snýr austur-vestur. Hún er alls um 4,5 x 7 m að stærð og hefur dyr í vestur. Einungis sést grunnur veggja og lítur út fyrir að tóftin hafi aldrei verið kláruð. Sýnist sem veggir hafi átt að vera veglegir, enda eru hleðslurnar allsstaðar tvöfaldar. Engin gróska er í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:009 *Mógrafarbörð* náma mógrafir 64°27367N 21°58381V

"Í sömu línu er svo Efri-Móhóll eða Stóri-Móhóll, sem er ofan við gamla veginn þar á merkjum. Suðaustur af þessum börðum eru kölluð Mógrafarbörð, þar sem mórinn var tekinn, rétt neðan við veginn," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir sjást rúma 500 m suðaustur af Stekkjarholti 008. Þær eru þar sem grýttur melur mætir mýri, neðan við Móhól. Móhóll er skógi vaxinn en neðan hans tekur við gróðursnauður, grýttur melur. Á mörkum hans og mýrar sem tekur við af honum í halla mót vestri er dálítil tjörn. Vestan undir Móhól er sumarbústaður. Þar sem mýrin mætir melnum sjást reglulega skornar mógrafir, fjórar talsins. Allar eru þær litlar, mest um 6 x 4 m. Á sama svæði, nnan við 100 m sunnar, við girðingu sem líklega er á mörkum Hafnar og Narfastaða eru einnig greinilegar mógrafir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:010 *Hesthúshóll* þústir hesthús64°28036N 21°58737V



Suður af girðingu sem liggur yfir syðsta hluta bæjarhóls 001 eru nokkrar útsléttaðar rústir. "Neðarlega í túninu að suðaustan er hóll, sem heitir Hesthúshóll...," segir í örnefnalýsingu. Líklegast er að Hesthúshóll sé einn af þessum rústahólum en enginn kannast við hann nú. Þar er sléttað tún og nýslegið þegar svæðið var skoðað.

Aðeins er um að ræða ógreinilegar þústir í túninu og hafa þær verið sléttaðar út að langmestu leyti. Þær eru þrjár og hér númeraðar til einföldunar: I) Norðvestast er lágur og sléttur hryggur sem liggur í suður útundan girðingunni sem markar garðinn við íbúðarhúsið að sunnan. Hann gæti verið náttúrulegur að hluta en suðvestur úr hryggnum er sporöskjulaga þúst með dæld í miðju. Hryggurinn liggur norður-suður og er um 30 x 12 m að stærð en þústin er um 12 x 10 m að stærð. II) 20 m suðaustur af (I) er önnur þúst, það er lág upphækkun. Hún stendur stök og er mjög rústaleg, snýr norður-suður og er um 24 x 14 m að stærð. Líklega verður henni best lýst þannig að hún sé eitt meginhólf sem dálítil tota gengur frá til suðurs III) er um 5 m sunnan við(II) og snýr suðaustur-norðvestur, alls um 30 x 15 m að stærð. Í þústinni eru 3 dældir greinilegar. Hvergi sér í grjót í þústum þessum en almennt er gróður gróskumeiri í dældum. Engin þeirra er hærri en 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:011 garðlag áveita 64°27518N 21°59244V
Garðlag, líklega gamall áveitugarður, liggur undir girðingu meðfram Síkinu að austan en 30-40 m frá því. Þetta er um 300 m vestur frá Stekkjarholti 008. Mýri sem er tiltölulega slétt og hörð síkismegin við garðinn en votari og þýfðari austan við hann. Garðurinn er lítill um sig, 0,3 m hár og 0,4 m breiður. Uppvið hann að austan er mýrlend rás þar sem efni til hleðslunnar hefur sýnilega verið tekið. Lengd garðsins er hér um bil 600 metrar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:012 heimild um túngarð 64°28158N 21°58726V
"Norðan við Heygarðsflatir [104:004] er hér með ánni kallað Árflatir, sem takmarkast af dálítilli hæð sunnan við veginn og túngarðinum að norðan," segir í örnefnalýsingu. Nú sést enginn túngarður á þessum stað. Samkvæmt Ólafínu Pétursdóttur var hlaðinn garður að norðanverðu við túnið, einkum til að koma í veg fyrir að áin bryti af því eða flæddi yfir það. Melar eru við ána, eftir þeim liggur vegarslóði allt að Járnmeishöfða. Túnið er á stalli, allt að 1,5 m hærra en melarnir og sýnilegt að áin hefur brotið af því.
Stórgrýti sést á nokkrum stöðum í bakkanum og gætu það verið leifar af túngarði sem áin hefur brotið af. Hvergi sjást þó heillegar hleðslur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Höfn, 2

BO-104:013 *Seleyri* heimild
"Innan við Seleyrargilið, sem svo hét áður, eru tvö heildarnöfn á svæðinu, það neðra er Seleyri og það efra Klausturtunga. Seleyrin gengur þar fram í sjó, og nú (1975) er verið að undirbúa brú yfir Borgarfjörð. Nærri eyraroddanum er eða var rúst eftir verzlunarhús; frá um aldamót og þar til Hvítárbrúin kom, var verzlun á vorin á Seleyri til að kaupa ull o.fl. og fá vörur. Þarna hafði Sigurður Björnsson á Hvítárvöllum selstöðu," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls segir 1707: "Seleire...Í þessu landsplátsi ljet hr. lögmaðurinn Sigurður Björnsson, þegar hann bjó á Hvítárvöllum, selstöðu hafa og brúka undir því skyni, að það mundi kunna að tilheyra Kluasturtúngu, so sem kóngseign. En öngvu að síður, af því staðarhaldarinn á Melum vildi þá og vill enn eigna Melakirkju beneficio þessa Seleyri, og það land, sem til hennar liggur, fyrir utan Klausturtúngu, þá galt áðurnefndur hr. lögmaurinn Siugurður Björnsson Melastaðar neneficii haldara Sr. Birni Þórðarsyni 40 álnir, sem presturinn kveðst í því skini með tekið hafa, að Melastaður ætti þessa Seleyri. Nú er Seleyri öngvum manni fyrir víst tileinkuð, en Melastaðar beneficii haldari eignar það sjer sem áður segir." Þessi staður var ekki skoðaður á vettvangi 2002 og fengust ekki upplýsingar um hann.
Heimildir: Ö-Höfn, 9; JÁM IV, 152

BO-104:014 *Dómhringur* tóft 64°28003N 21°58862V
"Neðarlega í túninu að suðaustan er hóll, sem heitir Hesthúshóll, en niðri í túni er hringmynduð rúst, sem kölluð er Dómhringur. Engin gögn eru til fyrir því, að hér hafi verið þingstaður, enda heldur Pétur Torfason, að þetta muni allt eins vera skipanaust eða kofarúst," segir í örnefnalýsingu. Enginn heimildamaður sem nú er í Höfn gat bent á Dómhring. 160 m suðvestur af bæjarhól 001 er hringlaga þúst í túninu og virðist það eini staðurinn sem kemur til greina sem Dómhringur.
Sléttað tún. Dæld er í miðju þústarinnar sem er sporöskjulaga og um 15 x 11 m stór, snýr hér um bil norður-suður. Ekki sjást á henni dyr og hvergi sér í grjót. Veggir eru mjög útflattir og ná hvergi meira en 0,2 m hæð. Gróður á veggjunum er gisnari en í túninu umhverfis og greinilega skammt niður á sand. Árið 1990 rannsökuðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson meinta dómhringa á Vesturlandi. Þeir komu m.a. á Höfn og var þá bent á þessa rúst af heimildamanni í Lyngholti. Eftirfarandi texti var birtur í skýrslu um dómhringa: "Ekki höfum við fundið ritaðar heimildir um dómhring í Höfn, en í skráningarferð um Melasveit bentu Magnús Ólafsson* bóndi í Belgsholti og Jón *son frá Melaleiti okkur á að dómhringur mun hafa verið þar einnig. Okkur var ennfremur vísað á Hörð *son sem er uppalinn þar en býr nú í Lyngholti. Við hittum Hörð 5. ágúst og aftur 23. september 1990. Fyrrum ábúandi á Höfn, Þórdís Þórunn Ríkharðsdóttir (f.1864), hafði ekki viljað að dómhringurinn yrði sléttaður, samkvæmt frásögn Harðar, en hann var hjá henni ungur. Dómhringurinn er á sléttu túni, um 200 metra í suðvestur frá gamla bænum en um 25 metra frá girðingu. Ekki er gott að koma auga á hana í túninu, en melgresi vex ofan á veggjunum og gerir hana lítið eitt skýrari og frábrugðna umhverfinu, en þó eru fleiri melgresisflekkir hér og hvar í túninu. Landinu hallar frá sjávarbakkanum til austurs og suðurs. Hörður segir túnið slétt af hendi náttúrunnar og að aldrei hafi verið við það átt. þessi rúst er

um 15 metra löng og 8 metra breið. Hún er aflöng og grunn með afar flötum veggjum. Nyrðri gaflinn er hæstur, er þó aðeins 30 sm hærri en völlurinn umhverfis."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Höfn, 3; Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1991: Dómhringar I

BO-104:015 *Stöðull* þúst kvíar 64°28072N 21°58535V
"Ofan við Skurðina, ofan við bæinn, heitir Túnmýri. Austan við hana er valllendishalli upp að vegi. Í þessari brekku er rúst, sem heitir Stöðull...," segir í örnefnalýsingu. Væntanlega er hér átt við hallann neðan við gamla veginn en upp af Túnmýri sem er nánast þríhyrnd, tæpa 200 m austur af bæ 001.
Grösug, stutt en frekar brött brekka í halla mót vestri. Engin rúst sést þar nú en þó er grænn, lítt áberandi hóll í brekkunni miðri, ofan við suðurenda Túnmýrar. Stærð hólsins er um 5 x 5 m en ekki víst hvort það er hinn eiginlegi Stöðull.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:016 *Járnmeishöfði* þjóðsaga legstaður 64°27846N 21°59543V
"Út með sjónum, norðan við Sandalæk,eru þrír höfðar, í daglegu tali nefndir Höfðarnir. Þeir eru áfastir og heita frá suðri Nónhöfði, Miðhöfði og Járnmeishöfði. Hann hefur nafn af skipi Þangbrandar, sem hann lagði í voginn milli Hafnar og Belgsholts, og þaðan hélt hann til hafs. Einnig fylgir sú saga, að Hafnar-Ormur, landnámsmaðurinn hér, sé heygður þar. Ef svo er , þá eru hans hinztu moldir foknar í veður og vind fyrir löngu síðan," segir í örnefnalýsingu. Suðvestan bæjar er stór sandvogur, höfði gengur fram í hann til norðurs og lokar honum þannig að hluta. Það er Járnmeishöfði. Hann er um 750 m suðvestur af bæ. Grýttur sandtangi með töluverðum klettum nyrst.
Nú er töluverð malarvinnsla á tanganum sunnan og austan klettanna.
Hættumat: hætta, vegna grjótnáms
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:017 gata leið 64°27502N 21°59372V
Töluverðar götur sjást austan í Sandstekkaholti 007, 1,2 km suðvestur af bæ 001.
Harðir bakkar upp við holtið en mýri fjær því, allt að Stekkjarholti 008. 3-4 samhliða, uppgrónar götur sjást. Bakkarnir eru greiðfærir og líklegt að þarna hafi verið farið t.d. á Narfastaði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 3

BO-104:018 náma mógrafir 64°28413N 2157998V
Nokkrir reglulegir slakkar sem líklega eru gamlar mógrafir sjást í mýri norðan Húsalækjar (sjá 019) og 170 m vestan við þjóðveg nr. 1. Mýri. Nokkrir slakkar sjást, allt að 0,3 m djúpir og mest áberandi eru þeir þar sem melur og mýri mætast. Sumstaðar er dálítið vatn eða mold í botni. Í meginatriðum liggja slakkarnir austur-vestur, niður mýrina og eru að jafnaði um 6 x 15 m stórir. 5-6 slíkir voru skoðaðir á svæði sem er um 100 x 50 m stórt. Ekki er útilokað að þarna hafi verið rist torf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:019 *Hafnarhús* tóftir beitarhús 64°28639N 21°58065V
"Spölkorn innan við Hafnará rennur smálækur í sjóinn, sem heitir Húsalækur. Hann verður til úr sytlum í flóanum utanvert við Hafnarhús, sem eitt sinn voru fjárhús, nú aflögð fyrir mörgum árum, nú rústir einar," segir í örnefnalýsingu. Síðar í sömu skrá segir: "Það er athugandi, að í daglegu tali eru hús þessi, Hafnarhúsin, nefnd Gömluhús, síðan hætt var að nota þau... Kringum húsatætturnar er túnblettur, nefndur Gömluhúsatún." Húsin eru norðan Húsalækjar, 3-400 m neðan eða vestan þjóðvegar nr. 1 en ofan við gamla þjóðveginn sem víða sést á þessum slóðum. Þetta er 1,2 km NNA af bæ 001.
Húsin eru byggð vestan í litlu og lágu melholti, uppúr því gægjast klettar efst. Fram af húsunum er mýrarsund, rúmlega 100 m breitt. Það heitir samkvæmt lýsingunni Húsasund en vestan við það eru allhá klettaholt, Bæli.

Miklar rústir sjást á þessu svæði sem er 45 x 20 m að stærð. Þar eru m.a. tvö samstæð garðahús, eitt minna garðahús og stök tóft sem gæti verið heygarður. Verða tóftirnr hér númeraðar og byrjað syðst.
I. Syðst eru tvö samstæð hús með hlöðu eða heygarði, snúa með dyr í vestur. Hvort hús um sig er 10 x 5,5 m stórt en sambyggður garður aftan við snýr þvert á húsin, og er 4 x 9 m að stærð. Hæð veggja er allt að 1,2 m, þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Garðarnir eru grjóthlaðnir og liggja flatar og stórar



hellur á þeim efst. Grjót er hvarvetna í veggjum. II. 5 m norðar er rúst af stöku, hlöðulausu garðahúsi. Það snýr eins og hið fyrrnefnda og er um 8 x 5,5 m stórt. III. Tæpum 5 m austan við II. er tóft sem virðist að mestu torfhlaðin og gæti verið heygarður. Hún snýr norður-suður og er um 4,5 x 9 m. Niður úr suðvesturhorni hennar liggur óljóst, um 2 m breitt garðlag til vesturs, milli húsatófta I. og II. IV. Tæpa 2 m norður af tóft II. er illa farin tóft, hefur suðurveggur hennar hrunið yfir meginhlutann. Hún hefur snúið eins og hinar fyrrnefndu og verið um 5 x 8 m. Ekki er ljóst hvort garði hefur verið í henni. V. Áfastar þessari tóft að norðanverðu eru óljósari og líklega eldri tóftir en allar þær sem á undan var lýst. Þær eru mjög líkar tóftum nr. I nema hvað garðana vantar. Lítur út fyrir að grjót hafi verið fjarlægt úr veggjum tóftarinnar og þeir eru farnir að hlaupa í þúfur. Þarna eru tvö hús sambyggð, hvort um sig um 5 m breitt en um 10 m langt, snúa með dyr í vestur. Aftan við þau er hólf sem gæti verið heygarður eða hlaða líkt og á tóft I., snýr þvert á húsin og er um 8 x 5 m.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 4, 5

BO-104:020 *Hróargil* þjóðsaga 64°29050N 2151821V
"Austan við Skaradal taka við víðáttumiklar melskriður; upp af þeim er hátt standberg, ein mesta hæð á Hafnarfjalli, það heitir Hróar. Uppi á honum er dalur, sem heitir Hróarsdalur; í honum er nokkur gróður og smátjörn, og fram úr dalnum gengur lítið gil, sem heitir Hróarsgil. Þar á að hafa verið útilegumaður með þessu nafni, aðrir segja bergrisa," segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið í dalinn sumarið 2002.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 10-11

BO-104:021 *Hesthúsholt* örnefni hesthús 64°28209N 21°58512V
"Ofanvert við gamla veginn, frá Hafnará inn að Litlalæk, er klapparholt, sem heitir Hesthúsholt," segir í örnefnalýsingu. Holtið er norðan Hafnarár, um 320 m norðaustur af bæjarhól 001. Lágt holt, grýtt efst. Það lækkar í vestur. Engin merki erum tóft á holtinu eða við það. Svo virðist sem dreift hafi verið skít í suðurhlíðar þess, þar er mikill nýgræðingur og arfi. Vera má að þar hafi einnig orðið eitthvert rask.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:022 *Gildruholt* hleðsla refagildra
"Fyrir ofan Hesthúsholt [104:021] og norður af Húsahvammi er nokkuð stór flóaspilda nafnlaus. Þar ofan við er alllangt meldrag, sem nær alveg frá ánni og inn á móts við Hafnarhús [104:019], sem heitir Gildruholtsmelur. Eftir honum var nýi vegurinn lagður. Ofan við melinn er grjótholt, sem heitir Gildruholt...," segir í örnefnalýsingu. Holtið er undir Hafnarfjalli að suðvestan, tæpa 200 m ofan þjóðvegar nr. 1. Þetta er rúma

900 m norðaustur af bæ 001.
Grýttur melur með smá klettabungum.
Leifar gildru eru á holtinu, nokkrum tugum metra sunnan við vörðubrot sem er þar helsta kennileitið. Gildran er á dálitlum kletti og lítur við fyrstu sýn út eins og grjóthrúga en við nánari skoðun sést að þarna er hlaðið lítið hólf, þ.e. undirstöður úr fremur litlu grjóti upp við jarðfastan stein og flöt hella hefur verið lögð ofan á. Hólfið, sem er býsna heillegt þrátt fyrir að töluvert af hleðslunni hafi hrunið, er um 50 sm djúpt og um 30 sm á kant að innanmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-104:023 *Grautarklettur* heimild um áningarstað 64°29369N 2157492V
"Utast er Hringasund... er upp af Æðarholtinu. Þá Mjósund, þar næst Breiðasund. Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur. Hann er ágætt skjól og trúlegt, að engjafólk hafi gefið honum nafn, eða ferðamenn við áningu," segir í örnefnalýsingu. Klettur sem passar vel við lýsinguna er fast ofan við gamla veginn, hér um bil beint austur af miðjum Þjófaós. Lítill klettur, rúmlega 1,5 m hár, þverhníptur að norðvestan og sýnilega leita hross oft þar skjóls. Lágur klettarani liggur frá klettinum skáhallt að gamla þjóðveginum. Víðáttumiklar engjar eru vestan vegarins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 6

BO-104:024 *Vörður* örnefni 6430031N 2156938V
"Ofan við Grænasund er klapparholt beggja vegna gamla vegar, það heitir Vörður," segir í örnefnalýsingu. Líklegast er að þetta sé syðst og austast við sandrif það sem gengur suður úr Straumneseyri, tæpa 4 km norður af bæ 001. Tvö grjótholt eru sitthvoru megin við gamla veginn. Engar vörður sjást á þeim nú en nokkrar lágar klettastrýtur standa upp úr því eystra og líta úr fjarska út eins og vörður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 7



BO-104:025 *Gömlugömluhús* tóft beitarhús 64°29404N 2157216V
"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundaþúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafnar af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjót í þeim. Hvorki vottar fyrir görðum né hlöðu eða heygarði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 6, 7

BO-104:026 *Bergþórsbæli* tóftir býli 64°30043N 21°56724V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir 1707: "Bergþórsbæle heitir hjer inn með Borgarfirði. Það kallar staðarhaldarinn að Melum liggja í Melaskógi, sem áður er skrifaður með sjálfu beneficio Melum. Girðíngar fornar eru hjer að sjá. Á þeim var í tíð Sr. Jóns Jónssonar, er hjelt Melastað, bær uppgjörður og kendur við þann sem á bjó og hjet Bergþór. Bygðin varaði hvörki vel nje lengi. Afgjald var það eina, að ábúandi skyldi geyma fje prestsins í skóginum, og efndi Bergþór það með svikum og prettum. Lagðist því bygðin í auðn, en nafnið varir." "...Bergþórsbælaholt... er neðanhalt við gamla veginn, en þar ofar er Bergþórsbæli. Það er móí og holt. Þar rétt fyrir ofan í skóginum eru rústir; þar er talið, að hafi verið byggð Bergþórs þessa, sem var sauðamaður frá Melum í tíð sr. Jóns Jónssonar um



miðja 17. öld. Þótti hann ekki neinn fyrirmyndarmaður, varaði byggðin hvorki vel né lengi. Tveim til þrem öldum síðar fór sauðamaður frá Leirá þangað og lá þar sex vikur í snjóhúsi yfir fé sínu. Og ekki alls fyrir löngu sá ferðamaður á þessum slóðum hanga mikið af þvotti álfanna, sem þar búa," segir í örnefnalýsingu. Greinilegar rústir eru um 170 m upp eða norðaustur af Vörðum 024. Smárjóður í sæmilegum birkiskógi, tré þó almennt ekki hærri en í axlarhæð. Hér hallar landi mót vestri og er þýfi mikið. Uppþornaður lækjarfarvegur er sunnan við rústirnar. Ein greinileg tóft sést og svo nokkrar óljósar þústir á svæði sem er alls 35 x 20 m. Tóftin er í austurjaðri rjóðursins, snýr austur-vestur með dyr í vestur. Hún er einföld og alls 13 x 6 m að stærð, veggir mjög bólgnir og þýfðir en slétt er innan þeirra. Fast upp við tóftina að suðaustan er klárlega rúst en hún er nánast horfin í stórþýfi. Erfitt er að segja til um stærð hennar en a.m.k. hefur hún ekki verið minni en 5 x 5 m að stærð. Tæpa 15 m suðvestur af henni er þriðja rústin, einnig sokkin í þúfur en hefur verið um 6 x 4 m að stærð. Ekkert lag er greinilegt á henni. Hvergi sér í grjót í nokkurri rústanna. Engin garðlög fundust um eða við rústirnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM IV, 151; Ö-Höfn, 7

BO-104:027 *Flyðrur* þjóðsaga 6430121N 2155131V
"Upp af Hraukasundi er ljósleit steinurð, kölluð Hvítagrjót, og hefur hrunið úr þrem strýtum framan úr fjallinu, sem heita Flyðrur. Um þær er eftirfarandi saga: Eitt sinn í hallæri og hungursneyð reri bóndinn á Leirulæk til fiskjar á páskadag og hlóð bát sinn af fiski og gat með því satt margan mann. Nú, næsta vetur áraði miklu betur og enginn skortur var, en samt sem áður reri hann enn á helgum degi, páskadag. Og nú fékk hann tvær flyðrur og einn þorsk. En - meðan þankar hans matbjuggu og átu þetta mikla happ - hvarf veiðin úr höndum hans, sveif yfir fjörðinn og varð að steinum í Hafnarfjalli, það var refsing fyrir græðgi hans. Má sjá þær þarna enn í dag." Flyðrurnar eru litlu ofan við miðju í Hafnarfjalli og sérlega áberandi frá Höfn séð þar sem þær skaga út frá ystu brún fjallsins frá því sjónarhorni.
Flyðrur voru ekki skoðaðar á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 8

BO-104:028 *Straumur/Straumnes* þjóðsaga býli 6430370N 2156338V
"Innanvert við Bergþórsbæli [026] gengur eyri fram í sjóinn, sem heitir Straumeyri, sjór fellur yfir hana. Sagnir eru um, að þarna hafi verið býli, en ekki sjást þess merki," segir í örnefnalýsingu. "Straumur eður Straumnes ætla menn jörð hafi verið hjer allnærri. Ekki sjást þess merki nema tóftarleifar, og standa þær á Melstaðar grundu," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Beint upp af Straumeyri miðri eru klettar og klungur og móar og mýrar þar ofan við.
Melstaðar grund er ekki þekkt nú og hennar er ekki getið í örnefnalýsingu Hafnar. Ef einhver ætlaði að reisa sér bú nálægt Straumeyri væri líklega hentugast að gera það þar sem eyrin byrjar upp við ströndina, annaðhvort syðst eða við norðurenda hennar. Á báðum stöðum eru dálitlar kvosir með skógarjöðrum. Í þeirri syðri eða við hana eru reyndar rústir Bergþórsbælis 026 en í nyrðri kvosinni fannst ekkert sem minnti á mannvistarleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 8; JÁM IV,151



BO-104:029 *Melasel* tóftir sel
"Rétt innan við eyrina kemur niður lækur, sem rennur þar í sjó, hann heitir Melskarðslækur, og í gömlum landamerkjamálum er hann nefndur Fosslækur. Hann hefur upptök sín í eða ofan við ás, sem er meðfram fjallinu og heitir Selás og er kenndur við sel frá Melum, sem er vestan við ásinn. En Melar áttu eitt sinn land innan þess lækjar. Lækurinn rennur í gegn um skarð í ásinn, sem heitir Melskarð. Í skarðinu, innan við lækinn, eru rústir eftir Melasel á lækjarbakkanum," segir í örnefnalýsingu. Selið er 5,3 km norðaustur af bæ 001, um 100 m austan við þjóðveg og sést þaðan.
Skóglaus valllendisblettur vestan undir Selás. Hann er vel afmarkaður því að ásinn er með honum að austan en lækur rennur með suðurhliðinni. Nýbúið er að

leggja hitaveitu um 20 m neðan við vestustu rústina á blettinum. Þá hefur verið gríðarlegt malarnám í Selás austanverðum. Þannig er hann líkastur leikmynd, sýnist heillegur ef komið er að honum úr vestri en austari hluti hans er nær alveg horfinn ef gægst er yfir brúnina.
Ein greinileg tóft er sjáanleg auk nokkurra þústa en svæðið er í heild um 25 x 25 m. I. Tóftin er um 30 m vestur af ásnum. Hún er um 6 x 5 m að stærð og er vesturhlið ógreinilegust, þar gætu hafa verið dyr. Veggir eru lágir og litlir um sig og virðast hlaðnir úr torfi eingöngu. II. 3 m austur af tóftinni (I.) er rústalegur hóll, 8 x 10 m stór og gengur tota frá honum í suðaustur, um 4 x 4 m. III. 4 m suðaustur af honum (II.) er annar ámóta rústahóll, um 8 x 8 m að stærð. Dæld er í miðju hans. IV. 6 m norðan við rústahól II. er aflöng dæld utan í ásnum, snýr austur-vestur og er um 5 x 8 m stór. Vottar þar fyrir hlöðnum veggjum með báðum langhliðum en samt gæti dældin verið náttúruleg að hluta. Ekki er útilokað að fleiri rústir hafi horfið í malarhrúgu sem er á lækjarbakka sömu megin og selið. Lækurinn hefur verið grafinn út að hluta og ræsi gert undir þjóðveginn fjær.
Hættumat: stórhætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Höfn, 8

BO-104:030 tóft rétt 64°28734N 21°58201V
Lítil rétt er hlaðin í svonefndum Hafnarbælum, ofan gamla þjóðvegarins, rúma 200 m norðvestur af beitarhúsatóftum 019.
Hún er hlaðin milli kletta suðaustan í hárri klapparhæð.
Réttin er óregluleg en stendur vel og styðst að miklu leyti við klettaveggina umhverfis. Þeir eru allt að 2 m háir og staðurinn mjög gott aðhald í sjálfu sér. Stærð alls er um 14 x 9 m. Aðalhólfið er um 14 x 5 m að stærð og snýr með op hér um bil í suður. Lítið hólf, 3 x 5 m að stærð gengur vestur af því en það er að mestu náttúrumyndun milli kletta. Hleðslur standa að mestu, allt að 5 umför grjóts og er hæð allt að 0,8 m. Um 5 m suðvestan við réttina er stakt hólf hlaðið undir klettum, 4 x 5 m að stærð. Það er alveg hrunið en ógróið að mestu.
Hættumat: engin hætta

BO-104:031 hleðsla brú 64°28885N 2157965V
Grjóthlaðin brú er á gamla þjóðveginum sem lá samhliða núverandi þjóðvegi en um 2-300 m neðar. Hann sveigði frá núverandi þjóðvegi við heimkeyrsluna að Höfn en mætti honum aftur nálægt Seleyri 013 þar sem nú er Borgarfjarðarbrúin. Gamla, grjóthlaðna brúin er um 350 m norðaustur af svonefndum Bælum þar sem tóft 030 er.
Gilskorningur milli melhóla en mýri er þar ofan við.
Vegurinn er upphlaðinn á 10 m kafla sunnan við lækinn, er þar um 4 m breiður og allt að 1 m hár næst gilinu. Rofin grjóthleðsla er úti í gilinu, hefur lækurinn rutt sér leið þar í gegn og rennur nú tiltölulega óhindrað.
Hættumat: engin hætta

BO-104:032 *Gildalshnúkur* þjóðsaga huldufólksbústaður 64°29521N 21°53884V
"Suðvestur af Gildal heitir fjallsbrúnin Brúnir. Og þar til norðvesturs upp af Gildalsbotni er Gildalshnúkur. Hann myndar eins og húsburst frá bæ séð, og oft er þokuhnoðri í lægðinni að sunnanverðu; þá er huldukonan í Gildalshnúk að lita með mosalit fyrir utan bæjarvegginn sinn," segir í örnefnalýsingu. Hnúkurinn er sunnan við Hafnarfjall. Ekki var gengið á hann sumarið 2002.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Höfn, 10

BO-104:033 *Katlavegur* heimild um leið 64°27413N 2156255V
"Af gamla þjóðveginum við Hafnartún er vegarslóði, sem liggur upp Buga og virðist hafa verið nokkuð fjölfarinn, austan við Ölver (í hdr. Ölve) um Katlana, sem nefndir voru hjá Narfastöðum og Fiskilæk, og alla leið að Leirá. Þetta var kirkjuvegurinn frá Höfn að Leirá og nefndur Katlavegur," segir í örnefnalýsingu. Bílvegur sem liggur upp sunnan við fjallið Ölver er enn nefndur Katlavegur.
Mýrar og gróðurflákar eru næst Höfn en svo taka við melar, sumstaðar hálfgrónir.
Ekki fundust leifar af eldri götum við skráningu og líklegt að þær hafi þurft að víkja fyrir bílvegum. Vegurinn hefur legið til austurs með Ölveri að sunnan en ekki er ljóst hvar hann hefur sveigt til suðurs eða suðausturs, í átt að Leirá.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Höfn, 4

BO-105 Fiskilækur

"1707 var jörðin metin á 20 hundruð og í bændaeign." Byggðir Borgarfjarðar, 130
Tún 44,64°2 m². Garðar 1,764 m².

BO-105:001 *Fiskilækur* bæjarhóll bústaður 64°25334N 2157024V
"Bærinn er sunnan við þjóðveginn...," segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Ein jörð en tveir bæjir," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1707. Bæjarhóllinn er þar sem bærinn stendur nú, um 200 m sunnan þjóðvegar. Greinilegur bæjarhóll. Heimreiðin liggur upp á hann úr norðri. Austan við hólinn rennur lækur í dragi, nú sumstaðar í skurði. Mýri er að sunnan, mun lægri en hóllinn en ræktuð tún að vestan.

Hóllinn er hár og mikill og líklega að mestum hluta náttúrulegur. Hann er hæstur þar sem núverandi hús standa. Vestar er íbúðarhús en fjós með hlöðu austur af því. Milli þeirra er bílastæði. Þar stóð einmitt gamla íbúðarhúsið sem var úr timbri og járni, það var rifið um 1947. Hóllinn er hátt í 100 m norður-suður og teygir úr sér allt að 60-70 m suður fyrir húsin sem á honum standa. Austur-vestur er hann einnig hátt í 100 m. Líklega er hann að miklu leyti náttúrulegur, þ.e. bærinn hefur verið byggður á holti sem reis hærra en mýrarnar í kring. Líklega eru mannvistarleifar í hólnum illa farnar af seinni tíma byggingum. Þannig er hlaðan væntanlega niðurgrafin og kjallari undir núverandi íbúðarhúsi.
Hættumat: hætta
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 130; JÁM IV, 136

BO-105:002 *Kornhóll* heimild um legstað 64°25311N 2157086V
"Kornhóll er hóllinn þar sem grafreiturinn er," segir í örnefnalýsingu. Grafreiturinn er um 50 m suðvestur af íbúðarhúsinu, á hól sem er samtengdur bæjarhól 001 og teygir sig í suðvestur frá honum. Grafreiturinn er merktur inn á túnakort frá 1918. Grösugur hóll í túni, sleginn. Hallar niður af honum til suðurs og vesturs. Grafreiturinn er afgirtur með járngrindum, alls 9 x 9 m stór. Í honum eru 7 minnisvarðar eða legsteinar. Síðast var þar greftrað vorið 2002 (Sigurður V. Eyjólfsson frá Fiskilæk, f. 1918).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3; Túnakort 1918



Kort af túni Fiskilækjar 1918

BO-105:003 tóft útihús 64°25336N 2157257V



Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 150 m norðvestur af grafreit 002.
Sléttað tún er allt um kring. Á þessum stað er nú tóft húss sem síðast var notað sem reykkofi. Hún er 5 x 7 m, snýr suðaustur-norðvestur með dyr á vestari langhlið. Austur- og norðurhliðar eru að mestu úr stórum, jarðföstum klettum sem húsið hefur verið hlaðið uppvið. Hleðslur eru annarsstaðar að mestu fallnar inn og gróið yfir þær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-105:004 *Lambhúsgerði* tóft fjárhús 64°25358N 2157253V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 40 m norðaustur af 003. Í örnefnalýsingu segir: "Þar vestur af [Langagerði 013] er Lambhúsflöt. Hún var grædd út á mel fyrir meira en hundrað árum, byrjað á því svona fyrir miðja 19. öld. Þar norður af er Lambhúsgerði." Lambhúsgerði mun nú horfið og kannaðist Jón Eyjólfsson ekki við það. Líklega hefur það verið kennt við lambhúsið sem hér er skráð.



Sléttað tún er allt um kring. Á þessum stað stendur enn steinsteypt hlaða með járnþaki og vestan við hana er fjárhústóft. Þar hafa verið tvö samstæð hús, 10 m löng en 5,5 m breitt hvort um sig. Syðri langveggur í syðri tóftarhlutanum er alveg horfinn og reyndar er hugsanlegt að hann hafi verið úr timbri eða járni eingöngu, þar liggja einmitt gamlar járnplötur. Grjóthlaðinn garði er eftir húsinu og á honum steypt plata. Veggurinn milli húsanna er að mestu úr jarðföstum klettum sem byggt hefur verið upp við. Enginn garði er í nyrðra húsinu. Hlaðan steinsteypta sem enn stendur en er hrörleg var byggð 1927. Hún er 4 x 7 m stór.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:005 *Húsatún* heimild um fjárhús 64°25343N 2156838V
Samkvæmt túnakort frá 1918 stóð útihús á aukatúni austan við bæjarlækinn, um 120 m austur af bæjarhól 001. Þar eru nú steinsteypt fjárhús. Tún þetta heitir Húsatún skv. örnefnalýsingu. Fjárhúsin standa á ávalri hæð og er tiltölulega slétt tún þar vestur af. Fjögur samstæð, steinsteypt hús sem nú eru komin úr notkun. Einn garði er í hverju húsanna og tvennar dyr, einar úr hvorri kró. Hlaða er aftan við húsin. Garðar virðast grjóthlaðnir að hluta. Á þessum stað stóðu áður grjóthlaðin fjárhús en þau eru nú alveg horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:006 *Hallandigata* gata leið 64°25604N 2154978V
"Hár hóll í þeim [Krosslágum] á merkjum móti Skorholti heitir Sjónarhóll. Sagt er þaðan sjáist í sjö sýslur. Sunnan í hólnum er Sjónarhólsbrekka. Í láginni austan við hólinn heitir Hallandigata," segir í örnefnalýsingu. Sjónarhóll er 1,5 km austur af bæ, suðaustur af Gudduvatni. Lágin er lyngi og kjarri vaxin en syðst í henni eru melar og rofabörð. Greinilegur, uppgróinn troðningur er í botni lágarinnar, hann liggur norður-suður eins og hún. Ekki er hann djúpur en sumstaðar vottar fyrir öðrum troðningi við hlið hans. Lágin er löng og nokkuð djúp og hefur legið beint við að fara eftir henni í stað þess að klöngrast yfir ótal skógi vaxna melhóla. Ekki er vitað hvert leiðin lá. Hún sýnist stefna hér um bil á Geldingaá en verður ógreinileg þegar láginni sleppir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 5



BO-105:007 *Stekkjardalsbrekka* tóftir stekkur 64°25112N 2156619V
"Heimanvert við þá [Núpa] upp undir þjóðveginn er dalur, sem nefndur er Stekkjardalur. Hann liggur út að læknum. Norðan í dalnum er Stekkjardalsbrekka. Þar sér fyrir gömlu tóftarbroti," segir í örnefnalýsingu. Stekkjardalur er rúma 500 m suður af bæ 001. Dalurinn er grösugur og jafnvel mýrlendur í botninn en hólarnir sem afmarka hann eru melhólar, víða blásnir. Tvær tóftir sjást, önnur vestast í dalnum norðanverðum en hin skammt utan við mynni hans. 30 m eru á milli þeirra. Fyrrnefnda tóftin snýr suðvestur-norðaustur og er í töluverðum halla mót suðvestri. Hún er alveg sokkin, líkist meira dæld en upphleðslu og hefur greinilega verið niðurgrafin. Hún er 4,5 x 9 m að stærð og skiptist í tvennt með þverhleðslu. Hin tóftin er 30 m vestar, á bungu norðan við dalsmynnið. Hún er veglegri, tvískipt og alls 7 x 7 m að stærð. Hólfin eru álíka breið en hið nyrðra styttra sem nemur tæplega helmingi. Ekki hefur verið opið milli hólfanna tveggja en bæði hafa opnast í vesturátt. Ekki sér í grjót í hleðslum og gróska er engin í tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 2

BO-105:008 *Dalveita* heimild um áveitu 64°25115N 2156738V
"Vestan í Núpunum er Núpabrekka. Þar vestur af niður af Stekkjardal er mýri, sem heitir Dalveita. Hún nær niður á merki í flóanum og vestur að Fiskilæk," segir í örnefnalýsingu. Dalveita er vestan við mynni Stekkjardals 007. Mýri. Engin mannvirki sjást í Dalveitu og ekki vitað um áveitu þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 2

BO-105:009 heimild 64°25245N 2156342V
"Mjóasund er sundjaðar austur úr Brenndasundi eftir lægðardragi, sem gengur austur úr hryggnum. Þá

er næst smásund, sem liggur upp með læknum að austan. Það er afkróað af mel að sunnan og austan og nær upp að garðlagi, sem lá þversum vestur að læk. Þetta sund heitir Brunasund," segir í örnefnalýsingu. Garðlagið fannst ekki við athugun. Líklegast er þó að það hafi verið austan við bæjarlækinn, annaðhvort skammt neðan eða skammt ofan núverandi þjóðvegar. Hálfgrónir melhryggir með sundum á milli. Ekkert garðlag sést á þessum slóðum.
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 2

BO-105:010 *Rembihnútur* heimild um býli 64°25364N 2156938V
"Húsatún er fyrir austan lækinn. Smáhóll norðvestast í túninu heitir Rembihnútur. Þar var kot frá Fiskilæk, byggt í 8-10 ár frá 1660-1670. Nú eru fjárhús á Húsatúni," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir 1707: "Rembehnutur hefur hjer hjáleiga verið, og varaði bygðin um 8 eður 10 ára bil. Nú hefur það undir 30 ár í auðn verið." Hóll sem talið er að Rembihnútur hafi staðið á er 90 m norðvestur af fjárhúsum sem nú standa á Húsatúni 005. Grösugur hóll frammi á lækjarbakka. Girðing liggur yfir hann norðaustast. Ávalur og áberandi hóll, líkur litlum bæjarhól, 25 x 25 m stór. Þar sem hann rís hæst skiptist hann í tvær minni bungur en engar byggingaleifar eða grjót sjást þar. Ekki hafa sést rústir á hólnum í minni Jóns Eyjólfssonar en alltaf var talað um að þarna hefði býlið verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:011 *Stöðull* heimild um kvíar 64°25385N 2156984V
"Austan við lækinn og vestan við götuna, sem liggur heim, er smáblettur, sem heitir Stöðull. Sigurður man eftir rústum þar og heldur, að þetta hafi verið ærstöðull," segir í örnefnalýsingu. Stöðultún var kallað austan bæjarlækjar, 100 m norðaustur af bæjarhól 001. Á þeim stað liggur nú heljarmikið hitaveiturör yfir lækinn. Grösugt stykki er norðan við hitaveiturörið. Þarna var tún sem þó var aldrei slegið í seinni tíð. Það var sléttað á sínum tíma. Jón Eyjólfsson taldi sig muna eftir rúst á svipuðum slóðum og hitaveiturörið er nú en þar sést ekkert.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:012 *dómhringur* heimild
"Slíkur Dómhringur er og í túni á Fiskilæk," segir í fornleifaskýrslu frá 1817. Ekkert er nú vitað um hvar dómhringurinn var.
Heimildir: FF, 272

BO-105:013 *Langagerði* örnefni 64°25386N 2157218V
"Þar næst var stórt stykki, sem náði norður úr túninu. Það hét Langagerði," segir í örnefnalýsingu. Langagerði er ekki þekkt nú. Eftir lýsingunni að dæma hefur það verið þar sem túnið teygir sig lengst í norður austan fjárhústóftar 004. Sléttað tún. Þar norður af stendur nú braggi. Engar mannvistarleifar sjást á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:014 *Helgaleiði* þjóðsaga legstaður 64°25368N 2157119V
Í fornleifaskýrslu frá 1817 segir: "Helga-leidi heitir og í túni á Fiskilæk í sömu sókn, er það Púfa aflaung 4 al. á lengd frá nordri til sudurs, audsjáanleg Manna-verk, umgirdt 4hyýrndum torfgardi." Í örnefnalýsingu segir: "Þar norður af er Lambhúsgerði [sjá 004]. Þá var þúfnastykki, sem hét Helgagerði. Það var tætt sundur með þúfnabana fyrir nokkrum áratugum og aðeins skilin eftir ein þúfa, sem kölluð er Helgaleiði. Þar á Helgi einhver að vera grafinn. Helgaleiði er talið álagablettur. Munnmæli herma, að ef leiðið yrði grafið upp eða því mein gert, þá myndu gerast hörmuleg tíðindi, bærinn brenna og jafnvel fleira." Helgaleiði er í túni, rúma 100 m norðvestur af íbúðarhúsinu, við rætur bæjarhóls 001. Það hefur ekki verið sléttað. Umhverfis leiðið er sléttað tún. Helgaleiði er rúmlega 3 m löng þúfa, 30-40 sm há og 1-2 m breið, mjóst um miðjuna. Áður en svæðið var sléttað var hún hæst og mest allra þúfna þar. Þúfan snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4; FF, 272

BO-105:015 *Neðriveita* örnefni áveita 64°25047N 2157255V
"Beint niður af Ólafsmýri undan melnum, austur að læk og ofan á merki er flóaspilda, sem kallast Neðriveita," segir í örnefnalýsingu. Neðriveita er nafn á mýrarstykki tæpa 600 m SSV af bæ 001.

Þýfð mýri. Slitrur af áveitugörðum sjást í mýrinni en þeir eru mikið til hlaupnir í þúfur. Svæðið er hér um bil 70 x 70 m. Litlu hefur verið raskað af mýrinni þótt víða hafi verið grafnir skurðir í kring. Veitt var á spilduna úr bæjarlæknum í minni Jóns Eyjólfssonar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:016 *Móahaus/Móhaus* frásögn mógrafir 64°25263N 2157145V
"Beint niður af Ólafsmýri undan melnum, austur að læk og ofan á merki er flóaspilda, sem kallast Neðriveita. Upp af henni og upp í melinn, sem afmarkar Ólafsmýrina að neðan, gengur Móahaus, oft nefndur Móhaus," segir í örnefnalýsingu. Mór var tekinn í mýrinni suðvestur af holti því sem heimatúnið er á, rúma 100 m suðvestur af bæjarhól 001.
Mýri. Suðaustan við hana er ávalur hóll sem gæti verið umræddur Móhaus.
Mógrafirnar eru horfnar, ýtt var ofan í þær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:017 *Flóðavarða* varða landamerki
"Efst á engjunum suðvestur frá bæ er Græniblettur. Neðarlega í flánum eru tvær vörður í flóanum. Önnur er Flóðavarða. Hún er á merkjum móti Melum," segir í örnefnalýsingu. Flóðavarða er horfin. Skurður var grafinn á landamerkjunum og hurfu þá tvær vörður, Flóðavarða og Fuglaþúfa. Staðsetning Fuglaþúfu (018) er þekkt en hins vegar er ekki vitað nákvæmlega hvar Flóðavarða var annað en að hún var suður af Fuglaþúfu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4

BO-105:018 *Fuglaþúfa* varða landamerki 64°25087N 2157448V
"Efst á engjunum suðvestur frá bæ er Græniblettur. Neðarlega í flánum eru tvær vörður í flóanum. Önnur er Flóðavarða [017]. Hún er á merkjum móti Melum. Hin er norðar á sömu línu. Hún heitir Fuglaþúfa og er á merkjum móti Melaleiti skammt neðan Jaðarsins...," segir í örnefnalýsingu. Fuglaþúfa eða Fuglsþúfa eins og hún var einnig kölluð var um 600 m suðvestur af bæ 001,í óslegnu stykki sem er vestur af nokkrum bílflökum. Sléttað stykki, nú óslegið. Fuglaþúfa og Flóðavarða 017 voru torfvörður eða jafnvel aðeins hundaþúfur. Fuglaþúfa hvarf undir tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 4-5

BO-105:019 *Mógrafir/Grafir* náma mógrafir 64°25395N 2156414V
"Á Kverkasundi neðarlega eða á móts við Stekkjarmelsenda eru gamlar mógrafir. Þar var síðast færður mór á Fiskilæk. Á þessu svæði er fast nafn, Mógrafir eða bara Grafir. Þarna í sundinu rétt ofan við grafirnar er smámelhóll, nefndur Mógrafarholt eða Grafarholt. Þar var mórinn þurrkaður og geymdur til hausts," segir í örnefnalýsingu. Mógrafarholt er stakt holt í mýri, rúma 300 m suðvestur af Stekk 020.
Gljúp mýri sem dúar undir fótum er umhverfis holtið. Grafirnar hafa aðallega verið sunnan og vestan við holtið og hafa náð alveg upp að því. Þær sjást á samfelldu svæði sem er um 100 x 70 m. Grafirnar eru ekki djúpar, vart meira en 0,5 m. Svæðið nær allt upp að vegarslóða sem liggur áfram austur Stekkjarmel.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 5



BO-105:020 *Stekkur* tóft stekkur 64°25567N 2156202V
Vestur af Kverkasundi er melur, sem heitir Stekkjarmelur... Norðaustur af Stekkjarmel er brekka, sem heitir Stekkur. Sést enn rúst eftir þennan stekk, og verður hún mjög græn öll sumur. Sumir nefna brekku þessa Stekkjarbrekku," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er tæpa 800 m austur af bæ 001, vestan í brekku sem er utan í aflöngum melhól. Vegarslóði liggur vestan við melinn frá þjóðvegi.
Grösug brekka og græn er umhverfis tóftina sem er stæðileg. Vestur af henni er melbunga en sunnan við melinn er mýri í slakka milli þjóðvegar og melhryggjar.

Tvískipt tóft sem snýr suðvestur-norðaustur, hún liggur langsum niður brekkuna. Stærð er alls 9 x 8 m. Stærra hólfið er 9 x 5 m en hið minna kemur út frá því til suðurs og er 3 x 5 m. Op virðist hafa verið á milliveggnu, hrunið er fyrir það en ógróið. Önnur op sjást hinsvegar ekki. Stórgrýti sést á nokkrum stöðum í milliveggnum en annars eru hleðslur signar og grónar. Norðvestan við tóftina eru iðagrænar þúfur og má vera að þar hafi verið mannvirki. Bunga undir stekknum bendir til að hann gæti hafa verið byggður á eldri rústum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 6

BO-105:021 *Stóri-Kolhóll* heimild um kolagröf 64°26069N 2155311V
"Norður af Löngulág er skarð í Hryggina, nefnt Hryggjarskarð. Vestur af skarðinu er stór hóll, sem heitir Stóri-Kolhóll. Skammt þar niður af er Litli-Kolhóll. Þarna hefur verið gert til kola áður," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er norður af Litla-Kolhól, beint upp af sundi sem gengur norðaustur úr Gudduvatni. Skógi vaxinn hóll með melkolli efst. Myndarlegur birkiskógur vex á hólnum, allt að rúmlega mannhæðarhá tré. Gengið var umhverfis hólinn í leit að ummerkjum um kolagerð. Engar greinilegar kolagrafir fundust. Austan við hólinn er áberandi, aflangur slakki sem gengur til norðurs. Hann er þýfður með grösugum botni og í honum eru 3-4 dældir, sléttar í botni, ekki meira en 10 x 10 m hver. Þetta er eini staðurinn sem fannst sem kemur til greina og líkist alls ekki kolagröfum eins og skrásetjari þekkir þær. Vitanlega gætu kolagrafir verið horfnar í skóg á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:022 tóft skotbyrgi 64°25941N 2155474V



"Á Litla-Kolhól er vörðubrot," segir í örnefnalýsingu. Stóri-Kolhóll 021 er beint upp af mýrarsundi sem gengur norður úr Gudduvatni. Sunnan við hann er annar hóll minni, væntanlega Litli-Kolhóll. Á honum er steinahrúga sem úr fjarska virðist vörðubrot. Hóllinn er skógi vaxinn en með melskalla efst. Raunar er steinahrúgan ekki vörðubrot heldur dálítið byrgi. Það er hlaðið um jarðfastan stein, hann er í suðvesturhorninu. Hlaðið er á þrjá vegu en opið í austur. Hleðslur eru óvandaðar og er líkt og grjótinu hafi verið hróflað upp. Stærð 2 x 2 m. Hugsanlega er þetta skotbyrgi og gæti hafa verið hlaðið úr gamalli vörðu. Þess má geta að brekkan undir hólunum að vestan heitir Grenbrekka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:023 *Geldingaárgata* heimild um leið 64°25552N 2156142V
Í örnefnalýsingu segir: "Geldingáargata eða Kirkjuvegur lá af þjóðveginum fyrir austan fjárhús, austur af Húsatúni [005], er brátt verður getið. Þaðan lá gatan austur Fiskilækjarmela, meðfram Kverkahól að sunnan og rétt neðan við Dagmálahól og þar austur, austur hjá Geldingaá að Leirá." Slóðar sem gætu passað við lýsinguna liggja yfir Fiskilækjarmela og í átt að Stekk 020. Vestast eru melar en svo taka við hálfgrónir hólar. Slóðarnir sjást illa á melunum en liggja í sveig til suðausturs hjá Stekk 020 og sjást þar vel við rætur melhóla enn í jaðri mýrar. Þeir eru allt að 3-4 samhliða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 3

BO-105:024 *Tóftarvatn* tóftir beitarhús 64°26020N 2156253V
"Mjó álma norður úr [Fjárhús]vatninu heitir Tóftarvatn. Þar sést tóft af beitarhúsum," segir í örnefnalýsingu. Tóftarvatn gengur norður úr Fjárhúsvatni suðaustanverðu. Tóft er á vesturbakka þess, á dálitlu nesi sem gengur fram í vatnið. Tóftarvatn er grunnt og mjótt, allt niður í 5 m. Melur er á austurbakka þess en gljúp og gróðurmikil mýri á vesturbakkanum. Þar vex víða birkikjarr.
Á svæðinu, sem er alls um 40 x 20 m, sjást leifar þriggja tófta. Stærsta tóftin er greinileg en alveg hlaupin í þúfur og lögun hennar mjög óljós. Hún hefur þó líklega snúið með dyr í austur eða suðaustur, að vatninu. Það eina sem er greinilegt er veggur eftir miðri rústabungunni sem alls er um 14 x 14 m,

tæplega 10 m langur, og snýr austur-vestur. Um 5 m vestur af rústabungunni er greinileg rúst, um 4 x 6 m með dyr í austur. Hugsanlega er þetta heystæði. Tóftin er ekki hlaupin í þúfur að ráði. Leifar af annarri, svipaðri rúst eru um 20 m suður af stóru bungunni. Hún gæti hafa verið álíka stór, þ.e. um 4 x 6 m en austurhlutinn er alveg hlaupinn í þúfur svo að þar er ekki unnt að greina einstakar vegghleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 7

BO-105:025 *Einstakavarða* varða landamerki 64°26304N 2156491V
"Lágt skógarkjarr er á melunum fyrir vestan Fjárhússund og Fjárhúsvatn, vestur að þjóðvegi og upp að Narfastaðavatni. Heitir það Móaskógur. Fyrir neðan þjóðveg vestur af skóginum er vörðubrot á merkjum. Heitir það Einstakavarða," segir í örnefnalýsingu. Leifar vörðunnar eru fast sunnan við afleggjara að Narfastöðum þar sem hann mætir þjóðvegi. Hún var á merkjum Fiskilækjar og Narfastaða. Í krika sem er lokaður á þrjá vegu: Að norðan af Narfastaðaafleggjara, að vestan af hitaveitustokki og austan af þjóðvegi nr. 1. Grösug þúst er í krikanum sem annars er lagður möl og sandi. Að sögn Jóns Eyjólfssonar eru það leifar Einstökuvörðu. Þústin er um 0,5 m há, bungumynduð og um 5 x 5 m stór. Líklega hefur hún verið úr torfi eingöngu, a m k. sést ekkert grjót. Nýlega hefur verið unnið við að slétta og þjappa brúnir þjóðvegarins og hefur þá stórvirk vinnuvél ekið yfir vörðuleifarnar. Fyrirsjáanlegt er að Einstakavarða hverfi fljótlega verði ekkert að gert.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:026 *Rúst* heimild um beitarhús 64°26145N 2156116V
"Upp af Tóftarvatni [024] eru jarðföll með uppsprettum. Heita þau Klofar... Vestan við Klofana fyrrnefndu er Rúst. Þar hafa verið beitarhús til forna," segir í örnefnalýsingu. Jón Eyjólfsson kannaðist ekki við aðra beitarhúsatóft á þessum slóðum en þá sem er alveg við Tóftarvatn 024. Gengið var um svæðið vestan við Klofana en ekkert fannst sem líkist beitarhúsatóft.
Mýrlendi með lágu kjarri hér og þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:027 *Skipanesseljar* tóftir sel 64°26265N 2154743V
"Vestan í Hryggjunum ofan við Hryggjaskarð eru valllendisbrekkur innan um skóginn. Heita þær einu nafni Skipanesseljar (alltaf nefnt svo í uppvexti Sigurðar). Sigurður [V. Eyjólfsson] hyggur, að þar séu selrústir," segir í örnefnalýsingu. Skipanesseljar ná yfir talsvert stórt svæði, hér um bil allt frá Hryggjarskarði að Álfsteinshól 028. Líklega er þetta rúmlega 2 km löng ræma. Gengið var um hana alla í leit að selrústum og það sem hér að neðan er lýst var hið eina tóftakyns sem fannst. Samt er ekki fullvíst að það séu leifar selsins.



Skógi vaxnar brekkur í halla mót vestri. Víða eru í þeim rjóður og jafnvel smá mýrarblettir við brekkuræturnar. Rúma 500 m SSA af Álfsteinshól 028 er rjóður í brekkunum. Þar er skjólsæll hvammur en vestur af honum er mýri. Austast og nyrst í hvamminum eru tóftaleifar, hlaupnar í þúfur. Þar hefur verið hlaðið upp við brekku svo úr verður hólf, um 4 x 7 m stórt, virðist opið í vestur. Þúfnabingur er framan við það, um 5 x 5 m stór. Hinumegin í hvamminum, 20 m suðaustar, eru leifar af tóft sem gæti hafa verið tvískipt, alls 6 x 6. Syðra hólfið er um 3 x 4 m að stærð en hið nyrðra, sem líkist meira dæld, um 4 x 6 m að stærð að innanmáli. Þau gætu hafa opnast í norðvestur. Fleiri tóftir sjást ekki en hvammurinn er víðast hvar mjög þýfður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:028 *Álfsteinshóll* örnefni huldufólksbústaður 64°26547N 2154970V
"Vestur af Skipanesseljum [105:027] er hóll, sem heitir Álfsteinshóll," segir í örnefnalýsingu. Norður af Fjárhúsvatni (sjá 024) er tjörn sem heitir Leirtjörn. Álfsteinshóll er stór hóll norðaustur af henni, 2,8 km norðaustur af bæ. Stór hóll með skógi vöxnum hlíðum en mel efst. Á hólnum er enginn sérlega stór steinn sem gæti heitað Álfsteinn. Hinsvegar er þar vörðubrot. Engar sagnir af huldufólki eru þekktar frá þessum stað.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:029 varða 64°26765N 2155913V
"Vestur af Leirtjörn er melhryggur með vörðu á. Heitir hann Selás [030]," segir í örnefnalýsingu. Leirtjörn er norður af Fjárhúsvatni 024. Varða er nyrst og vestast á Selás. Melur. Skógur er vestan í honum en mýrarsund ofan eða austan við. Myndarleg vörðurúst, 5 x 3 m stór en alveg hrunin. Ekki er vitað um tilgang vörðunnar en þó má benda á að hún er nálægt landamerkjagirðingu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:030 *Selás* heimild um sel 64°26752N 2155921V
"Vestur af Leirtjörn er melhryggur með vörðu á [029]. Heitir hann Selás. Hann er kjarri vaxinn á köflum. Vestan í honum er rúst, sem talin er vera af selinu," segir í örnefnalýsingu. Þetta er 2,8 km norðaustur af bæ. Vestan í ásnum er kjarr en svo melur við Narfastaðavatn. Engin rúst fannst vestan í ásnum. Beint niður undan vörðunni 029 er reyndar rjóður með grænum þúfum en ekkert sem kallast gæti rúst. Hugsanlega er hún horfin í skóg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 8

BO-105:031 varða samgöngubót 64°27218N 2155193V
"Fyrir ofan Katlana upp við fjall er langur hóll með tveimur vörðum. Heitir hann Háaleiti," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Jóni Eyjólfssyni er Háaleiti hóllinn sem smalabyrgi 032 er á. Katlavegur BO-104:033 liggur þar framhjá. Það er aflangur melhóll uppvið fjall. Engin heilleg varða er þar nú en nokkrar grjóthrúgur á hólum í kring gætu verið vörðubrot. Háaleiti er á merkjum við Narfastaði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 9

BO-105:032 tóft smalakofi 64°27177N 2155187V



"Á einum háa hólnum í Kötlum, neðan við götu, eru leifar af smalabyrgi, sem Matthías Þórðarson, síðar þjóðminjavörður, hlóð og notaði," segir í örnefnalýsingu. Rústin er 3,7 km norðaustur af bæ, á melhól uppvið fjallið Ölver. Ofar eru skriður í fjallinu en neðar lægðir og hólar með birkiskógi. Skammt ofan við rústina liggur bílslóði inn með fjallinu. Byrgistóftin er heilleg. Hún snýr norðvestur-suðaustur, opnast í norðvestur, alls um 3 x 2 m stór. Hlaðið hefur verið út frá jarðföstum kletti sem myndar suðausturgafl. Hæð veggja er um 0,3 m. Ekki eru hleðslur vandaðar en standa þó býsna vel. Langveggir eru dálítið sveigðir.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskilækur, 9

Smalakofi Matthíasar Þórðarsonar (BO-105:032).

BO-105:033 tóftir 64°24981N 2156849V
Tóftaleifar eru vestan í hól sem er stærstur og syðstur svonefndra Núpa, tæpa 700 m suður af bæ.
Grösug brekka vestan í hólnum en ofar er melur. Neðan eða vestan við eru mýrarflæmi, nú sundurgrafin með skurðum. Grænt er umhverfis tóftirnar og skera þær sig úr snögggróinni brekkunni. Samt eru þær svo ógreinilegar að gerð og lögun að erfitt er að lýsa þeim. Sunnar er slakki sem liggur austur-vestur niður brekkuna, 4-5 m breiður og um 8 m langur. 20 m norður af honum er stærri slakki og óreglulegri, virðast það tvær samtengdar dældir, alls um 10 x 10 m. Engar heillegar vegghleðslur sjást. Ekki er óhugsandi að hér hafi verið e k. ból eða dældir sem fé hefur leitað skjóls í og því orðið grænar af áburði.
Hættumat: engin hætta

BO-105:034 *Korngarður* heimild um akur
"...einnig Girðíngar líklega umkríng Akra og upplægd pláts [...] í túni á Fiskilæk, hvar ein þvilik Gyrðíng, enn þá heitir Korngardur, og vidar," segir í fornleifaskýrslu frá 1817. Ekki er nú vitað hvar girðingar þessar hafa verið. Hugsanlega er þetta sami staður og Kornhóll 002.
Heimildir: FF, 273

BO-105:035 *Fiselækiar steckiar* örnefni stekkur
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: "Ero þessi landamerke i millum mela oc belgs holltz. flatr steinn fyrir norþan osinn a skalalæk oc upp a steininn a skala hollte oc þaþan i titlings hollt. oc þaþan augsyn i fiskelækiar steckia. oc þaþan i fugls þufo....." Af lýsingunni að dæma hafa Fiskilækjar stekkjar verið suður eða vestur af bænum. Örnefnið er ekki þekkt nú og ekki fundust upplýsingar um tóftir sem gætu komið heim og saman við lýsinguna.
Heimildir: DI I, 271-272

BO-105:036 heimild um túngarð
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: þaþan [úr Titlingsholti] augsyn i fiskelækiar steckia [034]. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk....." Af lýsingunni að dæma hefur verið túngarður á Fiskilæk á þeim tíma. Nú sjást engin merki hans.
Heimildir: DI I, 271-272

BO-105:037 heimild um heygarð
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: þaþan [úr Titlingsholti] augsyn i fiskelækiar steckia [034]. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk. stackgarþs enge i fiskelækiar veito oc or fuglþufo i iarþkrossa suþr i veito viþ læke....." Ekki er nú vitað hvar stakkgarðsengi hefur verið á Fiskilæk, nema að það hefur verið í Fiskilækjarveitu. Hún er ekki heldur þekkt nú.
Heimildir: DI I, 271-272

BO-105:038 *fiskilækiar veita* örnefni áveita
Í máldaga Melakirkju sem líklega er frá 15. öld er lýst landamerkjum milli Mela og Belgsholts. Þar segir m.a.: .... þaþan [úr Titlingsholti] augsyn i fiskelækiar steckia [034]. oc þaþan i fugls þufo. skamt fra tungarþe at fiskelæk. stackgarþs enge i fiskelækiar veito oc or fuglþufo i iarþkrossa suþr i veito viþ læke....." Ekki er nú vitað hvar svonefnd Fiskilækjar veita hefur verið.
Heimildir: DI I, 271-272

BO-106 Geldingaá
24 hdr. 1847. Bændaeign. Gandheimur var hjáleiga 1804.
Tún 57,572 m², all slétt. Garðar 907 m².

BO-106:001 *Geldingaá* bæjarhóll bústaður 64°24813N 21°53944V
"Bærinn er vestarlega í landinu og stendur rétt austan við ána," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamli bærinn á Geldingaá stóð um 100 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi. Þar er útsléttað, afgirt girðingarhólf og engar byggingar. Vegur liggur með því að norðan að fjárhúsum sem eru um 100 m norðvestar. Sunnan við hólfið er búið að gera litla tjörn. Fast við hana og sunnan við bæjarhólinn er

hálfgróinn moldarhóll, líklega uppmokstur úr tjarnarstæðinu. Lækur rennur í tjörnina meðfram hólnum að sunnan í afar snyrtilegum farvegi og hefur greinilega verið grafinn út. Greinilegt er að bærinn hefur risið á náttúrulegu holti sem liggur nokkurn veginn austur-vestur. Núverandi bær stendur vestast á því en það rís hæst á gamla bæjarstæðinu, þar er bungumyndaður hóll. Áætluð stærð hans er um 40 x 30 m en erfitt er að segja til um hvar hann endar og náttúrulega holtið byrjar. Frá hólnum hallar til suðurs og vesturs, að læknum sem áður var um rætt. Hvergi sést grjót í hólnum eða ójöfnur, hann er rennisléttur. Þar sem hann rís hæst er aðfluttur klettadrangur reistur upp á rönd. Síðast stóð á hólnum tvílyft timburhús, byggt 1890. Það brann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 131

BO-106:002 heimild um fjós 64°24819N 21°53937V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús á bæjarhól 001, tæpa 10 m norðaustan við bæjarhúsin sem stóðu á bæjarhól 001. Jóhann Hallvarðsson, sem bjó á Geldingaá til 1948, segir að þar hafi verið útihús, öll sambyggð: hlaða, fjárhús og fjós. Engar leifar þessara húsa sjást nú, enda búið að slétta svæðið. Sléttað beitarhólf. Þessi hús voru úr timbri líkt og flest önnur útihús á Geldingaá eftir 1890.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Geldingaár 1918

BO-106:003 heimild um útihús 64°24863N 2154020V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var "tóft" (skrifað svo á korti) með áföstum kálgarði um 100 m norðvestur af bæjarhól 001. Þar er nú nyrsti hluti afgirts beitarhólfs, þess sama og bæjarhóll 001 er í.
Ekkert sést til tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-106:004 *Lambhústún* heimild um fjárhús 64°24879N 21°53900V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús á túnskika sem var aðskilinn frá aðaltúni, hátt í 300 m norður af bæjarhól 001. Jóhann Hallvarðsson segir að þetta tún hafi verið kallað Lambhústún.
Á þeim stað standa nú aðalfjárhúsin á Geldingaá, þó líklega notuð undir hross að mestu leyti nú.
Ekkert sést til eldri húsa, sem líklega hafa verið úr timbri líkt og öll útihús á Geldingaá eftir 1890. Þau gætu hafa staðið ívið norðar en fjárhúsin nú, þar er girðingarhólf fyrir hross.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-106:005 heimild um fjárhús 64°24699N 21°53916V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús á túnskika sem var aðskilinn frá aðaltúni, rúma 250 m suður af bæjarhól 001. Jóhann Hallvarðsson segir að þetta komi heim og saman við úthús á svonefndum Árvelli sem var sunnan Geldingaár. Það voru sambyggð hesthús og fjárhús úr timbri.
Þar er nú rennislétt nes, líklega slegið.
Ekkert sést til húsanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-106:006 *Gandheimur* heimild um býli
Vestur af Stórastapa er Flatistapi, og niður af Flatastapa og Stórastapa, eins og milli þeirra, er Gandheimur. Þar var býli fyrr á öldum, en ekki hefur verið margra daga verk að slá túnið þar," segir í örnefnalýsingu. "Gandheimur nefndist hjáleiga frá Geldingaá, sem var í byggð um 2 ára tíma, líklega um 1690," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við gat staðsett Gandheim nákvæmlega eða hafði heyrt um rústir þar. Farið var eftir lýsingunni hér að ofan. Örnefnið Gandheimur eða Gandheimar er enn notað á Vestri-Leirárgörðum yfir allstórt svæði, að mestu framræstar mýrar, vestur af bænum. Þar ganga nú stóðhestar. Samkvæmt upplýsingum frá Marteini Njálssyni í Vestri-Leirárgörðum og Vilborgu Kristófersdóttur á Læk er Flatistapi rúman 1 km vestur af Vestri-Leirárgörðum og sést þaðan. Þetta er aflangt holt í mýri og liggur norðvestur-suðaustur, klettanibbur eru sín á hvorum enda þess. 2-300 m vestur af holtinu er annað holt eða stapi, hærra og meira um sig; það er líklega Stóristapi. Ekki eru fleiri áberandi holt á þessum slóðum. Á milli holtanna tveggja er einsleit, þýfð mýri í dálitlum halla mót suðaustri. Á þessu svæði öllu er fátt um kennileiti. Engar rústir fundust niður af holtunum, um miðja vegu milli þeirra og raunar sést ekkert sem minnir á rústir á svæðinu öllu. Reyndar er dálítið holt sem rétt svo rís yfir mýrina um 100-150 m suðaustur af meintum Flatastapa. Á því er áberandi hundaþúfa en engin merki um rústir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Geldingaá, 1; Byggðir Borgarfjarðar, 148

BO-106:007 varða landamerki
"Merkin á móti Skorholti er Geldingaá upp af vörðu sem er hlaðin vestan ár neðst á svonefndum Bringum, sem eru ávalir, þýfðir móar vestur af bænum," segir í örnefnalýsingu. Jóhann Hallvarðsson kannast ekki við þessa vörðu, hún er líklega horfin nú. Hugsanlega hefur hún verið í Skorholtslandi, vestan Geldingaár.
Heimildir: Ö-Geldingaá, 1

BO-106:008 *Ölver/Blákollur* þjóðsaga 64°27888N 21°52894V
Í örnefnalýsingu segir: "Vestan við Ölversgil rekur við fjallið Ölver, öðru nafni Blákollur, en það mun nú týnt úr mæltu máli, mun aðalega hafa verið notað í fiskimiðum. Sagt er að þarna búi óvættur, aðrir segja það náttröll, sem hafi dagað þar uppi. Ein sagan um fjallið er á þessa leið: Hallgrímur Pétursson var á reið með sveinum sínum undir fjallinu. Fóru þeir þá að tala um þann, sem þarna byggi, jafnvel hvort hann væri til. Þá sagði Hallgrímur:

Bölvaður Ölver, bröltu fram úr bæli þínu.
Kynjadurgur kvalinn pínu,

komdu og hlýddu máli mínu.
Þá stóð ekki á svarinu, fjallið spýtti fram urð og grjóti. Eru það hólar, sem Katlar kallast. Eru þeir ævarandi merki máttar skáldsins." Ekki var gengið á Ölver haustið 2002.
Heimildir: Ö-Geldingaá, 3

BO-106:009 tóft útihús
Tóft er um 500 m norðvestur af bæ, við Geldingaá.
Hún er norðarlega í mýrlendri kvos sem er bökkum girt að norðan og austan. Nyrsti hluti kvosarinnar er þurr og þar hefur land einhverntíma verið plægt upp en svo gróið yfir plógförin aftur.
Tóftin er 6 x 9 m að stærð, töluvert niðurgrafin og snýr með dyr í suðvestur. Hún er byggð inn í bakkann sem skýlir kvosinni að norðan. Í henni er dálítið af járna- og timburrusli. Líklega hefur kofi verið byggður allra innst í tóftinni eftir að hætt var að nota hana, þar eru uppihangandi ryðgaðir járngaflar og innan þeirra hrunið torfþak. Aðeins grillir í grjóthleðslu í vesturvegg innanverðum.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Geldingaá, 1-2

BO-106:010 *Kvíaból* örnefni kvíar
"Ofan við bæinn, á leið upp í skóg, er smáhólbarð, sem heitir Kvíaból...," segir í örnefnalýsingu. Nú veit enginn hvar Kvíaból hefur verið. Líklega hefur verið farið meðfram Geldingaá norðanverðri þegar leiðin lá upp í skóg og má ætla að þetta hafi verið í námunda við hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Geldingaá, 2

BO-106:011 *Stekkjardalur* tóft stekkur 64°25273N 2154046V
"Ofan við bæinn, á leið upp í skóg, er smáhólbarð, sem heitir Kvíaból [010], og töluvert ofar er Stekkjardalur, en skáhallt niður af honum er Dýjadalur...," segir í örnefnalýsingu. Sé Geldingaá fylgt til norðurs birtist djúpur dalur á hægri hönd, til austurs, eftir tæpa 800 m. Í norðurbrún hans, um 200 m frá ánni, er tóft. Hún er rétt tæpan 1 km norður af bæ. Dalurinn er geysidjúpur. Að sunnan markast hann af snarbröttum melbakka en dýjabrekkum að norðan, þurrum efst. Dalbotninn er mýrlendur og sléttur, eftir honum rennur þverlækur vestur í Geldingaá. Hross eru í girðingu á þessu svæði og land mestallt þýft og bitið. Tóftin er ekki mjög greinileg fyrr en komið er að henni. Hún er hlaðin utan í syðri dalbarminn efst og snýr austur-vestur með op til vesturs. Veggir eru signir og allt að 2-3 m breiðir. Hvergi sér í grjót í þeim. Tóftin er alls 16 x 6 m. Suður- og austurhliðar eru hlaðnar en dalbarmurinn þjónar hlutverki norðurhliðar. Suður frá hólfinu, vestast við opið, vottar fyrir hólfi til suðurs sem hefur verið um 5 x 4 m stórt. Veggir eru þar mun lægri og ógreinilegri en í aðalhólfinu þar sem þeir rísa allt að 0,4 m.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Geldingaá, 2

BO-106:012 tóft 64°27050N 21°52788V
"Nú tökum við fjalllendið. Þá er þar á móti Leirárgörðum Koppakofagil [013]," segir í örnefnalýsingu. Þrjú nafngreind gil ganga inn austan við fjallið Ölver. Vestast er Hálsgil, þá Koppakofugil og síðast Lambagil, næst Leirá. Gil gengur inn í fjalllendið um 300 m austur af Koppakofugili 013. Líklega er það Lambagil. Í því eru rústaleifar. Gilið er þröngt, í því rennur lækur. Þar sem það opnast fram til suðurs er brött skriða austan við læk sem rennur í gilbotninum en gróðurhvammur er að vestan. Neðar, framan við mynni gilsins, er birkiskógur. Í hvamminum við lækinn, í brekku mót suðri, er greinilegur rústahóll, allt að 1 m hár. Hann er hlaupinn í þúfur og ekkert lag er á honum en hann er því sem næst sporöskjulaga. Hleðslugrjót gægist upp úr sverði hér og þar. Stærð hólsins er um 15 x 13 m. Um 20 m neðar eða sunnar er ólögulegur þúfnabingur sem gæti verið rústaleifar.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingaá, 3

BO-106:013 *Koppakofagil* tóftir 64°27073N 21°53154V



"Nú tökum við fjalllendið. Þá er þar á móti Leirárgörðum Koppakofagil," segir í örnefnalýsingu. Þrjú nafngreind gil ganga inn austan við fjallið Ölver. Vestast er Hálsgil, þá Koppakofugil og síðast Lambagil, næst Leirá. Umrætt gil er ýmist kallað Koppakofugil eða Koppakofagil. Í örnefnalýsingu Leirárgarða segir: "Á vesturbakka gilsins er smárúst." Nú sést engin rúst á vesturbakkanum en hinsvegar eru rústir á þeim eystri.
Þröngt og fremur djúpt gil með bröttum skriðum að vestan en smá gróðurræmu í botni austantil. Leifar tveggja eða þriggja tófta eru á bakka austan í gilinu miðju, áður en það þrengist verulega og hækkar. Lækur sem rennur vestan við tóftirnar vex greinilega í leysingum og hefur brotið framan af bakkanum sem er gróinn að ofanverðu; í rofinu sést hleðslugrjót. Ein tóft er heilleg nyrst á svæðinu og snýr norður-suður eins og gilið. Hún er alls 6 x 4,5 m að stærð, veggir mosagrónir en þó sér aðeins í grjót í þeim. Dyr hafa verið í suður. Fast neðan og vestan við, á gilbakkanum eru leifar annarrar tóftar sem gæti hafa snúið þvert á hina fyrrnefndu þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð um það, enda tóftin að mestu horfin í gilið. Ekki er ljóst hvort þær hafa verið sambyggðar. Um 6 m neðar er tvíhólfa tóft, allsendis ótengd hinum, líklega af rétt, alls 7 x 7 m stór. Hleðslur hennar eru alveg hrundar inn en ógrónar. Hólfin snúa bæði austur-vestur og opnast í vestur. Það nyrðra er 7 x 3,5 m en syðra 3 x 5 m. Ekki er opið á milli þeirra. Ekkert er vitað um þessi mannvirki en benda má á að gilið hefur verið einkar gott aðhald og hentugt til innrekstrar. Líklegt er því að þar hafi verið skepnuaðhöld.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Geldingaá, 3

BO-106:014 heimild um bænhús 64°24813N 21°53944V
GELDINGAÁ Í MELASVEIT (B) - BÆNHÚS
1599: Gielldingä xxiiijc. hefur verid bænhus. enn nuna affallid. kyrkiutijund. prestztijund. … JS 143 4to, bl. 220-222. aftekið f. 1600; (PP, 121) Ekkert er nú vitað um hvar bænhúsið hefur staðið þótt líklega hafi það verið í námunda við gamla bæjarstæðið 001.
Heimildir: PP, 121; JS 143 4to, bl. 220-222

BO-107 Vestri-Leirárgarðar

"Jörðin var í bændaeign 1707, metin á 12 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 145.
Tún 47,568 m², 1/5 þýft. Garðar 948 m².

BO-107:001 *Vestri-Leirárgarðar* bæjarstæði bústaður 64°24.776N 21°51.635V
"Eldri bæjarhúsin standa á klapparholtum skammt frá Leiránni..." segir í örnefnalýsingu. Gamla bæjarstæðið er fast vestan við bílskúr sem er örfáa metra VSV við syðra íbúðarhúsið sem byggt var 1996. Íbúðarhúsið sem sýnt er á túnakorti frá 1918 var byggt í nokkrum áföngum: 1912, 1927, 1936 og 1950. Húsið var steinsteypt. Enginn kjallari var undir húsinu sem var rifið 1996. Í túni á dálitlu holti. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 145; Túnakort 1918

BO-107:002 heimild um útihús 64°24.801N 21°51.785V
Útihús er sýnt á túnakorti í miðjum norðurhluta túns, við túnjaðar. Marteinn Njálsson man eftir rústum á þessum stað sem er um 120 m VNV frá syðra íbúðarhúsinu. Voru þær sléttaðar 1975.
Í túni. Ekki sést til fornleifa.



Kort af túni V-Leirárgarða 1918

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-107:003 *Fjárhúshóll* heimild um fjárhús 64°24.745N 21°51.740V
"Í suðvesturhorni þess [túnsins] er Fjárhúshóll. Þar voru fjárhús áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Útihús er sýnt á túnakorti í suðvesturenda túns og er líklega um að ræða fjárhúsið sem talað er um í örnefnalýsingu. Marteinn Njálsson man glögglega eftir grjóthleðslum á þessum stað sem er um 120 m VSV frá bæ og urðu þær til trafala er tún var sléttað. Þá voru einnig lengi kartöflugarðar á svipuðum slóðum og tveir torfkofar sem tilheyrðu þeim. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918, Ö-E- & V-Leirárgarðar, 1

BO-107:004 heimild um útihús 64°24.781N 21°51.617V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918 um 10 norðaustan við bæjarhúsin. Þarna voru torfkofar sem rifnir voru 1948 og stóðu þeir nákvæmlega þar sem syðra íbúðarhúsið er nú. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-107:005 heimild um fjós 64°24.767N 21°51.643V
Tvö samhliða útihús eru sýnd á túnakorti frá 1918 um 10 m SV við gamla bæjarstæðið. Var um að ræða steinsteypt fjós, hlöðu og fjárhús sem rifin voru 1963. Í túni, vestan í holti því er bærinn stóð á. Er þessi hluti túnsins óræktaður.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-107:006 tóft 64 26.807N 21°51.840V
Greinilegar tóftarleifar eru vestan Leirár, við mynni Leirárdals og um 200 m austur af tóftum 018.
Þar er hálfgróinn melhóll við ána og rústirnar eru sunnan undir honum. Þar er þýfð grasbunga en lágt kjarr í kring. Rústin er alveg hlaupin í þúfur og sigin, því verður hvorki einstökum veggjum né hólfum lýst. Hún er í smáhalla mót suðri, snýr norður-suður og er um 16 x 10 m, allt að 1,5 m há sé staðið vestan við hana. Út frá henni til vesturs vottar fyrir bogadregnu hólfi sem er mun lægra en rústin, stærð

um 8 x 8 m.
Hættumat: engin hætta

BO-107:007 *Dys* heimild um legstað 64°24.857N 21 52.378V



"Neðan til á Breiðalæk er klettahæð og á henni grjótþúst, sem kölluð er Dys. Sagt er, að þar hafi barizt smalar frá Leirárgörðum og Geldingaá. Einhvern tíma fóru menn að hnýsast í þetta og fundu þá hestsbein," segir í örnefnalýsingu. Dysin er um 600 m ANA af bæjarstæðinu, í óræktuðum, þýfðum og votlendum grasmóa. "Klettahæðin" sem talað er um í lýsingu örnefnaskrár, er í raun dálítil klöpp sem stendur upp úr jarðveginum. Á dálitlum klapparhól sem er umkringdur þýfðum, votlendum grasmóa. Um er að ræða ferkantaða dæld eða gryfju sem er um 4x6 m að stærð, liggur A-V og er hlaðið umhverfis hana. Hæð hleðslnanna er mest um 0,2 m. Greinilegt er að rótað hefur verið í dysinni því grjótuppkast er við austurenda hennar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4

BO-107:008 *Fornistekkur* heimild um stekk 64 25.053N 21 52.357V
"Efst á Breiðalæk neðanvert í móa við Krakalæk er rúst, sem heitir Fornistekkur." Örnefnið Fornistekkur er um 760 m NA af bæ, syðst í grasivöxnum og þýfðum móa, fast austan við Breiðalæk. Heimildamaður gat ekki bent á hvar stekkurinn sem staðurinn dregur nafn sitt af, á að hafa verið, en þekkti þó örnefnið vel. Fann skrásetjari stekkinn heldur ekki við vettvangskönnun, en svæðið er afmyndað af stórþýfi sem gerir erfitt að greina rústir sem þar gætu leynst.
Stórþýfður, votlendur grasmói.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4

BO-107:009 *Hesthústún* örnefni hesthús 64°24.925N 21°51.872V
"Hesthústúnið liggur fyrir neðan Ásinn. Það er afmarkað með skurðgröfuskurðum," segir í örnefnalýsingu. Fjárhús eru rétt vestan við nyrðra íbúðarhúsið og er Hesthústún fast norðvestan við þau. Ræktað tún. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4-5

BO-107:010 *Hrútatún* tóft stekkur 64 25.240N 21°51.663V



"Neðan við melana, ofan við túnið, út við ána, er Hrútatún. Þar eru tættur eftir stekk eða eitthvað annað," segir í örnefnalýsingu. Hrútatún er mishæðótt, óræktað tún við Leirá vestanverða, um 850 m norður af bæ. Er stekkjartóftin sunnan til í túninu, í dálitlum slakka sem hallar niður að Leirá.
Í slakka í óræktuðu túni.
Tóftin, sem er tvöföld, er um 11x6 m að stærð. Er hún grafin inn í brekkuna að hluta og er hleðsluhæð hennar eða dýpt um 0,3 m. Tóftin liggur SV-NA og er hún opin í SV-enda.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:011 heimild um myllu 64 25.558N 21°51.905V
"Utan um mýri þessa rennur lækur, sem alltaf er eins og heitir Bugalækur. Við lækinn er kofarúst eftir myllukofa. Þar var malað korn áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Rúst þessi á að hafa verið um 1600 m NNV af bæ nánar tiltekið þar sem Bugalækur og Leirá sameinast. Er hún nú horfin.
Grasi vaxinn árbakki, þýfður á köflum.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:012 varða landamerki 64 25.335N 21 52.764V
"Mikið af landinu hér fyrir ofan eru melar, og eftir þeim liggja merkin móti Geldingaá. Línan var um Fornastekk [008] í gráan stein á Börðunum, í vörðu á melnum ofanvert við göturnar og um Hesthólsmóa," segir í örnefnalýsingu. Varðan er uppi á melholti um 1360 m VNV af bæ. Uppblásið melholt. Varðan er mikið sigin og því má segja að lítið sé eftir af henni. Hún er samt sem áður nokkuð áberandi í landslaginu, nánast algróin og stingur því í stúf við uppblásinn melinn umhverfis. Varðan er um 0,5 m á hæð og er breiddin svipuð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:013 *Garðasel* heimild um sel 64 25.854N 21 52.379V
"Efst í Bugunum eru rústir, sem gætu verið eftir Garðasel. Það var í Leirárgarðalandi gegnt Biskupsbrekku," segir í örnefnalýsingu. Staðurinn sem rústirnar eru sagðar vera á er um 1800 m NNV af bæ. Er auðveldast að fylgja Bugalæk upp eftir frá mótum hans og Leirár. Á þeirri leið eru 8 bugar eða hlykkir á læknum ýmist í austur eða vestur og eiga rústirnar að hafa verið á grasigrónum og stórþýfðum bletti sem sker sig talsvert úr umhverfinu sem samanstendur af uppgrónum eyrum. Hafa Bugalækur og Leirá greinilega runnið til og frá um þetta svæði. Stórþýfður grasmói sem er umkringdur uppgrónum eyrum. Rústirnar fundust ekki við vettvangskönnun.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-107:014 heimild 64 26.465N 21 52.438V
"Ofan við Bugana eru móar á melnum. Þeir heita Hesthólsmóar. Þar ofar er hóll, sem heitir Hesthóll. Hann er kjarri vaxinn upp í brekkur, en melur í kolli hans. Norðan við hann eru rústir í smáhvammi við ána," segir í örnefnalýsingu. Ef gengið er upp með Leirá er brátt komið að sumarbústað austan árinnar. Vestan árinnar gegnt sumarbústaðnum er svonefndur Hesthóll. Er hvammurinn sem rústirnar eiga að vera í, um 300 m NNA frá honum. Fjarlægð NNV frá bæ er um 2 km. Stórþýfður og kjarri vaxinn hvammur við á. Skrásetjari varð rústanna ekki var er vettvangskönnun var gerð, enda er svæðið afmyndað af stórþýfi og þar að auki kjarrivaxið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5-6

BO-107:015 *Skotbyrgi* tóftir skotbyrgi 64 26.882N 21°51.309V



"Innan við Kinnarhól kemur gil niður í Leirá. Það heitir Lambagil. Austan við það heita brekkurnar Heiðarkinnar. Austanvert við þær, á áreyrinni, eru sjáanleg svonefnd Skotbyrgi. Þau eru a.m k. tvö. Lambagil er fast norðan við Leirá um 3,5 km NNA frá bæ, nánar tiltekið þar sem Leirá fellur út úr Leirárdal og út á flatlendið. Fellur lækur í Leirá úr Lambagili. Ef gengið er frá Lambagili upp eftir Leirá er komið að skotbyrgjunum eftir um 200 m. Grasi vaxnar áreyrar í tiltölulega þröngu gili. Um er að ræða 3 tóftir sem hlaðnar eru úr hellugrjóti. Tóftirnar eru í misjöfnu ástandi og verður hér fjallað um þær hverja fyrir sig. Tóft a) er sú sem er í hvað bestu ástandi og standa hleðslur hennar að mestu enn svo að lögun hennar er mjög greinileg. Tóftin er um 4x3 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,5 m. Tóftin liggur A-V og eru dyr á norðurvegg. Tóft b) er í öllu verra ástandi því þótt lögun hennar sé nokkuð greinileg. Veggirnir sjálfir eru alveg hrundir eða útflattir. Hún er örlýtið stærri en tóft a) eða um 4x5 m að stærð og nær hleðsluhæðin mest um 0,2 m. Hún snýr eins og tóft a) og hafa dyr greinilega verið á norðurhlið. Tóft c) er í einna verstu ástandi og er lögun hennar orðin alveg ógreinileg. Er í raun um að ræða flata grjóthrúgu sem farið er að gróa yfir. Þrátt fyrir þetta bága ástand tóftarinnar má leiða að því líkum að hún hafi verið svipuð að lögun og hinar tvær. Umfang hennar er um 4x3 m. Er svæðið sem tóftirnar eru á um 12x12 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 6

BO-107:016 tóftir 64 26.637N 21 52.265V
Vestan við Leirá, skammt fyrir neðan mynni Leirárdals og 20-30 m ofan við vegarslóða sem liggur yfir



Leirá á vaði, er tóft.
Gróinn hvammur undir lágum bakka við ána. 10-15 m eru frá tóftinni að ánni.
Tóftin er tvískipt, 7 x 8 m að stærð. Suðurhlutinn er hlaupinn í þúfur en þó sést þar dæld. Norðurhlutinn er aflangt hólf sem snýr með op í austur, að ánni. Grjót sést ekki í hleðslum. Kindagata liggur yfir tóftina vestanverða og sker hana í sundur. Um 5 m norðan við tóftina vottar fyrir annarri tóft, einfaldri, hún er um 4 x 4 m og sjást ekki á henni dyr.
Hættumat: engin hætta

BO-107:017 tóft 64 26.933N 21 52.619V
Tóft er upp við fjall sem er austan Ölvers en vestan við mynni Leirárdals, um 500 m suðaustur af Koppakofagili BO-106:013 sem er á mörkum Geldingaár og Leirárgarða. Skógarrjóður í fjallsrótum, í því er valllendisbrekka í halla mót suðvestri. Rjóðrið er áberandi, þar er gróska og skógur nær upp í brekkuna austan og vestan þess. Kindagötur liggja um rjóðrið og áfram inn með fjallinu. Fremur lítil og fornleg tóft. Hún snýr austur-vestur, er alls 7 x 4 m að stærð og tvískipt. Aðalhólfið er 5 x 4 m, opið mót suðri. Vestan þess er óljósara hólf sem snýr eins en er aðeins 2 x 3 m. Veggir eru signir og mosavaxnir og aðeins grillir í grjót á 2-3 stöðum. Um 20 m sunnar í rjóðrinu er áberandi þýfð bunga sem gæti hugsanlega verið rústaleifar.



Hættumat: engin hætta

BO-107:018 tóftir 64 26.846N 21 52.075V
Tóftir eru skammt vestan við mynni Leirárdals, um 480 m austan við tóft 017.



Þær eru uppi á stalli sem er utan í fjallinu, ofan á honum er þýfi með smákjarri en fremst á honum eru klettar. Leifar þriggja tófta sjást á 30 x 10 m stóru svæði. Sú vestasta er tvískipt og greinileg þótt veggir séu mosagrónir og signir. Hún er hlaðin upp við bratta hlíð og er alls 6 x 7 m að stærð. Er eystra hólfið stærra, 3 x 7 m en hitt 3 x 4 m. Bæði hafa þau op í suður en ekki sjást dyr á milli þeirra. Um 4 m austan við eystra hólfið vottar fyrir vegghleðslu sem snýr eins og tóftin, norður-suður, og er 4-5 m löng. 5-6 m austar vottar óljóst fyrir þúst, um 4 x 7 m að stærð, snýr norður-suður. Veggir hennar eru mjög signir og hvergi sjást dyr. Hátt í 10 m austar er óljós tóft alveg upp við hlíðina, hún er um 8 x 6 m að stærð, aðeins eitt hólf. Allar eru tóftirnar fremur fornlegar og engar heimildir eru um þær.
Hættumat: engin hætta

BO-107:019 heimild
"Niður af túninu á merkjum milli bæjanna var Atdý. Þar var tekið at til litunar. Við framræslu hvarf dýið, en torfvarða var við það," segir í örnefnalýsingu. Upplýsingar um vörðuna bárust eftir að vettvangsvinnu var lokið og því var hún ekki skoðuð á vettvangi.
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 1

BO-107:020 *Króarholt* örnefni
"Suður af bæjum er stórt holt úti í flóanum, sem heitir Króarholt. Þar sem holtið er hæst, heitir Króarholtshaus. Þar eru merkin móti Beitistöðum og Læk," segir í örnefnalýsingu. Upplýsingar um

Króarholt bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og var það því ekki skoðað á vettvangi. Nafnið bendir til að þar hafi verið hlaðin kró eða aðhald.
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 2

BO-107:021 *Girðingurinn* örnefni
"Girðingurinn nær vestan frá Guðrúnarhól að keldu, sem skildi að Nesbörð og Girðinginn. Land þetta hefur að öllum líkindum tilheyrt Guðrúnu í búskap hennar á hólnum," segir í örnefnalýsingu. Upplýsingar um Girðinginn bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og var hann ekki skoðaður á vettvangi. Nafnið bendir til að þar hafi verið hleðsla eða garðlag af einhverju tagi.
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 3

BO-107:022 varða landamerki
"Neðanvert í Slýtjarnarkeldu var torfvarða á merkjum," segir í örnefnalýsingu. Upplýsingar um vörðuna bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og var hún því ekki skoðuð á vettvangi.
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 4

BO-107:023 *Nátthagi* örnefni nátthagi
"Neðar [en Tungan], við Pálsbæjartún, er Nátthagi og Nátthagahóll," segir í örnefnalýsingu. Upplýsingar um Nátthaga bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og því var hann ekki skoðaður á vettvangi. Líklega er hann horfinn með öllu, enda hafa Pálsbæjartúnin gömlu og nánasta umhverfi þeirra verið sléttuð með stórvirkum vinnuvélum.
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 5

BO-108 Eystri-Leirárgarðar
"Jörðin var bændaeign 1707, 24 hundruð að mati. Þá öðru nafni kölluð Stóru-Leirárgarðar. Einnig nefnd Austur-Leirárgarðar. Hér voru um langan aldur tvö býli, og nefndist jörðin þá Mið-Leirárgarðar og Austustu-Leirárgarðar (Pálsbær). Eftir 1930 er búið í Eystri-Leirárgörðum sem einni jörð og Pálsbær lagður til heimajarðar." Byggðir Borgarfjarðar, 129
Tún 72,712 m², allt slétt. Garðar 1,249 m².

BO-108:001 *Eystri-Leirárgarðar* bæjarhóll bústaður 64°24.815N 21°51.440V
"Bærinn stendur rétt vestan við Leirá," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Bæjarstæðið sem sýnt er á túnakorti frá 1918 er fast norðan við vestara íbúðarhúsið á Eystri-Leirárgörðum. Nefndist sá bær Mið-Leirárgarðar. Síðasta íbúðarhúsið sem stóð á þessum stað var byggt árið 1906. Var það rifið árið 1996 og var hóllinn þá jafnframt lækkaður um u.þ.b. 1 m. Fast norðan við gamla bæjarstæðið er nú malarplan fyrir rúllubaggastæður. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 129; Túnakort 1918

BO-108:002 heimild um fjárhús 64°24.903N 21°51.409V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918 í miðjum norðurenda túns. Var um að ræða steinsteypt fjárhús og stóðu þau um 160 m NNA af gamla bæjarstæðinu. Voru þau rifin árið 1931, en staðurinn ekki sléttaður endanlega fyrr en fyrir um 8-10 árum. Í túni á hæð.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-108:003 heimild um útihús 64°24.903N 21°51.440V
Útihús eru sýnd á túnakorti frá 1918 um 8 m norðvestan við bæjarhúsin. Var um að ræða steinsteypt fjós, hlöðu og hesthús sem voru sambyggð. Voru þessi hús byggð rétt fyrir 1918 en rifin árið 1996 og staðurinn sléttaður. Þarna er nú malarplan fyrir rúllubaggastæður (sjá einnig 001). Í túni á hæð. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-108:004 *Húsahóll/Ásbjarnarhóll* heimild um bústað 64°24.314N 21°51.975V
"Suðaustur af Króarholtshaus, einnig á merkjum, er hóll, aðskilinn af flóasundi. Hann er í daglegu tali



Mið- (nú Austari-) Leirárgarðar

nefndur Húsahóll, en þó stundum Ásbjarnarhóll. Hóllinn fær nafn sitt af Ásbirni nokkrum, er þar bjó og var einsetumaður, að talið er. Seinna voru fjárhús Eystri-Leirárgarða þar, en hafa sennilega verið flutt til heimahúsa fyrir 1900. Rústir fjárhúsanna sjást enn," segir í örnefnalýsingu. Húsahóll/Ásbjarnarhóll er skammt austan þjóðvegar, um 1 km suður af bæ. Kartöflugarður er vestan undir hólnum en rústirnar uppi á hábungu hans. Grasi vaxinn og þýfður hóll. Tóftin sem skiptist í fimm hólf er um 11x11 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,5 m. Tóftin er vaxin háu grasi og er hún einnig afmynduð af þýfi sem leiðir til þess að mjög erfitt er að átta sig á stærð og lögun hennar. Liggur tóftin austur-vestur



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 2-3



BO-108:005 *Guðrúnarhóll* tóft býli 64°24.443N 21 50.550V
"Nokkru ofar og austar, nær Leirá, er annar hóll, sem heitir Guðrúnarhóll. Hann fær nafn sitt af Guðrúnu nokkurri, er þar bjó. Rústir á Guðrúnuhól sjást enn mjög vel," segir í örnefnalýsingu. Guðrúnarhóll er um 900 m SA af bæ og um 400 m austan þjóðvegar.

Á hólnum eru greinilegar rústir. Þýfður grasi vaxinn hóll. Tóftin er tvöföld og um 9x9 m að stærð. Er hleðsluhæðin um 0,3 m. Tóftin er talsvert sigin og sprungin en þó vel greinileg. Víða sést grilla í hleðslugrjót bæði í veggjum og inni í tóftinni (hrun). Liggur tóftin austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-E- & V-Leirárgarðar, 3



Kort af túni Pálsbæjar 1918

BO-108:006 *Austustu-Leirárgarðar/Pálsbær* heimild um bústað 64°24.849N 21°51.122
"Um langan aldur var tvíbýli í Eystri/Stóru/Austur-Leirárgörðum og a.m.k. um skeið tveir bæir. Stóð eystri bærinn á vesturbakka Leirár og gekk undir nafninu Austurbær, Austustu-Leirárgarðar eða Pálsbær. Voru síðasttöldu nöfnin notuð á síðari hluta 19. aldar og fram á þá tuttugustu. Búskap lauk í Austustu-Leirárgörðum 1919, og lögðust þeir undir Mið-Leirárgarða. Vísir að áðurnefndri skiptingu mun hafa verið kominn 1707...," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Pálsbær stóð um 160 m ANA frá eystra íbúðarhúsinu á Eystri-Leirárgörðum. Þessi hluti túnsins var sléttaður fyrir um 10 árum og kom þá upp talsvert af hleðslugrjóti. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 148

BO-108:007 heimild um útihús 64°24.853N 21°51.095V
Útihús er sýnt á túnakorti Pálsbæjar frá 1918 í norðvesturenda garðs sem hefur verið austan við bæjarhúsin, um 40 m austur af bæjarstæðinu 006. Þar er ritað „hey" á kortinu og gæti þetta hafa verið heygarður eða hlaða. Í sléttu túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-108:008 heimild um útihús 64°24.834N 21°51.095V
Útihús er sýnt á túnakorti Pálsbæjar í austurhorni túns, um 80 m ASA af bæjarstæðinu 006. Að sögn Magnúsar Hannessonar kom upp talsvert af grjóti á þessum stað við sléttun túnsins fyrir um 10 árum

síðan.
Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109 Leirá

"Dýrleiki jarðar var 90 hundruð 1707 með ítökum og hjáleigum, að 1/3 í eigu kirkjunnar. Í Landnámu er nefnt, að Oddgeir, bróðir Hróðgeirs spaka í Saurbæ, bjó á Leirá (síðar í Oddgeirshólum)." Byggðir Borgarfjarðar, 134. Leirá hafði sölvatekju á Breiðufjörum vestan í Belgsholtsnesi, sbr. Ö-Belgsholt, bls. 2.
Tún 91,745 m², allt þýft. Garðar 1,497 m².

BO-109:001 *Leirá* bæjarstæði bústaður 64°24811N 2150621V
"Bærinn stendur á sléttlendi, sem hallar suður frá Skarðsheiði," segir í örnefnalýsingu. Bærinn á Leirá stendur enn á gamla bæjarstæðinu eftir því sem best er vitað. Síðasti torfbærinn stóð þar sem nú er hlað milli íbúðarhúss og fjóss. Hann var rifinn árið 1880. Þá var reist þar steinhús og stóð það fram til 1940 en var þá rifið og annað byggt á sama grunni. 1970 var svo byggt við það hús að sunnanverðu. Húshlutinn frá 1940 var rifinn 1999 og hefur viðbyggingin frá 1970 verið notuð eftir það en byggt hefur verið við hana að norðanverðu á síðustu árum. Bæjarhúsin standa á nokkuð greinilegum hól sem hallar frá til allra átta, þó sýnu mest til norðurs. Engar leifar eða hleðslur sjást af eldri bæjarhúsum á Leirá og má ætla að bæjarhóllinn sé illa farinn af byggingum. Hóllinn er nokkuð greinilegur en líklega að hluta náttúrulegur, þ.e. bærinn hefur verið reistur á holti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Leirá, 1

BO-109:002 heimild um kirkju 64°24813N 2150541V
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10
[1367]: lxxxvii. Peturskirkia ad leira a þridiung j heimalande og vtlondum og þridiung allrar veide j laxa. hun a iiii kyr. ix ær og einn hest. Olafur Grimsson tok sio kyr og þriar ær og ij hross.
les frammveigis eptter wilchins maldaga.
Hun a tiolld vm sig. og alltaraklæde; Hítardalsbók DI III 223
1397: CCXXV. Leira
Peturskirkia ad Leira a þridiung i heimalandi oc vtlondum oc þridiung allrar veidi j Laxaa.
Olafur Grijmsson tok vij kyr oc iij ær oc ij hross.
Hun a tiolld vmm sig . alltarisklædi iij. messofot ein oc hokla ij. slopp. artijdaskra oc songbækur ij. brijkarklædi ij. kiertistikur iij. munnlaug og kolu. stola iij. elldbera oc glodarkier. skorningur yfer alltari oc alltaris dvka iij ovijgda. kolur ij litlar firir krossi oc Petro postula oc skijrnarsä. abreidsl oc sotdript. handklædi. psalltara ij. kluckur ij oc biollu eina. lekktara ij.
Þar skal vera prestur oc taka iiij merkur.
Jtem cc j vidum.
c j landi.
c i bokumm oc enn c i bokumm.
Kista oc steintiolld er Teitur gaf med lijki modur sinnar.
Þar liggia vnder viij bæer ad tijundumm oc lysitollumm.
reiknadist portio Ecclesiæ a v ärum halft fimmta hundrad. Máld DI IV 194
7.8.1456: Jörðin Vogatunga ... liggr j leiraar kirkiusokn; DI V 145
[1478]: Leira.
Peturs kirkia ad leirä a þridiunng j heimalannde oc vtlonndvm oc þridiunng allrar veide j Laxä. tok hallsteinn med vj kugilldum kirkiunnar vegna oc þar til eina v aura.
hun a jnnan sig et cetera.
þar skal vera prestur og taka iiij merkur kaups.
þar liggia vnnd[er] vij bæier ad tijunndum oc lysetollum. Máld DI VI, 177 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 120b - Maður að nafni Hallsteinn Höskuldsson bjó á Hesti í Borgarfirði 1444 og telur JÞ að það sé sá sami]
5.5.1482 heyrdu [Hallur Jönsson. Andres Hallsteinsson og Vilhialmur Jonsson] Hallstein Hauskulldsson gieffa kirkiunne a Leijra tueggia manna jferd i soluafioruna j Belgshollte æffenlega. – DI X, 33.

1513: Jtem helldur kaupbref Runolffz Hoskuldssonar og Sera Þordar Guendssonar ad Kirkian a Leijrä ætte þridiung i heimalande. hefde vered sogd 90c. hun ætte Akrey j Vogum. Suängakot i Skoradal og skög allan austur ad Suartagile. tueggia manna iferd edur þriggia i soluafioru i Belgshollte huort sem vill sä] er ä Leijrä byr effter þui sem Hallsteirn heitenn gaf kirckiunne þä hann ätte badar jardernar og þridiung allrar veide i Laxä vtan alla veide j Laxfosse nema siottung er Skards kirkia skal eiga. – DI X, 33

1513: Samhliodar þessu ollu sem fyrr skriffad er Breff Stephans diakna Gijslasonar og Hallvards Magnussonar. med þeirra Jnsiglum. äsamt Jnsigli Runolfs Hoskulldssonar huor selltt haffdi Sera Þordi Gudmundssyne halfa Leirä ad þessu ollu tilteknu og þar til tveggia manna jferd eda þriggia i Solfafioru i Belgsholltt huort sem sä vill er ad Leirä Byr. Epter þvij sem Hallsteirn heitinn gaff kyrckiunni þä hann atti Bädar jardernar. Datum þess brefs 1513 þridiudaginn fyrstan i fostu vm veturinn ad Melum. Þad sama Breff skier og lioslega vr ad xxxc j heimalandi reiknist ecki med vtlondum sem þad Breff hermer. DI VIII, 416-17. 1554 úrskurðar Marteinn Einarsson Skálholtsbiskup að kirkjan á Leirá skuli halda frjálslega tveggja manna íferð í Belgsholtsfjöru – DI X, 33-34.

[eftir 1570]: skipar Gísli Jónsson bp Lambhaga og Galtarholt til Leirárkirkjusóknar undan Görðum þó með þeim skilmála að kirkjutíund sem falla kann á þessum bæjum gjaldist annaðhvort árið til Garða en hitt til Leirár. DI XV, 472.

1575: CXLII. Leiraa.

Kirkian ä Leirä ä xxxc i heimalande. og thridiung allrar veijde i Laxä.

Jtem Akurey i Vogum. hälffa Suanga Jord. i Skoradal allan skog austur ad Suartagjle.
Jtem viij kugillde. ijc. i kauplum. og ijc. i gielldum saudum.
Jtem i kirkiunne ein messuklde. ein klucka.
Jtem gardurinn Lxc.
Jtem fastag-tz jc. hundrada og xiiijc.
Jtem lausagotz c. hundrada. og viij betur. Máld DI XV 628

24.6.1599: … Vnder hana liggia .7. bæier. þar eru j .3. tolfhundrada kot. þeir optast a þeim buande. sem oungua tijund nie liostoll giallda eiga.

frä lambhaga og gallttarholltte hefur fyrir fäm ärum skickud verid kyrkiusokn til Lejrär. enn skylldurnar golldnar annad arid til garda. enn annad til Leijrär. … JS 143 4to, bl. 222

1634: Jtem helldur gamallt bref ad Peturs kirkja a Leijra eige alla veijde i Laxfosse vtan siottung og þridiung allrar veijde i Laxä. Þad votta Olaffur Odsson og Skegge Oddsson ad þeir haffe heyrt suo felldan mäldaga lesinn kirkiunnar ä Leijrä. ….

Þad bera Steirn Magnusson og Hrolffur Magnusson ad þeir haffe alldre heirdt nie vitad eda hugad annad ee þad ad kirkian a Leijrä ætte Suängakot og skog allan austur ad Suartagile. DI X, 32-33

1642: Peturskyrckia ad Leirä a þridiung i heimalandi og wtlondum. epter Wilchinsbok. enn Visitatiubök Herra Gijsla Jonssonar kallar xxxc j heimalandi. Bädar mäldagabækurnar seigia. og þridiung allrar veidi i Laxä. Sijdan seigir Visitatiubökin. Jtem Akurey j Wogum. halffa Svanga jord i Skoradal. aalan sk-g austur ad Svartagili. Jtem greiner logmaduren Arni Oddson alla veidi i Laxfossi vtan siottüng. er Skards kyrckia skal eiga. enn er þö nu hafft og halldid til Leirär med þvii kyrckian er aflogd fyrer morgum aarum. … Jtem ä hün þad eingi ad þridiungi vid jordina sem kallad heffur verid Logmanseingi. DI VIII, 416-17 [Vísitaziubók Brynjólfs biskups um Sunnlendingafjórðung 1642, s. 54]

27.2.1880: Leirár- og Melasóknir lagðar undir Saurbæ; (PP, 118) [lög]

23.5.1885: Melakirkja lögð niður og sóknin lögð til Leirár; (PP, 118) [landshöfðingjabréf]

Kirkjan sem nú stendur á Leirá var byggð árið 1914 og hefur kirkja staðið þar frá því um 1880. Þar á undan stóð kirkjan norðvestarlega í kirkjugarðinum nánar tiltekið þar sem leiði Jóns Thoroddsens er (dáinn 1868), en hann var grafinn undir kirkjuvegg. Sú kirkja var talin hlaðin um 1846. Hún hefur staðið nálægt norðvesturhorni kirkjugarðs.Engin merki sjást nú um gömlu kirkjuna, enda hefur kirkjugarðurinn verið sléttaður. Engar garðhleðslur sjást heldur umhverfis hann. Á túnakorti sem gert var 1918 sést að kirkjugarðurinn hefur þá verið um 40 x 23 m. Vegur hefur legið með honum að norðanverðu heim að bænum og matjurtagarður hefur verið áfastur kirkjugarðinum að vestan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 121, 134; Túnakort 1918; DI: Íslenskt fornbréfasafn

BO-109:003 heimild um fjárhús 64°24979N 2151016V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 170 m norður af útihúsi 005. Á þessum stað er túnblettur uppi á hól, að mestu aðskilinn frá aðaltúninu með dálitlum klettum. Húsið er horfið, það var fjárhús. Engar misfellur sjást í túninu. Vestast á klettunum sjást leifar af gamalli steinsteypu með náttúrulegu grjóti í sem rutt hefur verið saman. Má vera að þær leifar séu úr gömlu útihúsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:004 heimild um útihús 64°24944N 2150933V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 60 m norður af 005. Þar er nú sléttað tún. Austan við það er skurður og handan hans framræst stykki. Á þessum stað er lágur hryggur eða tunga í túninu og hefur húsið væntanlega staðið þar á.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:005 heimild um útihús 64°24907N 2150887V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 150 m norðvestur af 006, á þeim stað sem nú eru fjárhús. Á þessum stað er nú stórt útihús sem nú virðast gegna hlutverki fellihýsa- og bílageymslu. Ekkert sést til eldri húsa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:006 tóftir hesthús 64°24867N 2150696V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru tvö samstæð útihús tæpa 120 m norður af bæjarhól 001. Þar sjást enn tóftir. Umhverfis eru sléttuð tún. Myndarlegur hóll er á þessum stað, allt að rúmlega 2 m hár og um 20 x 20 m að stærð. Hann gæti verið rústahóll að mestu eða öllu leyti. Á honum sjást nú leifar tveggja húsa, annars vegar uppi á honum og hins vegar suðaustan við háhólinn. Síðarnefnda tóftin er niðurgrafin og eiginlegir veggir ekki sjáanlegir utanfrá. Enn er þak hangandi uppi á henni og samtals er tóftin sem er um 3 x 5 m að stærð. Efri tóftin er 3-4 m vestar og sjást þar glöggar vegghleðslur á tvo vegu, norðan og austan megin. Hólfið sem þar myndast er einfalt, um 4 x 4 m, hleðslur grjónar en þó sér í grjót á fáeinum stöðum. Þarna munu hafa verið hesthús og hrútakofi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kort af túni Leirár 1918

Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:007 heimild um útihús 64°24836N 2150620V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús tæpa 40 m norður af 008 og því neðan við bæjarhól 001.
Sléttað tún.
Húsið er horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:008 heimild um fjós 64°24817N 2150615V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu tvö sambyggð útihús austan við bæjarhúsin. Þau hafa verið á bæjarhól 001. Þar eru nú útihús, m.a. vélageymsla. Ekkert sést til húsanna. Þetta munu hafa verið fjós og hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:009 þúst útihús 64°24911N 2150787V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var "tóft" svonefnd við austurjaðar túns rúma 100 m norðvestur af útihúsi 006. Sléttað tún. Á þessum stað sést greinileg bunga í túni, lág og ávöl, alls um 15 x 20 m að stærð. Hún er slegin og ekki sést í henni grjót. Önnur minni bunga sem einnig gætu verið rústaleifar er 30-40 m suðvestar. Ekki er vitað af hverju tóftin var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:010 heimild um útihús 64°24647N 2150457V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var "tóft" svonefnd í suðurenda túns, rúma 300 m suður af bæ 001. Þar er nú sléttað tún. Skurður hefur verið grafinn austan við gamla túnið og fleiri stykki ræktuð upp þar. Tóftin er horfin og enginn veit lengur af hvers konar húsi hún var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-109:011 *Sauðhúshóll* tóftir beitarhús 64°24098N 2150175V
"Norður frá Merkjamel eru Sauðhúsásar, og vestast á þeim er Sauðhúshóll. Þarna á hólnum voru eitt sinn sauðahús frá Leirá, en eitt sinn varð sauðamaður úti og fannst örendur við hólinn. Ekki lá hann kyrr, og gerðist reimt þarna, svo hætta varð að nota húsin, og ekki er langt síðan menn urðu fyrir óþægindum við hólinn," segir í örnefnalýsingu. Rústir sauðhúsanna eru 1,4 km suður af bæ, vestast á stórum ás sem er bungumyndaður og með mel efst. Rústirnar eru á gróðurtorfu. Ofan þeirra er melur en neðar mýrar.



Alls sjást fimm rústir á hólnum á um 90 x 40 m stóru svæði. Þær verða númeraðar hér til einföldunar.
I. Unglegustu rústirnar eru syðst. Þær eru af þremur samstæðum húsum sem öll eru álíka stór og snúa með dyr í suður. Aftan við þau er hólf sem snýr þvert á þau eða austur-vestur. Líklega eru þetta beitarhús og hlaða eða heygarður. Veggir eru mjög signir og talsvert þýfðir, ekki sér í grjót í þeim. Garðar sjást ekki í húsunum. Rústin er alls 15 x 15 m að stærð. Þannig er hvert hinna þriggja samstæðu hólfa um 5 x 8-10 m en hlaðan/heygarðurinn um 15 x 5 m. Óljóst garðlag liggur í sveig frá norðausturhorni hússins til suðurs, alls um 15 m langt. II. Um 10 m norðaustur af (I) er einföld rúst, um 8 x 8 m að stærð. Hleðslur eru töluvert signar. Hvergi sjást dyr á tóftinni. III. Tæpa 5 m austur af (II) er lítil og einföld rúst, aðeins rúmlega 2 x 2 m að stærð. IV. Tæpa 30 m norður af (II) er rúst sem er býsna lík (II) en stærri, 10 x 12 m að stærð og snýr norður-suður. Engar dyr sjást á henni, vegghleðslur eru signar og bólgnar og hvergi sér í grjót. Milli rústa (II) og (IV) liggur óljóst garðlag, allt að 2 m breitt. V. Að lokum er mjög fornleg rúst um 10 m norðvestur af (IV). Hún er 12 x 6 m og snýr austur-vestur, í dálitlum halla mót vestri. Dyr eru ekki greinilegar en líklegt að þær hafi verið í vestur. Þessi rúst er sú fornlegasta á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 1

BO-109:012 *Torfholt* örnefni rista 64°24860N 2149867V
"Upp að Torfholti, milli þess og Lækja, er Torfholtsbarð," segir í örnefnalýsingu. Torfholt er fast neðan vegarins um Leirársveit, 600 m austur af bæ. Holtið er áberandi vegna stórrar hundaþúfu sem er

á því nyrst. Þurrt holt en mýrar eru umhverfis. Væntanlega hefur torf verið tekið í mýrunum en þurrkað á holtinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 2

BO-109:013 *Drekkingapyttur* heimild um aftökustað
"...suður af bænum, er Lágatún. Þar átti að vera staður, sem enginn veit nú, hvar var, Drekkingarpyttur. Þar átti sakamönnum að hafa verið drekkt," segir í örnefnalýsingu. Talið er að þetta hafi verið hylur í Leirá. Hún hefur fært sig mikið til í tímans rás og því nær vonlaust að segja til um hvar pytturinn hefur verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 2

BO-109:014 náma mógrafir 64°24259N 2150242V
Mógrafir eru 1,1 km suður af bæ 001, í aflíðandi mýri ofan við Leirá þar sem hún rennur í mjög krappri beygju. Þetta er um 300 m norður af Sauðhúshól 011. Mýri sem mikil stör vex í. Nokkrar mógrafir sjást, flestar ferningslaga og um 1 m djúpar. Vatn er í botni þeirra. Svæðið sem skoðað var er alls um 50 x 20 m stórt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 2

BO-109:015 *Tannakot/Grjóthóll/Þinghóll* heimild um býli 64°24973N 2150644V
"Þá er það efsti hluti túnsins, sem nefndur er Tannakot eftir gamla býlinu, sem þarna var. Nefnt líka Grjóthóll eða Þinghóll," segir í örnefnalýsingu. "Bygð fyrst innan 40 ára í fjárhússtæði frá Leirá," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í Byggðum Borgarfjarðar segir aðeins að kotið hafi verið norðarlega í Leirártúni. Líklegt er að það hafi staðið á sama túnbletti og útihús 003 var síðar, sbr. túnakort frá 1918. Þar sjást engin ummerki um mannvist, enda hefur túnið verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Leirá, 2-3; JÁM IV, 129; Byggðir Borgarfjarðar, 149

BO-109:016 *Nátthagi* heimild um nátthaga 64°24998N 2151371V
"Efst á eyrinni, milli lækjar og ár, var gamall nátthagi, sem nú er horfinn, en svæðið heitir Nátthagi," segir í örnefnalýsingu. Nátthagi var þar sem nú er íþróttavöllur fyrir sunnan Heiðarskóla. Sléttur grasvöllur. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:017 *Gamlistekkur* tóft stekkur 64°25341N 2150903V
"Austan og ofan við túnið hækkar landið. Þar heita Börð. Þetta eru þýfð móabörð. Ofan þeirra tekur við Tannakotsflóinn. Um hann rennur lækurinn, sem fyrr er nefndur. Hann myndast að nokkru úr flóanum, en aðalupptök hans eru í Gamlastekk. Það eru miklar rústir fyrir ofan Börðin. Munnmæli eru, að þar hafi laugin verið, sem Árni Oddson dó," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er 1 km norður af bæ, skammt vestan við þráðbeinan vegarslóða sem liggur til norðurs upp frá félagsheimilinu austan Heiðarskóla.



Stekkurinn er á bersvæði, þar er ekkert aðhald. Þýfðir móar með stórgrýttum flögum. Lítil skógræktargirðing er fast vestan við stekkinn. Tóftin er hrunin saman en að mestu ógróin, alls um 15 x 11 m stór. Í henni sjást þrjú hólf. Það stærsta er reglulegt, 11 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Út frá því er hlaðin kró til vesturs, 5 x 7 m að stærð og opin í vestur. Þar hefur verið rekið inn því ekkert annað op er á stóra hólfinu. Þá vottar fyrir hólfi í krikanum milli aðalhólfsins og króarinnar, það er um 8 x 4 m að stærð. Veggir hafa allir verið hlaðnir úr stórgrýti en nú stendur vart steinn yfir steini í hleðslunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:018 *Leirárlaug* heimild um sundlaug 64°25560N 2151790V
"Hann [Tannakotslækur] myndast að nokkru úr flóanum, en aðalupptök hans eru í Gamlastekk [017]. Það eru miklar rústir fyrir ofan Börðin [029]. Munnmæli eru, að þar hafi laugin verið, sem Árni

Oddson dó í. Þar er einnig önnur rúst nafnlaus, sem ekki er vitað, hvað er [030]," segir í örnefnalýsingu. Talið er að laugin sem Árni Oddsson lést í hafi verið þar sem ávallt var sundlaug í seinni tíð. Það er fast austan við Leirá, 1,7 km norður af bæ. Nú er ekki talið líklegt að hún hafi verið ofan við Börðin, enda er enginn jarðhiti þar. Áin rennur í þrengslum á þessum stað og eru smáklettar við hana en svo grasbakki. Þarna eru nú leifar af steyptri laug sem hætt var að nota um 1970. Ekki sést til eldri lauga. Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Nokkuð upp með ánni eða þar, sem borhola skólans er nú, var volg uppspretta. Það mun hafa verið um 1915, að áhugamenn um sund gengust fyrir því, að þarna var byggð sundlaug. Var hún í fyrstu hlaðin úr torfi, en síðar var byggð þarna steinsteypt laug. Ekki er ljóst hvort manngerð laug var á staðnum fyrir 1915.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Leirá, 3; Byggðir Borgarfjarðar, 118

BO-109:019 *Réttarmýri* örnefni rétt 64°25067N 2151346V
"Upp af Nátthaganum [109:016], vestan Tannakotslækjar... heitir Réttarmýri..." Réttarmýri var þar sem Heiðarskóli stendur nú. Malbikað plan innan um húsbyggingar sem tilheyra skólanum.
Ekki sést til fornleifa
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:020 tóft beitarhús 64°26261N 2150727V



Tóft er 5-600 m austan við Leirá (þ.e. ána, ekki bæinn), upp við fjall, 2,7 km beint norður af bæ.
Þokkalega gróinn en grýttur hvammur, suður af honum eru rofabörð og hálfblásnir melar. Leifar birkiskógar eru 2-300 m vestar. Veggir tóftarinnar eru alveg signir. Hún snýr norður-suður með dyr í suður og sýnist einföld. Stærð hennar er 8 x 5 m og eru veggir mosagrónir. Grjót gengur upp úr þeim á nokkrum stöðum, enda jarðvegur ekki þykkur í hvamminum. Hugsanlega er tóftin af gömlum beitarhúsum. Leifar af litlu byrgi sem er alveg hrunið, eru fast vestan við tóftina, það hefur verið um 1,5 x 2 m með op í suður. Hugsanlega hefur það verið skotbyrgi. Það er í dálítilli dokk sem er áföst aðaltóftinni og er ekki útilokað að þar hafi verið annað hólf.
Hættumat: engin hætta

BO-109:021 tóft 64°26687N 21°52040
Tóft er í stórum hvammi austan við Leirá, skammt neðan við mynni Leirárdals en vestan við skógræktargirðingu. Þetta er skammt norðan við vegarslóða sem liggur yfir ána á vaði.
Sléttur og grösugur hvammur mót vestri, vandlega afmarkaður af bröttum hlíðum. Þarf að klöngrast yfir klettanibbu til að komast í hann úr suðri.
Tóftin er 15 x 7,5 m að stærð, snýr norður-suður og er tvískipt. Stærra hólfið snýr norður-suður og hefur líklega haft dyr í suður en hitt snýr þvert á það nyrst og opnast í vestur. Mosi vex á veggjum sem eru signir og hvergi sér í grjót. Þeir ná þó allt að 1 m hæð. Sunnan við tóftina er áberandi þúfnaklasi sem gæti verið tóftaleifar.
Hættumat: engin hætta



BO-109:022 *Borgarbarð* heimild um fjárskýli
"Austur af Leirárlaug, ofan við Lágflóann, austur að Hrauntúnslæk, heitir Borgarbarð. Þar er talið, að fjárborg hafi staðið til forna," segir í örnefnalýsingu. Borgarbarð er fremur áberandi og auðfundið, sker sig úr annars kennileitalausri mýri og er um 300 m norðaustur af Leirárlaug 018. Langt og mjótt hæðardrag ofan við mýri. Það liggur austur-vestur en ofar eru móar. Barðið var gengið á enda en ekki fannst þar rúst. Um 50 m vestan við mörkin við Hávarðsstaði eru reyndar smáþúfur á svæði sem er um 6 x 6 m, hugsanlega rústaleifar. Víða uppi á barðinu sjást dældir sem gætu verið gamlar mógrafir.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 3-4

BO-109:023 *Skessusæti* þjóðsaga
"Smáklettahóll er utan í Miðfitjahól, við götuna, og heitir hann Skessusæti. Skessan réðst einu sinni á bónda frá Vatnsenda í Skorradal, en gaf honum líf gegn því, að hann léti sig hafa ull í eina vetlinga. Hann færði henni átta sauðareyfi, næst þegar hann átti leið um. Seinna gekk hún svo í veg fyrir hann, þakkaði honum ullina og sagði um leið, að hann hefði verið nokkuð knappur, því það vantaði í þumalinn. Hann bætti úr því, og hún glettist ekki við hann," segir í örnefnalýsingu. Skessusæti er samkvæmt þessu innarlega í Leirárdal. Ekki var farið þangað haustið 2002.
Heimildir: Ö-Leirá, 5

BO-109:024 *Leirársel* tóftir sel 64°27946N 2149051V
"Austur af Rauðahnúkafjalli, í fjallsrótum, er sérkennilegur klettur, sem er nafnlaus. Utan við það er stórt og mikið gil, Illgil. Gatan beygir yfir það til suðausturs. Þar er Víðidalur. Þar innan við hann vestanvert er Leirársel, geysimiklar rústir. Þar hefur verið mikið um að vera, lengi haft í seli. Rústirnar eru við hól, sem heitir Selhóll," segir í örnefnalýsingu. Selið er vestan Leirár, 6 km norður af bæ 001. Það er um 1 km sunnan við staðinn þar sem raflínur liggja yfir ána.
Hvammur eða skeifulaga dalur sem gengur til vesturs frá Leirárdal og í sveig um stóran klettahól, líklega Selhól. Á rennur um dalinn og í Leirá neðan hólsins. Búsældarlegt og grösugt er í dalnum.
Tvær rústaþyrpingar eru í dalnum á svæði sem er alls um 180 x 150 m. Verða einstakar rústir hér merktar með bókstöfum til einföldunar. Um miðbik dalsins að vestan, upp við hlíð sem markar hann þeim megin,
eru tvær tóftir. A) Sú syðri er alls 22 x 10 m að stærð og er á nokkru stærri þúfnabingi sem gæti verið eldri rústir. Veggir eru stæðilegir en bólgnir, allt að 1 m háir. Hún snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Tvö hólfanna liggja austur-vestur, það eystra með dyr í norður en hitt í suður. Þriðja hólfið er svo



sunnan við hin tvö og virðist op milli þess og vestasta hólfsins. Þúfnabingurinn undir tóftinni nær allt að 5 m út fyrir hana. Í honum mótar fyrir dæld suðvestan við tóftina. B) Önnur tóft er 25 m norðar. Hún er alls 8 x 9 m og skiptist í tvennt. Í nyrðri hlutanum er langt og mjótt hólf sem snýr með op í austur en syðri hlutinn er líkastur áfastri upphækkun. Grjót sést í hleðslum. Þá er það seinni tóftaþyrpingin. Hún er 150 m suðvestur af rúst (A), beint vestur af Selhól og fast norðan við lækjarsprænu sem rennur í ána. Þarna eru fjórar tóftir, allar signar og töluvert fornlegri en þær fyrrnefndu, (A) og (B). C) Sú syðsta snýr austur-vestur, er 6 x 8 m að stærð og lík ílangri skeifu, opin

í austur. 15 m norðaustur af henni er óregluleg þúst, (D) sem ekki sést húsalag á, 9 x 6 m stór. 5 m norðvestur af henni er rúst (E) sem líklega er opin í vestur, snýr austur-vestur og er 7 x 5 m að stærð. Um 5 m norður af henni er tvískipt rúst, (F), á lækjarbakkanum. Nyrðra hólfið er 8 x 5 m og snýr austur-vestur, opið í vestur. Syðra hólfið gengur út frá henni til suðurs og er 3 x 5 m, á því sjást ekki dyr.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Leirá, 5

BO-109:025 *Bríkþjóðsaga draugur*
"Talið frá Leirá eru það Vestastakinn, Miðkinn og Austastakinn. Hún er mest skriðurunnin af þeim. Austur af Miðkinn heitir Krummageiri, og gamalt nafn á Austustukinn er Hestabrekka. Upp af henni er klettabelti sem heitir Bríkn. Leirárskotta var heimilisdraugur já Jóni Árnasyni stúdent. Eitt sinn, þegar illa lá á henni, rak hún hesta Jóns þarna upp og fram af Brúninni," segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið á staðinn haustið 2002.
Heimildir: Ö-Leirá, 4

BO-109:026 *Skarðsheiðarvegur* gata leið
"....leið til uppsveita Borgarfjarðar lá um Skarðsheiði, var þá ýmist farið upp hjá bænum Neðra-Skarði [sjá 113:006], - var það kallað að fara Skarðið, - eða fylgt var Leiránni og farinn Leirárdalur. Þessar leiðir komu saman þar, sem heitar Miðfitjar, lá leiðin þar áfram til norðausturs, og var komið af Heiðinni nokkru fyrir ofan bæinn Efra-Hrepp í Skorradal," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Miklar götur sjást t.d. skammt sunnan við Leirársel 024. Þar eru lyngmóar. Göturnar voru ekki raktar en við Leirársel sjást allt upp í rúmlega 10 paldrar samhliða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 119

BO-109:027 *Norðmannabrekka* heimild um áningarstað 64°25934N 2151478V
"Ofar með Leirá [en Leirárlaug og Borgarbarð], móts Bugunum, er brekka mót suðri. Hún heitir Norðmannabrekka. Þar áðu vermenn að norðan, er komu heiðina á leið til sjávar á Akranes eða Suðurnes," segir í örnefnalýsingu. Um leiðina sjálfa sjá 109:026 og 113:006. Norðmannabrekka er 5-700 m NNA af Leirárlaug 018. Grösug brekka í halla mót suðri eða suðvestri.
Heimildir: Ö-Leirá, 4

BO-109:028 tóft heystæði 64°25020N 2148848V
Lögmannsengi er austan Neðri-Skarðsár en sunnan þjóðvegar. Austarlega um miðbik engisins en nálega beint austur af Hávarðsstöðum er hringlaga þúst. Engið heyrði lengi undir Leirá þótt það sé upphaflega úr Neðra-Skarðslandi. Engið er þýft og dálítið mýrlent en mjög grasgefið. Nú er kindum beitt á engið.
Þústin er regluleg og hringlaga, rís mest um 0,8 m. Hún hækkar inn að miðju og er alls um 12 x 12 m. Slétt lægð er umhverfis þústina og virðist sem torf í hana hafi verið tekið þar. Líklegt er að þetta sé heystæði, enda heyjuðu Leirárbændur á enginu.
Hættumat: engin hætta

BO-109:029 þúst 64°24973N 2150664V
"Austan og ofan við túnið hækkar landið. Þar heita Börð. Þetta eru þýfð móabörð.....Það eru miklar rústir fyrir ofan Börðin," segir í örnefnalýsingu. Núverandi ábúendur á Leirá kannast ekki við þessar rústir. Skammt upp og austur af túni, 300 m norður af bæjarhól 001 er rústalegur hóll sem gæti komið heim og saman við þessa lýsingu. Þar er þýft, afgirt beitarstykki í halla mót suðri, utan eiginlegrar túnræktar. Fáeina metra norður af hólnum er skjólgirðing fyrir hross. Hóllinn er mjög þýfður og iðagrænn en bitinn. Ekki mótar fyrir rústum, einstökum hleðslum eða grjóti í honum. Hann er um 30 x 30 m stór og allt að 1,2 m hár. Fleiri líkir hólar eru inni í sömu girðingu en allir eru þeir með klettum í og virðast náttúrulegir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-109:030 heimild
"Það eru miklar rústir fyrir ofan Börðin [029]. Munnmæli eru, að þar hafi laugin verið, sem Árni Oddson dó í [018]. Þar er einnig önnur rúst nafnlaus, sem ekki er vitað, hvað er," segir í örnefnalýsingu. Ekkert er nú vitað um þessa nafnlausu rúst og lýsing á staðsetningu mjög óljós. Hún gæti hafa verið í námunda við rústahól 029; þar er nú mjög þýft og sjást engar greinilegar rústir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Leirá, 3

BO-110 Melkot

"Jörðin var fyrrum hjáleiga frá Leirá og byggðist snemma á 17. öld. Dýrleiki hennar var talin með heimajörðinni í Jarðabók Árna og Páls 1707, en 1845 var jörðin talin 10 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 139.
Tún 41,248 m², ¼ þýft. Garðar 895 m².

BO-110:001 *Melkot* bæjarhóll bústaður 64°24587N 2149181V
"Bærinn stendur á lágum ási norðvestan til í landinu," segir í örnefnalýsingu. Með mið af túnakorti frá 1918 og af öllum ummerkjum að dæma er bæjarhóllinn austan við núverandi bæjarhús þar sem nú eru útihús. Ekki náðist í neinn heimildamann sem er kunnugur í landi Melkots. Á túnakortinu sést að bærinn hefur snúið framhlið mót suðvestri og kálgarður hefur verið þar framan við hann. Útihús hafa verið áföst bænum að suðaustan, líklega fjós og hlaða. Núverandi útihús standa austantil á hólnum. Sunnar eru fjós og hlaða, sambyggð, en norðar nýlegri skemma, járnklædd. Á vesturhluta hólsins er bílaplan úr möl og aðkeyrsla að húsunum. Á ljósmynd í bókinni Byggðir Borgarfjarðar sem út kom 1989 sést að íbúðarhús hefur staðið þar sem nú er hlað, á svæðinu milli núverandi íbúðarhúss og útihúsa.



Kort af túni Melkots 1918

Bæjarhóllinn er allgreinilegur en lágur, yfirleitt ekki meira en 1 m hár. Framan eða sunnan við hann að vestan standa nokkur gömul, há birkitré og er hann aflíðandi þeim megin en skörp brún að norðanverðu en þar norðan við er trjárækt. Fjósið er með haughúsi undir og hlaðan þar austan við niðurgrafin. Þar hefur því meirihluti bæjarhóls þurft að víkja og líklega. Stærð hólsins er alls um 40 x 50 m. Þess ber að geta að 10-20 m sunnan við vesturhluta hans er aflangur, áberandi og nauðbitinn hóll, 1,6 m hár, snýr norður-suður og er um 30 x 8 m stór en lækkar til suðurs. Í honum gætu falist mannvistarleifar þótt ekki sé beinlínis rústalag á honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 139; Ö-Melkot, 1

BO-110:002 heimild um útihús 64°24595N 2149177V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 hafa staðið útihús fast norðan við bæinn 001 en þó ekki verið áföst honum.
Þar er nú bílaplan úr möl. Engar mannvistarleifar eru sjáanlegar á staðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-110:003 heimild um útihús 64°24583N 2149146V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 hafa útihús verið áföst bæjarhúsum að suðaustan. Þau hafa verið á bæjarhól 001. Nú eru á þessum stað fjós og hlaða.Ekkert sést til gömlu húsanna en af staðsetningu að dæma gætu það hafa verið fjós og hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-110:004 heimild um útihús 64°24559N 2149096V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 hafa staðið útihús 50-60 m suðaustur af bæ 001. Þar er nú sléttað tún. Ekkert sést til húsanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-110:005 heimild um útihús 64°24552N 2149167V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 70 m suður af 003. Þar er nú sléttað tún. Á þessum stað er sérstakur hóll sem lýst var í 001. Hann er langur, 30 x 8 m og snýr norður-suður. Ekkert rústalag er á honum. Húsið gæti hafa staðið nálægt syðri enda hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-110:006 *Smaladys* þjóðsaga legstaður 64°24628N 21°47913V
"Stórisjónarhóll, sem er á merkjum móti Steinsholti og var getið þar, er hér nefndur Fremri-Sjónarhóll. Við hann er Smaladys, þar eiga að hafa barizt smalar frá Melkoti og Steinsholti og vera dysjaðir þar," segir í örnefnalýsingu. Hóll sem passar við þessa lýsingu er austur af norðurhluta Lágaáss, 1 km austur af bæ.
Grjóthóll, að mestu gróinn og eru á honum tvær hundaþúfur. Víðáttumiklar mýrar eru suður af.
Ekki er fyllilega ljóst hvað það er sem hefur verið kallað Smaladys. Hugsanlega hefur það verið annaðhvort há hundaþúfa vestast á honum eða annar tveggja lítilla hóla, greinilega náttúrulegra, sem eru áfastir Fremri-Sjónarhól að suðaustan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:007 *Sjónarhólsvað* heimild um vað 64°24555N 21°47601V
"Undan Sjónarhól er vað á Laxá, Sjónarhólsvað, þrautavað ef mikið var í ánni," segir í örnefnalýsingu. Þá er væntanlega átt við Eystri-Sjónarhól, enda er hann nær ánni en sá fremri.
Mýrlent er milli hóls og ár. Á þessum stað er áin breið og hún rennur í tveimur kvíslum, nyrst um aflangan grashólma en sunnar um malareyri. Engar götur sjást að ánni, enda mýrlent eins og áður sagði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:008 *Sunnevufossar* þjóðsaga 64°24192N 2148499V
"Undan Sjónarhól er vað á Laxá, Sjónarhólsvað [110:007], þrautavað ef mikið var í ánni. Nokkuð

neðar eru tveir fossar, Efri-Sunnevufoss og Neðri-Sunnevufoss. Þeir draga nafn af tröllkonu, sem stiklaði þarna yfir, endur fyrir löngu, ekki er vitað í hvaða erindum hún var," segir í örnefnalýsingu.
Lágur foss, myndaður af bergstalli sem gengur þvert yfir ána.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:009 *Sauðhúsamelur* örnefni fjárhús 64°23955N 2149300V
"Hundafoss er austan við Kringlóttamel og norður af honum er Sauðhúsamelur. Sunnan við Sauðhúsmel og áfast við Sauðhúsás hjá Leirá er Merkjamelur og nær að Laxá. Norðvestan við Sauðhúsmel er Merkjadý," segir í örnefnalýsingu. Af lýsingunni að dæma er Sauðhúsmelur um 530 m suðaustur af bæ.
Þar er aflangur melur sem liggur norður-suður. Austur af honum er halli að Laxá en vestur af er mýri.
Engin merki sjást um sauðahús á melnum eða í námunda við hann. Vitað er að Sauðhúsás sem er vestar er kenndur við beitarhúsatóftir í Leirárlandi (BO-109:011). Hugsanlegt er að Sauðhúsamelur dragi einnig nafn sitt af þeim húsum þótt hann sé rúmlega 1 km austur frá þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:010 *Stekkjarhóll* tóft stekkur 64°24397N 2148674V
"Austan við þessa mýri [Norðurmýri] er ás, sem heitir Lágiás, er einnig norður af túni. Þar lengra suður að er Háás og syðst á honum er Stekkjarhóll," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er syðst á rana, sem væntanlega er Háás og sést vel frá bæ, tæpa 550 m suðaustur af honum.



Grösugur og bungumyndaður hóll, aðskilinn frá ásnum með mýrarlægð. Greinileg tóft er uppi á hólnum norðantil. Gras er þar mikið og lag hennar því ekki fyllilega ljóst. Hún er hugsanlega tvískipt en hefur eitt aðalhólf sem er um 8 x 8 m að stærð og hefur verið rekið inn í það að sunnan. Hleðslur eru heillegar en næstum algrónar, allt að 0,9 m háar. 1 m sunnan við suðurvegginn er lág hleðsla sem myndar sporöskjulaga hólf , um 2 x 1,5 m. Steinar eru þar mosavaxnir og hólfið virðist opið í suðvestur. Allra syðst á hólnum er mikil gróska þótt þar sjáist ekki tóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melkot, 1

BO-110:011 *Leirárhús* heimild um bústað 64°24610N 2148951V
"Háihóll er austast í túni eru gamlar rústir [ath. að textinn er svona í örnefnalýsingu] og líklegt, að þar hefi verið hin upphaflegu Leirárhús," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er 190 m austur af bæjarhól 001 og um 50 m norður af steinsteyptum fjárhúsum og hlöðu. Hann er í sléttuðu og slegnu túni. Framræst mýrarstykki eru norður af en sunnan Háhóls standa steypt fjárhús. Liggur vegur að þeim um túnið frá bæjarhúsum. Hóllinn er kúptur og mjög áberandi, rís allt að 1,5-2 m yfir túnsléttuna vestur af. Hann er alls um 70 x 50 m að stærð og liggur norður-suður. Hann hefur verið sléttaður og sjást hvorki rústir á honum nú né dældir eða mishæðir sem bent gætu til mannvirkja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Melkot, 2

BO-110:012 *Huldufólksmóar* þjóðsaga 64°24612N 2148717V
"Huldufólksmóar eru skammt ofan við fjárhúsin," segir í örnefnalýsingu. Ekki er hér fyllilega ljóst hvaða fjárhús er átt við. Þó líklegast það séu steinsteyptu húsin sem nú standa tæpa 200 m austur af bæ. Skáhallt ofan við þau, utan við túnið, er lágt, mólent, holt sem gæti verið Huldufólksmóar. Lynggróið holt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Melkot, 2

BO-110:013 *Álfasteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður 64°24602N 2149424V
".....Niðurtún [er] vestan við bæ, og þar í útjaðri er Álfasteinn, stór einstakur steinn í nv frá bæ...," segir í örnefnalýsingu. Stakur steinn sem passar vel við þessa lýsingu er utan túns, 200 m norðvestur af bæjarhól 001. Túnið er nú slegið en utan þess er mýrlent. Steinninn er mjög sérstakur en ekki stór, um 2 x 2 m að neðanmáli og hæð um 1,2 m. Engu líkara er en steinn hafi verið lagður ofan á annan minni. Sá efri hefur furðulega totu upp úr sér syðst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Melkot, 2

BO-110:014 náma mógrafir 64°24352N 2148034V
Greinileg mógröf er í brekku sem liggur að Laxá, um 500 m SSV af hornmarki við Steinsholt en 1 km suðaustur af bæ. Mýri í halla mót suðaustri. Gröfin er um 40 x 40 m stór, regluleg og bleyta og grjót í botni hennar. Ekki er ólíklegt að fleiri slíkar sé að finna í mýrunum í kring.
Hættumat: engin hætta

BO-111 Hávarsstaðir/Hávarðsstaðir

"Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1707 segjir jörðina hjáleigu frá Leirá. Mat hennar var 10 hundruð forn. Hávarsstaða er getið í Fóstbræðra sögu. Þar bjó Hávarr, faðir Þorgeirs..." Byggðir Borgarfjarðar,132. Í Fóstbræðra sögu segir: að Hávar hafi byggt þar "....sem nú heita Hávarstóftir." (ÍF VI, 126) Kann það að benda til að bærinn hafi verið í eyði þegar sagan var rituð á 13. öld.
Tún 22,985 m², 1/6 þýft. Garðar 987 m².

BO-111:001 *Hávarðsstaðir* bæjarhóll bústaður 64°25084N 2149146V
"Bærinn stendur sunnarlega í landinu á klapparholti," segir í Byggðum Borgarfjaðar. Bærinn stendur 50-70 m norðan við aðalveginn um Leirársveit. Bæjarhóllinn er þar sem húsin standa nú. Hluti gamla bæjarins stendur enn uppi endurbættur, tvær burstir og vestan hans nýrra íbúðarhús, steinsteypt.
Nýrra húsið er um 10 m suðvestan við gamla bæinn. Framan við gamla bæinn er hlað og tvær heimkeyrslur eru upp á hólinn frá aðalveginum. Sambyggð gamla bænum að austan eru steinsteypt hlaða og fjós suður af henni. Norðan við öll húsin er skemma og ýmisleg dót, s.s. gamlir bílar og vinnuvélar.
Erfitt er að henda reiður á stærð bæjarhóls og mörkum hans, enda hefur bærinn risið á klapparholti sem mýrar liggja að á flesta vegu. Þannig er nær ómögulegt að sjá hvaða hluti er náttúrulegur og hvað gætu verið upphlaðin mannvistarlög. Reikna má með að hann sé illa farinn af seinni tíma byggingum. Austari burst gamla bæjarins var byggð 1926 en sú vestari var flutt úr Hrauntúni BO-112 sem fór í eyði um það leyti. Í gamla bænum var geymsluskúr austast, þá fjós og hlaða sambyggð og svo bærinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 132

BO-111:002 *Lambhúshóll* þúst fjárhús 64°25127N 2149105V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 80 m norður af bæjarhól 001. Þar er hóll sem heitir Lambhúshóll skv. örnefnalýsingu: "Lambhúshóll upp á túni, norður af bæjarhúsum."
Stakur hóll í túni, þó að nokkru samtengdur klapparholtinu sem bærinn stendur á. Nú er beitarhólf á þessum stað. Rústum hefur verið rutt út en þó vottar fyrir greinilegum dældum sunnan við háhólinn. Sú greinilegasta er 7 x 2 m að stærð, snýr norður-suður og vottar fyrir sokknum og útflöttum vegghleðslum vestan við hana. Um 4 m vestur af dældinni er óreglulegri dæld, um 4 x 3 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hávarðsstaðir og Hrauntún, 2

BO-111:003 heimild um hesthús 64°25089N 2149126V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru tvö samsíða útihús um 10 m beint norðan við gamla bæinn, í jaðri kálgarðs sem þar var. Nú er á þessum stað steypt hlaða, sambyggð gömlu bæjarhúsunum. Aftan við hana er svæði með gömlum vinnuvélum og bílhræjum. Öll ummerki um húsin eru horfin. Þau, eða a.m k. annað þeirra var að hluta uppistandandi 1944, það var líklega hesthús skv. Sigríði Beinteinsdóttur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-111:004 heimild um brunn 64°25087N 2149107V
Brunnhús var austan við fjósið sem var austast í bæjarröðinni (sjá 001).
Þar hallar niður af klapparhólnum sem bærinn stendur á og við tekur beitarstykki, framræst, og vegur liggur þar meðfram hólnum. Öll ummerki um húsið eru horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-111:005 *Hávarshaugur* sögustaður legstaður 64°24828N 2149494V



Kort af túni Hávarsstaða 1918

Í fornleifaskýrslu frá 1817 segir: "Haugur allment kalladur Hávardshaugur er ad finna herum 200 fadma í sudur undan Bóndabænum Hávardsstödum í Leirár-Sókn; leikur þad ord á, ad þar hefi Havardur sá heygdur veird, sem fyrstur byggdi Jörd þá, enda er líklegast ad sjá, sem seu þad Mannaverk, samanvorpin af jördu og grjóti. Rústin er nú 32 fadma umhverfis, aldeilis kringlótt, steinum lögd ad nedan, einkum sem sjá má ad nordanverdu; Þúfa aflaung, leidi líkust, rúmlega 4 álna laung frá Nordri til sudurs, er ad finna í midri rústinni." Í örnefnalýsingu segir: "Á norðvesturbakka Neðra-Skarðsár er Hávarshaugur (um 40 metra frá ánni), kenndur við Hávar Kleppson (sjá Fóstbræðrasögu)." Haugurinn er 550 m SSV af bæ 001. Norður og austur af haugnum eru framræst, aflöng túnræktarstykki sem liggja hér um bil norður-suður. Sunnan og vestan við er afleggjari að Melkoti. Haugurinn er stakt og áberandi en lágt holt, líklega ber meira á því í seinni tíð eftir að umhverfi var sléttað. Holtið liggur norðaustur-suðvestur og er alls um 40 x 20 m stórt. Má segja að það sé tvískipt því að nyrðri hlutinn rís um 1 m hærra en sá syðri og er skörp brún á honum að norðan. Syðri hlutinn er lægri, meira aflíðandi og ekki jafn þýfður og sá nyrðri. Víða gægist grjót upp úr sverði, einkum norðanmegin og fullvíst að margt af því eru jarðfastar klappir. Hundaþúfa er á hápunkti holtsins. Lítil hleðsla, ferhyrnd, er á suðurhlutanum, 3 x 3 m stór og sýnist hlaðin úr torfi. Ber mjög lítið á henni, má giska á að þarna hafi verið heystæði.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 2; FF, 271

BO-111:006 garðlag túngarður 64°25174N 2148999V
Túngarðsleifar sjást efst í brekkunni sem markar túnið á Hávarsstöðum að norðan. Brekka þessi er suðurhlið svonefnds Múla. Hún er töluvert brött en ekki mjög há, víða er grjót í henni. Það sem eftir sést af garðinum er 10 m norðan við vegarslóða sem liggur vestur í átt að Hrauntúni BO-112. Hann liggur fyrst rúma 10 m til norðurs en sveigir þá í austurátt. Norðurhlið garðsins er mjög slitrótt en sveigir loks niður brekkuna til suðausturs. Þar er hann útflattur en grjót sést þar sem hleðslur hafa verið. Lengd garðsins alls er um 100 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-111:007 *Stekkur* tóft stekkur 64°25278N 2149181V
"Vestan í Múlanum var stekkur frá Hávarðsstöðum, nefndur Stekkur, og holtið, sem að nokkru leyti er aðskilið frá Múlanum með graslaut, heitir Stekkjarholt," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er fast vestan undir Múla, 350 m norður af bæ 001, beint upp og austur af miklum skurði sem liggur austur-vestur. Háir klettar eru á þessum stað í Múlanum en þýfð grasbrekka niður af þeim. Lágreist tóft sem lætur lítið yfir sér. Hugsanlegt er að grjót hafi verið fjarlægt úr veggjum hennar því að þeir eru aðeins um 0,2 m á hæð. Hún er aðeins eitt hólf, snýr norður-suður með op í suður og þjónar klettaveggurinn sem austurhlið. Stærð er um 10 x 6 m.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 2

BO-111:008 *Mómýri* náma mógrafir 64°25365N 2149646V
"Mýrin fyrir vestan Litlaholt og Langholt heitir Mómýri. Hún nær upp að Þvermel," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir sjást 100 m vestur af stekk sem er undir Langholti (sjá BO-112:005). Mýri í aflíðandi halla mót vestri en grafirnar eru ofan við hallann. Skurðir eru hér og þar í mýrinni. Grunn för eftir mógrafir sjást á samfelldu svæði sem er um 50 x 50 m stórt. Jarðvegur er þunnur á þessum slóðum og melur farinn að gægjast upp austast í mýrinni, næst Langholtinu. Varla hafa verið margar stungur af mó á þessum stað. Fornlegar mógrafir eru um 50 m ofar í sömu mýri, fast við Hrauntúnslækinn. Þær eru allt að 1 m djúpar, á svæði sem er um 70 x 70 m. Mór var tekinn á þessu svæði fram til 1944-46.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hávarsstaðir & Hrauntún, 3

BO-111:009 þjóðsaga
"Gömul munnmæli eru líka, ad Havardur þessi skyldi hafa hleypt Gullkistu sinni niður í Dý eitt eda uppsprettu-fen, sem þar er vid túnjadar, ad dypt nú rúmar 2 álnir, þar dypst er, nidur ad hellu, sem undir liggur, og sem géfur holt hljód af sér, þá ofaná hana er klappad. Einhvörr Bóndi á Havardstödum skyldi hafa fengid Gyrnd til Gullsins, farid ad grafa upp Dýid og fengid handfest á Kistunni, en - til óhamingju! vordid, í sama vedfángi, litid heim til bær, sem þá sýndist allur í ljósum loga; vard Bóndi því forvida, sleppti öllum tökum og skundadi heim sem skjótast; reyndi hann heim kominn, af ecki er allt sem sýnist því eckert var hér tídinda, en vogadi hvörki sídan né nockur eptir hann ad reyna þad hættu-spil - svo - búin er sagan!" Nú er ekki vitað hvar umrætt fen er.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: FF, 271

BO-112 Hrauntún

"Hrauntún eða Hreintún (jafnvel Reintún) hét hjáleiga frá Leirá, sögð byggð fyrir manna minni 1707. Var hún metin á 5 hundruð, er sérstakt mat kom á hana." Byggðir Borgarfjarðar, 148. Farin í eyði 1926.
Tún 17,102 m², allt þýft. Garðar 542 m².

BO-112:001 *Hrauntún* bæjarhóll bústaður 64°25225N 2150016V
"Bærinn stóð í norðvestur frá Hávarsstöðum, vestan Leirárlækja. Síðustu ábúendur voru í Hrauntúni fardagaárið 1935-1936. Hafði það legið þá í eyði frá 1930," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Hrauntún er 740 m norðvestur af Hávarðsstöðum BO-111. Þar eru nú engar byggingar. Til er túnakort af Hrauntúni frá 1918. Þá voru þar þrír litlir túnskikar, aðskildir með mýrarsundum. Bærinn stóð á þeim syðsta, hátt í 80 m suðvestur af áberandi hól sem heitir Álfkonuhóll (sjá 006). Nú eru sundurgrafin mýrarstykki allt um kring en á túnspildunum þremur er sléttað tún sem enn er slegið að mestu. Myndarlegur hóll er þar sem Hrauntúnsbærinn stóð. Sléttað hefur verið yfir hann að hluta en þó sjást víða í honum dældir. Hóllinn er alls um 30 x 30 m að stærð og er suðurbrún hans skörpust. Þar sunnan við vottar óglöggt fyrir hleðslum, um 15 x 20 m, ekki ólíklegt að það hafi verið kálgarður eins og sýnt er á túnakortinu. Dældirnar í hólnum eru 8-9 talsins, eru misstórar og mynda enga heild sem um er talandi, sjá teikningu.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 148; Túnakort 1918

BO-112:002 heimild um útihús 64°25292N 2150017V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu tvö samhliða útihús í nyrsta túnskikanum Í Hrauntúni, rúma 100 m norður af bæ 001. Þar er túnblettur, nú aðskilinn frá blettinum umhverfis 001 með skurði. Ekki er slegið þar sem húsin hafa staðið. Túnið hefur verið sléttað. Greinilegt þýfi er þar á svæði sem er allt að 20 x 30 m. Slegið er upp að því að norðan- og vestanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-112:003 heimild um útihús 64°25258N 2149940V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús undir Álfkonuhól 006 suðaustanverðum. Álfkonuhóll er áberandi hóll 80 m norðaustur af staðnum þar sem Hrauntúnsbærinn stóð (sjá 001) Þar er grjót á stöku stað og stórþýfi. Slegið er við hólinn. Engin tóft sést á þessum stað. Búið er að slétta í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-112:004 heimild um útihús 64°25225N 2150001V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu útihús fast austan við bæ. Þau hafa væntanlega verið á austurhluta bæjarhóls 001. Hálfsléttaður hóll og sleginn. Hóllinn er aflíðandi að austan. Ekkert sést til húsa þar. Giska má á að þarna hafi staðið fjós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Hrauntúns 1918

BO-112:005 tóft stekkur 64°25389N 2149555V



"Fyrir vestan Langholt eru tóftarhleðslur. Þar hefur sennilega verið stekkur eða fjárrétt frá Hrauntúni," segir í örnefnalýsingu. Tóft er vestan við suðurenda Langholts, 650 m NNV af Hávarðsstöðum BO-111 en tæpa 500 m norðaustur af Hrauntúni 001. Grasþýfi vestan undir klettum en mýrar þegar fjær dregur holtinu. Haglega hlaðin, lítil rétt sem skiptist í tvennt þótt ekki sé hlaðið á milli hólfa. Réttin er samtals um 6 x 4 m. Annars vegar er ferkantað hólf, 3 x 4 m og hins vegar tota út úr því til norðvesturs, 4 x 4,5 m. Á henni er op í norðvestur. Líklega var síðarnefnda hólfið látið snúa svona, þ.e. skáhallt á hitt, því að gott hefur verið að reka meðfram lágum bakka sem þarna er utan í holtinu (sjá teikningu). Hleðslur eru lítið hrundar, um 1 m háar, 4-5 umför grjóts. Í örnefnalýsingu stendur að síðast hafi verið fært frá í Hrauntúni 1918.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún, 3

BO-112:006 *Álfkonuhóll* þjóðsaga 64°25268N 2149944V

"Norðaustan við bæinn sem var í Hrauntúni, er Álfkonuhóll," segir í örnefnalýsingu. Þetta er mjög áberandi klettahóll um 80 m norðaustur af staðnum þar sem bærinn Hrauntún stóð (sjá 001). Hóllinn sést víða að, t.d. frá Hávarsstöðum. Strýtumyndaður klettahóll, gróinn en klettar standa upp úr kolli hans á nokkrum stöðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún, 3

BO-112:007 tóft smalakofi 64°25711N 2149959V
"Austur af Grænhólshrygg vestan Hrauntúnslækjar heitir Rjúpnaholt. Í Rjúpnaholtum voru smalabyrgi, sem voru hlaðin upp vegna hjásetu, þegar fært var frá, síðast 1918," segir í örnefnalýsingu. Holtin eru vestan lækjarins, ofarlega, 1,3 km NNV af Hávarðsstöðum BO-111 en tæpa 900 m beint norður af Hrauntúni 001. Holtin eru tvö eða þrjú talsins, grýtt og liggja norður-suður.



Sunnan undir háhrygg austasta holtsins er eitt lítið byrgi, sem lætur lítið yfir sér. Aðeins er um að ræða tvær hrundar hleðslur út frá kletti, þannig myndast hólf sem er um 2 x 2 m, opið í suður. Ekki fundust fleiri byrgi á holtunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hávarðsstaðir & Hrauntún, 3

BO-112:008 *Grund* heimild um býli 64°25223N 2149818V
"Grund hét þurrabúð, sem stóð skammt frá Hrauntúni. Á árunum 1891-1898 bjuggu þar hjón, sem ekki virðast hafa átt annars úrkosta en smábýla af einhverju tæi. Aðrir ábúendur voru ekki á Grund," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Grund heitir túnstykki sem er 200 m ANA af Hrauntúni 001.
Stykkið er sléttað og slegið. Allt um kring eru framræst, aflöng mýrarstykki. Engin misfella sést á Grund. Að sögn Sigríðar Beinteinsdóttur var á þessum stað harður og þurrlendur völlur 1944 og skar sig því úr mýrunum umhverfi. Hann þurfti lítillar sléttunar við og var ágætis slægjuland frá náttúrunnar hendi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 148



BO-112:009 tóft 64°25343N 2149935V
Lítil tóft er hlaðin austan undir lágum kletti um 100 m beint upp eða norður af Álfkonuhól 006.
Lágur klettahryggur liggur hér norður-suður, Hrauntúnslækur rennur í krók sunnan og vestan við hann.
Tóftin er einföld, 3 x 4 m. Hleðslur eru alveg hrundar og signar en ógrónar svo sér í grjót. Dyr hafa líklega verið í suður, upp við klettinn.
Hættumat: engin hætta

BO-112:010 náma mógrafir 64°25279N 2150166V
Greinilegar mógrafir eru utan í svonefndum Hrauntúnsbörðum. Það er nafn á lágu holti 150 m vestur af Hrauntúni 001. Þurrt holt með smáklettum fremst. Neðan þeirra er mýri. Grafirnar eru utan í holtinu norðanverðu, þar sem það tekur að lækka í norður. Þar er samfellt svæði mógrafa, allt að 50 x 50 m stórt og eru þær allt að 1 m djúpar, votar í botninn. Girðing liggur norður-suður við austurendann, þá kemur skurður en svo tún.
Hættumat: engin hætta

BO-112:011 tóftir 64°25256N 2150212V
Um 150 m vestur af Hrauntúni er lágt, aflangt klapparholt sem Klöpp heitir. Klettar eru í því vestast en uppi á því valllendi. Ofan við það er aflíðandi mýrlendi. Uppi á Klöpp, á valllendisbletti, eru nokkrar fornlegar tóftir.
Svæðið er nauðbitið af hrossum og tóftirnar sæjust líklega illa ef svo væri ekki. Mýrlend brekka er ofan holtsins, í halla mót austri. Tóftunum hallar dálítið til austurs.

Tóftirnar verða hér númeraðar til einföldunar. Þær eru alls fimm talsins, á svæði sem er um 42 x 20 m stórt. I. Nyrst er tóft, raunar hugsanlegt að þar hafi upphaflega verið tvær tóftir en runnið saman í eina. Vestari hlutinn er 7 x 5,5 m að stærð en sá eystri 10 x 6 m. Báðir snúa þeir austur-vestur og eru aðskildir af 20-30 sm breiðri rauf sem gengur þvert yfir þá. Veggir eru alveg útflattir, ekki meira 0,2 m háir. Stórgrýti gægist upp úr þeim á stöku stað. II. Fast við norðausturhorn austari hlutans er lítil tóft sem ekki er útilokað að hafi verið sambyggð, um 5 x 5 m að stærð. Líklega hefur hún opnast í austur III. Um 5 m suður af tóft I. er rúst sem snýr austur-vestur og er 8 x 6 m að stærð. Aflangt hólf sést í syðri hluta hennar. IV. 5 m suður af III er enn ein rústin sem snýr eins, austur-vestur. Hún er óljós og sokkin eins og hinar en gæti hafa opnast í austur. Stærð 4,5 x 7,5 m. Milli tveggja síðastnefndu tóftanna, III og IV eru tvær stórar þúfur sem snúa austur-vestur. V. Að lokum er rúst fast sunnan við austurenda IV, hún snýr norður-suður og er 8 x 4,5 m að stærð. Grjót sést á nokkrum stöðum í veggjunum og líklega er þessi tóft greinilegust af þeim öllum. Engar heimildir fengust um rústir þessar.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-112:012 frásögn útihús 64°25121N 2149877V
Grétar Jónsson taldi að rústir, e.t.v. útihús frá Grund 008, hefðu verið í þýfðu stykki við Kelduna austanverða. Þetta er tæpa 200 m suðvestur af Grund. Þar er nú kargaþýfi norðan við nýlegan skjólgarð úr torfi sem byggður hefur verið fyrir hross. Ekki er hægt að greina veggja- eða hleðsluleifar í þýfinu en flög eru þar á nokkrum stöðum og sést grjót í þeim. Hross ganga á stykkinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-113 Neðra-Skarð

"Jörðin var 30 hundruð árið 1707 að meðtöldu Steinsholti, sem var byggt úr jörðinni um1620." Byggðir Borgarfjarðar, 141.
Tún 48,638 m², ¼ þýft. Garðar 945 m².

BO-113:001 *Neðra-Skarð* bæjarhóll bústaður 64°25620N 2148155V
"Hið eldra bæjarstæði var spölkorn austsuðaustur af bænum," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Nú stendur bærinn á Neðra-Skarði þar sem Skarðakot stóð áður (sjá BO-114:001). Gamla bæjarstæði Neðra-Skarðs er 230 m þar suðaustur af, austan við lítinn læk sem rennur um túnið. Bærinn var fluttur þaðan 1923 eða 1924. Nú er sléttað tún beggja vegna lækjarins sem rennur úr norðri.

Til er túnakort af Neðra-Skarði frá 1918. Þar er bærinn sýndur fremst á lækjarbakka og nokkur útihús í túninu, öll norðan við bæinn. Öll þessi hús eru löngu horfin en þegar foreldrar Sigurðar Valgeirssonar komu að Neðra-Skarði 1935 voru öll útihús í gamla túninu þótt bærinn hefði verið fluttur. Bæjarhóllinn er enn mjög greinilegur á lækjarbakkanum. Nú er nýlega hætt að slá hann sökum grjóts og mishæða. Hóllinn er alls 60 x 45 m að stærð og liggur norður-suður. Lækurinn rennur með honum að vestan í gili og er farinn að brjóta af hólnum. Lækjarbakkinn er víða rofinn og sést þar mikið af mannvistarlögum, einkum fyrir miðju hólsins þar sem hann skagar hvað lengst út í gilið. Þar má sjá mikið af torfi, viðarkolum, móösku, brenndum beinum, gler- og keramikbrotum. Einnig má tína upp smáhluti í rofinu, t.d. fundust þar við vettvangsskoðun brot af brýni úr flögubergi og gamalt ístað. Lækurinn hefur verið grafinn út að nokkru leyti og sjást því sumstaðar ruðningar á bökkunum. Víða eru smádældir í hólnum þótt hann sé fremur sléttur. Fast við hann að sunnan er aðskilinn og lægri hóll, um 20 x 20 m. Af ummerkjum í gilinu að dæma eru mannvistarlög þarna á fjórða metra á þykkt. Ekki er þó víst að það sé að marka, enda gæti rústunum hafa verið rutt fram á gilbarminn og lögin virst þykkari fyrir vikið.



Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 141; Túnakort 1918

BO-113:002 heimild um bænhús 64°25620N 2148155V
NEÐRA SKARÐ Í LEIRÁRSVEIT (B) - HÁLFKIRKJA
[1367]: kirkia ad skarde a þridiung j heimalande og ij kyr.
les vilchins bok; Hítardalsbók DI III 223
1397: CCXXVI. Skard.
Kirkia j Skardi a þridiung j heimalanndi. ij kyr oc slijkt innan sig sem finnst. Máld DI IV, 194
1513: [Leirárkirkja á] þridiung allrar veide i Laxä vtan alla veide j Laxfosse nema siottung er Skards kirkia skal eiga. – DI X, 33
1575: CXLIV. Skard.
Hälffkirkian ä Skarde. ä thridiung i heimalande. ij kijr. og slijktt Jnnann sig sem firzt. Máld DI XV, 629.
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69}
16.8.1600 … leist [dómsmönnum] ad ä þessum ollum hälfkirkium væri full þorf. … Skard … Skulu eignarmenn skyllduger greindum halfkyrkium uppi ad hallda. so þar meigi ad hneixlunarlausu Gidz orda þionusta framflytiast. oc þar sieu eirnin med messuklædi og kaleikur sem þaurf er til. leggi og eirninn til wijn og bakstur. nær med þarf. þar sie og ecki annad jnnlagt enn sæmiligu saunghusi ber ad wardueita. eda leyfiligt er j kyrkiu ad leggia. Skulu þær hallda sijnum Rietti og Renttu sem ad fornu hefur werid … AÍ III, 196
aftekin e. 1600; (PP, 121)
164°2: Jtem greiner logmaduren Arni Oddson [að Leirárkirkirkja eigi]alla veidi i Laxfossi vtan siottüng. er Skards kyrckia skal eiga. enn er þ nu hafft og halldid til Leirär med þvii kyrckian er aflogd fyrer morgum aarum. DI VIII, 416-17
"Kirkja var hér til forna og stóð enn 1707," segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og stendur enn í þeim stað lítið hús, og sjást merki kirkjugarðsleifa," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1707. Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Á Neðra-Skarði var áður hálfkirkja, og sást þar lengi móta fyrir kirkjugarði....." Ekki er nú vitað hvar kirkjan hefur staðið, líklega þó nálægt bæjarhól 001. Benda má á lágan hól sem er áfastur bæjarhól að sunnan, sjá nánar lýsingu í 001.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 119, 141; JÁM IV, 124; DI: Íslenskt fornbréfasafn; AÍ: Alþingisbækur Íslands

BO-113:003 þúst útihús 64°25715N 2148093V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu tvö sambyggð útihús rúma 200 m norðaustur af 001. Framan við þau að sunnan hefur verið kálgarður. Þar er aflangur, grösugur hryggur sem liggur austur-vestur norðan við túnið. Gróska er þar töluverð en ekki slegið nú. Greinileg rústabunga er á hryggnum, gróskumeiri en umhverfið. Hún er um 15 x 30 m og liggur austur-vestur. Ekki sést grjót í henni og ekkert húsalag, líklega hefur húsunum verið rutt út og sléttað yfir þau að hluta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-113:004 heimild um útihús 64°25713N 2148192V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 140 m norður norður af bæjarhól 001 og um 40 m austur af lækjarbakkanum. Húsið hefur staðið vestast á grösugum hæðarrana, sem liggur austur-vestur norðaustur af bæjarstæðinu. Á honum voru einnig útihús 003. Á þessum stað er dálítil hólbunga en ekki víst að það séu ummerki um húsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-113:005 heimild um útihús 64°25630N 2148123V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 20 m norðan við bæjarhól 001.
Þar er sléttað tún.
Ekki mótar fyrir húsinu lengur. Hugsanlega hefur það staðið þar sem nú er norðausturhluti bæjarhóls 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Neðra-Skarðs 1918

BO-113:006 *Götuhryggur* heimild um leið 64°264°21N 2148151V
"Upp af bænum er skarð, sem hann dregur nafn af, um það lá til forna allfjölfarin leið, þegar Skarðsheiðarvegur var farinn," segir í örnefnalýsingu. "Milli [Bæjar]lækjarins og árinnar er

melhryggur, sem heitir Götuhryggur. Þar liggur gatan upp og inn yfir heiði sem fyrr var getið," segir síðar í sömu lýsingu. Skarðið sem um ræðir er beint ofan bæjarins, austan Snóksins sem er fjallstindur. Skarðsáin kemur úr skarðinu, vatnslítil efst en færist í aukana eftir því sem neðar dregur. Melhryggir eru upp með skarðinu austan megin neðst en skriður og klettar ofar. Nú liggur akvegur þar sem gömlu göturnar voru áður. Þær sáust vel áður en hann var lagður um 1978. Farið hefur verið upp austan við Snókinn og göturnar þar sameinast öðrum götum í Leirárdal, sjá BO-109:026.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 1, 2

BO-113:007 *Hólakot* tóft býli 64°25806N 21°47393V
"Skarðsflóinn nær upp að Hólum, sem eru melhólar ofan við flóann. Í þessum hólum var kot, Hólakot, sem dró nafn af hólunum, ekki er vitað um byggð þar," segir í örnefnalýsingu. Ofan og austan við túnið í Neðra-Skarði er grösugur hæðarhryggur sem liggur til austurs. Sé honum fylgt á enda, þar sem hann sveigir til norðausturs, blasir kotið við, suðaustan undir hólunum, 700 m austur af gamla bæjarhól Neðra-Skarðs, sjá 001. Þurrt er og þýft undir hólunum en mýri þegar fjær dregur og nálgast mörk við Efra-Skarð.
Ekki sjást miklar leifar af rústum Hólakots, aðeins ein lítil rústabunga, 6 x 10 m, snýr norðaustur-suðvestur. Norður og norðaustur af henni er mikið kargaþýfi á svæði sem er um 30 x 15 m að stærð og gætu þar leynst byggingaleifar. Um 50 m norður af bungunni er lágur melhóll sem gengur út úr hólunum. Sunnan undir honum er einnig áberandi þýfi á svæði sem er um 20 x 10 m að stærð og líklegt að hafi verið eitthvert mannvirki. Hvergi sést grjót á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 1

BO-113:008 *Stekkjarkast* tóft stekkur 64°26215N 21°47232V



"Upp af Hestagilsflötum er grjótkast, nefnt Stekkjarkast, og neðanundir því er hlaðinn stekkur úr tómu grjóti, er sagt, að þarna hafi verið geitastekkur áður fyrr. Geiturnar hafi verið stíaðar, þarna milli giljanna," segir í örnefnalýsingu. Hestagilsfoss er nálægt mörkum við Efra-Skarð, eini fossinn á þessu svæði. Stekkurinn er við hlíðina suðvestur af honum, 1,3 km norðaustur af bæ 001.
Slétt flöt undir klettahól, niður frá honum er flatir í smáhalla mót vestri, væntanlega Hestgilsflatir. Neðar taka við mýrar.
Stekkjartóftin er aðeins eitt hólf, hlaðin langsum uppvið hólinn. Hún er alls 9 x 5 m með op í vestur eða norðvestur, uppvið hólinn. Hlaðið hefur verið á allar hliðar, einnig með brekkunni og rís sá veggur hæst, um 1 m og eru þar allt að 4-5 umför af hleðslum. Aðrir veggir eru nær alveg hrundir en í þeim hefur verið mjög stórt grjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 2

BO-113:009 *Seldalur* heimild um sel 64°26414N 21°47766V
"Út frá Götuhrygg [006] er melskriða, sem hallar til austurs. Austan við hana er stór grasdalur, sem heitir Seldalur. Austast í honum er gríðarstór klettur, sem heitir Seldalsklettur, og undir honum eru smárústir," segir í örnefnalýsingu. Seldalur er uppi í fjallinu ofan við bæinn. Hann gengur inn í fjallið

til austurs frá skarðinu austan við Snók. Þetta er 1,5 km NNA af bæ 001. Lítil kvos eða skál inn í fjallið, gott útsýni er til suðurs en að norðan gnæfa háir hamra og skriður. Smálækur rennur um kvosina austanverða. Gróðurræma er vestan lækjar en hún er mýrlend. Engar greinilegar tóftir eru í Seldal og kannast Sigurður Valgeirsson ekki við að hafa heyrt um þær. Staðurinn er heldur ólíklegur fyrir sel, lítið undirlendi er í kvosinni og ekki mikill beitargróður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 2

BO-113:010 garðlag túngarður 64°25740N 2148028V
Leifar tveggja, samsíða túngarða eru með austurhlið norðurtúnsins á Neðra-Skarði, um 50 m austur af útihúsum 003. Sléttur hæðarhryggur sem liggur austur-vestur. Vestari garðurinn liggur þvert yfir hrygginn og sést á 80-100 m kafla. Hann er grjóthlaðinn en nær algróinn nú og tekinn að síga. Hann er þráðbeinn, um 0,5 m hár og 0,5 m breiður. 30-40 m austar sjást leifar annars garðs, sem liggur nákvæmlega eins og hinn fyrri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-113:011 þúst 64°25670N 2148275V
Rústalegur hóll er 130 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 140 m austur af núverandi bæjarstæði Neðra-Skarðs. Sléttar flatir eru suður og vestur af hólnum. Bæjarlækurinn rennur í skurði austan við hann en að norðanverðu er vegarslóði sem liggur yfir lækinn. Hóllinn er alls um 15 x 15 m að stærð. Hann er lágur og ekki eru teljandi ójöfnur í honum. Grafið hefur verið út úr hólnum að norðanverðu og í sárinu sést grjót og líklega einnig torf en sniðið var ekki hreinsað upp eða skoðað nánar.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar



BO-113:012 tóft 64°25831N 21°47478V
80 m vestur af Hólakoti 007, í kvos milli melhóla, er tóft.
Kvosin er girt melhólum á alla vegu. Tóftin er niðurgrafin. Hún er með rennisléttum botni en þýfð hleðsla eða torfkragi er allan hringinn í kring, allt að 0,5 m hár. Dyr sjást ekki á tóftinni en grjót sést í einu horninu og virðist hafa hrunið úr vegg. Stærð er um 8 x 6 m.
Hættumat: engin hætta

BO-113:013 garðlag áveita 64°2582
Torfhlaðinn garður sést í mýrinni austan við Hólakot 007. Mýri. Garðurinn virðist liggja allt frá landamerkjum við Efra-Skarð, þar er girðing. Þá fer hann norður fyrir Hólkot og upp á Hólana en hverfur þar í mel. Hann birtist aftur um 50-70 m vestar í mýri milli tveggja melhóla. Garðurinn lítur ekki út fyrir að vera mjög gamall, er um 0,5 m breiður og 0,3 m hár. Ekki er óhugsandi að hann hafi verið undirstaða fyrir girðingu eða tengst áveitu á engjar.
Hættumat: engin hætta

BO-113:014 náma mógrafir 64°25962N 2148376V
Leifar mógrafa sjást uppundir fjalli, austan línuvegarins sem liggur meðfram Skarðsá og um 660 m norður af bæ 001. Mýri. Víða eru uppgrónir slakkar á svæðinu sem líkjast gömlum mógröfum en einnig nokkrar yngri grafir, blautar í botni og reglulega skornar. Ekki er fyllilega ljóst hve mógrafasvæðið er stórt.
Hættumat: engin hætta

BO-113:015 *Gerði* örnefni 64°25707N 2148230V
"Austast í túninu vestur frá Hólunum var nefnt Gerði," segir í örnefnalýsingu. Ábúendur á Neðra-Skarði kannast nú ekki við örnefnið Gerði. Miðað við lýsinguna er líklegt að átt hafi verið við stykki sem er fast vestan við Hólana en austan bæjarlækjar sem nú hefur að mestu verið grafinn út. Þetta er um 170 m NNV af bæjarhól 001. Þýft og grösugt svæði en snöggbitið þegar það var skoðað. Engar tóftir sjást nú í Gerði og ekki er vitað hvort þær hafa verið þar áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 3

BO-113:016 heimild um nátthaga 64°25690N 2148040V

"Sunnan í brekkunni undir Hólunum, sem liggja heim að túni, var stór nátthagi," segir í örnefnalýsingu. Nú kannast enginn við nátthagann. Hólarnir eru auðfundnir beint norðan við túnið. Af lýsingu að dæma hefur nátthaginn verið undir þeim og hér um bil 160 m norðaustur af bæjarhól 001. Grösugar flatir eru við Hólana en meðfram þeim hefur verið grafinn skurður.
Engar leifar nátthaga sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-114 Skarðskot

"Skarðskot hét afbýli Neðra-Skarðs, 6 hundruð að mati eða þriðjungur heimajarðarinnar. Gekk það stundum kaupum og sölum sem sérstök jörð. Byggð var komin í Skarðskoti 1707 og getur verið miklu eldri og hélst til 1925." Byggðir Borgarfjarðar, 149.
Tún 36,071 m², ¾ þýft. Garðar 589 m².

BO-114:001 *Skarðskot* bæjarstæði bústaður 64°25684N 2148401V
"Skarðskot hét afbýli Neðra-Skarðs, 6 hundruð að mati eða þriðjungur heimajarðarinnar... Byggð var komin í Skarðskoti 1707 og getur verið miklu eldri og hélst til 1925. Bærinn á Neðra-Skarði stendur nú á bæjarstæði Skarðskots," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar gamli bærinn stóð en af túnakorti, sem gert var 1918, að dæma hefur hann verið á svipuðum slóðum og gamla íbúðarhúsið er nú eða eilítið austar. Gamla íbúðarhúsið er norðan við núverandi íbúðarhús og var reist upp úr 1920. Bærinn hefur staðið sunnarlega í miðju túni. Aftan við hann hefur verið heygarður eða hlaða en kálgarður þar aftan við. Niðurnítt steinhús stendur á bakka Neðri-Skarðsár en fast sunnan við það er nýrra íbúðarhús. Tæpa 10 m austur af gamla húsinu er nýreist skemma. Nánast engin hólmyndun er á þessum stað. Þegar skemman var reist var grafið niður fyrir undirstöðum hennar á annan metra en ekki varð vart við neinar mannvistarleifar. Því er líklegt að gamli bærinn hafi staðið nær ánni. Hann var líklega alveg horfinn þegar foreldrar Sigurðar Valgeirssonar komu að Neðra-Skarði nálægt 1940.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 149; Túnakort 1918

BO-114:002 heimild um útihús 64°25738N 2148377V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús vestast í túni, 80-100 m norðvestur af bæjarhól 001. Húsið hefur staðið þar sem nú er norðurendi fjárhúsa sem standa nyrst á hlaðinu eða skammt þar norður af.
Húsið er alveg horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-114:003 heimild um útihús 64°25724N 2148372V
Samkvæmt túnkorti frá 1918 stóð útihús um 60-80 m norðvestur af bæjarhól 001. Það hefur staðið nálægt þeim stað þar sem nú er suðurendi fjárhúsa. Fjárhúsin eru nú nyrst allra húsa á Neðra-Skarði, sunnan þeirra er plan og fleiri hús. Ekki sést til gamla útihússins. Sigurður Valgeirsson man eftir torfkofa þar sem fjárhúsið er nú, hann var notaður sem reykkofi í hans tíð. Það gæti hafa verið annað hvort húsið sem um ræðir hér eða útihús 002.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-114:004 heimild um útihús 64°25696N 2148354V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 40-50 m norðaustur af bæjarhól 001.
Þar er nú slétt hlað og útihús hjá því. Húsið er horfið og ekki ljóst hvort það hefur farið undir hlað eða steinsteypt útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-114:005 heimild um útihús 64°25733N 2148295V
Á túnakorti frá 1918 er merkt "tóft" um 100 m austur af útihúsi 003.
Þar er nú túnblettur austur af núverandi fjárhúsum.
Engin tóft sést þar nú, hún hlýtur að hafa verið sléttuð undir tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Skarðskots 1918

BO-114:006 *Skarðskotsstekkur* tóft stekkur 64°25741N 2148743V
"Dýjamýrin nær alla leið niður að Stekkjarholti, sem er vestur af Skarðskotstúni... Vestan undan Stekkjarholti er Skarðskotsstekkur," segir í örnefnalýsingu. Holt sem kallað var Stekkjarholt er um 300 m vestur af bæ 001.
Grýtt holt, fremur hátt og mikið um sig. Um holtið liggja mörkin við Hávarðsstaði.
Greinileg, tvískipt tóft er uppi á holtinu, austan undir hápunkti þess. Kemur staðsetningin því ekki heim og saman við lýsingu örnefnaskrár. Tóftin er alls 11 x 6 m að stærð, snýr austur-vestur og hefur verið op á henni bæði í vestur og suðvestur. Norðaustast gengur tota út úr hólfinu, gæti hafa verið lambakró. Hleðslur eru alveg hrundar en ógrónar. Skammt sunnan við tóftina hefur verið hlaðið upp í gloppu á klettum, 6-8 m langa.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 3



BO-114:007 tóft útihús 64°25768N 2148406V
Tóft er um 30 m vestur af skurði sem liggur austur-vestur norðan við fjárhúsin nyrst á hlaðinu á Neðra-Skarði. Þetta er innan við 5 m austan við línuveginn sem liggur allt upp í skarðið austan Snóks.
Þýft en bitið óræktarsvæði í mýrarjaðri.
Tóftin er ógreinileg og sigin og gæti hafa verið rutt út að hluta. Hún snýr norður-suður með op í suður og er um 8 x 4,5 m að stærð. Grjót gægist upp úr veggjum á nokkrum stöðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-115 Steinsholt

"Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1707 er jörðin talin 12 hundruð úr jörðinni Neðra-Skarði, afdeilt býli í full 80 ár eða meir og í bændaeign. 1526 er jörðin seld í jarðaskiptum með Neðra-Skarði og metin á 10 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 144.
Tún 24,648 m², 1/5 þýft. Garðar 1,016 m².

BO-115:001 *Steinsholt* bæjarstæði bústaður 64°25133N 2148073V
"Bærinn stendur á samnefndu holti, rétt sunnan við þjóðveginn, sem liggur inn Leirársveit til Svínadals," segir í örnefnalýsingu. Til er túnakort af jörðinni frá 1918. Gamli bærinn hefur staðið á sama stað og íbúðarhúsið stendur nú. Kálgarður hefur verið við hann að sunnanverðu en hlaða og heygarður að norðan og austan. Þetta er syðst á klapparholti en norðar á því eru útihús. Land umhverfis holtið hefur verið mýrlent en er nú að mestu framræst. Ekkert sést af eldri bæjarhúsum. Um 6 m austur af suðausturhorni íbúðarhússins er hlaðinn kantur fremst í hólnum. Hann sést á 4-5 m kafla og er úr stórgrýti. Á þessum stað, austan íbúðarhússins, er bæjarhóllinn líklega heillegastur, enda er hann undirlagður af byggingum víðast annarsstaðar. Erfitt er að áætla stærð bæjarhóls, þar sem hann rennur saman við holtið sem hann er á.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 144

BO-115:002 heimild um útihús 64°25144N 2148083V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 hefur verið útihús fast austan við heygarð sem var áfastur bænum 001 að norðaustan. Þar er nú steinsteypt útihús, líklega hlaða, fast norðan við núverandi íbúðarhús. Sund er á milli og um það liggur bílslóði.
Húsið er horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-115:003 *Húsatún* tóft fjárhús 64°25100N 21°47907V
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús á aukatúni sunnan bæjar. Það var aðskilið frá aðaltúni með mýrarsundi eða keldu. Tún þetta hét Húsatún samkvæmt örnefnalýsingu. Þar sjást nú leifar fjárhúss. Nú er stórt tún sunnan keldunnar, að mestu framræst. Þó er óræktarblettur suðaustur af bæ, þangað liggur vegarslóði yfir Kelduna. Húsatún hefur sýnilega verið ræktað á stöku holti í mýrinni. Á þessum stað eru leifar og grunnur af fjárhúsum, bæði steypu- og timburleifar í hrúgu. Þeim hefur verið rutt um að hluta og e.t.v. verið kveikt í húsinu áður þar sem mikið af brunnum timburleifum er innan um byggingarleifarnar. Það eina sem stendur nokkuð vel er grjóthlaðinn garði með steyptri plötu ofan á og baðþró fremst, hann snýr norðaustur-suðvestur. Baðþróin, steypan og sú staðreynd að grindur virðast hafa verið í gólfi benda til að húsið hafi ekki verið byggt fyrr en eftir 1920. Ekki er teljandi hóll undir því og hvergi sést önnur rúst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Steinsholt 1



Kort af túni Steinsholts 1918

BO-115:004 *Álfhóll* þjóðsaga 64°25183N 2148071V
"Norður frá bæ í túninu er grjóthóll, sem heitir Álfhóll...," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 100 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi. Aflangur grjót- og klettahóll, kemur í framhaldi af holtinu sem bærinn stendur á. Hann er mjög brattur að norðvestan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1

BO-115:005 *Rauðavað* heimild um vað
"Norðan bæjar er Rauðilækur, og á honum var vað, notað í gamla daga, það hér Rauðavað," segir í örnefnalýsingu Steinsholts. Í örnefnalýsingu fyrir Neðra-Skarð segir: "Að sunnanverðu nær land jarðarinnar í stein á bakka Rauðalækjar, og þar rétt hjá er vað á læknum, Rauðavað. Oddinn þar vestur af heitir Lögmannsengi..." Rauðavað er ekki þekkt nú og umræddur lækur rennur líklega í skurði nú, a.m.k. norðurhluti hans. Má ætla að vaðið hafi verið skammt norður af Steinsholti, hér um bil í stefnu á Neðra-Skarð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1; Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 1



BO-115:006 *Stekkur* tóftir stekkur 64°24890N 21°47714V
"Suður á há-Ásnum er Stekkjarhóll, og sunnan hans er Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Ás þessi er suðaustan bæjar, með litlum en áberandi klettahólum. Tóft er sunnan undir nyrsta og austasta klettinum, 420 m SSA af bæ 001.
Lágur ás, grýttur og gróðurrýr á þessum stað en mýri er um 100 m sunnar. Tóftin er um 30 m sunnan við Stekkjarhól á berangri, þar er í sjálfu sér ekkert aðhald. Hún snýr suðvestur-norðaustur með dyr í suðvestur og skiptist í tvö hólf. Hún er alls um 10 x 6 m. Fremra hólfið er 7 x 5 m en hið innra 3 x 6 m; það rís mun lægra en hið fyrrnefnda sem er allt að 1,1 m hátt. Þá er algróin upphækkun, einhverskonar viðbygging, upp við vesturhliðina, um 5 x 10 m stór. Engin dæld er þar í og ekki útilokað að um náttúrulegan hól sé að ræða, tæplega 1 m háan. Mikið grjót hefur hrunið inn í aðalhólf tóftarinnar. Tæpum 20 m norðaustar, næstum upp við Stekkjarhólinn, er mjög sigin rúst sem líklega skiptist í tvö hólf, er alls um 6 x 7 m að stærð en ógreinileg. Hugsanlegt er að hún sé af stekknum, enda betra aðhaldi við hólinn. Rústin fjær gæti hins vegar verið af beitarhúsi, enda ber hún fremur merki þess, t.d. eru veggir óvanalega þykkir fyrir stekk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Steinsholt, 1

BO-116 Vogatunga

"Jörðin var talin 16 hundruð 1707 og þá í bændaeign. Landamerkjabréf fyrir Leirá frá 1482 nefnir Vogatungu. Hennar er getið í fornum brétfum, er Björn Þorleifsson á Skarði á Skarðsströnd selur jörðina 1456." Byggðir Borgarfjarðar, 146.
Tún 69,023 m², allt sétt. Garðar 2,864 m².

BO-116:001 *Vogatunga* bæjarstæði bústaður 64°23.481N 21°51.315V
"Bærinn stendur á klapparholti í tungusporðinum milli Laxár og Leirár, rétt vestan við brúna á Laxá," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamla bæjarstæðið er um 20 m vestur af núverandi íbúðarhúsi. Var gamli bærinn, sem byggður var í kringum 1910, rifinn árið 1983. Var um að ræða steinsteypt hús, með kjallara, tveim hæðum og risi. Núverandi íbúðarhús er byggt árið 1979 og varð ekki vart við fornleifar er grafið var fyrir því. Ekki er vitað um eldra bæjarstæði. Til stendur að slétta yfir gamla bæjarstæðið.
Á hæð eða holti í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 146

BO-116:002 heimild um fjós 64°23.473N 21°51.344V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918, rétt norðan við bæjarhúsin. Var um að ræða steinsteypta hlöðu og fjós sem rifin voru 1978. Stóðu þau um 40 m VSV af núverandi íbúðarhúsi. Á hæð eða holti í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-116:003 heimild um útihús 64°23.496N 21°51.312V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918, um 5 m austan við gamla bæjarstæðið(001). Þetta er um 20 m VNV af núverandi íbúðarhúsi. í túni. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Vogatungu 1918

BO-116:004 heimild um útihús 64°23.497N 21°51.282V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918 um 20 m austur frá gamla bæjarstæðinu. Þetta er um 30 m suður af núverandi íbúðarhúsi. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-116:005 heimild um útihús 64°23.328N 21°51.182V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918 við suðurjaðar túns um 100 m suður af gamla bæjarstæðinu (001). Það er um 160 m VSV af núverandi íbúðarhúsi. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-116:006 heimild um útihús 64°23.570N 21°51.320V
"Tóft" er sýnd á túnakorti frá 1918 í miðjum norðurhluta túns. Þetta er um 160 m NNV af núverandi íbúðarhúsi og um 120 m NA frá gamla bæjarstæðinu (001). Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-116:007 heimild um útihús 64°23.634N 21°51.289V
"Tóft" er sýnd á túnakorti frá 1918 í norðausturhorni túns. Þetta er 260 m norður af núverandi íbúðarhúsi og um 220 m NA frá gamla bæjarstæðinu. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-116:008 *Hólmavað* heimild um vað 64°23.328N 21°51.182V
"Á Laxá, rétt ofan við túnið er brú, undir henni er hylur, sem heitir Mjóhylur. Nokkru neðar er annar

hylur, sem heitir Klapparhylur, og neðan hans er vað yfir í Lambhaganes, sem heitir Hólmavað, af hverju sem það er dregið, hér er enginn hólmi," segir í örnefnalýsingu. Hólmavað er um 200 m fyrir neðan brú og um 350 m VSVaf bæ. Samkvæmt Einari Pétri Harðarsyni er þetta eini staðurinn sem kemur til greina. Fullyrðing örnefnaskrár um að ekki sé hólmi við vaðið er ekki rétt, því leiðin yfir ána liggur þarna um tvo hólma eða áreyrar sem liggja samsíða. Áin rennur/ klofnar þarna utan um tvo hólma eða uppgrónar eyrar.
Áin liggur þarna í stórum sveig og eru umræddir hólmar í honum innanverðum (norðanmegin). Farvegurinn er nokkuð breiður á þessum slóðum, straumhraði lítill og áin tiltölulega grunn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-116:009 *Skálavað* heimild um vað 64°23.470N 21°51.724V
"Þá upp fyrir brúna, þar slær áin sér út og heitir þar vað á henni Skálavað, kennt við rjómabú, sem eitt sinn var reist við Laxá og starfaði þar í nokkur ár," segir í örnefnalýsingu. Rétt ANA við sláturhúsið við Laxá er dálítil eyri í ánni og liggur Skálavað um hana. Áður en áin var brúuð var ekið yfir hana á Skálavaði. Sést vegslóði niður að vaðinu enn norðan við ána sem rennur austur-vestur á þessum slóðum.
Fremur hár árbakki að norðanverðu en lægri að sunnan. Áin liggur þarna í sveig og er eyrin í honum norðanverðum. Þeim megin er árbakkinn hár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-116:010 *Árbakki/Laxárbakki* heimild um býli 64°23.481N 21 50.859V
"Upp af [Skála]vaðinu [116:009] er sumarbústaður, en þar nokkuð ofar var eitt sinn býli sem hét Árbakki eða Laxárbakki," segir í örnefnalýsingu. "Fyrst var búið á Laxárbakka 1889-1902. Síðar var þar rjómabú á árunum 1905-1914, ýmist nefnt Vogatungu- eða Laxárbakkabú. Aftur var búið á Laxárbakka 1953-1963. Hús hafa verið rifin og sjást lítt merki byggðar á Laxárbakka," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Árbakki stóð syðst í túni sem er uppi á bakka Laxár norðvestur af Skálavaði 009, um 120 m austan við þjóðveg.
Ræktað tún. Á þessum stað sjást rústir eftir steinsteypt hús, sem eru um 10x10 m að stærð. Hefur þeim verið rutt út að miklu leyti. Að sögn Einars Péturs Harðarsonar er um að ræða leifar íbúðarhússins á Árbakka/Laxárbakka.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1; Byggðir Borgarfjarðar, 148-9

BO-116:011 *Móholt* örnefni mógrafir 64°23.664N 21 50.534V
"Upp af [Skála]vaðinu [116:009] er sumarbústaður, en þar nokkuð ofar var eitt sinn býli sem hét Árbakki eða Laxárbakki [116:010]. Þar aðeins ofar liggur að ánni grasivaxin lág, sem heitir Móholtslág, kennd við holt þar inn og upp af, sem heitir Móholt," segir í örnefnalýsingu. Móholt er við norðurbakka Laxár, um 440 m fyrir austan þjóðveg. Mógrafir eru fast norðan við holtið.
Nokkuð þýfður grasmói, votlendur.
Mógrafirnar sjást enn nokkuð vel þótt margar hverjar séu orðnar nokkuð grónar. Ná þær yfir svæði sem er um 80 x 40 m á stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1

BO-116:012 *Stekkjarnes* örnefni stekkur 64°23.613N 21 49.900V
"Við ána inn af Móholtslág [116:011] gengur smánes fram, sem heitir Stekkjarnes...," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarnes, einnig nefnt Breiðanes er um 240 m austur af Móholti 011.
Þýfður grasmói á nesi við á.
Ekki sjást ummerki eftir stekk þann sem nesið dregur nafn sitt af.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogatunga, 1



BO-116:013 tóft 64°23.744N 21 50.752V
Um 40-50 m austur af tóft 014 er önnur tóft.
Uppgróin hraunholt.
Tóftin skiptist í þrjú hólf og um 17x12 m að stærð. Hleðsluhæð er mest um 1,6

m. Nokkuð er hrunið úr veggjum Liggur hún N-S. Liggja tvö hólfanna, sem bæði eru ílöng, samsíða frá N-S en þriðja hólfið er sambyggt hinum við norðaustur-hornið og opnast til norðurs. Dyr eru á vestara hólfinu af hinum tveimur við norðvestur-hornið.
Hættumat: engin hætta

BO-116:014 tóft fjárhús 64°23.717N 21 50.789V
ANA af bæ og um 200 m austan þjóðvegar er holt sem nefnist Miðholt, einnig kallað Húsaholt og liggur það austur-vestur. Sunnanmegin á miðju holtinu er tóft. Uppgróið hraunholt.
Tóftin, sem er hlaðin úr torfi og grjóti, er um 19x7 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 1 m. Farið er að hrynja talsvert úr veggjum. Líklega er hér um gamalt fjárhús að ræða en tóftin skipist í þrennt, þ.e í eitt langt hólft með hlöðnum garða í miðju, því næst kemur hlöðutóft við NA-enda langa hólfsins og loks lítið hólf sem er sambyggt hlöðutóftinni við austurhorn hennar. Liggur hún NA-SV og er opin í SV-enda.
Hættumat: engin hætta



BO-117 Beitistaðir
"Jörðin var í bændaeign 1707, talin 12 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 126
Tún 25,677 m², 1/8 þýft. Garðar 1,000 m².

BO-117:001 *Beitistaðir* bæjarstæði bústaður 64°23.761N 21°51.613V
Bærinn stendur norðan við þjóðveg nr. 1 á grýttu holti...," segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð um 20 m ANA af núverandi íbúðarhúsi þar sem nú er vélageymsla. Hann brann árið 1959 og var núverandi íbúðarhús byggt sama ár. Þegar grafið var fyrir því kom upp talsvert af postulínsbrotum og öðru rusli.
Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 126

BO-117:002 *Húsafit* tóft fjárhús 64°23.728N 21°51.501V
Útihús er sýnt á túnakorti í austurhorni túns. "Þegar er komið yfir brúna á Leirá, er stór grasfit, sem heitir Húsafit. Hún er beint á móts við gömul fjárhús á Beitistöðum og heitir Húshóll fyrir ofan fitina, þar eru hús enn," segir í örnefnalýsingu. Tóftir fjárhúsana sjást enn um 120 m austur af núverandi íbúðarhúsi. Undir klettahól í túni. Tóftin er um 7x13 m að stærð og er hún hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðslur eru hrundar og signar og því er hleðsluhæðin ekki nema um 0,3 m. Tóftin, sem liggur N-S er tvískipt, þ.e fjárhús og hlaða, en einnig er sambyggð henni að vestanverðu hringlaga gryfja með steyptum veggjum og er hún um 2 m í þvermál og um 1 m á dýpt. Tóftin er opin í suðurenda.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918, Ö-Beitistaðir, 1,

BO-117:003 heimild
"Hér var prentsmiðja frá 1816-1819, engin merki sjást þess," segir í örnefnalýsingu. Óljóst er hvar prentsmiðjan var staðsett, en til eru sögusagnir um að tóft sem nú er horfin (sjá 009), hafi verið leifar hennar.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 1; Byggðir Borgarfjarðar, 126



Kort af túni Beitistaða 1918

BO-117:004 heimild um mógrafir 64°23.856N 21°51694V
Mógrafir voru um 160 m NV af bæ. Ræktað tún. Mógrafirnar eru nú horfnar og er búið að ræsa fram og slétta svæðið sem þær voru á.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-117:005 garðlag 64°23.836N 21°51.501V
Grjóthlaðið garðlag er um 120 m NV af bæ. Uppgróið melholt. Garðlagið liggur A-V. Sést vel í grjótið að norðanverðu en gróið er yfir það að sunnan. Garðlagið er um 72 m á lengd og er breidd þess um 1 m og hæðin 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-117:006 heimild um ristu 64°24.018N 21°51.311V
"Austan við Króarholtið upp af bænum er Beitistaðatjörn; þar er mjög mikil og góð reiðingsrista," segir í örnefnalýsingu. Beitistaðatjörn er um 490 m norður af bæ. Hún er nú uppþornuð og svæðið orðið uppgróið. Þar er samt sem áður enn nokkuð votlent.
Grasivaxið og smáþýft votlendi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 2

BO-117:007 heimild um legstað 64°23.646N 21 52.079V
"Niður við sjóinn er holt, sem heitir Sjóarholt; við það holt er gamalt dys," segir í örnefnalýsingu. Sjóarholt er sunnan þjóðvegar, um 260 m VSV af bæ. Holtið liggur norður-suður og standa tveir sumarbústaðir við suðurenda þess. Heimildamenn vissu ekki um staðsetningu dysjarinnar, og fannst hún heldur ekki við vettvangskönnun. Grýtt holt sem er grasigróið. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Beitistaðir, 2

BO-117:008 frásögn huldufólksbústaður 64°23.976N 21°51.218V
Fast vestan við Leirársveitarveg, þar sem hann liggur yfir Beitistaðaholt, er dálítið klettabelti sem sagt er að sé bústaður huldufólks. Uppgróið stórgrýtt holt.
Hættumat: engin hætta

BO-117:009 frásögn 64°23.795N 21°51.485V
Heimildamenn muna glögglega eftir rústum um 80 m NA af núverandi fjósi og hlöðu. Þessar rústir eru nú horfnar með öllu. Hafa Magnús Óskarsson og Óskar Óskarsson heyrt að rústirnar hafi verið leifar prentsmiðju sem eitt sinn var á Beitistöðum (sjá 003). Það hefur þó aldrei fengist staðfest. Í ræktuðu túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-117:010 brunnur vatnsból 64°23.740N 21°51.585V
Brunnur er um 20 m suður af núverandi fjóshlöðu. Í túni. Brunnurinn er nú yfirbyggður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-118 Lækur

"Jörðin var í eigu Skálholtsstóls 1707, 2o hundruð að mati. Hún var seld frá stólnum 1787... Jörðinni var skipt 1038, og hlaut nýbýlið Lyngholt vestri helming landsins, norðan við þjóðveginn." Byggðir Borgarfjarðar, 136. "Lyngholt. Þessi jörð er nýbýli frá jörðinni Læk, stofnað 1938. Býlið hlaut vesturhluta Lækjarlands..." Byggðir Borgarfjarðar 135
Tún 45,839 m², ½ þýft. Garðar 2,136 m².

BO-118:001 *Lækur* bæjarhóll bústaður 64°23.986N 21 52.462V
Núverandi íbúðarhús sem er byggt 1930, stendur fast sunnan undir miklum hól, en uppi á hábungu hans, 50 m norður af íbúðarhúsinu, var gamla bæjarstæðið. Gamli bærinn sem rifinn var árið 1931, var úr torfi og grjóti og var kjallari undir honum að hluta. Árið 1978 var bæjarhóllinn lækkaður um u.þ.b. 1 m og kom þá upp talsvert magn af hleðslugrjóti, auk þess sem fundust nokkrar fiskisleggjur. Mjög hæðótt tún. Ekki sést til fornleifa en hóllinn sem bæjarstæðið er á, er náttúrulegur og allt að 7 m hár.
Hættumat: hætta v.ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-118:002 heimild um kirkju 64°23.986N 21 52.462V
[1181]: [á Melum] fylgia kirkiur at læk, ... Máld DI I 271-272 [Mela]
[um 1220]: [Melum] fylgia kirk[iv]r at læk ...; Máld DI I 419 [Mela]
[1367]: lxxxix. a þridiung j heima lande; Hítardalsbók DI III 223
1397: [Melum] fylgia kirkiur ad Læk. ... ; Máld DI IV 192-193 [Mela]
1397: CCXXVII. Lækur.
Kirkia ad Læk a þridiung j heimalanndi og þat fleijra sem finnast mä oc hun ä epter logumm.
Jtem iij kugilldi. Máld DI IV, 194
1575: CXLV. Lækur.
Hälffkirkian äLæk. ä thridiung i heimalande. og nockud meira ef finst. Máld DI XV, 629.
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69}
1599: Lækur skalholltzjord. einginn kyrkiutijund. þar hefur verid fordum halfkyrkia. nu fyrir laungu affallinn. … JS 143 4to, bl. 220-222.
16.8.1600 … leist [dómsmönnum] ad ä þessum ollum hälfkirkium væri full þorf. … Lækur … Skulu eignarmenn skylluger greindum halfkyrkium uppi ad hallda. so þar meigi ad hneixlunarlausu Gidz orda þionusta framflytiast. oc þar sieu eirnin med messuklædi og kaleikur sem þaurf er til. leggi og eirninn til wijn og bakstur. nær med þarf. þar sie og ecki annad jnnlagt enn sæmiligu saunghusi ber ad wardueita. eda leyfiligt er j kyrkiu ad leggia. Skulu þær hallda sijnum Rietti og Renttu sem ad fornu hefur werid … AÍ III, 196 "Kirkja var að Læk til forna, a.m k. frá 1181, þá er hennar getið í máldaga Melakirkju. Kirkjan er talin eiga þriðjung heimalandsins 1367," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Ekki er vitað hvar kirkja þessi mun hafa staðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 136; DI: Íslenskt fornbréfasafn; AÍ: Alþingisbækur Íslands III, 19

BO-118:003 tóft fjárhús 64°24.081N 21 52.367V



Útihús er sýnt á túnakorti í norðurhorni túnsins, um 200 m norður af gamla bæjarstæðinu 001. Er um að ræða fjárhús og sést tóftin enn. Í hæðóttu túni. Tóftin er nokkuð mikil, eða um 16x10 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 1 m. Hún virðist vera einföld, en þó er erfitt að skera úr um það þar sem hún er vaxin háu grasi og sést ekki í hleðslugrjót. Tóftin liggur SV-NA og er hún opin í suðvesturenda. Túngarður (019) liggur að tóftinni að austanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Lækjar 1918

BO-118:004 heimild um útihús 64°24.048N 21 52.385V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús rúma 100 m norðan við gamla bæjarstæðið, um 60 m suður af fjárhústóft 003. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-118:005 heimild um útihús 64°24.001N 21 52.472V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 40 m norðan við gamla bæjarstæðið. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-118:006 heimild 64°23.986N 21 52.462V
Tóft er merkt inn á túnakort frá 1918, um 5 m VNV við bæjarstæðið.
Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-118:007 náma mógrafir 64°24.200N 21 52.082V
"Nokkuð austar á merkjum á milli Leriárgarðabæ [svo] var þúfa við Atdý, en dýið er horfið við landþurrkun, og enn austar er Króarholt... Í Sundunum við Króarholtið var tekinn upp mikill mór, og þar nokkuð neðar, ofan við Bæjarholtið, var Móholt. Þangað var mórinn reiddur og þurrkaður," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir þessar eru um 500 m norðaustur af bæ. Óræktaður og þýfður grasmói sem er votlendur á köflum. Mógrafirnar sem ná yfir allstórt svæði eru að mestu grónar.
Heimildir: Ö-Lækur a, 1-2

BO-118:008 tóft 64°23.363N 21 53.624V
Á Lækjarnesi eru tvö holt og nefnist það syðra Langholt. Suðaustantil á því eru óljós tóftarbrot.
Er á dálitlum hól á uppgrónu melholti.
Tóftin minnir talsvert á hundaþúfur úr fjarlægð, en þegar nær dregur fær hún á sig meira tóftarlag. Virðist hún vera um 4x4 m á stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Grjóthrun er inni í tóftinni sem gæti verið hleðslugrjót.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lækur a, 2

BO-118:009 *Reiðvarða* varða samgöngubót 64°23.373N 21 52.969V
"Vegur (017) var eitt sinn lagður niður Lækjarnesið, þegar fjörurnar voru farnar, og þar var varða, sem hét Reiðvarða," segir í örnefnalýsingu. Varðan er á dálítilli tá, austast fyrir miðju Lækjarnesi. Frá vörðunni var riðið yfir Laxá að svonefndum Hömrum. Grasi gróinn sjávarbakki. Varðan er um 1 m á hæð og um 1x1 m að neðanmáli. Varðan, sem er hlaðin úr grjóti, var endurhlaðin upp úr 1980
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lækur a, 2

BO-118:010 *Stekkjarholt* örnefni stekkur
"Í nesinu eru tvö sérstæð holt. Annað heitir Stekkjarholt. Á því reisti ungmennafélagið um 1915 hús, sem í daglegu tali var nefnt Hóllinn, enda hét það Sunnuhvoll. " Er Stekkjarholt það nyrðra. Staðsetning stekkjarins sem holtið dregur nafn sitt af er óljós og hefur Vilborg Kristófersdóttir, sem gjörþekkir holtið, aldrei orðið var við leifar af slíku tagi. Skrásetjari varð heldur ekki var við mannvirkjaleifar á holtinu.
Uppgróið melholt.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lækur a, 2-3

BO-118:011 *Akkerissteinn* heimild um 64°23.031N 21 53.542V
"Frammi fyrir nesoddanum er steinn, sem heitir Akkerissteinn. Sagt er, að skipum hafi verið fest við hann til forna," segir í örnefnalýsingu.
Fjara.
Steinninn er um 2 m hár og 2 m breiður. Steinninn er ávallt umflotinn sjó, en á fjöru má þó vaða út að honum að norðanverðu. Var talið að skipin hefðu komið að honum að sunnanverðu, enda er þar ávallt hyldjúpt. Nefnist állinn sunnan Akkerissteins Lækjarfljót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lækur a, 3; FF, 272

BO-118:012 tóft+garðlag 64°23.130N 21 53.565V
"Neðan við veginn skagar stórt nes til suðurs fram í sjó; heitir það Lækjarnes," segir í örnefnalýsingu. Síðar í sömu lýsingu segir: "Ekki er vitað hvað hefur verið þar sem rústirnar í Lækjarnesi eru nú en þess var farið á leit við þjóðminjavörð að hann


léti kanna þessar rústir." Syðsti oddi Lækjarness nefnist Nótatangi. Á honum eru umræddar leifar. Grasi vaxinn tangi.
Um er að ræða tvö fornfáleg garðlög sem loka syðsta hluta tangans af. Liggur annað þeirra N-S meðfram vesturhlið tangans en hitt kemur hornrétt austan megin á norðurenda þess og liggur A-V. Er garðlagið sem liggur norður-suður,um 8 m á lengd en hitt garðlagið er um 57 m. Hleðsluhæð garðlaganna er mest um 0,5 m. Hér og þar sést í hleðslugrjót en garðlögin eru þó að mestu gróin. Fremst á sjávarbakkanum, um 20 m norður frá austur enda lengra garðlagsins, eru óljósar grjóthleðslur, aðeins eitt umfar, og eru þær með tóftarlagi. Er tóftin um 3x2 m á stærð og er hleðsluhæðin um 0,1-0,2 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lækur a, 2; Ö-Lækur b, 2

BO-118:013 heimild um beitarhús
"Í Lækjarnesinu er Stekkholt [118:010], beint norður af því er holt, sem heitir Pollholt. Sunnan undir því eru rústir eftir mikil fjárhús, og nátthagi hefur verið í kringum þau."
Heimildir: Ö-Lyngholt, 1

BO-118:014 tóft 64°23.331N 21 53.631V
Tóft er á Langholti, um 50 m suður af 008. Uppgróið melholt.
Tóftin er talsvert sigin og farin að hlaupa í þúfur, en er samt vel greinileg hvað varðar stærð og lögun. Liggur hún A-V, er einföld og opin í vesturenda. Stærð tóftarinnar er um 8x5 m og er hleðsluhæðin um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta



BO-118:015 tóft 64°24.064N 21 52.512V



Skógræktarreitur er um 160 m norður af bæ. Austantil í honum og um 60 m norðaustur frá hliðinu inn í hann, er lítil tóft. Var ákveðið þegar skógræktin hófst fyrir u.þ.b. 10 árum síðan, að tóftin skyldi varðveitt og því var ekki gróðursett í henni. Tré vaxa samt sem áður þétt upp við tóftina.
Skógræktarreitur. Tóftin er um 7 x 4 m að stærð, er einföld og liggur A-V, með dyr á vesturgafli. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Tóftin er vaxin háu grasi því ekki mjög greinileg. Hleðslur eru signar og farnar að hlaupa í þúfur. Ekki sést í hleðslugrjót.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-118:016 náma mógrafir 64°23.787N 21 52.335V
Mógrafir eru suður af bæ, um 80 m sunnan þjóðvegar.
Grasi vaxið votlendi.
Mógrafirnar eru mikið grónar og ná yfir svæði sem er um 80x60 m að stærð.
Hættumat: engin hætta

BO-118:017 vegur samgöngubót 64°23.611N 21 53.201V
Upphlaðinn vegur liggur um Lækjarnes. Vilborg Kristófersdóttir taldi að vegurinn hefði verið hlaðinn upp rétt upp úr aldamótunum 1900. Þýfður grasmói, votlendur.
Vegurinn sem er rúmlega 1 km að lengd og um 5 m á breidd rís allt að 0,5 m. Var hann fær hestvögnum á sínum tíma. Vegurinn er algróinn og eru handgrafnir skurðir meðfram honum. Ekki er alveg ljóst hvort vegurinn er hlaðinn úr torfi eingöngu eða bæði torfi og grjóti.

BO-118:018 heimild um traðir 64°23.986N 21 52.462V
Traðir lágu frá norðri til suðurs,eftir miðju túninu, um hlaðið við gamla bæinn og niður að sjó. Eru þær sýndar á túnakorti frá 1918. Í túni. Ekki sést til fornleifa. Ef miðað er við það sem teiknað er inn á túnakort þá hafa traðirnar a m.k samanlagt, verið um 230 m langar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-118:019 garðlag túngarður 64°24.055N 21 52.336V

Túngarður liggur meðfram öllum norðurjaðri heimatúnsins og austurjaðri að hluta.
Túnjaðar. Túngarðurinn er nokkuð myndarlegt mannvirki sem nær mest um 1 m á hæð. Breidd hans að neðanverðu er mest um 1 m. Samanlögð lengd hans er um 280 m. Hlið er á túngarðinum, um 4 m SA frá fjárhúsi 003. Þar lágu traðir 018 í í gegn og suður eftir túninu. Túngarðurinn er algróinn og sést hvergi í hleðslugrjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-118:020 varða 64°24.121N 21 52.265V
Mikið signar og grónar leifar vörðu eru á Bæjarholti, en svo nefnist næsta holt norðan við túnið.
Uppgróið melholt. Lítið er eftir af vörðunni og eru leifar hennar mest um 0,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta



BO-118:021 64°23.710N 21 52.739V
Tóft er á sjávarbakka, austanmegin á Lækjarnesi og um 160 m suður af fjárhúsum Lækjar sem eru skammt sunnan þjóðvegar. Sjávarbakki. Lítið er orðið eftir af tóftinni vegna landbrots sem þarna er. Sjást nú einungis leifar af norðurvegg tóftarinnar og er lengd hans um 5 m og hleðsluhæð 0,3 m.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

BO-118:022 tóft 64°23.632N 21 53.071V
Tóft er á Lækjarnesi um 300 m VSV frá 021. Þýfður grasmói, votlendur á köflum og er tóftin á dálitlum hól.
Tóftin er um 7x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Hún er mikið sigin og farin að hlaupa í þúfur og því er erfitt að greina lögun hennar. Tóftin liggur suðvestur-norðaustur og er opin í suðvesturenda.
Hættumat: engin hætta



BO-118:023 dys legstaður 64°23.588N 21 53.331V
Dys er á Lækjarnesi, um 80 m vestur af vegi 017 og um 160 m beint vestur af tóft 022. Heimildamaður vissi ekki annað um þennan stað en það að hann var alltaf kallaður Dysin.
Uppgróinn melur, umkringdur þýfðum og votlendum grasmóa.
Um er að ræða grjóthrúgu sem sökum reglulegrar lögunar sinnar gæti verið manngerð. Liggur hún A-V og er grasi gróin að mestu að norðanverðu, en að sunnanverðu sést í bert grjót. Dysin er um 4 m að lengd og um 1 m að breidd.
Hættumat: engin hætta

BO-119 Skipanes
"Jörðin var að fornu 12 hundruð og bændaeign 1707." Byggðir Borgarfjarðar, 142.

Tún 19,817 m². Garðar 532 m².



Kort af túni Skipaness 1918

BO-119:001 *Skipanes* bæjarstæði bústaður 64°23.752N 21 54.352V
"Bærinn stendur við Grunnafjörð og dregur nafn sitt af nesinu, sem hann stendur á," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Núverandi íbúðarhús er byggt í tveim áföngum, 1924 og 2000. Stendur það á gamla bæjarstæðinu. Handgrafinn kjallari er undir eldri hluta hússins.
Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 142

BO-119:002 heimild um útihús 64°23.780N 21 54.355V
Útihús er sýnt á túnakorti um 30 m norðan við gamla bæjarstæðið (001). Nú eru þar fjárhús. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-119:003 frásögn bústaður 64°23.734N 21 54.487V
Um 100 m VSV af bæjarhól 001, í suðurjaðri túnsins, á sjávarbakka, sást lengi móta fyrir rústum. Þá var einnig garðlag meðfram sjávarbakkanum. Þessar minjar eru nú að mestu horfnar ef undan er skilinn tæplega 20 m óljós bútur af garðlaginu fremst á sjávarbakkanum. Stefán Gunnar Ármannsson var ekki viss um hvar rústirnar voru nákvæmlega, en þó er mögulegt að þær hafi verið þar sem túnið hækkar skyndilega fremst á bakkanum og myndar nokkuð myndarlegan hól. Að sögn Stefáns hafa menn talið að hér sé um að ræða elsta bæjarstæði Skipaness og hafi bærinn verið færður á núverandi stað vegna landbrots.
Í túnjaðri á sjávarbakka. Slitrur af garðlagi eru greinanlegar fremst á sjávarbakkanum. Er garðlagið um

20 m langt og um 0,4 m á hæð. Breidd er um 0,4.
Hættumat: hætta, vegna rofs

BO-119:004 *Stokkur* heimild um lögn
"Frammi á fjörunni út við ál heitir Skipaneseyri, og þar suðvestur af Álftatanga er Stokkur. Á hann var dregið í gamla daga," segir í örnefnalýsingu. Sunnarlega á Lækjarnesi vestanverðu ganga úr tveir tangar. Nefnist sá syðri Álftatangi. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega Stokkur var. Um var að ræða stað þar sem net voru lögð yfir álinn.
Lítill tangi við sjó.
Heimildir: Ö-Skipanes, 1

BO-119:005 *Sigurðarstekkur* tóft+garðlag stekkur 64°24.168N 21 54.295V
"Vestan við bæinn er Geldingaá á merkjum... Rétt austur frá ánni er hóll, sem heitir Strákur. Er eins og hverahrúður. Hér á að vera Sigurðarstekkur, það er að segja, menn hafa heyrt nafnið, en þekkja ekki staðinn," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn Strákur er um 120 m norðan þjóðvegar og um 760 m NNV af bæ. Sést hóllinn vel frá þjóðveginum þar sem hann sker sig talsvert úr landslaginu vegna litar síns, en hann er gulhvítur. Er hóllinn á suðurbarmi skurðar sem liggur A-V. Stefán Gunnar Ármannsson vissi ekki hvar Sigurðarstekkur hefði verið, en gat þó auðveldlega bent á áðurnefndan hól. Við vettvangskönnun kom þó í ljós að um 15 m sunnan við hólinn eru mjög óljósar mannvirkjaleifar. Skal þó ekki fullyrt hvort um Sigurðarstekk er að ræða. Smáþýfður grasmói, votlendur á köflum. Um er að ræða 3 garðlög og lítið tóftarbrot. Liggja garðlögin öll frá A-V og er tóftin samföst því syðsta. Nyrsta garðlagið er um 5 m langt, það í miðjunni um 14 m og það syðsta um 52 m. Garðlögin eru öll í mjórra lagi eða mest um 0,5 m á breidd. Tóftarbrotið sem er áfast syðsta garðlaginu við vesturendann. er um 4,5x2 m á stærð. Hleðsluhæð leifanna er mest um 0,3 m.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skipanes, 1

BO-119:006 brunnur vatnsból 64°23.757N 21 54.394V
Gamall brunnur er um 15 m VNV af vestari hluta íbúðarhússins.
Í túni. Brunnurinn er hlaðinn að innan og eru líklega um 2 m frá yfirborði niður í vatnsborðið. Var á sínum tíma leitt rör úr brunninum í handdælu inni í bæ og var ávallt nóg vatn í brunninum. Árið 2000 var hlaðið stækkað og hækkað upp á þessu svæði til þess að gera bílastæði vestan við nýrri húshlutann. Voru þá jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að varðveita brunninn og var steyptur stokkur ofan á hann sem nam hæð nýja hlaðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-120 Eystra-Skorholt
"Í Landnámu er jörðin nefnd Skorraholt, kennd við Skorra, þræl Gufu Ketilssonar (eða Ketils gufu)... Jarðabók Árna og Páls 1707 telur tvö Skorholt, Eystra og Ytra, hvort um sig um 10 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 143.
Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-120:001 *Eystra-Skorholt* bæjarstæði bústaður 64°24.318N 21 55.200V
"Bærinn er efst í túni, sunnan við melana," segir í byggðum Borgarfjarðar. Gamli bærinn stóð á svipuðum stað og íbúðarhúsið í Skorholti stendur nú. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á þessum stað.
Þar sem gamli bærinn var er steinsteypt íbúðarhús og samfast því viðbygging.
Ekki er líklegt að miklar mannvistaleifar sé að finna undir yfirborði, bæjarhóll er ekki greinilegur og steypt hús var byggt á svipuðum stað og gamli bærinn stóð áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 143



Kort af túni V- og E-Skorholts 1917

BO-120:002 tóft útihús 64°24.411N 21 55.060V

Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt í norðausturhorni túns, 160-170 m frá bæ. Enn má sjá tóftir í norðausturhorni túnsins en fjarlægðin frá gamla bænum (001) þar sem íbúðarhúsið stendur nú er um 190-200 m. Útihús þetta hefur verið um 5 m fast ofan (norðan) við girðingu sem girðir af tún og fast ofan við gamla Melasveitarveg. Tóftin er 20-30 m neðan við raflínustaur. Neðan við tóftina eru tún en ofan við hana er melur eða hæð. Tóftin er nokkuð gróin eða 0,5-0,6 m á hæð. Hún virðist tví-eða þrískipt og er 13 X 8 m að stærð að utan. Tvö samsíða hólf snúa norður-suður og er ekki torfveggur greinilegur fyrir suðurvegg þeirra. Vestan við vestara hólfið er svo mjög ógreinilegt hólf og virðist op vera á vesturvegg þess.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-120:003 heimild um útihús 64°24.312N 18 55.217V

Um 5 m vestan við gamla bæinn 001 var útihús sem merkt var inn á túnakort frá 1917. Vestan við íbúðarhúsið sem nú stendur eru sambyggð útihús úr steypu. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú steinsteypt útihús og eru engar leifar eldri byggingar greinilegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-120:004 heimild um útihús 64 21.329N 21 55.134V

"Tóftir" eru merktar inn á túnakort frá 1917, norðan við garð, suðaustan við bæjarhúsin. Tóftir þessar hafa verið um 55 m austan við bæinn 001 en örlítið sunnar. Þar sem þau hafa staðið er nú rennislétt tún. Engin merki um húsin eru greinileg en þar sem þau hafa staðið er hæð í sléttu túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-120:005 *Selhóll* tóftir sel 64 25.194N 21 55.321V

"Um Selhól, en það er langur melhóll, suðaustur af Sjónarhól... þeir eru aðskildir af mýrarsundi," segir í

örnefnalýsingu. Sé þjóðvegur ekinn áfram til norðurs, fram hjá Geldingaárafleggjara, birtist fljótlega vegarslóði til austurs, inn melhóla. Fyrsti melhóllinn sem komið er að, um 300 m austan við þjóðveg, er Selhóll. Aflangur melhóll sem liggur austur-vestur. Vegarslóðinn liggur yfir hann að norðvestanverðu og svo áfram til norðausturs. Hóllinn er allur blásinn nema vestast á smábletti. Mýrarsund er sunnan og suðaustan við hann en þurrt dalverpi að norðan og norðvestan. Lítil tjörn er í mýrarsundinu. Allt umhverfi er mjög gróðurrýrt og uppblásið en svo virðist sem grasfræi hafi verið sáð í melana.
Mjög fornlegar tóftir eru á gróðurtorfunni vestan hólsins. Vel hugsanlegt er að fleiri tóftir hafi blásið upp eða jafnvel farið undir veginn. Næst veginum, norðvestast á torfunni er tóft sem hér verður nefnd I. Hún er tvíhólfa og alls 7 x 7 m. Eystra hólfið er minna og virðist sem rofnað hafi framan af því. Sennilega hafa bæði hólfin opnast í norðvestur. Veggir eru lyng- og mosavaxnir, 0,3 m háir og hvergi sést grjót í þeim. II. 15 m suðaustar er aflöng dæld upp við rætur hólsins, hún er um 20 x 5 m, ekki mjög regluleg en virðist manngerð engu að síður. Ekki sjást þó heillegar vegghleðslur. Dálítil gróska er í botninum og sér þar í grjót á 2-3 stöðum. Dældin snýr norðvestur-suðaustur og er syðri hlutinn lægri en sá nyrðri, þannig er tóftin nánast tvískipt. Við syðri endann er lítil dæld, 2 x 2 m en tæpa 5 m suður af henni stærri og reglulegri dæld, um 3 x 4 m og 0,4 m djúp. III. Tæpa 40 m beint vestur af II er tóft, nokkuð aflöguð en um 6 x 6 m stór og nærri sporöskjulaga. Dyr hafa líklega snúið í vestur. Skammt framan við hana endar gróðurtorfan. Ógreinileg þúst er fast sunnan við hana. IV. Um 10 m suður af henni eru leifar af tóft sem er við það að blása upp, nálægt því 5 x 7 m stór og gætu dyr hafa verið í suður.



Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Skorrholt, 1

BO-120:006 heimild 64 25.131N 21 55.003V
"...ofan við veginn að Geldingaá er hóll, sem heitir Kálfhóll, til eru þeir sem nefndu hann Pálshól, en hann er aldrei nefndur svo nú, þar eru rústir." segir í örnefnalýsingu. Svæðið milli afleggjarans heim að Geldingaá og afleggjarans sem er um 1,2 km norðar er nær alveg gróðurlaust. Þar skiptast á nokkuð stórir, berir melar og flóasvæði á milli. Baldvin Björnsson telur að Pálshóll hljóti að vera stór melhóll nokkru sunnan við Selhól 005. Ekki eru þó greinilegar rústir á þessum hól né heldur sjást rústir á öðrum hólum umhverfis. Berangurslegt melasvæði.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ö-Skorrholt, 1

BO-120:007 tóft fjárhús
64°24.286N 21 55.260V
Þar sem heimreiðin að Skorholti greinist frá Melarsveitarvegi er ristahlið. Heimreiðin liggur þaðan í um 30 m til norðurs en greinist þá í tvennt. Fer austari slóðinn heim að íbúðarhúsinu en sá vestari að hlaði vestan við steypt útihús. Fast vestan við vestari slóðann og um 30-40 m ofan við ristahliðið á heimreiðinni er tóft. Tóft þessi er 75-85 m suðvestan við gamla bæinn (001). Tóftin er í túni vestan við vestari



afleggjara heimreiðarinnar. Tóftin er 10 X 10 m að stærð. Suðurhluta hennar er skipt upp með garðlagi en nyrðri hlutinn skiptist í tvö hólf. Rusl er í tóftinni og er hún útflött á köflum. Ekki er greinanlegur veggur fyrir suðurhlið tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-120:008 tóft fjárhús 64°24.264N 21 55.636V



7-8 m norðan við Melasveitarveg og um 60-70 m vestan við garðlagið BO-121:002 er tóft í túninu. Hún er 20-30 m austan við vírgirðingu í kringum tún Skorholts. Yfir tóftina er raflína sem liggur skáhallt upp (NA-SV) túnið.
Tóftin er innan hins eiginlega heimatúns. Þessi hluti túnsins er þó greinilega komin í órækt, en hann er þýfður og nokkuð grýttur. Svæðið er aflíðandi.
Tóftin er fremur heilleg og er 15 X 11 m að stærð. Hún skiptist í af þrjú hólf og eru 3 op á suðurhlið hennar og hugsanlega eitt á norðurhlið. Svo virðist sem garði hafi verið eftir stærsta hólfinu en hann er nú mjög óskýr. Grjóthleðslur sjást í veggjum. Tóftin er þessleg að hún hafi verið byggð upp á eldri tóft. Um 2 m vestan við hana virðist t.d. mega greina vegghleðslu á um 8 m parti en hún er mjög óskýr (0,1 m á hæð) og mun ellilegri en sú tóft sem stendur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-120:009 tóftir 64°23.975N 18 55.806V
Um 70 m vestan við skurð sem liggur norður-suður frá Melasveitarvegi og niður að Grunnafirði er rústahóll. Hóllinn er 450-470 m sunnan við Melasveitarveg og frá honum eru um 130-150 m að sjó til vesturs en 300 m til sjávar í suðausturátt. Í raun eru á þessum stað tveir hólar og hafa verið rústir á þeim báðum. Allt í kring er sléttlendi niður að Skorholtsnesi en þar eru litlar hæðir. Svæðið er mjög þýft, bæði hólarnir og sléttlendið í kring. Á þessum stað eru tveir hólar. Sá austari er stærri (30 X 15 m) og nær mun lengra til norðurs en um 10 m vestan við þar sem hann fjarar út er annar minni hóll (10 X 15 m). Báðir hólarnir eru mjög þýfðir og erfitt að greina nákvæmar útlínur þeirra tófta sem á þeim eru. Á báðum hólanna má þó greina óljósar tóftir. Á stærri hólnum virðist tóftin tvíkskipt og er 8 X 8 m að stærð áður en hún fjarar út. Á vestara hólnum er tóftin enn óskýrari en þó má nú greina einfalda, 5 X 4 m tóft. Líklegt er að á báðum hólum hafi mannvirki áður verið meiri, en þau eru nú hlaupninn í þúfur að nokkru leyti. Á loftmynd má greina að garðlag hefur verið í jaðri hólsins en erfitt er að greina nákvæma lögun þess af jörðu niðri nú þar sem það er meira og minna hlaupið í þúfur.



Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-120:010 varða 64°23.803N 21 55.978V
Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Skorholtsnesi, þar sem áætluð er sumarbústaðabyggð, eru tvær afgerandi hæðir. Báðar eru aflíðandi og liggja NA-SV og á þeirri syðri er varða sem virðist nokkuð fornleg. Varðan stendur vestast á hæðinni og frá henni eru um 150 m í sjó bæði til vesturs og austurs. Hæðin er klöpp sem að miklu leyti er gróin mosa. Hún er mest 1,2-1,5 m á hæð þar sem hún er hæðst. Varðan er 1,5 m í þvermál og er 0,4 m á hæð. Hún er gróin mosa.



Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-120:011 tóft 64°23.610N 21 56.121V
Suðaustast á Skorholtsnesi, fast við sjávarborð, er hlaðin tóft úr grjóti. Tóftin er um 1300 m neðan við Melasveitarveg og um 300 m neðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði.
Sunnan og austan við tóftina er fjara við Grunnafjörð, en norðan og

vestan hennar er lítið gras- og mosavaxið svæði.
Tóftin er alveg grjóthlaðin. Hún er um 4 m á breidd en um 6 m á lengd. Ekki er greinilegt hvar op hefur verið á tóftinni en lægstur er veggurinn norðarlega á vesturhlið hennar. Veggir eru nokkuð signir og mosavaxnir. Sunnan eða suðvestan við tóftina er hringlaga dæld sem virðist tengjast mannvirkinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-121 Vestra-Skorholt

"Í Landnámu er jörðin nefnd Skorraholt, kennd við Skorra, þræl Gufu Ketilssonar (eða Ketils gufu)... Jarðabók Árna og Páls 1707 telur tvö Skorholt, Eystra og Ytra, hvort um sig um 10 hundruð. Í Vestra-Skorholti var búið til 1911." Byggðir Borgarfjarðar, 143.
Tún 19,817 m². Garðar 532 m².

BO-121:001 *Vestra-Skorholt* bæjarhóll bústaður 65 24.294N 18 55.531V



"Sér enn fyrir rústum á ávölum hól, spölkorn fyrir vestan Skorholtsbæ." segir í Byggðum Borgarfjarðar en bærinn fór í eyði 1911. 270 m vestan við gamla bæinn (BO-120:001) í Eystra-Skorholti og örlítið neðar sjást leifar af tóft þar sem Vestra-Skorholt var áður. Tóftin er um 30 m norðan (ofan) við Melasveitarveg og 10 m austan við garðlagið (002). Tóftin er á gróðurmörkum, ofan og vestan við hana er svæði þar sem tún virðast hafa verið en þau eru nú komin í órækt og eru nokkuð þýfð og grýtt. Neðan og austan við tóftina eru hins vegar tún sem enn eru slegin.
Eftir að bærinn fór í eyði hefur útihús verið byggt á þessum stað, líklega fjárhús. Sú tóft er enn greinileg. Hún er 12 X 8 m að stærð og er tvískipt. Sunnan megin er langt hólf sem snýr norður-suður og virðist garði hafa verið eftir því endilöngu. Baka til er annað hólf sem snýr þvert (austur-vestur) á hitt hólfið og hefur það e.t.v. verið heytóft. Frá tóftinni að ofanverðu (frá norðurvegg hennar) gengur garðlag í boga að túngarðinum. Ekki eru greinileg op á tóftinni. Grjóthleðslur má greina á stöku stað og nokkuð stórt grjót er syðst í og á tóftinni. 3-4 m suðaustan við tóftina er grjóthrúga sem lítur út fyrir að hafa verið ýtt saman úr tóft eða túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 143

BO-121:002 garðlag landamerki 64°24.275N 21 55.558V
Um 10 m ofan við Melasveitarveg og tæpa 70 m austan við BO-120:008 en 10 m vestan við 001 er garðlag sem liggur norður-suður í túninu. Garðlag þetta hefur greinilega verið sléttað syðst og neðst (rétt ofan við Melasveitarveginn) og hefur einnig horfið nyrst undir gamla Melasveitarveginn. Garðlagið liggur í nokkrum hlykkjum en er byrjað að beygja til austurs þegar það hverfur undir gamla veginn. Líklegast verður að telja að garðlag þetta hafi afmarkað land Vestara-Skorholts.
Garðlagið liggur yfir tún sem nú er orðið þýft og komið í órækt.
Garðlagið er um 0,8 m á hæð en allt að 2 m á breidd. Garðurinn er 130-140 m á lengd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-122 Bakki

"Jörðin var talin 20 hundruð 1707 og í bændaeign." Byggðir Borgarfjarðar, 125
Tún 29,492 m², ½ þýft. Garðar 873 m².

BO-122:001 *Bakki* bæjarstæði bústaður 64°23.978N 21 56.467V
"Bærinn stendur við Bakkavog," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Íbúðarhús það sem sýnt er á túnakorti frá 1918 er byggt árið 1908. Stóð það á sama stað og austara íbúðarhúsið stendur nú. Veit Sigvaldi Þórðarson ekki um eldra bæjarstæði. Útihús er sýnt á túnakorti, fast suðaustan við bæinn. Var um að ræða fjós og hlöðu sem voru sambyggð íbúðarhúsinu og var innangengt úr bænum í þessi hús. Fjós stendur nú á sama stað og fjósið og hlaðan stóðu á.
Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 125; Túnakort 1918

BO-122:002 náma mógrafir 64°23.496N 21 57.414V
Mógrafir eru vestarlega á miðju Bakkanesi. Þýfður grasmói, votlendur. Grafirnar eru talsvert grónar en samt vel greinilegar, og ná þær yfir svæði sem er um 100x50 m á stærð.
Hættumat: engin hætta

BO-122:003 *Hólkofi* heimild um skemmu 64°23.988N 21 56.527V
Útihús er sýnt á túnakorti, um 30 m norðvestan við bæjarhúsin 001. Nefndist þetta útihús Hólkofi og var það notað sem geymsla fyrir kartöflur og önnur matvæli. Þarna er hóll í túninu og var kofinn grafinn inn í hann. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-122:004 *Reiðskarð* heimild um leið 64°24.185N 21 56.452V
"Fyrir ofan bæinn er skarð í melinn, sem heitir Reiðskarð, þar sem gatan lá niður að bænum...," segir í örnefnalýsingu. Ekki er víst hvar Reiðskarð mun hafa verið en heimildamaður taldi þó líklegt að það hafi verið á svipuðum slóðum og núverandi heimreið liggur nú.
Malarvegur sem liggur um uppgróið melholt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bakki, 1

BO-122:005 *Draugalág* þjóðsaga draugur 64°24.248N 21 56.591V
"Upp undir melnum upp frá bænum var lág upp í melinn, Draugalág. Er þar talið, að fleira sé á ferli en henta þykir að mæta, þegar skyggja tekur," segir í örnefnalýsingu. Draugalág er lægð sem liggur meðfram norður- og austurjaðri heimatúnsins og fram á sjávarbakka. Nær hún einnig 100 m norður fyrir þjóðveg.
Í túni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bakki, 1



Kort af túni Bakka 1918

BO-122:006 *Svelgur* þjóðsaga
"Súluá er á merkjum að vestanverðu. Hana mynda tveir lækir, Austurlækur og Vesturlækur... Í þessum lækjum er víða holbekkt, einn af pyttunum heitir Svelgur, þar er sagt að skrímsli hafi komið upp," segir í örnefnalýsingu. Svelgur er nálækt upptökum Vesturlækjar, um 1,5 km VNV frá bæ. Var jarðvegi rutt ofan í pyttinn fyrir nokkrum árum síðan, sökum þess hversu hættulegur hann var skepnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bakki, 1

BO-122:007 *Lambhústún* heimild um lambhús
"Í túninu eru tveir lækir... sunnan við lækinn [ekki ljóst hvorn lækinn átt er við] er Lambhústún," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Lambhústún var.
Heimildir: Ö-Bakki, 1

BO-122:008 *Bakkakot/Prjámsstaðir* heimild um býli 64°23.991N 21 57.311V
"...við fjárhúsin er Húsatún, þar er talið að Bakkakot hafi verið til forna," segir í örnefnalýsingu. Síðar í sömu bók segir: "Bakkakot eða Prjámsstaðir hét hjáleiga frá Bakka. Stóð vestur frá bænum á Bakka, upp frá Bakkanesi. Býli þetta hefur sennilega verið stofnað um eða eftir 1670 og var í byggð fram á 18. öld. Á árunum 1883-1899 var þar þurrabúð, sem hét Bakkakot." Húsatún er um 480 m vestur frá bæ og stóð Bakkakot nálægt suðvesturhorni þess. Ræktað tún. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bakki, 1; Byggðir Borgarfjarðar, 148

BO-122:009 heimild um hesthús 64°23.989N 21 56.665V
Hesthús úr torfi og grjóti stóð í túni, um 80 m VNV frá vestara íbúðarhúsinu á Bakka. Sá Sigvaldi Þórðarson þetta hesthús aldrei uppistandandi, en man vel eftir tóftinni. Reyndist erfitt að slétta úr rústum hennar. Ræktað tún. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-122:010 heimild um fjárhús 64°24.000N 21 57.217V
Fjárhús var í Húsatúni (sjá 008). Húsatún er klofið frá N-S af tungu af óræktuðu og þýfðu graslendi. Stóð fjárhúsið norðarlega í túninu, fast vestan við tunguna, að sögn heimildamanns.
Ræktað tún.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-122:011 *Kvíaholt* tóft kvíar
64°23.378N 21 57.582V
Kvíar eru um 1400 m VSV frá bænum vestur undir svonefndu Kvíaholti sem er sunnarlega vestanmegin á Bakkanesi.
Nálægt sjávarbakka undir stórgrýttu en grónu melholti.
Tóftin er eingöngu hlaðin úr grjóti og eru hleðslurnar fallnar að mestu. Samt má vel greina lögun hennar. Tóftin er um 7x6 m að stærð, liggur A-V og myndar klettaveggur suðurhlið hennar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta



BO-122:012 heimild um kálgarð 64°23.290N 21 57.627V
Kálgarðar voru nyrst á Bakkanesi. Var Sigvaldi Þórðarson sjálfur með garðrækt þarna fyrir allnokkru síðan og segir hann að áður en hann fór að brjóta land undir sína garða, hafi vel mátt greina leifar eldri kálgarða með hlöðnum veggjum.
Uppróin melur á nesi við sjó.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-123 Eystra-Súlunes
"Jörðin var að fornu mati 30 hundruð, eign Melakirkju 1707." Byggðir Borgarfjarðar, 128.
Tún 45,997 m², ½ þýft. Garðar 1,761 m².

BO-123:001 *Eystra-Súlunes* bæjarhóll bústaður 64°23.664N 21 58.886V
"Bærinn er sunnan við veg, vestast í landareigninni," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamli bærinn stóð á dálítilli hæð í túninu um 80 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi. Um var að ræða torfbæ sem var rifinn upp úr 1930 og var bæjarstæðið þá fært á núverandi stað. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 128

BO-123:002 þjóðsaga bænhús 64°23.664N 21 58.886V
"Munnmæli eru um, að bænhús hafi hér til forna verið," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Nú er ekki vitað hvar bænhúsið stóð og þess sjást engin merki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 128

BO-123:003 tóft útihús 64°23.794N 21 58.901V
Tvö útihús eru sýnd á túnakorti frá 1918 í svonefndu Norðurtúni sem er um 200 m norður af gamla bæjarstæðinu, fast norðan við þjóðveg. Er það vestara tekið fyrir hér.
Í ræktuðu og nokkuð þýfðu túni.
Tóft þessa útihúss sést enn. Er lögun hennar nokkuð óljós þar sem veggjum hennar hefur greinilega verið rutt um koll, en grjótið ekki fjarlægt. Hún virðist þó vera tvöföld og um 20x11 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,4 m. Um 8 m suður af er brunnur sem var hlaðinn að innan en er nú fallinn saman.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918



Kort af túni Austara-Súluness 1918

BO-123:004 heimild um útihús 64°23.794N 21 58.901V
Tvö útihús eru sýnd á túnakorti í svonefndu Norðurtúni sem er um 200 m norður af gamla bæjarstæðinu, fast norðan við þjóðveg. Er það eystra tekið fyrir hér. Engin ummerki sjást nú um þetta útihús.
Í ræktuðu og nokkuð þýfðu túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-123:005 heimild um útihús 64°23.664N 21 58.886V

Tvö samhliða útihús eru sýnd á túnakorti, fast norðaustan við bæjarhúsin 001. Í túni. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-123:006 heimild um útihús 64°23.664N 21 58.886V
Tvö samhliða útihús eru sýnd á túnakorti fast suðvestan við bæjarhúsin. Í túni. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-123:007 heimild um útihús 64°23.720N 21 58.863V
Útihús er sýnt á túnakorti við miðjan norðausturjaðar túns, um 120 m austur af gamla bæjarstæðinu. Man heimildamaður eftir tóftum á þessum stað sem hafa nú verið sléttaðar. Í túni. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-123:008 *Stekkur* tóft stekkur 64°23.826N 21 58.218V
"Rétt við túnið innanvert rennur lækur í sjóinn, sem heitir Stekkjarlækur, og við hann er Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlækur er um 440 m frá austurjaðri túns, um 240 m sunnan þjóðvegar. Þrjár tóftir eru á svæðinu, tvær við lækinn sjálfann, sú sem hér er skráð og tóft 012, og ein um 50 m austur af læknum (010). Þýfður grasmói í lækjargili. Tóftin er einföld og um 6x4 m á stærð, hleðsluhæð er um 0,4 m. Liggur hún norður-suður og er opin í suðurenda.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eystra-Súlunes, 1



BO-123:009 *Hagatóft* þúst stekkur 64°24.457N 21 58.142V
"Annar stekkur hefur verið uppi í flóa ekki langt frá Svelgnum, í Lækjum, Hagatóft," segir í örnefnalýsingu. Hagatóft er um 1,4 km norðaustur af bæ. Þýfður grasmói og sker tóftin sig nokkuð úr þar sem hún rís dálítið hærra. Þústin er mikið afmynduð af þýfi og erfitt er að átta sig á umfangi hennar eða lögun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eystra-Súlunes, 1

BO-123:010 tóft óþekkt
"Rétt við túnið innanvert rennur lækur í sjóinn, sem heitir Stekkjarlækur, og við hann er Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlækur er um 440 m frá austurjaðri túns, um 240 m sunnan þjóðvegar. Þrjár tóftir eru á svæðinu, tvær við lækinn sjálfan (008 og 012) og ein um 50 m austur af honum. Er það síðastnefnda tóftin sem hér er tekin fyrir. Þýfður grasmói í lækjargili, í brekku. Tóftin er mjög óljós, og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Hún er um 5x4 m að stærð, liggur austur-vestur og virðast vera dyr austast á norðurhlið. Um 3 m ANA frá tóftinni eru óljós veggjarbrot. Liggur hluti veggjarins norður-suður og er suðurendi þess hluta í línu við norðvesturhorn tóftarinnar. Veggurinn tekur síðan vinkilbeygju til austurs eftir 6 m en hverfur eftir 3 m til viðbótar.
Hættumat: engin hætta

BO-123:011 frásögn 64°23.737N 21 58.878V
Að sögn Helga Bergþórssonar var tóft um 80 m ANA af bæ. Ræktað tún. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-123:012 tóft 64°23.801N 21 58.189V
"Rétt við túnið innanvert rennur lækur í sjóinn, sem heitir Stekkjarlækur, og við hann er Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlækur er um 440 m frá austurjaðri túns, um 240 m sunnan þjóðvegar. Þrjár tóftir eru á svæðinu, tvær við lækinn sjálfan og ein um 50 m austur af honum (009). Er það syðri tóftin við lækinn sem hér er tekin fyrir en hún er um 50 m suður af nyrðri tóftinni (008).
Þýfður grasmói í lækjargili.



Tóftin sem er tvíhólfa, er um 10x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Liggur hún norðaustur-suðvestur og opnast bæði hólf hennar á suðausturhlið.
Hættumat: engin hætta

BO-123:013 frásögn hesthús
Rabbabaragarður er um 120 m SV frá núverandi bæjarstæði og er skjólbelti úr víði við norðurenda hans. Man heimildamaður eftir tóftarbrotum á þessum stað og hefur hann heyrt að um gamalt hesthús hafi verið að ræða. Er tóftin nú alveg horfin vegna garð- og trjáræktar.
Kálgarður.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-124 Vestra-Súlunes

Jörðin var að fornu mati 16 hundruð og talin í bændaeign 1707... jörðin fór í eyði við fráfall síðasta ábúanda, 1969." Byggðir Borgarfjarðar, 149.
Tún 38,850 m², 2/3 þýft. Garðar 992 m².

BO-124:001 *Vestra-Súlunes* bæjarstæði bústaður 64°23.597N 21 58.967V
"Bærinn í Vestra-Súlunesi var u.þ.b 200 m suðvestur af bænum í Eystra-Súlunesi. Þar er 5,0 ha tún. Hús eru engin," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Bærinn sem sýndur er á túnakorti 1918 var rifinn upp úr 1930 og var byggt annað íbúðarhús skammt frá. Öll bæjarhús í Vestra-Súlunesi eru nú horfin. Stóð bærinn sem sýndur er á túnakorti, um 240 m SSV frá núverandi íbúðarhúsi í Eystra-Súlunesi. Í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 149; Túnakort 1918



Kort af túni Vestara-Súluness 1918

BO-124:002 heimild um útihús 64°23.597N 21 58.967V
Tvö samhliða útihús eru sýnd á túnakorti, um 5 m norðvestan við bæjarhúsin. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-124:003 heimild um útihús 64°23.548N 21°59.023V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918 í vesturhorni túns, 140 m VSV af bæjarstæðinu. Í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

BO-124:004 varða landamerki
"Úr [Mela]vatninu rennur Áslækur. Upp af honum upp við vatn heitir Þrætutunga. Eftir henni er línan frá torfvörðu á eystri bakka vatnsins...," segir í örnefnalýsingu. Helgi Bergþórsson mundi ekki eftir þessari vörðu en taldi líklega staðsetningu vera um 800 m NNA af bæ, þar sem mætast lönd Vestara-Súluness, Áss og Mela. Þetta er skammt norðan við Þrætutungu. Þýfður grasmói, votlendur. Þrír framræslu- og landamerkjaskurðir mætast á þessum stað.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vestra-Súlunes, 1

BO-124:005 *Stekkur* heimild um stekk 64°23.937N 21°59.139V
"Bæjarmegin við Lómatjörn er Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Lómatjörn var um 360 m norður af bæ. Er hún nú með öllu horfin og fannst stekkurinn ekki bæjar- eða sunnanmegin við gamla vatnsstæðið Þýfður grasmói, votlendur á köflum. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vestra-Súlunes, 1

BO-124:006 tóft 64°23.566N 21°59.049V
Helgi Bergþórsson man eftir tóft um 80 m vestur af bæjarstæðinu. í túni. Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-124:007 þúst stekkur 64°23.956N 21°59.451V
Tóft er um 520 m vestur af bæ.
Þýfður, votlendur grasmói
Tóftin er afmynduð af stórþýfi og erfitt að átta sig á stærð hennar og lögun.
Hættumat: engin hætta

BO-124:008 tóft 64°23.714N 21°59.273V
Tóft er um 240 vestur af bæ.
Þýfður, votlendur grasmói.
Tóftin er mjög afmynduð af stórþýfi og nokkuð óljós af þeim sökum. Hún virðist þó vera tvöföld og um 10x7 m að stærð og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur. Hleðsluhæð er um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta





BO-124:009 tóft 64°23.692N 21°59.275V
Tóft er um 30 m suðvestur af 008.
Þýfður votlendur grasmói
Tóftin er mikið afmynduð af þýfi en er þó nokkuð ljósari en tóft 008. Hún er tvöföld, um 10x8 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta

BO-125 Ás
"Jörðin er metin á 50 hundruð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1707... Áss er getið í Sturlungu, er Skeggi Guðlaugsson af Ási féll í Bæjarbardaga." Byggðir Borgarfjarðar, 124.

Tún 54,003 m², 2/3 þýft.

BO-125:001 *Ás* bæjarhóll bústaður 64°23810N 22°01381V
"Bærinn stendur norðvestast í landinu, skammt frá allháum sjávarbökkum, sem smám saman brotna af sjávargangi, og heita þarna Ásbakkar" segir í örnefnalýsingu. Rústir Áss eru um 300 m suður af Áskoti [BO-126], neðan vegarins um Melasveit. Á túnakorti 1918 eru bæjarrústirnar sýndar heldur norðar en í túninu miðju og er skrifað við þær "Ásbæsrústir". Bæjarhóllinn er í miðju túni sem enn er slegið og líklega meira áberandi fyrir vikið en ella.

Stór og myndarlegur bæjarhóll, alls um 70 x 55 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki eru heillegar rústir á honum. Í hólnum eru tvær stórar dældir. Í þeirri suðaustari sjást greinileg merki um tvö hús eða hólf, það eru ferkantaðar, grunnar lautir. Önnur er um 6 x 10 m en hin 6 x 5 m. Nyrðri



Kort af túni Áss 1918. Bæjarhóllinn er afmarkaður með brotalínu

dældin í hólnum eróreglulegri en sú syðri, um 20 x 30 m stór og opnast í suðvestur. Norðvestan við hana, fremst á hólnum, er hæsta bunga hans, lítil um sig (4 x 4 m) en allt að 2,5 -3 m há. Fast við suðvesturhorn hólsins er mjög
áberandi dæld í túninu, 2 x 2 m að stærð en 0,2 m djúp, hugsanlega leifar af brunni. Í samtali við Auði Sæmundsdóttur sem bjó á Áskoti (nú Ási) til 1986 kom fram að fyrri ábúandi hefði talið að 3-4 kot hefðu staðið á hólnum eða við hann. Til voru nöfn á þeim öllum en virðast því miður glötuð nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 124; Túnakort 1918

BO-125:002 heimild um bænhús 64°23810N 22°01381V
1599: As. xlvc. Bænhus fordum. nu af fallid. kyrkiutijund. prestztijund. … JS 143 4to, bl. 220-222.
Aftekið f. 1600 (PP, 121). Ekkert er nú vitað um hvar bænhúsið hefur staðið þótt líklega hafi það verið í námunda við gamla bæjarstæði Áss, sbr. 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: PP, 121; JS 143 4to, bl. 220-222

BO-125:003 þúst útihús 64°23792N 22°01179V
Á túnakorti frá 1918 sést að rúst hefur verið í suðausturhorni túns, allt að 150 m austur af bæjarhól 001. Þar er jaðar þess túns sem nú er slegið. Vegurinn um Melasveit er aðeins 20-30 m austar en sunnan við er órækt, þar hefur trjám verið plantað. Rústin er nær alveg horfin. Þarna er nú hóll, ívið grænni en túnið. Eftir hólnum liggur greinileg dæld norður-suður, hún er um 10 x 3 m en hóllinn alls um 20 x 20 m. Ekki sést grjót í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-125:004 tóftir útihús 64°23730N 22°01389V
Tæpa 150 m SSV af bæjarhól 001 er girðingarhólf. Það er í suðvesturhorni túngarðs 008. Þessi hluti túnsins er ekki inni á túnakorti 1918. Lítur helst út fyrir að þarna hafi verið e k. aukatún. Þar eru leifar þriggja rústa sem allar eru vestan við traðaleifar 007.



Nauðbitið girðingarhólf. Það markast af hlöðnum túngarði að sunnan og vestan en vírgirðingu að norðan og austan. Norðan hólfsins er sléttað tún.
Svæðið er alls 30 x 30 m stórt. Allar rústirnar eru fremur signar og illa farnar vegna ágangs hrossa sem í hólfinu ganga. Sú syðsta er 6 x 5 m að stærð, snýr norður-suður en op viðist hafa verið á vesturhlið. Lítur út fyrir að smáhólf hafi verið við hana að sunnan, þó er það lægra en aðalrústin, um 3 x 5 m að stærð og hefur verið opin í suður. Veggjahæð nær allt að 1,3 m. Vottur af um 1 m breiðu, útflöttu garðlagi sést liggja til vesturs suðvestan við tóftina á 10-15 m kafla. Næsta rúst er tæpum 20 m norðaustar, hún snýr austur-vestur með op í vestur og er 4 x 7 m að stærð. Hér um bil miðja vegu milli þessara tveggja er svo þriðja rústin, mjög sigin og ógreinileg. Hún snýr austur-vestur með dyr í vestur og er 5 x 7 m að stærð. Ekki sér í grjót í neinni rústanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-125:005 tóftir 64°23741N 22°01355V
Tvær óljósar tóftir eru í suðurjaðri túns tæpa 130 m suður af bæjarhól 001.
Þar er mjög hátt gras en svo tré í beinni röð meðfram túninu.
Tvær ferkantaðar tóftir og mjög líkar, sú eystri um 6 x 6 m að stærð en hin vestari er um 5 m fjær og 5 x 5 m stór. Ekki sjást op á tóftunum, veggir eru algrónir og um 0,5 m háir og sér ekki í grjót í þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



BO-125:006 þúst 64°23846N 22°01420V
20-30 m norður af bæjarhól 001 er stök, rústaleg hólbunga. Hún er í jaðri túns, þannig er órækt fast norðan við hana. Bungan sker sig mjög úr túni og verður að teljast líklegt að hún feli í sér rústaleifar.

Ef til vill hefur staðið þarna útihús en einnig má benda á að heimildir eru um bænhús á Ási og ekki vitað hvar það stóð. Bungan er um 15 x 10 m og snýr norður-suður. Lágur rani liggur frá henni allt að bæjarhól 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-125:007 hleðsla traðir 64°23734N 22°01361V
Leifar traða eru rúma 100 m suðvestur af bæjarhól 001, ofan eða norðan við rústir 004. Þær sjást á túnakorti frá 1918 og virðast hafa legið allt frá bæjarhól 001.
Traðirnar sjást í nauðbitnu girðingarhólfi. Traðirnar sjást á um 50 m kafla en eru víða illa farnar af rofi. Þær eiga upptök sín syðst við túngarðinn (008) en eru þó ekki samtengdar honum, liggja þaðan um 15-20 m til norðvesturs en sveigja svo beint í norður. Eftir sveigjuna sést eingöngu vesturveggurinn en aðeins mótar óljóst fyrir þeim eystri (sjá nánar uppdrátt á síðunni hér á undan). Annars eru hleðslurnar algrónar og sumstaðar signar. Hvergi sér í grjót í þeim. Breidd traðanna er um 4 m en hleðsluhæð um 0,5 m. Þær hverfa við girðingu sem markar beitarhólfið að norðan en eftir það mótar óljóst fyrir þeim sem dæld í túninu allt að bæjarhól 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-125:008 garðlag túngarður 64°23743N 22°01247V
Tvöfaldur túngarður er með suður- og suðausturhlið túns á Ási,
Þar er óræktarsvæði með trjárækt á um 50 m breiðum kafla en ræktuð tún beggja megin við
Garðarnir sjást fyrst skammt vestan við veginn um Melasveit. Innri garðurinn er líkur ruðningi og brúnir hans ekki skarpar. Hann er um 2-3 m breiður og um 1 m hár. Milli hans og ytri garðsins eru víðast um 25 m. Ytri garðurinn er unglegri að sjá og eru á honum áberandi hlykkir á nokkrum stöðum án þess að sjáist tilgangur með þeim. Hann er um 0,6 m hár og 2 m breiður. Lengd garðanna er um 200 m. Í fyrstu taldi skrásetjari að garðarnir væru ungir og hlykkirnir e.t.v. settir á til að búa til skjól fyrir trjáræktina sem er milli garðanna. Í samtali við Auði Sæmundsdóttur sem bjó á Ási fram á 9. áratug 20. aldar kom fram að hún hefði heyrt að líklega væru garðarnir gamlir, a m.k. að stofni til.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-126 Áskot
"Um 1680 var að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns byggð hjáleiga á fimmtungi Áss. 10 hundruðum, sem nefndist Áskot. Meira land var síðar lagt til Áskots, því það var metið á 20 hundruð." Byggðir Borgarfjarðar, 148.
Tún 41,842 m², 2/3 þýft. Garðar 1,140 m².

BO-126:001 *Áskot* bæjarhóll bústaður 64°23928N 22°01550V
"Áskotsbær stóð skammt norðvestur af Ási... Á búskaparárum bóndans, sem bjó í Áskoti 1923-1949, var farið að kalla bæ hans Ás. Hefur það nafn haldist síðan," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Til er túnakort af bænum frá 1918. Miðað við afstöðu húsa þar má ætla að bærinn hafi staðið þar sem nú eru útihús 30-40 m norðan íbúðarhúss. Ekki er vitað annað en að bærinn hafi ávallt staðið á svipuðum slóðum og ekkert bendir til þess að hann hafi verið færður. Hólmyndun er undir útihúsunum en er það að mestu leyti náttúrulegt holt. Heimkeyrsla er að bænum úr austri. Nú standa útihús á þessum hluta bæjarhóls, líklega fjós, hlaða og skemma. Íbúðarhúsið er 20-30 m sunnar og stendur lægra. Húsin standa austast og vestast á þessum hluta hólsins en á milli þeirra er sund og vegarslóði þar.
Bæjarhóllinn er nokkuð greinilegur, þar rís nú holtið hæst sem gamla túnið hefur verið ræktað á. Upphækkunin er samt vart meiri en 0,5-1 m. Ekkert sést til eldri mannvistarleifa en ætla má að hóllinn sé illa farinn vegna rasks og bygginga. Áætluð stærð hans er um 50 x 40 m.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Byggðir Borgarfjarðar, 148

BO-126:002 tóft útihús 64°23960N 22°01569V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 40-50 m norðvestan við bæjarhól 001.
Þar er óslegið tún með mikilli sinu. Sést vel að gamla túnið hefur verið ræktað á dálitlu holti sem rís hærra en nýrækt sem nú er í kringum það.
Tóftin af húsinu sést enn, þar sem holtinu fer að halla til austurs. Hún snýr suðaustur-norðvestur og liggur skáhallt niður holtið en halli er þó ekki mikill. Stærð 10 x 4 m. Grjót sést ekki í veggjum og lítur út fyrir að

meirihluti þeirra hafi verið rifinn og rústin jafnvel sléttuð að hluta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-126:003 heimild um útihús 64°23940N 22°01595V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 30-40 m suðvestur af útihúsi 002.
Óslegið tún með mikilli sinu.



Kort af túni Áskots 1918

Á þessum stað sést greinileg gróska í annars sinugrónu túninu. Engir veggir eru þó uppistandandi. Stærð
gróskublettsins er um 10 x 10 m. Vegarslóði um túnið liggur um hann norðaustanverðan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-126:004 heimild um útihús 64°23906N 22°01532V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru tvö samhliða útihús 20-30 m suðaustur af gamla bænum 001. Á milli þeirra og bæjar hefur verið kálgarður. Óslegið tún. Húsin hafa staðið á svipuðum stað og íbúðarhúsið er nú eða skammt vestan undir því. Þau eru alveg horfin nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

BO-126:005 *Efrakot* tóftir býli 64°23931N 21°59809V
"Við melana eru tveir hólar, Efrikothóll, sem er melhóll ofar með læknum utan í honum er stekkur nefndur Melstekkur," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Efrakot og Neðrakot eru hjer í landinu kölluð fornar byggíngaleifar. Enginn veit að á þeim hafi fyrr nje síðar byggíng verið, og engin eru þess vitni..." Enginn heimildamaður vissi hvar Efrakot var né heldur Melstekkur og því varð eingöngu að styðjast við örnefnalýsingu. Rústir sem passa vel við hana

eru 1,4 km ASA af bæ 001, vestan Áskotslækjar en 200-300 m ofan við veginn um Melasveit.
Mýrlendi við lækinn.
Áberandi grænn hóll er fast við lækinn og efst á honum hundaþúfa. Hóllinn er alls um 50 x 50 m að stærð og býsna rústalegur, 3-4 m hár. Þó er líklegt að hann sé náttúrulegur að hluta. Framan eða vestan undir honum er iðagrænt stórþýfi sem nær 30-40 m fram fyrir hann en austan við hæsta punkt hólsins er nokkru lægra þýflendi að Áskotslæk. Framan til í hólnum votta fyrir hólfi, um 6 x 5 m að stærð, sem er reglulegt. Það sést þó ekki vegna vegghleðslna heldur sökum slétts botns, enda er allt land hlaupið í þúfur. Hugsanlegt er að þetta séu leifar stekkjarins. Fram af hólfinu eru nokkrar óreglulegar lægðir í töluverðum halla. Með rótum hólsins að suðaustan liggur garðlag, allt frá bakka lækjarins að skurði sem liggur austur-vestur í mýrinni. Hann líkist fremur áveitu- en túngarði, er um 0,3 m hár og ámóta breiður. Hann sést á um 70 m kafla.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Áskot, 1; JÁM IV, 144

BO-126:006 þúst 64°23749N 22°00439V
950 m suðaustur af bæ 001, fast neðan eða sunnan við veginn um Melasveit, er iðagræn og rústaleg upphækkun. Handan vegarins, gegnt henni er veðurmælingastaur.
Staðurinn er á mörkum mýrar og móa.
Lág og smáþýfð tota sem teygir sig undan veginum til suður og er alls 50 x 30 m. Tvær hundaþúfur eru á henni, sín á hvorum framenda. Annars eru engar teljandi misfellur þarna og engar hleðslur greinilegar. Framan við tóftina er áberandi rofrönd meðfram öllum mýrarjaðrinum, virðist sem efni hafi verið ýtt þaðan upp í veginn en af einhverjum sökum hafi þessu iðagræna smáholti verið sleppt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-126:007 *Neðrakot* tóftir býli 64°23508N 22°00052V
"Við melana eru tveir hólar, Efrikothóll [126:005], sem er melhóll ofar með læknum utan í honum er stekkur nefndur Melstekkur. Nokkru neðar er svo Neðrikothóll með læknum. Þar sjást merki bygginga og girðinga, og þar fannst aska í jörð. 1707 var sagt að þetta væri upphaflega jörðin og heitir Gröf," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir 1707: "Efrakot og Neðrakot eru hjer í landinu kölluð fornar byggíngaleifar. Enginn veit að á þeim hafi fyrr nje síðar byggíng verið, og engin eru þess vitni, nema hvað girðíngaleifar og aska í jörðu sjest og finst á Neðrakoti. Munnmæli eru, sem einn maður framber, að bærinn, sem nú er að Ási, hefi hjer áður staðið og þá verið Gröf kallaður. Þaðan eftirá fluttur verið þángað sem nú er bærinn Ás. Rök vita menn engin til þessa, og engin líkindi, nema ef svo kalla, að lækurinn, sem þar fellur hjá, er enn kallaður Grafarlækur." Enginn heimildamanna kannaðist við Neðrakot og því var eingöngu stuðst við örnefnalýsingu. Rústir sem passa vel við hana eru 800 m sunnan við Efrakot 005, nálægt læknum.
Grashóll, umkringdur mýrardrögum og melhæðum fjær, upp af þeim. Lækurinn sem nú er kallaður Áskotslækur rennur með honum að austanverðu. Þurr blettur, líklega ágætis túnstæði, er við hólinn, einkum að sunnan og austan.

Ekki er mikil gróska í hólnum nema þrjár iðagrænar hundaþúfur efst á honum. Milli þeirra er greinileg tóft sem snýr austur-vestur, 10 x 5 m stór en veggir hlaupnir í þúfur. Ekki sést grjót í þeim og engar dyr. Um 5 m vestar er önnur tóft utan í háhólnum og hefur að mestu verið grafin inn í hann. Hún er opin í vestur og er um 7 x 4 m að stærð. Rétt um 50 m suðvestur af þessum rústum, við rætur hólsins sunnanverðs, eru greinilega einhverjar byggingaleifar, óljósar þó. Þær rísa mjög lágt, enda virðist jarðvegur þunnur þarna í hólnum. Nokkrar dældir eru í bungunni en sjást líklega bara af því að þær eru nauðbitnar og sýnilega gróskumeira gras í þeim en bungunni sem alls er um 30 x 30 m. Dældirnar eru 6-7 talsins, sú stærsta 7 x 7 m. Flestar eru þær óreglulegar og sjást ekki hleðslur meðfram þeim utan einni sem er norðarlega fyrir miðri bungunni, hún er 5 x 3 m og opin í suður. Utan í bungunni miðri syðst er regluleg, grunn dæld sem gæti verið eftir torfskurð. Þess má að lokum geta að götutroðningar sjást á tveimur stöðum hjá tóftunum. Annars vegar liggja götur yfir mýrarsund vestan við tóftirnar og stefna beint á þær. Hins vegar liggja götur úr austri fram hjá tóftunum og í átt til sjávar meðfram læknum, allt í rúmlega 5 samhliða paldrar. Ekkert er vitað um þessar götur nú og allt eins líklegt að megnið af þeim séu kindagötur.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Áskot, 1; JÁM IV, 144

BO-126:008 *Grænhóll* tóftir býli 920V
"Upp af bænum er Grænhóll. Þarna virðist hafa verið kot í gamla daga," segir í örnefnalýsingu. Hér hlýtur að vera átt við einu rústirnar sem eru ofan vegar; þær sjást sem iðagrænir hólar uppi á flatneskjunni 700 m norðaustan bæjar 001.
Mýrlend, þýfð flatneskja, kennileitalaus og víða sundurgrafin af skurðum. Hross ganga í þessu stykki og sækja greinilega í grængresið hjá rústunum.
Tóftirnar eru á lágu og þýfðu grasholti sem rétt svo rís yfir mýrlendið umhverfis. Best sjást tveir litlir rústahólar en norðaustur af þeim er stök, lág rúst. Saman mynda þessar þrjár rústir línu sem liggur suðvestur-norðaustur. Lýsingin hefst norðaustast. Þar er rúst sem er alveg hlaupin í þúfur en óljóst



markar fyrir útlínum hennar. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 6 x 3 m að stærð, virðist einföld. Ekki sér í grjót í henni. 80 m suðvestar er allt að 2 m hár rústahóll en lítill um sig eða um 15 x 20 m, hann snýr austur-vestur. Efst á honum mótar óljóst fyrir hólfi í stórþýfinu, um 5 x 5 m að stærð. Mikið stórþýfi er suðvestast í hólnum. 25 m suðvestur af honum er minni hóll og lægri, um 20 x 10 m að stærð. Á honum mótar greinilega fyrir rúst sem snýr norðvestur-suðaustur og er 5 x 12 m að stærð en nyrsti hluti hennar, sem er neðst á hólnum, er óljós og að hverfa í þúfur. Því er ekki ljóst hvort eða hvar dyr hafa verið og hvergi sér í grjót. Suðvestur af þessum hól gengur holtrani áfram til suðvesturs en ekki sjást rústir þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Áskot, 1-2

BO-126:009 *Akurgerði* örnefni akur 64°24080N 22°02066V
"Sunnan við Ásgilið heitir næsta stykki Akurgerði, líklega er þetta ekki lifandi nafn í dag...," segir í örnefnalýsingu. Nú veit enginn hvar Akurgerði hefur verið en af lýsingu að dæma hefur það verið við Ásgilið. Það mætir sjávarbakkanum tæpa 500 m norðvestur af bæ 001 og liggur þaðan allt að veginum um Melasveit. Svæðið er allt að 400-500 m langt.
Háir, harðir, sandbornir bakkar eru næst sjónum. Hluti af þeim hefur verið lagður undir nýrækt og þess má geta að landbrot er þarna mikið. Ofar er deiglendara en grösugt engu að síður, allt a fjárhúsum sem standa við veginn sunnan efsta hluta gilsins.
Ekkert er vitað um Akurgerðið og engin ummerki þess sjást á umræddu svæði. Þess má geta að samkvæmt Helga Bergþórssyni í Súlunesi eru sandbornu bakkarnir mjög vel fallnir til ræktunar. T.d. er mikil kartöflurækt norðan gilsins á bökkunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

5. Fornleifar og byggð

Leirár- og Melasveit markast að norðan- og austanverðu af Hafnarfjalli og Skarðsheiði. Laxá rennur með Leirársveit að sunnanverðu og skilur á milli hennar og Hvalfjarðarstrandarhrepps en Melasveit á land að sjó að sunnan og vestan. Þar eru víðast hvar háir og snarbrattir bakkar sem hopa óðum vegna ágangs sjávar.

Sveitirnar báðar eru láglendar og býsna einsleitar. Sandborið harðlendi er yfirleitt næst sjónum en verður deigara og votara þegar ofar dregur í Melasveit. Holt og litlar klettahæðir verða meira áberandi þegar kemur í Leirársveit. Miklir melar, nú að mestu blásnir og gróðursnauðir, eru í landi Skorholts og Fiskilækjar og teygja sig allt norður og austur fyrir Geldingaá. Í dældum milli melhólanna svo og upp af melunum eru enn gróskumiklir birkiskógar allt upp að fjalllendinu norðan svæðisins. Skógar eru sömuleiðis nyrst og vestast í Melasveit, vestan undir Hafnarfjalli. Forðum voru flóar og keldur töluverður faratálmi sumsstaðar á svæðinu, t.d. milli Geldingaár og Leirár. Kom jafnvel fyrir að menn og skepnur þurftu að berjast fyrir lífi sínu í holbekktum lækjum sem létu lítið yfir sér á yfirborði, sannkallaðar dauðagildrur. Í seinni tíð hefur land tekið stakkaskiptum á stórum svæðum bæði í Leirár- og Melasveit, mýrlendi verið ræst fram og lækjum veitt burt í skurðum. Þannig hefur votlendi minnkað á kostnað túnræktar og beitilands.

Nú er svo komið að hefðbundinn búskapur hefur lagst af á mörgum bæjum á svæðinu og er aðeins á sjö eða átta af þeim 28 lögbýlum sem þar voru 1847. Á sumum jörðum er tómstundabúskapur, á öðrum er land nýtt fyrir hrossabeit. Ekki er óalgengt að stór svæði séu að mestu friðuð fyrir skepnum. Hvergi er trjárækt í stórum stíl og lítið um sumarbústaði.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum og geta orðir á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því oft mikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Í Leirár- og Melasveit voru skráðir 28 bæjarhólar og um 20 bæjarstæði að auki, yfirleitt af smábýlum sem ekki voru lengi í byggð. Ástand langflestra bæjarhólanna er bágborið vegna síðari tíma bygginga sem á þeim eru. Á því eru þó undantekningar, t.d. er gamli bæjarhóllinn í Ási (**Bo-125:001**) enn óspilltur með öllu þótt tún hafi verið gerð umhverfis hann. Ekki hefur verið byggt á honum í seinni tíð, en bærinn sem búið er á stendur nú þar sem Áskot var áður. Svipaða sögu má segja af bæjarhólnum í Neðra-Skarði (**Bo-113:001**). Hann hefur reyndar verið sléttaður að einhverju leyti en ekki byggt á honum eftir 1925, enda var bærinn fluttur þangað sem Skarðskot stóð áður. Hóllinn er í hættu vegna lækjar sem rennur meðfram honum og er farinn að grafa burtu mannvistarlög. Þannig sjást í bakkanum ýmsar mannvistarleifar, s.s. öskulög, brenndar beina- og viðarkolaleifar o.fl. Bæjarhóll á Melum (**Bo-099:001**) er að miklu leyti horfinn vegna sjávarrofs. Hann var fluttur á 20. öld vegna ágangs sjávar.

Bæjarhólar sem ætla má að séu í þokkalegu ástandi eru á Melaleiti (**Bo-100:001**), Belgsholtskoti (**Bo-102:001**) og Hrauntúni (**Bo-112:001**). Enginn þeirra er þó óspilltur með öllu en þeir eiga sameiginlegt að ekki hefur verið byggt á þeim í seinni tíð. Á öllum þessum stöðum hafa verið sléttuð tún en bæjarhólarnir þó ekki lækkaðir nema að litlu leyti og gætu því verið heillegar mannvistarleifar í þeim. Svipað má líklega segja um bæjarhóla á Læk (**Bo-118:001**) og Vestra-Súlunesi (**Bo-124:001**), byggt hefur verið í námunda við þá en ekki á þeim.

Allir aðrir bæjarhólar en þeir sem hér hefur verið minnst á eru að öllum líkindum í slæmu ástandi eða jafnvel horfnir með öllu. Byggt hefur verið á þeim margoft, ýmist íbúðar- eða gripahús og stundum jafnvel verið sléttað úr hólunum áður en framkvæmdir hófust.

Alls voru skráð um 20 smærri býli á svæðinu:

heiti (nr.)	**í byggð**	**Ástand**
Ásbrún (Bo-099:012)	19. öld?	Horfið
Syðri-Melahjáleiga (Bo-099:015)	18. öld	Óþekkt
Blómsturvellir (Bo-099:007)	ekki vitað	Óþekkt
Skálatunga (Bo-100:006)	1869-1920	horfið
Miðkot (Bo-101:005)	18. öld	horfið
Valdakot (Bo-101:006)	ekki vitað	horfið
Björnskot (Bo-101:007)	ekki vitað	horfið
Rembihnútur (Bo-105:010)	17. öld	horfið
Efrakot (Bo-126:005)	löngu fyrir 18. öld?	tóftir
Neðrakot (Bo-126:007)	löngu fyrir 18. öld?	tóftir
Grænhóll (Bo-126:008)	ekki vitað	tóftir
Straumur (Bo-104:028)	fyrir 18. öld	óþekkt
Bergþórsbæli (Bo-104:026)	17. öld	tóftir
Bakkakot/Prjámsstaðir (Bo-122:008)	17.-18. öld, 1883-1899	horfið
Árbakki (Bo-116:010)	1889-1902 og 1953-1963	horfið
Hólakot (Bo-113:007)	ekki vitað	tóftir
Grund (Bo-112:008)	1891-1898	horfið
Tannakot/Grjóthóll/Þinghóll (Bo-109:015)	17. öld	horfið
Guðrúnarhóll (Bo-108:005)	Óljóst	tóftir

Heimildir um margar býlanna eru stopular. Af henni má þó leiða að því getum að á tveimur tímabilum hafi orðið uppsveifla í hjáleigubyggð: á 17.-18. öld og svo aftur á þeirri 19. Fæstar af hjáleigununum náðu að festa sig í sessi, byggðust upp um nokkurra ára skeið en lögðust svo aftur í eyði. Það vekur athygli hve mörg kotanna hafa verið á litlu svæði milli Belgsholts og Melaleitis. Helgast það að líkindum fyrst og fremst af ágætri lendingu í Belgsholtsvík, þeirri einu á stóru svæði. Hafa þau þá líklega flest verið þurrabúðir án grasnytja. Einnig vekur athygli að smábýli eru fleiri í Mela- en Leirársveit. Svo virðist sem fleiri hjáleigur hafi snemma náð að festa sig í sessi og orðið að lögbýlum í Leirársveit, t.d. Leirárgarðar, Skarðskot, Melkot og

Hávarðsstaðir. Kotbyggðin virðist hafa verið stopulli í Melasveit og hefur líklega fyrst og fremst byggst á sjósókn. Hjáleigur sem þar hafa orðið að sjálfstæðum jörðum eru einungis Melaleiti, Áskot og Belgsholtskot

Útihús og túngarðar

Alls voru skráð 97 útihús í námunda við bæi. Þar af var hlutverk 33 þekkt. Flokkurinn skiptist því svo:

útihús (óþekkt)	64
fjárhús	18
hesthús	8
fjós	5
lambhús	1
hjallur	1
alls	**97**

Útihús í túnum og nærri bæjum eru víðast hvar horfin vegna seinni tíma rasks á vélaöld, einkum túnasléttunar og byggingarframkvæmda. Á mörgum bæjanna sjást engar tóftir útihúsa í túnum. Af 64 útihúsum með óþekkt hlutverk eru 45 horfin eða rúmlega 70 %. Tóftir þeirra sem eftir standa eru yfirleitt í mjög slæmu ásigkomulagi, grjót hefur verið fjarlægt úr veggjum og þeir sléttaðir út að hluta. Af 18 þekktum fjárhúsum eru 11 með öllu horfin og eina tóftin sem kallast getur heilleg er í túni á Fiskilæk (**Bo-105:004**). Hesthústóftir eru tvær, þar af önnur mjög heilleg í túni á Narfastöðum (**Bo-103:004**). Hin er í Leirártúni, sýnilega á gömlu útihússtæði þar sem byggingarleifar hafa hlaðist upp (**Bo-109:006**). Þá hefur gamalt hesthús verið endurbyggt nýlega á Melaleiti en með nútímalegu ívafi, enda er það í fullri notkun (**Bo-100:015**). Þannig eru útveggir grjóthlaðnir að utanverðu en steyptir upp að innan. Engar leifar gamalla fjósa sjást nú á skráningarsvæðinu og lambhúsið sem skráð var lifir nú eingöngu í örnefninu Lambhústún (**Bo-122:007**). Tóft hjalls fannst ekki á Hjallholti (**Bo-101:009**) og raunar mögulegt að holtið dragi nafn sitt af náttúrulegum hjöllum en ekki útihúsi.

Túngarðahleðsla hefur tíðkast um aldanna rás til að verja tún ágangi. Leifar túngarða sjást enn á fjórum bæjum á svæðinu: Ási (**Bo-125:008**), Læk (**Bo-118:019**), Neðra-Skarði (**Bo-113:010**) og Hávarsstöðum (**Bo-111:006**). Í öllum tilvikunum er um að ræða einstakar hliðar túngarða sem einhverra hluta vegna hafa ekki lent undir túnrækt á vélaöld. Heimildir eru um túngarða á fleiri bæjum: Fiskilæk, Höfn og Melum. Á tveimur síðarnefndu bæjunum eru þeir með öllu horfnir, að mestu vegna rofs af völdum sjávar eða áa. Túngarðs á Fiskilæk er getið í máldaga Melakirkju sem að líkindum er frá 15. öld. Óvenjulegt er að svo gamlar heimildir séu til um slíkt mannvirki en hans sjást engin merki nú.

Mótekja og torfrista

Aðeins tveir torfristustaðir eru nú þekktir með vissu í Leirár- og Melasveit, annar á Leirá (**Bo-109:012**) en hinn á Beitistöðum (**Bo-117:006**). Þrátt fyrir þetta er engin ástæða til að ætla að skortur hafi verið á torfi á skráningarsvæðinu, enda mýrar nægar og hefur á flestum bæjum nægt að bregða sér skammt út fyrir túngarðinn til að rista torf.

Þekktir mótekjustaðir reyndust 18 talsins og sjást víða töluverðar mógrafir. Mór hefur verið tekinn á a.m.k. helmingi jarðanna. Á nokkrum stöðum hafa mómýrar verið þurrkaðar upp og gerðar að túnum og annarsstaðar hefur verið ýtt ofan í grafirnar, enda hafa ófáar skepnur endað líf sitt í þeim. Þess má geta að staðir sem nefndir eru „-börð“ á svæðinu reyndust oft vísa á mógrafir. Mór var tekinn á Melaleiti á árum síðari heimsstyrjaldar. Voru þar allt að 18 stungur. Mónum var ekið niður á sjávarkampinn þar sem hann var þurrkaður og svo fluttur burt á bát. Ummerki þessa sjást enn gjörla: mikil og djúp mógröf og leifar upphlaðinnar brautar til sjávar (**Bo-100:014**).

Stekkir og kvíar

Kvíar og stekkir voru til á flestum bæjum á Íslandi fram á 20. öld. Hvoru tveggja voru aðhöld sem voru ómissandi við fráfærur og mjaltir á ám. Yfirleitt voru þau hlaðin úr torfi og grjóti en í seinni tíð fóru þó að tíðkast færikvíar úr trégrindum. Stekkir voru yfirleitt í nokkurri fjarlægð frá bæ, notaðir fyrst á vorin meðan lömbin gengu enn undir mæðrum sínum. Kvíar voru hins vegar oftast í túnum eða túnjöðrum. Í þeim voru ærnar mjólkaðar eftir að lömbin höfðu verið vanin undan þeim og rekin á fjall. Fráfærur tíðkuðust víða fram á 20. öld og t.d. er vitað að í Hrauntúni í Leirársveit var hætt að færa frá 1918.

Alls voru skráðir 24 stekkir á skráningarsvæðinu og væri of langt mál að gera grein fyrir þeim öllum hér. Í 18 tilvikum sáust enn tóftir eða önnur ummerki um stekkina. Á 6 bæjum reyndust aðeins til heimildir eða örnefni sem benda til stekkja en þeir fundust ekki við vettvangsrannsókn. Á nokkrum bæjum hafa verið fleiri en einn stekkur, t.d. á Höfn og Fiskilæk. Annarsstaðar er hins vegar ekki vitað um stekki. Það á við um Mela, Belgsholt, Eystri-Leirárgarða, Beitistaði, Skorholt og

Bakka. Á flestum þessara bæja fundust reyndar einhver merki um aðhöld eða réttir sem gætu hafa þjónað hlutverki stekkja.

Vísbendingar eru um fernar kvíar á skráningarsvæðinu. Á Bakka er þokkalega heilleg tóft af litlum kvíum undir svonefndu *Kvíaholti* (**122:011**). Á Geldingaá er til örnefnið *Kvíaból* (**106:010**) en nú veit enginn með vissu hvar það var. Bæði á Fiskilæk og Höfn eru til svonefndir *Stöðlar* en þar sjást nú engar rústir, enda eru báðir staðirnir í jaðri túnræktar og hafa líklega verið sléttaðir að hluta.

Beitarhús og sel

Heimildir bentu til að beitarhús hefðu verið á 8 stöðum á skráningarsvæðinu. Þau dreifðust á aðeins 5 jarðir af 28: Leirá, Fiskilæk, Höfn, Belgsholt og Mela. Þessar jarðir, utan Fiskilækjar, voru einmitt meðal hinna hæst metnu á skráningarsvæðinu: milli 20 og 65 hdr. Landrými er einnig meira á þeim en flestum hinna jarðanna og kann það að skýra dreifingu beitarhúsanna.

Mestar beitarhúsarústir voru sunnarlega í landi Leirár, á Sauðhúshól (**Bo-109:011**). Þær eru greinilega misgamlar og hjá þeim fleiri tóftir, líklega sumar af heygörðum. Þá er óþekkt, lítil rúst norðarlega á Leirá, austur af mynni Leirárdals (**Bo-109:020**). Af útliti að dæma gæti hún verið af gömlum beitarhúsum en um þau er engin vitneskja nú. Heimildir greina frá rústum fjárborgar á svonefndu Borgarbarði í Leirárlandi en hún fannst ekki við vettvangskönnun. Þetta er eina fjárborgin sem getið er um í gjörvallri Leirár- og Melasveit. Reyndar er örnefnið *Borgir* (**Bo-101:014**) til í Belgsholti; þar eru nokkrar litlar og ógreinilegar rústir en þær líkjast fremur heystæðum en venjulegum fjárskýlum. Beitarhús (**Bo-101:012**) voru í Belgsholti, líklega notuð fram á 20. öld en þau eru nú horfin. Á Höfn eru töluverðar beitarhúsarústir á tveimur stöðum, nefndar Gömluhús (**Bo-104:019**) og Gömlugömluhús (**Bo-104:025**). Einnig hafa verið tvennar rústir beitarhúsa á Melum (**Bo-099:013** og **016**), báðar á dálitlum holtum uppi á mýrarflæminu norðan bæjar. Á öðrum staðnum, Hrísási, byggðist reyndar upp býli um nokkurra ára skeið á 18. öld og aftur á þeirri 20. Á Fiskilæk er svonefnt Fjárhúsvatn norðaustan bæjar; angi sem gengur út frá því heitir Tóftarvatn. Þar eru óljósar rústir beitarhúsa (**Bo-105:024**) og í örnefnalýsingu er greint frá enn eldri beitarhúsarústum norðar við vatnið (**Bo-105:026**) en þær eru nú óþekktar og fundust ekki við vettvangsathugun.

Á flestum ofangreindum stöðunum er um að ræða rústir af samstæðuhúsum, tvennum eða jafnvel þrennum. Þær rústir sem líta út fyrir að vera yngstar eru með

garða í miðju en eldri rústir af jötuhúsum. Þetta, auk þess sem bent var á í upphafi kaflans, bendir líklega til að beitarhús hafi farið að tíðkast fremur seint á svæðinu og þá aðallega á land- og kostameiri jörðum. Ef til vill hefur ekki þótt ómaksins vert að byggja beitarhús nema vegleg væru.

Ef marka má heimildir og örnefni hafa sel verið á sjö stöðum á skráningarsvæðinu. Tóftir fundust á fjórum þeirra. Mestar eru þær á Leirárseli í Leirárdal (**Bo-109:024**). Þar eru tvær rústaþyrpingar, greinilega misgamlar. Í landi Eystra-Skorholts eru seltóftir utan í svonefndum *Selhól* (**Bo-120:005**); þær eru meðal fornlegustu tófta sem fundust á gjörvöllu skráningarsvæðinu. Mikil hætta steðjar að þeim vegna uppblásturs og líklegt að einhverjar tóftir séu þegar horfnar vegna rofs. Rústir Melasels (**Bo-104:029**) eru enn til staðar undir *Selás* í Hafnarlandi. Það verður að teljast með ólíkindum, enda hefur miklu verið raskað í kringum þær vegna ýmissa framkvæmda, s.s. vegagerðar, malarnáms og raflínulagnar. Þá eru rústir, kallaðar *Sel* (**Bo-103:009**), í Narfastaðalandi. Sér þar til fremur óglöggra tófta.

Í Neðra-Skarði er til örnefnið *Seldalur* (**Bo-113:009**) á dálítilli kvos hátt uppi í fjalli. Hvergi er getið um rústir þar og sjást þær engar nú. Heimildir greina frá rústum Garðasels (**Bo-107:013**) í landi V-Leirárgarða en þær fundust ekki við vettvangskönnun. Á Fiskilæk heita *Skipanesseljar* (**Bo-105:027**) í Fiskilækjarskógi og bendir nafnið til að þar hafi verið haft í seli frá Skipanesi. Frásögnum af rústum þar ber ekki saman. Svæðið er býsna stórt og erfitt yfirferðar vegna skógar. Þar fundust samt rústaleifar á einum stað en ekki verður fullyrt hvort þær eru af seli. Annað selörnefni, *Selás* (**Bo-105:030**), er til í Fiskilækjarlandi en þar sjást alls engar rústir. Ekki er útilokað að þær séu horfnar í skóg.

Kuml og kirkjur

Engin kuml hafa fundist í Leirár- og Melasveit svo vitað sé. Raunar á það við um mun stærra svæði því að engin slík hafa litið dagsins ljós á svæði sem teygir sig allt frá Hafurbjarnarstöðum yst á Reykjanesi til uppsveita Borgarfjarðar. Engar haldbærar skýringar eru á þessum skorti. Geta mætti þess til að uppblástur og mikið landbrot hafi eytt þeim. Það eru þó ófullnægjandi tilgátur, enda hafa um 33 af hundraði allra kumla á Íslandi einmitt komið í ljós vegna uppblásturs. Þá er landbrotið svo staðbundið að einungis væri hægt að eigna því lítinn hluta mögulegrar kumlaeyðingar. Ekki er óhugsandi að aðrir grafsiðir hafi tíðkast á þessu svæði, e.t.v. vegna uppruna

þeirra sem þar námu land. Má í því sambandi nefna að keltnesk bæjanöfn eru algengari á þessu svæði en víða annarsstaðar. Enn sem komið er eru þó tilgátur sem þessar algerlega ósannaðar.

Sóknarkirkjur voru lengstum á Melum og Leirá. Kirkjan á Leirá er enn í fullu gildi ásamt kirkjugarðinum sem reyndar hefur verið sléttaður í seinni tíð. Á Melum eru öll ummerki kirkju og kirkjugarðs horfin í sæ vegna landbrots. Bænhús eða hálfkirkjur voru á nokkrum bæjum: Ási, Eystra-Súlunesi, Neðra-Skarði, Höfn, Belgsholti, Geldingaá og Læk. Á þremur staðanna, Neðra-Skarði, Höfn og Belgsholti voru bænhúsin enn uppistandandi árið 1707, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín rituðu Jarðabók sína. Á engum þeirra hafði hins vegar verið embættað í manna minnum. Ekki er nú vitað hvar bænhúsið í Neðra-Skarði stóð þótt að öllum líkindum hafi það verið í námunda við gamla bæjarstæðið. Á Höfn er enn til örnefnið *Kirkjuhóll* þar sem nú standa útihús. Þegar grafið var fyrir súrheysturni við þau upp úr 1950 var komið niður á mannabein. Það og örnefnið eru órækur vitnisburður um staðsetningu bænhússins þótt nú sjáist engar leifar þess á yfirborði. Í Belgsholti eru rústir kirkju og kirkjugarðs enn varðveittar og er það eina friðlýsta fornleifin á öllu skráningarsvæðinu. Sjaldgæft er að leifar löngu aflagðra bænhúsa séu svo vel varðveittar, enda hefur þeim oft verið rutt út vegna bygginga eða túnræktar. Árið 1990 var fór fram dálítill fornleifauppgröftur á rústinni í tengslum við dómhringarannsóknir á Vesturlandi. Þá hafði hún um langa hríð verið nefnd „dómhringur“ eða „lögrétta“ vegna líkingar sinnar við aðra slíka hringa. Var komið niður á gröf og því tekin af öll tvímæli um að rústirnar eru að stofni til af bænhúsi og kirkjugarði þótt annarskonar mannvirki kunni að hafa verið byggð á þeim í seinni tíð. Óljósar heimildir greina frá bænhúsum á Ási, Eystra-Súlunesi og Læk. Ekkert er nú vitað um staðsetningu þeirra. Á Ási hefur bænhúsið líklega verið aflagt fyrir 1600. Bænhúss á Læk er getið á 14. öld en einungis munnmæli eru til vitnis um að bænhús hafi verið á Eystra-Súlunesi.

Sagnir eru um nokkra legstaði á svæðinu en allar fremur þjóðsagnakenndar. Þeir eru settir upp í töflunni hér að neðan en að öðru leyti vísast til nánari umsagnar um þá í fornleifaskránni.

bær	**heiti** (nr. í fornleifaskrá)	**sögn**
Narfastaðir	Narfaleiði (**Bo-103:014**)	haugur Narfa landnámsmanns
Höfn	Járnmeishöfði (**Bo-104:016**)	legstaður Hafnar-Orms

Fiskilækur	Helgaleiði (**Bo-105:014**)	leiði Helga (sem annars er óþekktur)
Vestri-Leirárgarðar	Dys (**Bo-107:007**)	legstaður tveggja smala sem börðust
Melkot	Smaladys (**Bo-110:006**)	legstaður tveggja smala sem börðust
Hávarsstaðir	Hávarshaugur (**Bo-111:005**)	haugur Hávars landnámsmanns
Lækur	Dysin (**Bo-118:023**)	örnefni - engin sögn varðveitt

Leiðir

Eins og gefur að skilja er mikið verk að skrásetja allar gamlar leiðir svo vel sé, ekki síst í flötu og tiltölulega hindranalausu landslagi eins og Leirár- og Melasveit. Í fornleifaskráningu er lögð áhersla á að staðsetja þær leiðir sem getið er um í örnefnalýsingum en meirihluti þeirra lá milli bæja. Þó er getið um eina leið sem getur talist þjóðleið, það er *Skarðsheiðarvegur*. Honum var lýst svo af Kristian Kålund á seinni hluta 19. aldar:

> „Frá Leirá liggur vegur sem er mikið farinn, einkum á sumrin, Skarðsheiðarvegur, yfir fjalllendið ofan Leirár og til nyrðri hluta Borgarfjarðarskýslu. Venjulega er farið upp á fjallið eftir Leirárdalnum vestan við Snóksfjall [sjá **Bo-109:026**]. Þó má einnig komast upp á heiðina eftir gili austan við fjallið [sjá **Bo-113:006**]. Er sú leið nokkru erfiðari, en aftur á móti öllu skemmri til og frá Akranesi. Að vetri til er aftur á móti oftast valin „skógar"-leiðin. Er þá fyrst farið í norð-norðvestur meðfram fjöllunum og síðan beygt í norðaustur gegnum svonefndan Hafnarskóg, þar sem fjöllin ná næstum út að sjó. Er þá enn fylgt norðurbrekku fjallsins, þar til láglendið breikkar aftur."[7]

Af þeim svæðum sem könnuð voru haustið 2002 sést Skarðsheiðarvegur hvað best í Leirárdal, skammt sunnan Leirársels. Þar er fjöldi samhliða en uppgróinna götupaldra til vitnis um mikla umferð á árum áður. Sá hluti vegarins sem lá um skarðið austan Snóks er hins vegar horfinn undir línuveg en sást vel á árum áður. Síðari leiðin sem Kålund getur um, svonefnd skógarleið, var ekki skráð sérstaklega en hefur væntanlega legið á svipuðum slóðum og gamli þjóðvegurinn, þ.e. um Hafnarskóg neðan núverandi þjóðvegar.

[7] Kålund, Kristian 1984:220.

5. Niðurstöður

Tölfræði og hættumat

Með þessari skýrslu er lokið skráningu fornleifa í Leirár- og Melasveit. Ætla má að með skýrslunni fáist mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á svæðinu. Ekki er þar með sagt að skýrslan sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á langflesta þekkta minjastaði og við þá yfirreið fundust nokkrir staðir sem áður voru óþekktir. Heildarfjöldi skráðra minjastaða reyndist 410. Hér á eftir fylgja nokkrar staðreyndir um eðli og ástand þessara minja, þ.e. þeirra sem á annað borð var unnt að flokka

aftökustaður	1		
akur	3	lending	1
áfangastaður	1	lögn	1
áningarstaður	2	mógrafir	18
áveita	6	mylla	1
beitarhús	9	naust	2
brunnur	3	nátthagi	3
brú	1	refagildra	1
bústaður	34	rétt	6
býli	22	torfrista	2
bænhús	5	samgöngubót	3
draugur	2	sel	8
fjárhús	18	skemma	1
fjárskýli	1	skotbyrgi	2
fjós	5	smalakofi	2
herminjar	1	stekkur	24
heygarður	1	sundlaug	1
hjallur	1	traðir	2
huldufólks-		túngarður	7
bústaður	4	útihús	64
kálgarður	2	vað	5
kirkja	3	vatnsból	2
kolagröf	1		
kvíar	4		
lambhús	1		
landamerki	13		
legstaður	8		
leið	8		

Tóftir sjást á tæplega 100 stöðum. Að auki sjást víða önnur ummerki, s.s. þústir, garðlög og mógrafir.

- Alls eru um 180 minjastaðir horfnir með öllu. Algengasta orsök þess er sléttun túna og byggingar en einnig koma til þættir eins og rof af völdum vatna og vinda og vegagerð.
- Hættumat var gert fyrir alla minjastaði og skiptist þannig að 152 staðir eru ekki sjáanlega í neinni hættu, 211 eru í hættu og 18 í stórhættu. Langflestir staðanna sem hætta steðjar að eru í námunda bæja eða 191. Aðrar hættuorsakir eru t.d. trjárækt og malarnám.

Eftirtaldir staðir eru í mikilli hættu og á sumum þeirra verður vart hjá því komist að gera ráðstafanir þeim til verndar:

- Bæjarhóll á Melum (**Bo-099:001**). Meirihluti hans er löngu horfinn í sjó en eftir stendur lág bunga sem sýnilega felur í sér mannvistarleifar. Hún mun óhjákvæmilega hrynja í sjó á allra næstu árum en nauðsynlegt væri að gera lágmarksrannsóknir á staðnum áður, t.d. kortleggja mannvistarlög og reyna að komast að aldri þeirra. Sama gildir um tvo aðra minjastaði á Bökkunum í Melalandi, Aukatún (**Bo-099:010**) og óþekkta þúst (**Bo-099:009**) sem sýnilega samanstendur af mannvistarleifum.
- Bæjarhóll í Neðra-Skarði (**Bo-113:001**). Ekki eru hús á honum lengur og hefur hólnum verið ýtt út að einhverju leyti. Hættan stafar frá læk sem rennur með austurhlið hans og veldur rofi þannig að mannvistarleifar eru smátt og smátt að hrynja í lækinn. Sjást mikil ummerki um mannvist í rofinu, t.d. öskulög, torf og brot úr ýmsum gripum, t.d. brýnum og postulíni.
- Bæjarhóll á Höfn (**Bo-104:001**). Íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu og hafa töluverðar framkvæmdir verið sunnan þess í tengslum við trjárækt og smíði palla og girðinga. Við þetta umrót hafa fundist ýmsir munir eins og vænta má á gömlum bæjarstæðum, m.a. postulínsbrot og gamall rakhnífur.
- Melasel (**Bo-104:029**). Það er með ólíkindum að enn skuli sjást til tófta á þessum stað. Framkvæmdir hafa verið allt í kringum hann, t.d. er Selás, sem tóftirnar eru við, sundurgrafinn vegna malarnáms. Sýna þarf fyllstu aðgát við allar framkvæmdir í námunda við Melasel í framtíðinni.

- Selhóll (**Bo-120:005**) í landi Eystra-Skorholts. Þar eru mjög fornlegar tóftir sem heyja baráttu við uppblástur á allar hliðar. Líklega eru einhverjar tóftir þegar horfnar. Reyndar hefur verið sáð í melinn á allra síðustu árum þannig að búast má við að svæðið fari að gróa upp á ný. Bílslóði liggur við barm torfunnar og því þarf að fara varlega í vegarbætur þar.
- Einstakavarða (**Bo-105:025**), landamerki milli Fiskilækjar og Narfastaða. Þær eru ófáar landamerkjavörðurnar sem hafa horfið í Leirár- og Melasveit á undanförnum áratugum, aðallega vegna túnræktar og framræslu. Einstakavarða er svipur hjá sjón og nálega útflött. Hún er aðþrengd í dálitlum krika sem markast af þjóðvegi, Narfastaðaafleggjara og hitaveitustokki. Fyrirsjáanlegt er að hún hverfi alveg á næstu árum ef ekkert verður að gert.
- Óþekktar rústir í Koppakofa- eða Koppakofugili (**Bo-106:013**). Í gilinu eru töluverðar rústir sem ekkert er vitað um en gætu t.d. verið af seli eða gömlum aðhöldum. Rústirnar eru fremst á lækjarbakka. Lækurinn vex sýnilega í leysingum og brýtur því smám saman af rústunum sem munu hverfa með sama áframhaldi.

Varðveisla og kynning minja

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en flestar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Menningartengd ferðaþjónusta er nýtt hugtak hér á landi en verður vafalaust vaxandi atvinnugrein á komandi árum. Mikil umferð fólks er um svæðið af einfaldri ástæðu: þjóðvegur númer eitt liggur þar um. Þrátt fyrir það er líklega óhætt að fullyrða að fáir sjái ástæðu til að staldra við og gefa gaum að landslagi og sögu svæðisins. Þessu mætti breyta,t.d. með kynningu á minjastöðum. Öll fræðsla sem almenningur á kost á um sögu, jarðfræði og fornleifafræði eykur gríðarlega á gildi útivistar. Svæðið norðan þjóðvegar og Geldingaárbæjar allt norður í Leirárdal býður upp á geysimikla möguleika til útivistar, þar eru óspilltir skógar og hrikalegt fjalllendi. Þar eru reyndar ekki margir þekktir minjastaðir en þó einn sá merkasti á öllu skráningarsvæðinu: *Leirársel* með tveimur rústaþyrpingum, annarri greinilega eldri en hinni. Staðurinn hentar vel til kynningar, umhverfi er hrikalegt og þessum slóðum sjást einnig gamlar þjóðgötur sem forðum voru fjölfarnar: *Skarðsheiðarvegur*. Rústir selsins eru með

öllu óspilltar oga hafa mikið varðveislugildi auk þess sem þær henta vel til rannsókna. Væri fróðlegt að vita hve gamlar elstu rústirnar eru og hvernig selbúskapur á slíku stórbýli sem Leirá hefur verið.

Aðrir staðir sem hafa varðveislu-, rannsóknar- eða kynningargildi eru:

- **Kirkjurúst í Belgsholti (Bo-101:002)**. Óvenju vel varðveittar rústir kirkjugarðs og bænhúss sem aflagt var á 17. öld. Þetta er eini friðlýsti staðurinn á skráningarsvæðinu og jafnframt einn merkasti minjastaðurinn. Honum mætti gera hærra undir höfði með merkingum. Hann hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
- **Leifar bæjarhóls á Melum (Bo-099:001)**. Síðustu leifar þessa stórbýlis sem áður var miðpunktur Melasveitar eru óðum að hverja í sjóinn. Bæjarhólar geta veitt ómetanlegar upplýsingar um lifnaðarhætti fólks fyrr á öldum. Hóllinn hefur rannsóknargildi.
- **Aukatún á Melum (Bo-099:013)**. Þar eru rústir innan túngarðs, gegnt bæjarhólnum. Líkt og hann eru þær smám saman að hrynja í sjóinn. Ummerki gætu bent til að þarna hafi verið lítið býli, e.t.v. Syðri-Melahjáleiga sem getið er í Jarðabók í upphafi 18. aldar en er nú óþekkt. Staðurinn hefur rannsóknargildi.
- **Hrísás (Sauðhús) í Melalandi (Bo-099:013)**. Þar eru ágætlega varðveittar rústir býlis sem var byggt um hríð á 19. öld og aftur á þeirri 20. Reyndar voru byggð beitarhús á rústunum en þrátt fyrir það er Hrísás merk heimild um lifnaðarhætti kotbænda á tímabilinu. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi.
- **Rústir beitarhúsa á Sauðhúshól í Leirárlandi (Bo-109:011)**. Sumar rústanna virðast mjög fornlegar. Beitarhúsarústir eru ekki jafn algengar í Leirár- og Melasveit og víða annarstaðar. Því hefur staðurinn rannsóknar- og varðveislugildi.
- **Refagildra á Gildruholti á Höfn (Bo-104:022)**. Leifar steinhlaðins kassa á holti skammt norðan þjóðvegar. Gildran lætur ekki mikið yfir sér og er e.t.v. ekki mjög gömul. Reynslan sýnir að mjög fáar heillegar refagildrur finnast við fornleifaskráningu. Þessi gildra er ómetanleg heimild um horfið verklag og hefur varðveislugildi.

- **Dys á Vestri-Leirárgörðum (Bo-107:007)**. Sagan segir að þar hafi barist smalar frá Geldingaá og Vestri Leirárgörðum. Þótt ekki sé hún beinlínis trúverðug er *Dys* greinilega manngerð, e.k. gryfja sem fyllt hefur verið upp í. Þar hafa fundist hestsbein og væri forvitnilegt að rannsaka staðinn nánar.
- **Óþekktar rústir vestan Hrauntúns (Bo-112:011)**. Þær eru mjög signar og fornlegar og gætu hugsanlega verið leifar gamals býlis. Engin vitneskja er um rústirnar. Þær hafa varðveislu- og rannsóknargildi.
- **Bæjarhóll Áss (Bo-125:001)**. Heillegasti bæjarhóll á öllu skráningarsvæðinu. Hann hefur varðveislu- og rannsóknargildi.

Heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1990. *Dómhringar* I. Óprentuð skýrsla.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1992. „Dómhringa saga: grein um fornleifaskýringar.“ *Saga* 30, bls. 7-79.

Adolf Friðriksson. 2002. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi* (FS169-00031). Fornleifastofnun Íslands.

AÍ: Alþingisbækur Íslands I-XVII, Reykjavík 1912-1990.

Brynjúlfur Jónsson. 1908. „Rannsóknir fornleifa sumarið 1907.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 9-31.

Byggðir Borgarfjarðar II: Borgarfjarðarsýsla og Akranes. 1989. Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

DI*: Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2000. *Fornleifakönnun: Sumarbústaðabyggð í Skorholtsnesi* (FS125-00151). Fornleifastofnun Íslands.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

GÓ: Guðmundur Ólafsson. 1996. *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu*. Hið íslenska fornleifafélag og Þjóðminjasafn Íslands.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Borgarfjarðarsýslu I: Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar* (FS085-99041). Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: 1943. Íslensk fornrit VI. *Fóstbræðra saga.* Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

JÁ: Þjóðsögur Jóns Árnasonar.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, IV. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla

Kålund, Kristian. 1984. *Íslenzkir sögustaðir I. Sunnlendingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Örn og Örlygur, Reykjavík.

PP: Sveinn Níelsson. 1949. Prestatal og prófasta á Íslandi. 2. útg. Reykjavík.

RLLF: Rit hins íslenska lærdómslistafélags.

Túnakort af þjóðskjalasafni. Leirár- og Melahreppur.

Ö-Áskot: Örnefnalýsing Áskots. Upplýsingar gaf Þorbjörn Þorbjörnsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bakki: Örnefnalýsing Bakka. Upplýsingar gáfu Jóhann Þórðarson og Narfi Hallsteinsson, Sigurdór Jóhannsson yfirfór. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Beitistaðir: Örnefnalýsing Beitistaða. K.E. [Kristján Eldjárn?]. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Belgsholt: Örnefnalýsing Belgsholts. Upplýsingar gáfu Ólafur Ólafsson og Arnór Steinason. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-E-& V-Leirárgarðar: Örnefnalýsing Eystri- og Vestri-Leirárgarða. Gerð eftir gamalli lýsingu Eggerts og Einars Gíslasona og viðbæti sem skráður var eftir tvíburunum Adólf og Hannesi Einarssonum. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eystra-Súlunes: Örnefnalýsing Eystra-Súluness. Upplýsingar gaf Gísli Brynjólfsson 1942, Bergþór Guðmundsson yfirfór. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Fiskilækur: Örnefnalýsing Fiskilækjar. Gerð eftir upplýsingum Eyjólfs Sigurðssonar, Þórólfs Þórðarsonar, Matthíasar Þórðarsonar og Magnúsar Eggertssonar. Sigurður Eyjólfsson bætti við. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hávarðsstaðir og Hrauntún: Örnefnalýsing Hávarðsstaða og Hrauntúns. Jón Magnússon skráði en upplýsingar sem stuðst var við komu m.a. frá Bjarna Eggertssyni og Ólafi Daníelssyni.

Ö-Höfn: Örnefnalýsing Hafnar. Upplýsingar gaf Pétur Torfason 1942 og aftur 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Lækur a: Örnefnalýsing Lækjar. Upplýsingar gáfu Auðunn Auðunsson og Narfi Hallsteinsson 1942, Ingvar Hallsteinsson fór yfir. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Lækur b: Lækur. Athugasemdir og viðbætur. Skráð eftir Einari Helgasyni 1984. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Leirá: Örnefnalýsing Leirár. Upplýsingar gáfu Júlíus Björnsson, Kristinn Júlíusson, Gunnar Eggertsson og Ólafur Daníelsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Melaleiti: Örnefnalýsing Melaleitis. Skráð eftir Margréti Ólafsdóttur 1942 og Magnúsi Eggertssyni 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Melar: Örnefnalýsing Mela. Skráð eftir Guðmundi Guðjónssyni og Margréti Ólafsdóttur 1942. Bætt við 1975 eftir Bergþóri Guðmundssyni og Magnúsi Eggertssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Melkot: Örnefnalýsing Melkots. Upplýsingar gaf Ólafur Daníelsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Narfastaðir: Örnefnalýsing Narfastaða. Upplýsingar gaf Arnór Steinason 1942 og fór yfir 1973. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Neðraskarð & Skarðskot: Örnefnalýsing Neðra-Skarðs og Skarðskots. Upplýsingar gaf Leifur Þjóðbjörnsson 1942, Ólafur Daníelsson fór yfir síðar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Skipanes: Örnefnalýsing Skipaness. Upplýsingar gáfu Hallsteinn Ólafsson og Narfi og Ingvar Hallsteinssynir. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Skorrholt: Örnefnalýsing Skorholts. Upplýsingar gaf Hallsteinn Ólafsson, Sigurjón Hallsteinsson yfirfór. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Steinsholt: Örnefnalýsing Steinsholts. Upplýsingar gaf Ólafur Daníelsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vestra-Súlunes: Örnefnalýsing Vestra-Súluness.

Ö-Vogatunga: Örnefnalýsing Vogatungu. Upplýsingar gaf Böðvar Guðjónsson 1942. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn

Baldvin Björnsson f. 1965

Einar Pétur Harðarson f. 1949

Fríða Þorsteinsdóttir f. 1925

Grétar Jónsson f. 1938

Haraldur Magnússon f. 1953

Helgi Bergþórsson f. 1946

Jóhann Hallvarðsson f. 1924

Jón Eyjólfsson f. 1929

Jón Kr. Magnússon f. 1932

Magnús Hannesson f. 1955

Magnús Óskarsson f. 1952

Marteinn Njálsson f. 1949

Ólafína Palmer f. 1955

Óskar Óskarsson f. 1949

Sigríður Beinteinsdóttir f. 1912

Sigurást Indriðadóttir f. 1928

Sigurður Valgeirsson f. 1944

Sigvaldi Þórðarson 1955

Stefán Gunnar Ármannsson f. 1966

Vilborg Kristófersdóttir f. 1923



Kort 1: Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu. Minjastaðir eru merktir með gulum deplum, landamerki með svörtum brotalínum. Útlínur túna frá 1918 eru sýndar með svörtum línum.


BO-104:013
BO-104:028
BO-104:029
BO-104:026
BO-104:024
BO-104:027
BO-104:025
BO-104:032
BO-104:023
BO-104:020
BO-104:031
BO-104:030
BO-104:019
BO-104:018
BO-104:021
BO-104:022
BO-104:015
Höfn
BO-104:006
BO-104:016
BO-104:007
BO-104:011
BO-104:008
BO-104:033
BO-104:009
BO-104:017
0
2.000
metrar

Kort 2: Höfn.



Kort 3: Narfastaðir, Belgsholt og Fiskilækur



Kort 4: Melar og Melaleiti

Kort 5: Ás, Áskot, Eystra- og Vestra-Súlunes



Kort 6: Bakki, Eystra- og Vestra-Skorholt

Kort 7: Skipanes og Lækur



Kort 8: Beitistaðir og Vogatunga



Kort 9: Geldingaá, Eystri – og Vestri-Leirárgarðar



Kort 10: Leirá



Kort 11: Hávarsstaðir, Hrauntún og Melkot



Kort 12: Neðra-Skarð, Skarðskot og Steinsholt